

Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX:

Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta  
Árskógsstrandar að hreppamörkum



Elín Ósk Hreiðarsdóttir



Fornleifastofnun Íslands  
FS256-99095  
Reykjavík  
2004

*Forsíðumynd er af Kleifarbæ (Ey-056:001)*

© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík

Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2. BYGGÐASAGA</b> .....	<b>6</b>
<b>3. FORNLEIFASKRÁ</b> .....	<b>18</b>
EY-056 KLEIF .....	21
EY-057 GRUND .....	28
EY-058 KÚGIL .....	40
EY-059 STÆRRI-ÁRSKÓGUR .....	51
EY-060 HRAFNAGIL .....	72
EY-061 YTRA-KÁLFSKINN .....	81
EY-062 SYÐRA-KÁLFSKINN .....	90
EY-063 SELÁRBAKKI .....	97
EY-064 SELÁ .....	101
EY-065 BIRNUNES .....	106
EY-075 YTRI-HAGI .....	115
EY-076 SYÐRI-HAGI .....	122
EY-077 HILLUR .....	130
EY-078 GATA .....	134
<b>4. FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI</b> .....	<b>139</b>
BÆJARHÓLAR, BÆJARSTÆÐI OG BÝLI .....	140
ÚTIHÚS OG TÚNGARÐAR .....	142
TÚN, KÁL- OG TÚNGARÐAR .....	143
GARÐLÖG .....	144
ENGIAR OG ÁVEITUR .....	146
VATNSBÓL .....	146
SVARÐARGRAFIR .....	146
KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR .....	146
BEITARHÚS OG SEL .....	148
GERDI .....	149
KUML OG KIRKJUGARÐAR .....	149
LEIÐIR .....	152
<b>5. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU</b> .....	<b>153</b>
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>159</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>160</b>

## Viðauki

- Kort 1: Landamerki og helstu garðar á skráningarsvæðinu
- Kort 2: Fornleifar í landi Kleifar
- Kort 3: Fornleifar í landi Grundar
- Kort 4: Fornleifar í landi Kúgils
- Kort 5: Fornleifar í landi Stærri-Árskógs. Heimaland
- Kort 6: Fornleifar í landi Stærri-Árskógs. Þórhallakot og umhverfi á Þorvaldsdal
- Kort 7: Fornleifar í landi Stærri-Árskógs. Hávarðarstaðir og umhverfi á Þorvaldsdal
- Kort 8: Fornleifar í landi Hrafnagils. Nyrðri hluti
- Kort 9: Fornleifar í landi Hrafnagils. Syðri hluti
- Kort 10: Fornleifar í landi Syðra- og Ytra-Kálfskinns
- Kort 11: Fornleifar í landi Selárbakka
- Kort 12: Fornleifar í landi Selár
- Kort 13: Fornleifar í landi Birnuness
- Kort 14: Fornleifar í landi Ytra-Haga
- Kort 15: Fornleifar í landi Syðra-Haga
- Kort 16: Fornleifar í landi Hillna
- Kort 17: Fornleifar í landi Götu

# 1. Inngangur

Sumarið 2003 fór fram fimmti og jafnframt síðasti áfangi aðalskráningar fornleifa í Dalvíkurbyggð. Þá skráði Fornleifastofnun Íslands 310 fornleifar á 14 jörðum. Við verklok fornleifaskráningar í sveitarfélaginu eru því samtals þekktir 2030 minjastaðir á 102 jörðum. Að meðaltali eru því um 20 fornleifar á jörð í Dalvíkurbyggð.

Sumarið 2003 voru skráðar fornleifar í öllum Þorvaldsdal og auk þess á Árskógsströnd frá Þorvaldsdal og suður að merkjum við Arnarneshrepp.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.<sup>1</sup> Á eftir inngangi er yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (2. kafli). Í 3. kafla er svo birt skrá yfir þær fornleifar sem kannaðar voru sumarið 2003. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggist tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hveirrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum, sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum, og birtar lýsingar og teikningar af mannvirkjaleifum þar sem við á. Í 4. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt. En síðan rituð lokaorð.

Líkt og árin 2001-2002, voru allir minjastaðir merktir inn á lit-loftmyndir frá Ísgraf sem sveitarfélagið og Búnaðarsamband Eyjafjarðar eiga. Að þessu sinni voru fornleifarnar merktar inn á kort í GIS forritinu MapInfo. Inn á loftmyndirnar eru skástrikuð tún bæjanna eins og þau voru á túnakortum frá 1917. Nánari útlistun á minjum innan tünamarka frá 1917 er fremst í umfjöllun um hverja jörð. Loftmyndirnar, sem sýna alla aðra minjastaði en þá sem eru í túni, eru hins vegar aftast í skýrslunni.

Hafist var handa við skráninguna í ágúst 2003 og var unnið að henni allt til septemberloka. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur sá um heimildavinnu en Elín Ósk Hreiðarsdóttir um vettvangsvinnu, úrvinnslu gagna og korta og skýrsluskrif. Uggi Ævarsson aðstoðaði við vettvangsvinnu. Verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings.

---

<sup>1</sup> Sbr. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I*, Fornleifastofnun Íslands og Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994.

Guðmundi Helga Gunnarssyni hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar eru færðar þakkir fyrir lán á loftmyndum og heimildamenn fá sérstakar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpssemi í hvívetna.

## 2. Byggðasaga

Hér verður fjallað um byggðarþróun á því svæði sem skráð var sumarið 2003, í Þorvaldsdal og um sunnanverða Árskógsströnd að hreppamörkum. Áður hefur verið fjallað um þróun byggðar í öðrum hlutum Dalvíkurbyggðar og verður hér að hluta stuðst við fyrri skrif, þó sér í lagi umfjöllun um byggðarþróun á ytri hluta Árskógsstrandar er birtist í skýrslu árið 2003.<sup>2</sup>

Á Árskógsströnd er, samkvæmt Landnámabók, að finna fyrsta byggða ból Eyjafjarðar. Samkvæmt henni tóku Helgi magri Eyvindarson og tengdasonur hans Hámundur heljarskinn land “fyrir útan Hrísey ok fyrir innan Svarfaðardal”. Fræg er frásögnin af því að hinn fyrsta vetur hafi þeir búið á Hámundarstöðum en Helga hafi ekki litist betur en svo á vetrarhörkur á ströndinni að á vori hafi hann gengið upp á Sólarfjall (sem talið er hafa verið Kötluhfjall/Hámundarstaðafjall), eygt vænlegra land innar með firði og flutti sig um set. Helgi á að hafa látið Hámundi eftir upphaflega landnámið og bæinn sem við hann varð kenndur, Hámundarstaði.<sup>3</sup>

Árskógsströnd markast í norðri af Hámundarstaðahálsi, sem var á merkjum Árskógsstrandar og Svarfaðardals áður en sveitarfélögin voru sameinuð í Dalvíkurbyggð. Undirlendi suðvestan Hámundarstaðaháls er takmarkað yst en eykst þegar innar dregur þar til um miðja strönd, við mynni Þorvaldsdals. Þar er undirlendi allmikið á eyfirskan mælikvarða eða allt að 3-4 km á breidd. Innan við Þorvaldsdal mjókkar undirlendi aftur að hreppamörkum þar sem hartnær ekkert undirlendi er við ströndina.

Mikil sjósókn hefur lengi verið á þessum slóðum og góðar lendingar víða. Hugsanlegt er að það, ásamt því að skógur hafi ekki verið eins þéttur á þessu svæði eins og austan hálsins hafi ráðið mestu um val fyrsta landnámsmannsins.

Hauksbók Landnámu greinir frá landnámi Hámundar, en hún er yngri gerð en Sturlubók og talin þiggja efni um landnám í Eyjafirði úr glataðri Íslendingasögu, Kræklinga sögu. Samkvæmt henni eignaðist Hámundur alla Galmaströnd “ok” svæðið á milli Svarfaðardals og Hörgárdals en hann gaf Erni frænda sínum land utan við Reistará og seldi Þorvaldi jarðir milli Reistarár og Hörgár. Því er svo bætt við að Þorvaldsdalur sé kenndur við Þorvald þennan og þar hafi hann búið þó dalurinn sé alls ekki í landnámi hans.<sup>4</sup>

---

<sup>2</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. FS-204-99094.

<sup>3</sup> ÍF I, 250-252

<sup>4</sup> ÍF I, 255

Samkvæmt Sturlubók miðlaði Hámundur löndum við Örn frænda sinn sem bjó í Arnarnesi<sup>5</sup>, sem þó er í miðju landnámi Galms samkvæmt næsta kafla sem er í báðum gerðunum.<sup>6</sup> Í þeim kafla er Þorvaldur sagður sonur Galms og þar er hann sagður hafa búið í Þorvaldsdal áður en hann þáði lönd milli Reistarár og Hörgár að gjöf frá Hámundi. Samkvæmt Sturlubók hefur Árskógsströndin að mestu haldist í eigu afkomanda Arnars því samkvæmt henni bjuggu þar sonarsynir Narfa Arnarsonar og barnabarnabörn Arnars, nánar tiltekið Narfi Ásbrandsson á Hellu, Þorvaldur menni Eyjólfsson í Haga og Grímur Helgason í Kálfskinni.

Það sem má ráða af þessum heimildum er að á 12. og 13. öld hafi menn talið að elsta byggða ból austan við Hámundarstaðaháls hafi verið Hámundarstaðir en fljótlega á eftir hafi byggst upp bær í Þorvaldsdal sem og Hella, Hagi og Kálfskinn. Athygli vekur að Landnáma minnst ekki á Árskóg en Þorvaldsdalsá sem Minni- og Stærri-Árskógur eru beggja vegna við, er nefnd sem landnámsmörk þó hún hafi hvorki skipt hreppum né sóknum á seinni öldum. Enginn bær á sunnanverðri Árskógsströnd er nefndur sem mögulegt landnámsbýli. Að sögn Landnámabókar voru mörk landnáms Hámundar við Galm að sunnan um Þorvaldsdalsá og var því Árskógsströndin sunnanverð öll í landnámi Galms.<sup>7</sup>

Um landnám í Þorvaldsdal er erfitt að fullyrða og eru frásagnir af upphafi byggðar í dalnum í Landnámu brotakenndar. Hægt væri að setja fram þá kenningu að mjög snemma hafi verið tímabundin byggð á dalnum sem hafi skilið eftir sig rústir og að í Landnámu sé reynt að skýra hverju þær sæta, þ.e. að Þorvaldur, sem reyndar nam land milli Reistarár og Hörgár, hafi upphaflega numið dalinn en síðar, af óskýrðum orsökum fært sig um set þegar annað land bauðst.

Á nokkra af þeim bæjum sem skráðir voru sumarið 2003 er minnst í Íslendingasögum og verður það að teljast vísbending um að þeir hafi snemma verið byggðir. Í Svarfdæla sögu er minnst á Birnunes og þar er sagður búa Hrani nokkur, bróðir Birnu, er nesið ber nafn af. Birna og Hrani voru samkvæmt sögunni börn Þorkötlu hinnar gömlu er Kötluþjall er við kennt en ekki eru þau systkinin föðurkennd og er fjölskyldunnar ekki getið í öðrum sögum en Svarfdælu. Í Svarfdælu er Hrana getið í sambandi við vígaferli en þar segir frá því að hann hafi níðst á Þórarni nokkrum á Hellu og beitt upp á engjar hans og akra. Endaði með því að Þórarinn og Klaufi vógu Hrana á akri Þórarins og fékk staðurinn heitið Hranaríki eftir það.<sup>8</sup>

---

<sup>5</sup> ÍF I, 254

<sup>6</sup> ÍF I, 256

<sup>7</sup> ÍF I, 252 og 256

<sup>8</sup> ÍF IX, 158-159

Í Valla-Ljóts sögu er sagt frá Þorvaldi í Haga sem giftur var Helgu Þórðardóttir frá Stokkahlöðum. Þorvaldur átti í deilum við Klæng Narfason sem bjó ásamt Eyjólfri bróður sínum í Hrísey. Deilurnar snérist um lög um rekarétt sem Þorvaldur hafði brotið á Klængi. Urðu málalyktir þær að Klængur vóg Þorvald í Haga.<sup>9</sup>

Í Reykdæla sögu er getið um Þorbjörn í Árskógi á Galmaströnd og koma synir hans tveir Helgi og Steinn nokkuð við sögu, sem og dóttir hans Ástríðr sem gift var Steingrími Örnólfsyni á Kroppi, dóttursyni Hámundar heljarskinns. Helgi og Steinn féllu báðir í bardögum um 970 eftir því sem dæmt verður af sögunni.<sup>10</sup>

Í Hávarðar sögu Ísfirðings er sagt frá frændunum Þórhalli og Hávarði hinum halta. Þegar Hávarður var aldraður maður og hafði um langa hríð átt í illdeilum fyrir vestan segir sagan að hann hafi selt eignir sínar og sest að í Uxnadal í námunda við/í Svarfaðardal.<sup>11</sup> Ekki eru menn á eitt sáttir hvar þessi bær muni hafa verið enda örnefnið týnt. Nokkrum vetrum síðar bregður Hávarður búi og fer ásamt Þórhalli til Noregs og lætur skíra sig til kristinnar trúar. Þegar hann snéri heim mun hafa tekið með sér kirkjuvið. Þegar heim var komið settist Hávarður að í Þórhallsdal, sem talið er að hljóti að vera Þorvaldsdalur, en býr þar stutt áður en hann tekur sótt og deyr. Hafði hann þá áður arfleitt Þórhall frænda sinn af eigum sínum og beðið hann að færa bústað sinn í ofanverðan Þórhallsdal, reisa þar kirkju og grafa sig við hana. Segir sagan að Þórhallur hafi brugðist skjótt við og reist bæ sinn á dalnum og nefnt hann “á Þórhallastöðum”. Ennfremur segir hún “Er ok svá sagt, at þá er kristni kom til Íslands, at Þórhallr lét kirkju gera á bæ sínu af þeim við, er Hávarðr flutti hingat. Varð þat it skrautilgasta hús, ok var Hávarðr at þeirri kirkju grafin....”<sup>12</sup>.

Svarfdæla nefnir einnig til sögunnar Hávarð í Þorvaldsdal sem við fyrstu sýn mætti halda að væri hinn sami og getið er í Hávarðarsögu. Svarfdæla greinir hins vegar frá að Hávarðr eigi tvo syni; Vigfús og Þorvald sem hvergi eru annarsstaðar nefndir. Samkvæmt Hávarðarsögu átti Hávarðr einungis að hafa átt einn son sem hann missti snemma. Annað misræmi er það að Hávarður sá er í Svarfdælu er nefndur var uppi um 70 árum fyrr en Hávarður Ísfirðingur. Þetta misræmi veikir stoðir kenninga sem settar hafa verið fram um að sami höfundur hafi ritað bæði Svarfdælu og Hávarðarsögu Ísfirðings.<sup>13</sup> Í Þorvaldsdal hafa varðveist bæjar/býlisheitin Hávarðarstaðir og Þórhallakot og gæti það tengst þessu

---

<sup>9</sup> ÍF IX, 92

<sup>10</sup> ÍF X, 162 og áfram.

<sup>11</sup> ÍF VI, 356-357 nmg. 2

<sup>12</sup> ÍF VI, 357-358

<sup>13</sup> ÍF VI Formáli, XC



sagnaminni þó athygli veki vissulega að Þorhallakot er utar/neðar á dalnum en Hávarðarstaðir, sem samkvæmt sögunni ætti að standa neðar.<sup>14</sup>

Á aðra bæi á svæðinu er ekki minnst í Íslendingasögum og gefa þær því ekki góða vísbendingu um þróun landnáms á svæðinu en segja lítið annað en að Þorvaldsdalur, Árskógur, Hagi og Birnunes hafi snemma verið komin í byggð. Reyndar má, eins og áður sagði, lesa það úr Landnámu og Íslendingasögum að eyða hafi verið í þekkingu manna um uppbyggingu á Þorvaldsdal en sagnaritarar hafi reynt að skýra upphaf byggðar á dalnum með ýmsum söguskýringum.

Samkvæmt frásögn Heimskringlu dó norski fylkiskonungurinn, Hrærekur blindi, að Kálfskinni og var þar jarðaður.<sup>15</sup>

Í samtímasögum er minnst á allnokkra bæi á skráningarsvæðinu. Árskógur kemur fyrir í bæði Guðmundar sögu Arasonar og í Laurentíusar sögu.<sup>16</sup> Í Sturlungu er í Guðmundar sögu dýra sagt frá því þegar Helga Halldórssyni, presti á Árskógi innri, var ráðinn bani 1191. Af þessu má sjá Árskógi er þegar skipt í tvo bæi og er líklegt að svo hafi verið mjög snemma, ef ekki frá upphafi. Í sömu sögu segir frá því að í Kálfskinni að hafi búið kona að nafni Ásgerðr 1190 sem Ingimundur nokkur átti að eiga í sambandi við þrátt fyrir að vera lofaður Þorgerði Þorgeirsdóttir sem bjó á Brattavöllum. Endaði þetta mál með því að Ingimundur vóg Helga Halldórsson prest í Árskógi og tengdason Þorgerðar og flýði síðar með Ásgerði að Reykjahömrum þar sem hann var veginn.<sup>17</sup>

Þegar teknar eru saman upplýsingar um bæi á skráningarsvæðinu úr fornum sögum má sjá að allir stærri bæirnir koma fyrir (Árskógsbæir, Birnunes, Hagi og Kálfskinn) og að auki er þar getið um byggð í Þorvaldsdal. Staðfesta þessar heimildir að allir þessir bæir hafi verið komnir í byggð á 12. og 13. öld. Í raun er engin ástæða til að efast um að allir bæirnir séu forn býli sem reist hafi verið þegar á 10. öld.

Árskógur er langstærsta jörðin á skráningarsvæðinu eða samtals 70 hdr (Minni-Árskógur 30 en sá Stærri 40 hdr). Hafi Hámundarstaðir verið hin upphaflega miðstöð strandarinnar er ljóst að bærinn hefur glatað þeirri stöðu mjög snemma því að bæirnir við mynni Þorvaldsdals koma snemma fram sem miðstöð svæðisins – og ströndin tekur af þeim nafn, Árskógsströnd. Kjarninn í Árskógi hefur verið orðin valdamiðja í kringum og eftir kristnitöku þar sem kirkja og bænhús eru byggð á sitt hvorum Árskógsbæjunum og einnig

---

<sup>14</sup> Að öllu samanlögðu verður að teljast ólíklegt að höfundur Hávarðarsögu Ísfirðings hafi verið Svafdælingur eða Strandamaður enda staðþekking fremur bágborin.

<sup>15</sup> Heimskringla. 1944, 309

<sup>16</sup> Biskupasögur 1858, 552-553

<sup>17</sup> Sturlunga I, 171-173

Brattavöllum sem líklega byggist snemma út úr landi Árskógs. Það má til sanns vegar færa að þær jarðir þar sem kirkjur risu og stórbændur bjuggu á 12. og 13. öld séu einmitt líklegastar til að hafa verið fyrst byggðar. Líklegt er að Árskógsmenn hafi þá þegar haft nokkur undirtök á Þorvaldsdal og þau, ásamt þeim þéttbýla kjarna sem snemma byggðist í námunda við Árskógsbæina, hafi veitt þeim nokkur undirtök á allri ströndinni. Við mynni Þorvaldsdals, þar sem Árskógsbæirnir standa eru landgæði þar mikil, undirlendi gott og byggð því fljótlega mjög þétt.

Kuml eru sjálfstæður vitnisburður um að byggð hafi verið komin á fyrir 1000. Aðeins hefur fundist eitt kuml á svæðinu og var það staðsett þar sem valdamiðja svæðisins var, í Stærra-Árskógi. Til gamans má geta að ekki er ólíklegt að kuml hafi einnig verið norðan við Þorvaldsá, í landi Litla-Árskógs. Árskógsbæirnir eru dæmi um tvær stórar jarðir hlið við hlið með sama nafn – og þau virðast oftast benda til mjög fornrar byggðar og frumlægrar á sínu svæði. Kuml hafa fundist beggja vegna árinna og bænhús og kirkja verið byggð á sitt hvorri jörðinni. Allt bendir þetta til valdajafnvægis og til þess að kjarninn hafi í upphafi verið byggður af sterku bandalagi eða stórfjölskyldu. Þó að ekki hafi fundist fleiri kuml á skráningarsvæðinu lifa þar a.m.k. þrjár munnmælasögur um fornmannahauga, í flestum tilfellum tengdar fornsögum. Þessir meintu haugar eru í landi Kálfskinns og Stærra-Árskógs.

Staðsetning kirkna og bænhúsa getur gefið vísbendingu um skipan byggðar til forna. Aðeins var ein kirkja, í Stærra-Árskógi, skráð 2003. Á skráningarsvæðinu voru ritaðar heimildir fyrir bænhúsum á öllum elstu og hæst metnu jörðunum jörðum; í Kálfskinni, Haga, á Selá og Birnunesi.<sup>18</sup> Þó aðeins hafi verið ein kirkja skráð sumarið 2003 eru heimildir fyrir frumkirkju á Þorvaldsdal, á Hávarðarstöðum eða Þórhallakoti.<sup>19</sup> Fyrir þessu er aðallega Hávarðarsaga Ísfirðings en samkvæmt henni var byggð kirkja úr innfluttu timbri á dalnum í kringum kristnitöku. Þegar Ólafur Ólavíus fer um landið 1775-77 getur hann þess að Þórhallakot hafi verið í eyði frá því um 1402 og segir að því sé haldið fram að þar hafi fyrrum verið prestssetur.<sup>20</sup>

Í þeim tilfellum sem miðaldaheimildir eru þekktar um bænhúsin á skráningarsvæðinu hafa þau verið fallin á 15. öld. Utan þessa er lítið vitað um upphaf þessara húsa eða endalok.

Allir bæirnir á Árskógsströnd, auk þeirra bæja sem voru í byggð á Þorvaldsdal, áttu sókn til Árskógsstaðar. Auk kirkju í Stærra-Árskógi og þeirra bænhúsa sem áður var getið,

---

<sup>18</sup> Þó er líklegt að bænhús hafi aðeins verið á annarri hvorri jörðinni Selá eða Birnunesi, þá líklega þeirri fyrnefndu en fyrir því er eldri heimild. Um þetta verður þó ekki fullyrt, sjá kafla um Kuml og bænhús aftar í skýrslunni.

<sup>19</sup> Ö-Ey I.1, 95

<sup>20</sup> Ólafur Ólavíus. 1965: 38

voru tvö bænhús norðan Þorvaldsdalsár í Árskógskjarnanum (á Litla-Árskógi og Brattavöllum) og að auki á Hellu og Stóru-Hámundarstöðum. Er því ljóst að þó að aðeins hafi verið ein kirkja fyrir Þorvaldsdal og Árskógsströnd hafa fjölmörg bænhús verið á svæðinu, hartnær á öllum þeim bæjum sem fyrst risu.

Byggð á því svæði sem skráð var 2003 hefur haldist fremur stöðug í gegnum aldirnar ef frá er talinn byggð á Þorvaldsdal sem virðist að hluta jafnvel frá upphafi, hafa verið breytingum undiropin og það hafa farið eftir árferði hversu margar jarðir voru í byggð.

Utan þeirra tíu jarða á sunnanverðri Árskógsströnd sem voru lögbýli um miðja 19. öld þegar Jarðabók Johnsens var rituð, voru einungis skráð tvö býli á ströndinni sem má rekja lengra aftur en til lok 19. aldar. Þetta eru býlin Kolbeinstunga í landi Kálfskinns og Skinnhúfa í landi Götu sem upphaflega byggist frá Haga. Kolbeinstunga var samkvæmt Árna og Páli metin á 5 hdr meðan byggðin varaði en hún var komin í eyði um 1680 og ekki er vitað til þess að hún hafi aftur komist í byggð. Skinnhúfa/Jónsgerði er einnig talin upp í jarðabók þeirra félaga, sem eyðihjáleiga frá Haga, og er sagt að ekki megi aftur byggja á þessum stað án þess að skaða heimajörðina. Þrátt fyrir það byggðist aftur upp bær á þessum stað. Svo virðist sem bærinn hafi gengið undir ýmsum nöfnum og Gata sé í raun annað nafn á sama jarðnæði. Býlið var þó fært örlítið til suðurs undir lokin, þar sem bærinn í Götu stendur enn en ekki er ástæða til að ætla að fleiri en eitt býli hafi verið í byggð í einu á þessum slóðum.

Um miðja 19. öld voru fjórar jarðir í byggð í Þorvaldsdal: Kleif, Grund, Kúgil, og Hrafnagil. Auk þeirra voru tvö önnur býli, Hávarðarstaðir og Þórhallakot, utarlega á dalnum austanverðum og sjást umtalsverðar rústir á báðum stöðunum. Þokukennd munnmæli greina einnig frá tveimur býlum til viðbótar, Þverá og Fögruvöllum, innarlega á dalnum. Um bæði býlin gengur svipuð saga, þ.e. þau eiga að hafa staðið innarlega á Þorvaldsdal en horfið undir hraun/framhlaup; Þverá í vesturhlíð Þorvaldsdals en Fögruvellir í austurhlíðinni. Ekki eru þekktar ritaðar heimildir sem styðja munnmæli þessi og engar fornleifar fundust við vettvangsathugun sem gætu staðfest frásögnina. Að lokum er rétt að geta Lambáarkots á Þorvaldsdal í suðurhluta dalsins vestanverðum. Þar segja Árni og Páll að leifar eyðibólts sé að og finna en býlið var því ekki skráð 2003. Heimildir geta því 7 býla í Þorvaldsdal, fjögurra vestanmegin en þriggja í dalnum austanverðum. Af bæjunum var Grund talin besta jörðin. Hún er á vestanverðum dalnum þar sem undirlendi er hvað mest og góðar engjar eru neðan bæjar. Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum á 14. öld en hefur líklega byggst upp talsvert fyrr. Hún virðist samfleytt í byggð, allt til 1925 þegar hún fer í eyði. Grund var oftast metin á 20-

24 hdr þó um 1550 sé helmingur Grundar talinn 15 hdr.<sup>21</sup> Næsti bæri utan við, í vestanverðum dalnum, ysti bærinn í Þorvaldsdal og jafnframt sá er síðast fór í eyði, er Kleif. Þar var búið allt fram til 1979 og er ekki að sjá af heimildum að bærinn hafi fallið í eyði á fyrri öldum. Kleifar er fyrst getið í heimildum á 15. öld og er jörðin yfirleitt metin á um 10 hdr. Kúgil er innarlega á vestanverðum dalnum og var einnig metin á 10 hdr en jarðarinnar er hvergi getið í eldri skjölum. Líklega hefur hún verið úr og í byggð eftir árferði og segja Árni og Páll að í fyrndinni (þó fyrir allra manna minni) hafi jörðin verið sel frá Stóru-Brekku á Galmansströnd. Um innsta bæinn á Þorvaldsdal, Lambáarkot, hefur sjálfsagt gilt svipað lögmál nema hvað líkur eru á að byggð þar hafi varað styttra enda búskaparskilyrði erfið svo innarlega á dalnum, í 300-400 m.y.s. þar sem undirlendi er vandfundið. Lambáarkot tilheyrði, a.m.k. á 18. öld afréttarlandi Hörgdæla og verður því skráð með Hörgárbyggð.<sup>22</sup>

En bregðum okkur þá austur yfir Þorvaldsdalsá. Innsti bærinn í austanverðum Þorvaldsdal var Hrafnagilssel. Þegar Árni og Páll rita jarðabók sína er jörðin nýfarin í eyði en hún byggist aftur upp síðar og fór ekki endanlega í eyði fyrr enn 1925. Eins og með fleiri jarðir í Þorvaldsdal má vænta að jörðin hafi byggst upp í góðu árferði en farið í eyði í hallærum. Eins og nafnið bendir til hefur jarðnæðið verið nýtt sem sel á köflum og reyndar er elsta ritaða heimildin um bæinn, sem er frá 15. öld, dómur um selið þar sem það er dæmt lögleg eign Möðruvallaklausturs. Forsaga málsins er sú að prestur í Árskógi hafði verið kærður fyrir að nota selið líkt og það væri eign Árskógskirkju. Hinir tveir bæirnir á austanverðum Þorvaldsdal, Hávarðarstaðir og Þórhallakot/Þórhallastaðir/Staðarkot voru fremur utarlega á dalnum. Undirlendi í dalnum austanverðum er heldur minna en vestanmegin og byggðin að sama skapi óstöðugri þó að vísbendingar séu um að hún hafi hafist mjög snemma. Í Hávarðarsögu Ísfirðings er getið um Þórhallsstaði á Þórhallsdal og hafa menn verið sammála um að það hlyti að vera Þórhallastaðir/Þórhallakot/Staðarkot á Þorvaldsdal. Hávarður sjálfur og frændi hans Þórhallur eiga að hafa sest að í dalnum fyrir kristnitöku ef marka má söguna. Ekki er getið um bústað Hávarðar en Hávarðarstaðir þykja eðlilega líklegastir. Dalsins er getið í bæði Landnámu og Svarfdælu en þá er hann nefndur Þorvaldsdalur og ekki getið um einstaka bæi í honum. Þrátt fyrir að Hávarðarstaða og Þórhallakots sé getið snemma og samkvæmt sögunni séu jarðirnar fyrstu byggðu ból í dalnum virðist staða þeirra ekki hafa verið sérstaklega sterk þegar fram liðu stundir. Samkvæmt Ólafi Olavíusi (Ferðabók frá 1775-1777) var Þórhallakot í eyði frá 1402 en Árni og Páll (1712) segja býlið hafa farið í eyði 1698 og segja að það hafi byggst upp og lagst í eyði sitt á hvað á

<sup>21</sup> DI XI, 873

<sup>22</sup> Sjá Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 107

fyrriöldnum öldum. Hávarðarstaðir eru “fornt eyðibýli” í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Af heimildum að dæma virðist því byggð ekki hafa verið stöðug á hvorugu býlanna og skiptir þar mestu heyskapar- og túnstæðisleysi.

Af heimildum má ætla að Hávarðarstaðir og/eða Þórhallakot séu fyrstu býlin sem byggjast upp í Þorvaldsdal. Dýrleiki jarðanna er ekki þekktur en bæði virðast hafa farið úr og í byggð eftir árferði og því helst á að giska að landgæði hafi verið svipuð og á flestum jörðum í Þorvaldsdal eða um 10 hdr. Ef hins vegar er tekinn saman landgæði, dýrleiki og nöfn bæja í Þorvaldsdal sker Grund sig strax úr. Nafnið er einfalt náttúruheiti eins og algent er með jarðir sem snemma komast í byggð. Slíkt er að jafnaði talið benda til eldri byggðar en t.d. bær með með endinguna –staðir. Á Grund er betra undirlendi og engjar og landgæði eru þar talsvert meiri og betri en á öðrum jörðum. Dýrleiki jarðarinnar er eftir því, eða tvöfalt meiri en á öðrum jörðum í Þorvaldsdal þar sem dýrleiki er þekktur (eða 20-23 hdr. í stað 10-12. hdr). Landrými jarða á Þorvaldsdal eru reyndar fremur jafnt þó landgæði séu greinilega best á Grund og almennt minnki undirlendi þegar innar dregur á dalinn. Skipting jarðnæðis er svo jöfn að auðvelt væri að ímynda sér að um skipulagt landnám væri að ræða, þá líklegast frá valdakjarnanum í Árskógi. Austurhluti dalsins tilheyrði einmitt staðnum þegar fram liðu stundir og styrkir það kenningar um að dalurinn hafi byggst upp að undirlagi kirkjustaðarins.

En hvernig má þá skýra sagnir um snemmbúið landnám í Þorvaldsdal og sagnir um kirkjubyggingu á dalnum? Einfaldasta skýringin er sú sem felst í nafni Árskógs. Svæðið hefur í upphafi líklega verið vaxið mjög þéttum skógi. Hugsanlegt er að þau landgæði hafi ekki verið jafnaðnýt þegar menn komu fyrst að landi, ekki síst ef skógurinn sem bæirnir eru kenndir við hefur verið mjög þéttur. Það gæti því verið að hin alfyrsta byggð sé austan við Hámundarstaðaháls, en að síðar eftir að búið var að ryðja skógana í kringum Þorvaldsdalsá hafi valdamiðjan færst þangað þó að nyrðri bæirnir héldu áfram að vera bú í betra meðallagi.

Sú fjölskylda sem fyrst nam land á þessum slóðum gæti af þessum sökum hafa valið að setja bústað sinn ekki þar sem undirlendi var hvað mest þar sem skógurinn þar þéttastur, heldur á dalnum. Þegar frá liðu tíma og skógar teknir að hopa gæti höfuðbólið svo hafa verið fært neðar, þar sem landgæði voru meiri og bærinn var að auki miðsvæðis fyrir ströndinni og sömuleiðis sá bær sem næst stóð dalnum. Hugsanlegt er þessi ákjósanlega staðsetning miðað við aðra bæi í sveitinni hafi verið lykilatriði frá pólitískum sjónarhóli. Staðsetningin tryggði Árskógskjarnann í sessi sem pólitíska, og síðar kirkjulega miðstöð sveitarinnar. Gæti verið að þessi flutningur höfuðbólsins hefði stuðlað að arfsögnum um höfðingja og kirkjubyggingar á dalnum. Hafi Árskógsmenn upphaflega byggt á dalnum en fljótlega fært sig í dalsmynnið er líklegt að dalurinn hafi áfram tilheyrt valdakjarna þeirra eða verið byggður að þeirra undirlagi.

Eins og áður segir er af mörgu eðlilegast að áætla að Grund sé elsta jörð dalsins en hugsanlegt er að fljótlega hafi Hávarðarstaðir og/eða Þórhallakot byggst upp. Þórhallakot hefur einnig verið nefnt Staðarkot og eru ýmis Staðarörnefni í námunda við býlið sem þykja benda til sterkra tengsla við Árskóg. Fornlegur garður liggur frá landamerkjum Kálfskinns og Árskógsstaðar og til vesturs yfir hálsinn og að Þorvaldsdalsá. Líklegast virðist að garðurinn hafi verið á mörkum Árskógs og dalsins (Þórhallakots) og bendir það til að í upphafi hafi skilin milli staðarins og jarðanna á dalnum verið skýr þó svo að síðar ætti kirkjujörðin talsvert land uppi á dalnum og staðurinn hafi líklegast haft áhrif á uppbyggingu dalsins. Ekki er óhugsandi að afréttarlínan hafi áður legið talsvert norðar en hún gerði síðar og hugsanlegt að deilur prests í Árskógi og Möðruvallaklausturs um eignarrétt á Hrafnagilsseli austan megin hafi einmitt snúist um þetta atriði. Kleif í utanverðum Þorvaldsdal vestanverðum hefur að líkindum byggst snemma, annað hvort frá Grund eða Brattavöllum.

Víkur þá sögunni að ströndinni. Þar hafa Árskógsjarðirnar borið höfuð og herðar yfir aðrar jarðir enda voru þær samtals metnar á 70 hdr. Stærri-Árskógur var staður en jarðirnar virðast svipaðar að dýrleika þar sem Litli-Árskógur var metinn á 30 hdr. en munnmæli skráð um 1700 hermdu að Stærri-Árskógur hefði upphaflega verið 40 hdr. Ekki er ólíklegt að Brattavellir (24 hdr.) hafi byggst snemma úr landi Árskógar og jafnvel hugsanlegt að bæirnir þrír (Litli-Árskógur, Stærri-Árskógur og Brattavellir) hafi byggst upp á sama tíma af bandalagi manna eða stórfjölskyldu.

Sunnan og austan við Árskóg byggjast snemma 3-4 bæir: Kálfskinn, Hagi, Birnunes og sjálfsagt litlu síðar Selá/Selárbakki. Á fyrstnefndu þrjá bæina er minnst snemma í heimildum og eru því líkur á að þeir hafi allir verið komnir í byggð fljótlega eftir landnám. Líklegt er að Hagaland hafi upphaflega náð yfir allt það svæði sem síðar var skipt á milli Rauðavíkur (byggð við lok 19. aldar), Hillna, Götu og Syðri- og Ytri-Haga. Hagabæirnir voru saman metnir á 30 hdr. með Götu, en Hillur á 12 hdr. þannig að samtals mætti ætla að dýrleiki hinnar upprunalegu jarðar hafi verið ríflega 40 hdr. Örnefnið Hagi er nýtingarnafn – þar kann upphaflega að hafa verið hagi frá einhverjum öðrum bæ. Kálfskinnsjarðirnar voru samtals 40 hdr. en ólíklegt er að jarðnæði þeirra hafi breyst mikið á síðari öldum nema hvað þeir hafa hugsanlega átt land upp til fjallsins allt að Hagamerkjum, sem nú tilheyrir Selá. Birnunes og Selárbæirnir mynda neðri bæjarröðina á Árskógsströndinni sunnanverðri. Nöfn Selár/Selárbakka gætu bent til að upprunalega hefði á þessum slóðum verið sel sem Seláin tók nafn af. Reyndar má allt eins hugsa sér að selur hafi verið í sjó við lækinn eða jafnvel leitað upp í lækinn. Samtals eru jarðirnar 30 hdr að dýrleika, þar af var Selárbakki, þar sem jarðnæði

er öllu minna, metinn tvöfalt á við Selá, eða á 20 hdr.. Hafi land Selár/Selárbakka upphaflega tilheyrt einhverjum nágrannabæjanna er erfitt að giska á með nokkurri vissu hvaða bær það hefur verið. Þegar landamerki, jarðnæði og dýrleiki strandabæjanna er skoðaður vekur sérstaka eftirtekt að Birnunes, sem eftir heiti, heimildum og landnæði að dæma byggist að líkindum upp snemma, er einungis metin á 10 hdr. Erfitt er að skýra þetta þó líklegasta kenningin sé að Birnunes hafi upphaflega átt land meðfram allri strandlengjunni allt að merkjum við Haga. Þá mætti stinga upp á að selstaða bæjarins hafi verið við Selánda enda átti jörðina aldrei land upp í fjallshlíðina þar sem eðlilegast væri að setja sel. Samkvæmt slíkri kenningu hefur Birnunes upphaflega verið um 40 hdr. jörð, líkt og aðrar landnámsjarðir á svæðinu. Þegar jörðinni var skipt út og sellandið selt undan hefur bærinn þá bæði misst stóran hluta engja sem og bestu höfnina á svæðinu, við Hauganes. Slíkar hugmyndir er þó erfitt að sanna, þó hugsanlegt sé að þrjú landamerkjagardir milli Birnunes og Selárjarðanna gæti gefið áhugaverða niðurstöðu.

Greinilegt er að ítök kirkjunnar á innanverðri Árskógsströnd hafa frá upphafi kristni verið talsverð. Staðurinn Árskógur er fyrir mynni Þorvaldsdals og á ströndinni miðri og hefur verið greinileg pólitísk miðstöð svæðisins þó athygli vekur að Árskógskirkja sölsaði að því er virðist aldrei undir sig eignir á ströndinni né heldur virðist hún hafa haft hlunnindi af nágrannajörðunum. Staðurinn átti reyndar á miðöldum talsverðan part af landi á dalnum austanverðum en þó virðast ítök hans ekki hafa náð að hreppamörkum.

Svo virðist sem Vallakirkja, Möðruvallaklaustur og Hólastóll hafi á ákveðnu tímabili haft ítök á svæðinu. Elstu heimildir geta þess að Vallakirkja á hálfan reka og viðarflutning frá Birnunesi árið 1394<sup>23</sup> og sömuleiðis lambeldi í öllum Svarfaðardal að Haga á Árskógsströnd árið 1318.<sup>24</sup>

Eina heimildin sem greinir frá hlunnindum kirkjunnar í Árskógi á svæðinu segir frá því að hún eigi helming í öllum reka og fjörugögnum á Selá árið 1394.<sup>25</sup> Örfáum árum síðar eða árið 1403 er Selá hins vegar komin í eigu Vallarkirkju sem fékk jörðina gefins í sálugjafarbréfi og með henni svo mikinn borðvið, langband og sperrur svo að nægði “fyrir norðan fram að miðkirkjunna”.

Greinilegt er að stærstur hluti þess svæðis sem var skráður 2003 var í bændaeign allt fram á 15. öld. Þá verða mikil umskipti. Á 15. öld eignast Vallakirkja Birnunes og Selá og snemma á þeirri 16. eignast Hólastóll hálfu Grund, Haga, Hillur, Kálfskinn og Kleif. Um

---

<sup>23</sup> DI III, 512

<sup>24</sup> DI II, 456

<sup>25</sup> DI III, 515. Engar heimildir eru heldur fyrir því að kirkjan hafi haft hlunnindi af jörðun norðan Þorvaldsdalsár.

siðaskipti voru því allar jarðir á svæðinu, að undanskildum Selárbakka, í eigu kirkju og stóls. Ástæður þessa miklu umskipta geta hafa verið nokkrar. Þyngst hafa þó plágur 15. aldar vegið en mannfalið í þeim leiddi til þess að framboð á jörðum var mikið en fáir voru í nægum efnum til að kaupa jarðir. Á þessum tíma sölsaði því kirkjan undir sig mikið af jörðum. Jón Arason og sonur hans Ari Jónsson hafa greinilega látið til sín taka í jarðabraski á þessum slóðum og fer vænn hluti jarðanna um þeirra hendur í kringum 1500.

Við lok siðaskipta færirst eignarhald á mörgum jarðanna aftur til bænda, og má sjá af fornbréfasafni að svo hefur verið raunin strax á 17. öld með Haga, Hillur, Kálfskinn.

Þegar teknar eru saman þær vísbendingar sem landslag, gróðurfar, ritaðar heimildir og fornleifar veita um landnám og byggðarþróun á skráningarsvæðinu má fá nokkuð skýra mynd þó svo að stundum sé erfitt að ráða í eyðurnar.

Elsta byggð Árskógsstrandar er að líkindum austan undir Hámundarstaðahálsi. Fljótlega hefur hins vegar valdamiðja svæðisins færst yfir á Árskógsbyggðarkjarnann þó að í upphafi hafi e.t.v. verið byggt upp á dalnum meðan land var rutt í skóglendinu Árskógi. Þar varð þungamiðja strandarinnar þó svo að á ströndinni hafi fljótlega byggst upp nokkrir ágætir bæir, fremur jafnir að gæðum. Ekki er ljóst hvers vegna vægi Árskógskjarnans varð eins mikið og raun ber vitni. Hugsanlegt er að þar ráði mestu pólitík þó líklega skipti landgæði einnig töluverðu máli. Ætla má að undirlendi svæðisins hafi nýst sérstaklega vel eftir að skógar höfðu verið ruddir, nokkru eftir landnám. Eftir kristnitöku bendir þéttriðið net kirkna og bænhúsa á þessu svæði til að flestir bæirnir hafi verið sjálfstæðir, að undanskildum Þorvaldsdal sem gæti verið skipulögð byggð fyrir leiguliða.

Í heild má segja að byggð á skráningarsvæðinu hafi haldist stöðug fram á seinni hluta 19. aldar þegar þéttbýlismyndun hófst á Hauganesi í landi Selár og nokkur minni býli byggðust upp. Undantekning frá þessu eru byggðin á Þorvaldsdal þar sem flestir bæirnir virðast hafa fallið í eyði í slæmu árferði og byggst upp í góðærum. Einungis Grund, í miðjum Þorvaldsdal vestanverðum, virðist hafa náð að blómstra óháð árferði þó reyndar séu heldur ekki þekktar heimildir fyrir öðru en samfelldur búskapur hafi verið á Kleif.

Á ströndinni hefur Árskógur greinilega lykilhutverk. Þar byggjast þó fljótlega eftir landnám upp 4-5 jarðir til viðbótar innan við Þorvaldsá og að hreppamörkum: Birnunes, Kálfskinn, Hagi og Selá/Selárbakki. Byggð á þessum jörðum helst stöðug í gegnum aldirnar þó að á síðustu öldum hafi orðið tvíbýlt á mörgum þessara jarða og nýbýli sprottið fram. Líklegt er að Hillur hafi byggst upp talsvert seinna en áður nefnd býli en byggð þar virðist einnig hafa haldist stöðug. Gata/Skinnpúfa byggist samkvæmt heimildum úr landi Haga þó



nafnið gæti verið vísbending um að jarðnæðið hefði upprunalega tilheyrt næsta bæ norðan við, Kálfskinni. Virðist sem byggð þar hafi verið óstöðug og að býlið hafi fallið úr byggð í slæmu árferði en það er upprunalega byggt upp á fjárhússtæði. Annað býli, Kolbeinstunga byggðist úr landi Kálfskinns um skeið en var fornt eyðibýli er Árni og Páll fóru um svæðið í upphafi 18. aldar. Ekki eru þekkt önnur býli á ströndinni sunnanverðri sem byggð voru fyrir 18. öld.

### 3. Fornleifaskrá

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er gerð stutt úttekt þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-059:034 eru *Hávarðarstaðir* í Þorvaldsal sem heyra undir *Stærra-Árskóg*). Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

**BO-104-025**

**Gömlugömluhús**

tóft

beitarhús

64°29.404N 21°57.216V

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsnum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt við á grjót í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygarði.

**Hættumat: engin hætt**

**Heimildir: Ö-Höfn, 6-7**

hætta sem stöðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúruaflla

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

hólt

20 m

Uppdráttur. Gróinir veggir svartir, grjóthlebslur skástrikaðar

Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Af þeim 310 stöðum sem skráðir voru að þessu sinni eru 282 eiginlegar mannvistarleifar en af hinum má nefna huldufólksbústaði (11), staði tengda þjóðsögum (2), drauga (2) og loks örnefni sem benda til fornminja en engin frekari staðfesting fékkst á tilvist þeirra eða staðsetningu (13).

Í um þriðjungi tilfella (99) þar sem fornleifa var að vænta sáust engin ummerki um þær á yfirborði. Í langflestum tilfellum hafa þær horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar tóftir horfið undir byggingar og vegi. Af þeim fornleifum sem sjást eru 48 staðir þar sem ekki er um tóftir að ræða heldur merki um annars konar mannvistarleifar (t.d. mógrafir).

Af þeim 131 húsarústum sem eftir eru voru fimm hús sem stóðu uppi undir þaki, ýmist alveg eða að hluta. Hús þessi eru af margvíslegum toga; fremur nýlegur torfkofi á Selárbakka (063:016), timburkirkja í Árskógi (059:009), og þrjú bæjarhús sem öll eru byggð úr blönduðum efnivið; torfi, grjóti, timbri og steypu. Síðast töldu fornleifarnar eru leifar bæjanna á Kleif (056:001), í Hátúni (062:009) og í Ytri-Haga (075:001).

Samtals sáust leifar 126 tófta. Af þeim voru 45 staðir þar sem veggir stóðu sæmilega vel uppi (hleðslur stóðu eða stóðu grónar). Í 77 tilfellum voru hleðslur signar en á 4 stöðum voru hleðslur útflattar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir alla minjastaði. Af stöðunum 310 reyndust 148 staðir, eða um helmingur, ekki í hættu. Óvenjulegt verður að teljast að svo hátt hlutfall minjastaða teljist ekki í hættu en það orsakast af því að stór hluti þess svæðis sem skráð var 2003 er í Þorvaldsdal sem er nú í eyði og þar er ekki talið líklegt að framkvæmdir og rask eigi sér stað á næstu árum.


Af þeim 162 stöðum sem töldust í hættu voru einungis tveir taldir í stórhættu. Þetta eru leifar byggðar í Rauðuvík (076:008) en þar stendur til á næstu árum að rífa allar eldri byggingar, sem flestar voru byggðar rétt fyrir aldamótin 1900, og tóftarleifar á Selhjalla í Götu en þar hefur trjám verið plantað í og fast við tóftina (078:009). Flestir minjastaðanna í hættu voru taldir í hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap og jarðrækt en nokkrir minjastaðir töldust þó í hættu vegna trjáræktar (16), vegaf framkvæmda (2) eða vegna rofs (6).

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og eru útihús (32) langstærsti flokkurinn. Auk þessa voru skráð sérstaklega 15 fjárhús, 5 lambhús, 6 hesthús, 2 fjós, 5 kálgarðar og 9 túngarðar. Einnig voru skráðir 16 stekkir, 5 kvíar, 8 sel og 2 beitarhús. Samtals voru skráðar 18 leiðir og 10 vöð. Þá hefur mótak verið á 17 stöðum og torfrista á einum. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í 4. kafla.

# Fornleifaskrá

**EY-056 Kleif**

## Kleif - túnakort 1917



slóðum og leita mikið í tóftina.

Bæjarhúsin á Kleif eru byggð úr torfi, grjóti, og timbri og



*Kleifarbærinn, horft til austurs*

**1461** er Kleif (í fornbréfasafni sögð í Arnarneshreppi) talin upp sem "kristsfé" í Máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi. DI, X, 285

**1525** er Kleif talin upp með eignum Hólastóls. DI, IX, 319

**1569** er Kleif talin upp í reikningi Möðruvallaklausturs, án kúgildis. DI XV, 364

**1712:** 10 hdr skv. JÁM

**1917:** 3.6 ha. 1/2 slétt. 1973: "Þar er mikið ræktanlegt land og næg beit frammi á dalnum." BE II, 101

**1979** fer í eyði, tún nytjuð frá Brattavöllum.


**1990:** "Túnin liggja niður með ánni uppi á háum árbakkanum." BE 1990, 329

**EY-056:001** *Kleif* bæjarhóll bústaður

65°53.960N 18°22.232V

"Hús eru nánast engin á jörðinni, aðeins kofar ónýtir, eftirstöðvar bæjarhúsa, sem reist voru fyrir eða um s.l. aldamót." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í Vesturströnd Eyjafjarðar (1982) er minnst á bæinn: "Á Kleyf stendur enn hluti af gamla torfbænum, en heldur illa farinn." Í Byggðum Eyjafjarðar (1990) er enn minnst á bæinn: "Gamli torfbærinn stendur ennþá ..." Gamli Kleifarbærinn hangir enn uppi að hluta en á allra síðustu árum hefur hann þó hrunið mikið. Hann er rúmlega 100 m ofan (vestan) við Þorvaldsdalsá en 2,1 km sunnan (SSV) við Bröttuvelli (055:001)

Bæjarhóllinn er lágur, hvergi hærri en 1 m. Hann er um 50 m langur (norður-suður) en 35-40 m breiður (austur-vestur). Stórgripir eru hafðar á beit á þessum



eru bárujárnsklædd að hluta. Fjós er sambyggt bænum að sunnan í braggastíl. Bærinn virðist vera byggður í áföngum og samanstandur af nokkrum smáhýsum, sambyggðum. Nú er þak að hluta fallið inn í bæinn og því ógjörningur að skoða innri skipan að fullu. Bæjarhúsin snúa norður-suður og eru samtals um 9 X 17 m (með fjósi). Syðst er fjósið sem er 9 X 7 m stórt úr torfi, tímri, grjóti og steypu, með bogadregnu bárujárnsþaki. Inngangur

er í það að sunnan en innangengt hefur verið úr því inn í bæinn. Op hefur einnig verið á vesturvegg fjóssins. Fjósið var með steiptum gólfum og flór. Aðalinngangurinn í bæinn var á miðri austurhlið hans. Þaðan lágu göng til austurs eftir húsinu og voru aðalrými tvö herbergi, norðan og sunnan við ganginn. Veggir gangsins voru aðallega hlaðnir úr torfi sem hvílir á veglegum timburstöðum. Herbergið sunnan við ganginn er enn aðgengilegt og uppistandandi. Það er 3 X 3 m að stærð, með 2 þakgluggum og einhverjum húsgögnum. Það er að fullu þiljað. Inngangur í þetta herbergi er eins og áður segir bæði úr fjósi og af gangi. Sunnan við ganginn er annað herbergi en ekki reyndist unnt að skoða það sökum hruns. Norðaustan við aðalinngang bæjarins hefur verið byggður timburkofi 2 X 2 m að stærð. Við bæinn eru byggð 2-3 hólf úr torfi. Tvö eru vestan við bæinn allra syðst. Þau eru samtals 5,5 X 7 m að stærð og opin til norðurs. Norðan við bæinn er einnig hólf 12 X 6 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ágangs

**Heimildir:** Ö-Árs, 27; Vesturströnd Eyjafjarðar, 190 og BE 1990, 329

**EY-056:002** *Fjósvöllur* heimild um fjós

65°53.989N 18°22.219V

"Sunnan við Bæjarlæk á Kleif heitir Lækjarvöllur, en Hesthúsvöllur [004] utan og vestan bæjar og Fjósvöllur norður frá bænum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Á Fjósvelli er merkt útihús inn á túnakort frá 1917 um 30 m NNA við bæ 001. Nú hefur verið jafnað úr húsinu en talsverð hæð er í túninu þar sem það stóð

Hæð í túni, á henni er mikil grjóthrúga sem gæti hæglega verið úr húsinu.


Umrætt hús er eina útihúsið af þeim sem merkt eru inn á túnakort sem hefur verið alveg rífið. Svæðið hét Fjósvöllur og húsið því líklega verið fjós, þá líklega rífið þegar sambyggt fjós var byggt sunnan og sambyggt bæ 001.

**Hættumat:** hætta, vegna ágangs

**Heimildir:** Túnakort 1917, Ö-Ey I.1, 38 sbr. Ö-Árs, 27

**EY-056:003** tóft fjárhús

65°53.948N 18°22.344V



*Fjárhústóftin, horft til suðausturs*

Um 70 m vestan (ofan) við bæ 001 og örlítið sunnar sjást leifar fjárhúsa sem merkt eru inn á túnakort frá 1917.

Fjárhúsin eru á hæð, fast upp við enn stærri hæð sunnar. Norðar er mýrarsvæði þar til aftur fer að hækka land þar sem Hesthúsvöllur 004 er. Neðar eru tún að bæ 001.

Tóftin er 12 X 12 m að stærð. Að austan eru tvö samsíða fjárhúshólf með gördum en að aftan (vestan) er hlaða. Op er nyrst á austurvegg nyrðri fjárhúsanna en syðst á austurvegg syðri húsanna. Garðar ganga eftir fjárhúsunum endilöngum og innangengt er úr þeim í hlöðuna aftan við. Hlöðunni hefur e.t.v. verið skipt upp í miðju með vegg. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur sjást á stöku stað en eru verulegar í hlöðunni þar sem hleðslur ná allt að 1,5 m hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ágangs

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-056:004** *Hesthúsvöllur* tóft hesthús



*Útihústóftin, horft til norðausturs*

65°54.003N 18°22.381V

"Sunnan við Bæjarlæk á Kleif heitir Lækjarvöllur, en Hesthúsvöllur utan og vestan bæjar ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hesthústóftin er um 120 m norðvestan við bæ 001. Hún er merkt inn á túnakort frá 1917. Tóftin er 20-30 m neðan við vegarslóða sem liggur að Kleif.



Grasi gróinn, áberandi hóll. Umhverfis eru

grasi gróin tún í órækt, sérstaklega að austan.

Nokkru lengra til austurs eru tún sem enn eru hirt. Hóllinn sem tóftin er á er 3-4 m á hæð, sjálfsagt að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar. Hann er mjög ræktarlegur og líklega hafa verið byggingar á hólnum um aldaskeið.

Á hólnum er tvískipt tóft, sem snýr norður suður og er 14-15 X 7-8 m að stærð. Austurveggur hennar er ólós á kafla. Norðan undan tóftinni má greina dæld, hugsanlega leifar af eldri byggingum. Mjög þýft svæði nær einnig til NNA frá tóftinni. Tóftin er úr torfi og eru veggir signir og fornlegir. Á einum stað (í suðurvegg syðra hólsins) má greina grjóthleðslur. Norðausturhluti tóftarinnar er rofinn og óljós.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Ey I.1, 038 sbr. Ö-Árs, 27

**EY-056:005** *Grænatóft* heimild

65°54.704N 18°22.230V

Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir: Norðurmerkin eru við Grænatóft á árbakkanum." Tóft þessi var á merkjum, á bakka Þorvaldsdalsár. Nú er skurður á merkjum austan við vegarslóða að Kleif og að ánni. Engin tóft er lengur greinileg á/við merkin.

Kleifarmegin við merki eru tún á kafi í grasi. Brattavallamegin eru tún sem enn eru slegin. Brött brekka er síðustu metrana niður að mjóum og sléttum árbakka. Engin tóft er greinileg á þessum slóðum, líklega hefur hún horfið við túnasléttun.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 36-37

**EY-056:006** tóft útihús

65°53.950N 18°22.425V



*Útihústóftin, horft til norðausturs*



Útihúskofi er 50-60 m ofan við fjárhústóft 003. Hann er suðvestan við mýrarblett sem er á milli fjárhúsa 003 og hesthúsa 004. Kofinn er aðeins örlítið

norðar en 003, fast neðan við ógreinilegan vegarslóða inn Þorvaldsdal.

Á grasi gróinni, þýfðri hæð. Norðar er mýri.

Tóftin er einföld, snýr nálega austur-vestur og er 7 X 4,5 m að stærð. Op er á miðjum austurvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást. Tóftin er mun fornlegri en bæði 003 og 004.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 37

**EY-056:007** *Kristjánstóft* heimild

65°54.412N 18°22.372V

"Suður frá Grundunum er ás allmikill, sem heitir Langholt, og nær heim undir tún. Yst í ási þessum er Kristjánstóft (býlírústir?)" segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Kristjánstóft hefur nú verið sléttuð í tún. Hún var um 900 m norðan við bæ 001, neðan við vegarslóðann að Kleif. Engar tóftir sjást á þessum stað en ennþá er hæð í túninu þar sem tóftin var.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 38 sbr. Ö-Árs, 27**EY-056:008** *Elínartóftir* garðlag

65°53.915N 18°22.470V


"Skammt upp frá túninu eru Elínartóftir." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hólarnir þar sem Elínartóftir voru eru sunnan og ofan við tún. Í raun er réttara að segja hólarnir séu innan við tún en ofar þó vissulega nái þeir ofar en túnin. Svæðið er um 200 m VSV við bæ 001. Ekki eru lengur greinilegar tóftir á hólunum en þar eru umfangsmikil garðlög.

Ofar taka við brattir hólar í lyngivaxinni fjallshlíð. Á hólunum sunnan við bæinn 001 eru kvíatóftir (sjá 009) og er hugsanlegt að Elínartóftir hafi vikið þegar kvíarnar voru byggðar.

Garðlag liggur frá túngarði 013 í um 15 m til suðurs en beygir þá til vesturs og liggur í 40 m áður en það endar við kvíatóftina 009. Erfitt er að segja hvort garðlagið liggur upp að kvíatóftunum eða hvort þær hafa verið byggðar samfast því, en það síðarnefnda er þó líklegra. Garðlagið verður greinilegt aftur um 100 m vestan kvíanna og liggur eftir hólunum endilöngum til vesturs í um 100 m en hverfur þar sem hólarnir fjara út til vesturs í fjallshlíðina. Samtals er garðurinn um 260-270 m langur. Ekki er vitað hvar Elínartóftir voru nákvæmlega.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 38 sbr. Ö-Árs, 27**EY-056:009** *Kvíhóll* tóftir kvíar

65°53.934N 18°22.258V

*Kvíatóftin, horft til austurs*

"Skammt upp frá túninu eru Elínartóftir. Þar eru Kvíhóll og Kvíhólslaut." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Garðlag 008 liggur í um 15 m til suðurs frá túngarði 013 til móts við bæ 001 áður en það beygir til vesturs og liggur í 40 m að kvíunum.

Á hæðarhrygg sem er beint sunnan við bæ 001 og tún. Á kafi í grasi.

Um er að ræða tvær tóftir sem snúa skáhallt hvort á annað og eru ekki sambyggð þó einungis sé þröngur gangur á milli. Samtals eru tóftirnar tvær um 14 X 12 m að stærð. Nyrðri tóftin minni, 8 X 6 að utanmáli (6 X 3-4 m að innanmáli) en virðist jafnvel hafa verið tvískipt, snýr austur-vestur. Stórir grjóthnullungar eru í því og op hefur verið á vesturhlið. Veggir þess eru mun breiðari og lægri en syðra tóftarinnar. Syðri tóftin er 8 X 3,5 m að innanmáli og snýr eilítið skakkt á þá nyrðri eða NNA-SSV. Það er opið til norðausturs og er einfalt.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 38 sbr. Ö-Árs, 27**EY-056:010** renna áveita

65°54.064N 18°22.396V

Tæpum 200 m norðvestan við bæ 001, beint norðan (utan) við fjárhústóft 004 eru tvær rennur sem eru um 40 m langar. Sú innri (syðri) liggur austur-vestur en sú ytri (nyrðri) norður-suður.

Rennurnar liggja saman efst, á lyngivöxnum hóli. Malarnám er fast norðan við rennurnar.

Rennurnar eru niðurgrafnar rásir sem eru um 0,8 m á breidd en 0,3 m djúpar. Sú nyrðri er um 20 m á lengd en sú syðri um 30 m. Þær hafa verið gerðar til að veita vatni á túnin sem eru neðar.

**Hættumat:** engin hætta



**EY-056:011** tóftir + garðlag




*Hóllinn sem tóftirnar eru á, horft til austur*

Nokkrar tóftir og gerði eru um 50 m norðaustan við bæ 001. Þau eru sunnan í hól en fast neðan við eru tún sem enn eru slegin. Frá hólnum er brött brekka niður að túnnum (sem enn eru slegin) á bakka Þorvaldsdalsár. Um er að ræða þrjár tóftir og sunnan við þá syðstu (C) er gerði (D) sem hallar til suðurs. Hóllinn er mjög ræktarlegur og tóftirnar eru signar og fornlegar. Hugsanlegt er að þarna hafi einhvern tíma verið smákot þó engar heimildir séu nú fyrir því. Hér verður byrjað á að lýsa nyrstu tóftinni og svo haldið suður eftir hólnum. Öllum mannvirkjum verður gefinn bókstafur til aðgreiningar. Nyrst er þrískipt tóft (A). Hún er 16-17 X 7-8 m á stærð, snýr norður-suður og mjókkar eilítið til beggja enda. Til norðurs og suðurs eru lítil hólfa en í miðjunni langstærsta hólfið. Þrjú op eru á tóftinni: á vesturveggjum smærri hólfa en einnig á austurvegg miðjuhólfsins. Op eru einnig milli hólfa. Tóftin er hlaðin úr torfi og er sigin og fornleg. 20 m sunnan við hana er önnur tóft (B). Hún er um 24 X 10 m að stærð, snýr norður-suður og mjókkar aðeins til beggja enda. Tóftin er tvískipt og er op á nyrðra hólfið í suðausturhorni þess. Tóftin stendur örlítið lægra en bæði A og C. Hún er mjög sigin og fornleg. 10 m sunnan við B er svo þriðja tóftin C. Hún er einföld og 10 X 5 m að stærð. Op er á austurvegg hennar norðarlega. Tóftin er hlaðin úr torfi. Norðurveggur tóftarinnar er sérlega ógreinilegur. Hleðslur eru mest 0,4 m á hæð. Syðst, og fast sunnan við tóftina er gerði. Það er 18 X 18 m stórt og ofarlega í því er lítil veggstubbur sem snýr austur-vestur. Ekkert op er á gerðinu. Líklega hefur það verið e.k. kálgarður og er hann í suðurjaðri hólfsins.


**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

65°54.032N 18°22.129V



**EY-056:012** tóft + garðlag stekkur

65°54.713N 18°22.333V



*Tóftin og garðlagið, horft til austur*

Tvískipt tóft er um 470 m sunnan við Kleif 001. Tóftin er í grunnu dalverpi sem liggur austur-vestur frá Kleifarklifi að þverhníptu gili Þorvaldsdalsá. Tóftin er í grasi vaxinni laut/dalverpi. Umhverfis skiptast á lyngivaxin holt og mýrar. Ofar er Kleifarklif, e.k. urðarframhlaup.

Garðlag liggur frá Kleifarklifi og til austurs. Það er fyrst greinilegt rétt neðan við klifið og liggur í um 20 m niður dalverpið uns komið er að tóftinni. Hún er byggð upp við garðlagið en austan hennar heldur það áfram í 35-40 m, allt fram á þverhnípta brún Þorvaldsdalsgils. Garðlagið er sigið og útflatt á köflum og það virðist eldra en tóftin. Hún er 9 X 6 m að stærð, torfhláðin og

mest 0,5-0,6 m há. Op er á tóftinni sunnarlega á austurvegg. Hún er tvískipt en ekki er op á milli hólfa. Veggurinn sem skiptir tóftinni í tvö hólf er lægri en aðrir veggir. Grjóthleðslur eru í vestara (og minna hólfinu) í suðurvegg sem jafnframt er stæðilegasti veggur tóftarinnar. Af staðsetningu, fjarlægð frá bæ og útliti tóftar er helst að giska á að hún hafi verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:013** garðlag túngarður

65°53.942N 18°22.318V

Túngarður er greinilegur sunnan og ofan túna í Kleif. Að sunnan má garðinn fyrst greina að vestanverðu (ofan), um 15 m suðaustur af fjárhústóftum 003 og hann liggur meðfram allri hæðinni (sem er sunnan túna) til austurs. Ofan við tún má greina garðinn nálægt heimreið og í um 200 m til norðurs og NNA.

Í hæðarhrygg sunnan við tún.

Garðurinn er grasi gróinn og torfhlaðinn. Hann er mest 0,7-0,8 m á hæð en 1,5 m á breidd. Suðurhluti garðsins liggur úr vestri í um 75 m en þá kemur 10 m langt op í hann, til móts við bæinn 001. Austan við það má aftur greina garðlag en heldur er það orðið óskýrara og útflattara og er þar á kafi í grasi. Þetta garðlag hefur þó líklega verið framhald af túngarðinum og heldur hann áfram til austurs í um 55 m þar til við tekur þverhníptur bakki niður að Þorvaldsdalsá. Ofan við tún er garðurinn öllu óljósari. Hann er fyrst greinilegur við heimreið, um 60 m ofan við bæ 001. Hann liggur til norðurs og NNA í um 200 m áður en hann fjarar endanlega út.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:014** tóft heygarður


65°53.965N 18°22.228V

Stór tóft er fast austan við bæinn á Kleif 001.

Tóftin er á bæjarhól. Hann er lágur, hvergi hærra en 1 m. Hann er um 50 m langur (norður-suður) en 35-40 m breiður (austur-vestur). Stórgripir eru hafðar á beit á þessum slóðum og leita mikið í tóftina.

Tóftin virðist helst hafa verið heygarður. Hún er 18 X 8 m stór og opin til norðurs. Fast vestan við tóftina er um 2 m breið dæld sem liggur samsíða tóftinni og er vestari brún dældarinnar einungis um 0,5 m frá bænum. Tóftin er að mestu torfhlaðin og er mjög stæðileg, allt að 2 m á hæð þar sem hleðslur eru hæstar.


**Hættumat:** hætta, vegna ágangs



*Bæinn og heygarðurinn er til hægri, horft til NNA*

**EY-056:015** tóft stekkur

65°54.294N 18°22.768V



*Stekkjartóftin, horft til suðurs*

Tvískipt, stekkjjarleg tóft er um 150 m ofan við veginn að Kleif en um 740 m NNV við Kleifarbæinn 001. Tóftin er 20-30 m sunnan við mikinn hrygg sem liggur úr fjallinu á þessum stað.

Tóftin er byggð við mikinn hrygg sem er lyngivaxinn en ber í toppinn. Lækur rennur 20-30 m sunnan við tóftina. Fremur deiglent er nú umhverfis hana. Tóftin er í allgóðu skjóli fyrir norðanátt og auk þess skýlir fjallið að vestan.

Tóftin snýr austur-vestur. Hún er 9 X 9,5 m á hæð og er tvískipt. Syðra hólfið er stærra eða 7 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Norðaustast við það er byggt annað hól minna (5 X 4 m). Op er á norðaustast á syðra hólfinu og til móts við það er op á minna hólfinu. Tóftin er hlaðin úr torfi. Hún er niðurgrafin þannig að hæð ytri brúna veggja er aðeins 0,1-0,2 en innri brún er allt að 0,7 m á dýpt/hæð. Staðsetning tóftar, fjarlægð frá bæ og lag hennar bendir helst til að hún hafi verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:016** náma mógrafir

65°54.698N 18°22.333V



*Mógrafirnar, horft til suðausturs*

Stórar svarðargrafir eru fast sunnan við merki við Brattavelli. Grafirnar eru um 40 m neðan við veginn að Kleif.

Nú eru þær grónar en þó má greinilega sjá hvar svörðurinn var tekinn.

Grafirnar eru um 30 m í þvermál og eru allt að 0,7 m að dýpt. Lítil raki er í gröfunum en þó rennur lækur um svæðið.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:017** garðlag

65°53.893N 18°22.146V



*Garðlagið, horft til norðvesturs*

Sunnan við bæinn á Kleif 001, á hæðinni sem tekur við fast sunnan við bæinn er girðing sem liggur austur-vestur og girðir af Þorvaldsdal. Um 50 m innan við girðinguna má greina garðlag sem liggur norðaustur-suðvestur í mýrinni.

Garðlagið er að mestu á sléttu mýrarsvæði.

Garðlagið er 150 m langt og er grasi gróið. Hæð þess er óvída yfir 0,3-0,4 m en það er 0,8 m á breidd. Garðlagið líkist mest áveitugarði.


**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:018** tóft

65°54.067N 18°22.373V



*Tóftin, horft til norðausturs*



Um 15 m norðan við áveitugarða 010 er lítil tóft, fast við hlíðarræturnar. Hún er um 230 m NNV við bæ 001.

Tóftin er í lyngivöxnum halla til suðausturs.

Tóftin er 4-5 X 3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er úr torfi og ekkert op er á henni. Helst er að giska á að tóftin sé af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-056:019** þúst útihús

65°53.959N 18°22.185V

Um 60 m austan við bæ 001 er fagurgræn hæð þar sem einhver bygging virðist hafa verið. Hæð í grasi grónu, sléttuðu túni. Hæðin er um 12 X 7 m að stærð. Ekki er vel hægt að sjá nákvæmt lag veggja en mjög líklegt að þarna hafi staðið hús áður.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-057 Grund

1375 er Grundar fyrst getið í Fornbréfasafni. Þar er minnst á jörðina í sölubréfi um jörðina Auðbrekku. DI III, 295

1429 er jörðin talin upp með jörðum sem eiga sókn til Stærra Árskógs. DI, IV, 375.

1520 er Grund talin upp með eignum Hólastóls og metin á 10 hdr. DI, VIII, 729.

1525 er Hólastóll talinn eiga hálfu Grund. DI, IX, 301

1550 er kemur fram í skrá um eignir Hólastóls að biskupstóllinn á hálfu Grund sem er metin á 15 hdr. DI XI, 873

1552 er Grund aftur talin upp í Hólaskrá á sama dýrleika. DI XII, 461

1569 er Grund talin upp í reikningi Möðruvallaklausturs. DI XV, 364

1712 er jörðin talin 20 hdr en fyrst var skrifað 24 hdr í JÁM.


1847 er jörðin talin 23 1/3 hdr 1847.

1917: 4.5 ha. 1/2 slétt. Garðar 140 m<sup>2</sup>.

1925 í eyði.

1990: "Framan við Klifið eru mikil og sléttlend engjalönd. Grund var jafnan talin besta jörðin í Þorvaldsdal og með betri jörðum í hreppnum. Var þar oft tví- eða þríbýlt." BE 1990, 330

## Grund - túnakort



**EY-057:001** Grund bæjarhóll bústaður

65°53.186N 18°22.467V



Bæjartóft og bæjarhóll á Grund, horft til austurs


Tóftir síðasta bæjarins á Grund eru enn vel greinilegar ofarlega í túni (um 50 m neðan við túngarð 013) og 350-400 m ofan við Þorvaldsdalsá. Tóftirnar eru á stórum, fagurgrænum bæjarhól.

Í aflíðandi túni sem löngu er komið í órækt, er á kafi í grasi og þýft. Túnið nær upp frá engjum sem eru frá Þorvaldsdalsá og upp að lyngivaxinni fjallshlíð ofar.

Bæjarhóllinn er 50-55 X 40-45 m að stærð og 2-3 m á hæð. Bæjartóftin er ofarlega á honum. Líklega hafa einhvern tíma verið tóftir austast á bæjarhólnum þar sem hann er einstaklega grænn og þýfður. Bæjartóftin er hins vegar vestarlega á bæjarhólnum. Beint framan við tóftina er mjög þýft svæði og hugsanlegt að bærinn hafi áður staðið þar. Bæjartóftin er 15 X 20 m stór og skiptist í 4 löng hólfi. Bærinn hefur líklega verið með timburþili a.m.k. að austan. Nyrst er hólfi (A) sem er 10 X 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til bæði austurs og vesturs og hefur líklega verið þil. Þetta hólfi er það stæðilegasta í tóftinni og þar eru 4-5 umfór af grjóthleðslum, 0,6-0,7 m á hæð. Sunnan við þetta hólfi eru þrjú samsíða hólfi (B-D) sem öll snúa norður-suður. Það fremsta (austasta - B) er 12 X 4 m að innanmáli og þil hefur verið fyrir austurhlíð þess. Á miðjum vesturvegg er opið inn í hólfið fyrir aftan (C) sem er 12 X 2 m að stærð og er opið til norðurs inn í hólfi A. Aftast (vestast) er svo enn eitt hólfið. Það er 8 X 4 m að stærð en heldur er vesturveggur þess óskýr. Utan þess svæðis er ekkert opi eða rof að sjá í hólfið. Í heild er tóftin að mestu hlaðin úr torfi þó að grjóthleðslur sjáist víða.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-057:002** tóft útihús

65°53.167N 18°22.443V



Um 30 m sunnan við bæ 001 og aðeins neðar eru leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er ofarlega í aflíðandi túni sem er á kafi í órækt. Hún er 11 X 9 m að stærð og er ferhyrningslaga. Hún er tvískipt þar sem lítið hólfi hefur verið stúkað af innan hennar. Ekkert opi er lengur greinanlegt á tóftinni sem er úr torfi og grasi gróin. Hleðslur eru mest 0,3 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-057:003** Fjárhúsatún tóft fjárhús

65°53.106N 18°22.516V

"Fjárhúsatún hét syðst og efst [í túninu], því að þar voru fjárhús utan undir Fjárhúsaklifi ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Fjárhústóft, sem merkt er inn á túnakort frá 1917 er efst og innst í túni, í suðvesturhorni túnsins. Hún er um 140 m SSV við bæ 001. Tóftin er efst í aflíðandi túni sem nú er í órækt og á kafi í grasi. Rétt sunnan við hana rennur lítil lækjarspræna niður hlíðina.



*Fjárhústóftin, horft til suðausturs*

Tóftin snýr 10 m að stærð. Hún er grasi hlutinn er byggður úr bæði


austurvegg og þar er gengið inn í mitt fjárhúshólfið (A) en það er stærsta hólfið eða 9 X 3 m að innanmáli. Eftir því gengur garði úr norðri og nær hann suður að innganginum. Ekki er garði í syðri hluta þessa hólfis. Hólfið er hlaðið úr torfi og grjóti. Úr suðvesturhorni þess er gengið inn í lítið hólfið (B) sem er 2 X 2 m að stærð. Í syðri hlutanum á tóftinni er gerði og op syðst á vesturveggnum. Hugsanlega hefur verið op syðst á austurvegg nyrðra hólfisins. Sunnan við fjárhúsin er annað lítið hólfið (C) tæpir 2 X 2 m að innanmáli en hvorki er innangengt úr fjárhúsum í það né er hægt að greina nokkuð annað op á því lengur. Nyrst í tóftinni er svo fjórða hólfið (D). Það snýr norður-suður og er 5 X 2 m að innanmáli. Ekki er op á því.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 40-41 og Túnakort 1917

**EY-057:004** tóft fjárhús

65°53.093N 18°22.465V



*Fjárhústóftin, horft til norðausturs*

Tæpum 40 m neðan við fjárhústóft 003 en um 150 m sunnan við bæ 001 er fjárhústóft sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er um 15 m norðan við læk sem rennur niður hlíðina um 30 m norðvestan við útihústóft 005.

Tóftin er syðst í túni, fremur ofarlega. Lækur rennur innan við. Neðar eru tún í órækt niður að engjum.

Um er að ræða fjárhús með hlöðu að baki (vestar). Tóftin er 15 X 12 m að stærð og hefur timburþil verið fyrir austurvegg. Fjárhúsin eru með tvöföldum garða og úr þeim er innangengt inn í hlöðuna að baki. Fjárhúsin eru á kafi í grasi en hlaðan stendur betur og í henni eru grjóthleðslur hér og þar, mest 6-7 umför steina. Austur- og norðurveggur hlöðu eru sérstaklega heillegir en vesturveggur er nærri því alveg hruninn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-057:005 tóft útihús

65°53.077N 18°22.444V



Útihústóft, horft til austurs


Um 30 m suðaustan við fjárhústóft 004 og um 15 m sunnan við læk sem rennur niður túnið sunnarlega er útihústóft sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er syðst í túninu miðju.

Á þessum stað er um tvær tóftir að ræða, eldri (A) og yngri (B). Sú eldri A er sunnar, um 2 m norðan við túngarð. Hún er 17 X 7 m að stærð og virðist tvískipt, mest 0,4-0,5 m

á hæð. Op er á austurvegg beggja hólfa en ekki virðist opið á milli þeirra. Tóftin er alveg úr torfi og er nokkuð sigrin. Fast norðan við eldri tóftina A er önnur sem virðist yngri B og er syðsti hluti hennar byggður ofan í þá fyrrnefndu. Tóftin er tvískipt og snýr norður-suður. Op er á nyrðra hólfinu sem er jafnframt stærra, norðarlega á austurhlið. Ekki er op á milli hólfa. Grjóthleðslur eru hér og þar í tóftinni og eru hleðslur mest 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917




EY-057:006 tóft

65°52.185N 18°22.556V



Tóftin, horft til austurs



Tóft er 5 m ofan við túngarð 013, beint ofan við bæ 001 og um 20 m norðan við aðra tóft 027.

Tóftin er fast ofan við tún. Hún er á kafi í grasi.


Stór steinn (1,5 x 0,7 m) myndar suðausturhlið

tóftarinnar og hlaðin hefur verið lítil ferhyrningslaga tóft við hann. Tóftin er 4 X 3 m að stærð og snýr hún austur-vestur. Op er á miðjum suðurvegg. Tóftin er úr torfi og mest 0,3 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

EY-057:007 tóft heystæði

65°53.044N 18°22.287V



Heystæði, horft til norðausturs



Um 60 m norðan við suðurenda túngarðs (013) er ferningslaga, einföld tóft á engjunum neðan viðheimatúnin á Grund. Tóftin er 20-30 m vestan við Þorvaldsdalsá. Rennislétt engi, deiglent.

Tóftin er einföld og ferhyrmd, er 15 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og hvergi er á henni op. Af lögun og staðsetningu að dæma er tóftin líklega af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-057:008** *Húsavað* heimild um vað

65°53.076N 18°22.163V

"Fjánhúsatún hét syðst og efst [í túninu], því að þar voru fjárhús utan undir Fjánhúsaklifi og þar er Fjánhúsavað suður yfir Þorvaldsdalsána, oftast nefnt Húsavað." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Fjánhúsavað eða Húsavað var beint fram af fjárhúsunum syðst í túni 004 en skammt sunnan við þar sem Þorvaldsdalsá beygir skarpt til austurs. Nákvæmari staðsetning en þetta er ekki kunn.

Skarð er í bakkann á þessum slóðum og eyri í ánni austan megin.

Áin er auðveld yfirferðar á þessum slóðum, lygn og fremur grunn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 40-41

**EY-057:009** stífla áveita

65°53.178N 18°21.998V

"[frá Húsavaði - 008] beygir áin þvert til austurs sunnan við Grundarnes, sem var aðalengjasvæðið og áveitusvæði. Sjást þar enn margir stíflugarðar og hólf, sem bera vott um þess konar framkvæmdir." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. "Allstórt og greiðfært engi er austur frá túninu. Þar standa enn flóðgarðar síðasta bóndans á Grund (Vigfúsar í Litla Árskógi), því að hann gerði þar töluverðar áveitur og tók áveituvatnið úr ánni, sunnan við engið, en þar fellur áin þvert yfir dalsbotninn." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar.

Áveitugarðarnir liggja ýmist norður-suður eða austur-vestur um rennisléttar engjarnar neðan túna í Grund en ofan Þorvaldsár. Þeir eru enn stæðilegir og eru á bilinu

0,8-1 m á breidd en 0,4-0,8 á hæð. Þeir eru torfhlaðnir og grasi grónir og liggja ýmist norður-suður eða austur-vestur. Samtals eru 5-6 garðar sem allri tengjast á þessu svæði sem er 250 X 300 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 41; Ö-Árs, 26

**EY-057:010** *Ingiríðarvað* heimild um vað

65°53.172N 18°21.977V

"Suður úr [Grundarnesi - 009] er Ingiríðarvað, kennt við konu sem druknaði þar." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Ingiríðarvað var nálega fram af miðju Grundarnesi, þar sem Þorvaldsdalsá er þægileg yfirferðar. Grjóteyri er út í ána vestan megin en lágir bakkar að austan. Vaðið er um 380 m austan við bæ 001.

Engir slóðar sjást við árbakkann. Áin er um 20 m breið á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 41; Ö-Árs, 26

**EY-057:011** *Katrínarvað* heimild um vað

65°53.260N 18°22.075V

"Austur yfir [Þorvaldsdalsá] var riðið um Katrínarvað til Hávarðarstaða. Þar druknaði Katrín nokkur og síðar bóndinn á Kúgili." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Katrínarvað var farið sunnan úr Grundarnesi þegar farið var til Hávarðarstaða. Ekki er nákvæmlega vitað hvar farið var og ekkert sérstaklega gott vað nú greinilegt á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 41; Ö-Árs, 26


**EY-057:012** tóftir + garðlag

65°53.468N 18°22.477V



*Áveitugarðarnir, horft til austurs*





Um 200 m norðan við Grundarbæinn 001, rúmlega 300 m sunnan við merki við Kleif eru nokkrar rústir og garðlög á ofarlega á aflíðandi svæði að Þorvaldsdalsá. Grasi og lyngivaxinn aflíðandi bakki að Þorvaldsdalsá. Garðlagið, sem er tvöfalt á kafla, markar af svæði sem er um 140 X 420 m stórt. Svæðið nær frá Þorvaldsdalsá og til vesturs þar til fjallshlíðin fer að verða brattari. Að norðan er svæðið markað vallargarði en til suðurs nær það langleiðina að túngarði Grundar 013. Innan vallargarðsins og upp við þau eru fjórar tóftir. Lýsing á svæðinu hefst norðaustast og tóftir og garðlög merkt með bókstöfum til aðgreiningar. Aðal vallargarðurinn, A, nær frá Þorvaldsá og til austurs í um 140 m. Austustu 30 m, næst ánni, eru þó mjög óskýrir og illgreinanlegir. Um 140 m ofan Þorvaldsdalsá beygir garðlagið til suðurs. Í horni

garðsins, um 10 m sunnan og austan garðlagsins er tóft (B). Hún er þrískipt, fagurgræn og fremur



*Garðlag A, horft til suðausturs*



*Tóft E, horft til suðausturs*

óskýr. Hún er 15-16 X 6-8 m að stærð og snýr norður-suður. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni og op ekki greinileg þó hugsanlega hafi verið op syðst á austurvegg syðsta hólsins og syðst á vesturvegg þess nyrsta. Ofan (vestan) við vallargarðinn, til móts við A liggur garðlag C til vesturs, í um 20 m, að rótum hóls. Sunnan úr sama hól efst gengur minni vallargarður, D til SSA í um 150 m, nærri því samsíða A, þar til þeir sameinast. Víkur nú sögunni aftur að aðal vallargarðinum, A. Frá norðvesturhorni hans liggur hann í um 40 m til suðurs áður en komið er að gerði (E) sem byggt er upp við vallargarðinn utanverðan (að vestan). Gerðið er 13 X 7 m stórt, snýr norður-suður og op er á því vestast á suðurvegg. Norðurhlið gerðisins virðist eingöngu niðurgrafin og austurveggur þess er í raun vallargarðurinn (A). Til móts við gerðið, austan garðlagsins (A) er lítil tóft (F). Hún er 4-5 X 4-5 m að stærð og úr torfi. Op er á vesturvegg tóftarinnar og í gegnum vallargarðinn. Frá gerðinu (E) og tóftinni (F) liggur vallargarðurinn áfram í um 60 m til suðurs en beygir þá eilítið til SSA og liggur áfram í um 80 m áður en efri (vestari) vallargarðurinn D, sameinast honum. Vallargarðurinn (A og D sameinaður) liggur svo áfram í um 100 m áður en hann beygir skarpt til suðvesturs, liggur í 110-120 m en beygir þá til suðurs um 40 m neðan við slóða sem liggur inn Þorvaldsdal. Vallargarðurinn er merkjanlegur rétt neðan vegarins á um 80 m kafla til suðurs áður en hann hverfur endanlega undir hann. Um 40 m sunnan við þar sem vallargarðarnir A og D sameinast og um 30 m neðan við sameinaðan garð er einföld tóft (G), á hæð. Tóftin er á lágrri hæð og er 8 X 6 m að stærð. Hún snýr norður-suður og ekki er greinilegt op þó hugsanlega hafi það verið nyrst á vesturvegg. Veggir eru hrundir og signir og ekki ólíklegt að tóftin gæti verið af heystaði.

**Hættumat:** engin hætta

### EY-057:013 garðlag túngarður

Túngarður liggur umhverfis tún á Grund að hluta. Garðurinn er greinilegur frá norðvesturhorni túns og til suðurs ofan við tún. Hann er hins vegar rofinn í horninu af slóða sem liggur inn Þorvaldsdal og í gegnum tún á Grund. Túngarðurinn sést ekki neðan slóðans en hugsanlega má greina hann aftur neðst í túninu.

Túngarðurinn girðir af aflíðandi tún sem löngu er komið í óráekt, er á kafi í grasi og þýft. Túnið nær upp frá engjum sem eru frá Þorvaldsdalsá og upp að lyngivaxinni fjallshlíð ofar.


Túngarðurinn (A) er mjög stæðilegur og líklega hefur honum verið haldið vel við undir það síðasta. Hann er vaxinn grasi, fagurgrænn og sker sig úr umhverfinu. Hann er alveg hlaðinn úr torfi. Garðurinn er víða um 1 m á hæð en 1,5 m á breidd. Garðurinn afmarkar vestur- og suðurhlið túna, norðurhlið er afmörkuð af Þorvaldsdalsá. Hann afmarkar svæði sem er um 400 X 400 m stórt. Úr norðri liggur garðurinn um 70 m áður en komið er að hliði á garðinum. Fast sunnan þess er lítill, einföld tóft (B) byggð upp við garðinn innanverðan (austanverðan). Tóftin er 3 X 2 m að stærð og snýr norður-suður. Op er syðst á austurvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Frá henni heldur garðurinn áfram til suðurs í um 20 m en verður þá ógreinilegur á 15 m kafla beint ofan við úthústóft 019. Aftur má

greina garðinn 15 m sunnar og liggur hann þá í 15 m til suðurs áður en komið er að hólfu (C) sem byggt er fast við garðinn utanverðan. Hólfu er einfalt, 7 X 4 m að stærð og úr torfi. Það snýr norður-suður en ekkert op er greinilegt á því. Frá hólfinu liggur túngarðurinn enn áfram í um 10 m til suðurs áður en komið er að þriðja hólfinu sem sambyggt er garðinum. Það er byggt utan (vestan) í garðinn og er 8 X 3,5 m að stærð. Hólfu er einfalt, snýr norður-suður og er alveg hlaðið úr torfi. Op er á miðjum vesturvegg þess. Frá tóftinni (D) liggur

túngarðurinn til suðausturs í um 60 m en verður þá ógreinilegri, um 20 m ofan og utan við fjárhústóftir 003, þar sem garðlag 015 kemur í hann. Þar er garðurinn óljós á kafla en hann má aftur greina stuttu sunnar, ofan við úthústóftir 005. Þar er garðurinn meira siginn en annars staðar og liggur í 50-60 m til suðurs en þá kemur aftur



Tóft 013 D, horft til suðurs




skarð í garðinn, nálega þar sem hann hefur beygt til austurs. Greinilegt er að garðurinn hefur þarna legið til austurs (ASA) í um 40 m en ekki sést hann fyrir en um 40 m austan við þar sem suðausturhorn hans hefur verið. Þaðan má greina garðinn til ASA í um 70 m að Þorvaldsdalsá.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-057:014** gerði kálgarður

65°53.168N 18°22.456V



Kálgarður, sem merktur er inn á túnakort frá 1917 er enn greinilegur fast innan (sunnan) við bæ 001.

Í aflíðandi túni sem löngu er komið í órækt, er á kafi í grasi og þýft. Túnið nær upp frá engjum sem eru frá Þorvaldsdalsá og upp að lyngivaxinni fjallshlíð ofar.

Gerðið má fyrst greina sem óljósa hleðslu skammt sunnan við bæ sem liggur í um 20 m til vesturs en beygir svo til austurs og liggur í 7-8 m áður en hún fjarar endanlega út. Hleðslur eru grasi grónar, líklega hefur garðurinn algjörlega verið úr torfi. Hann er nú mest 0,3 m á hæð. Fagurgræn dæld, 2 X 2 m stór, er utan við gerðið (rétt vestan þess), hugsanlegt er að brunnur hafi verið þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-057:015** tóft + garðlag

65°53.158N 18°22.503V




*Garðlagið, horft til norðurs*

Um 35 m ofan við útihústöft 002 er fagurgrænn, langur og mjór hóll sem liggur austur-vestur. Hóllinn er ræktarlegur og líklega hafa einhvern tíma verið mannvirki á honum. Nú sést þó ekkert á yfirborði nema það sem kann að vera óljósar leifar útflattra hleðslna á einum stað, norðan í hólnum efst. Frá hólnum liggur garðlag til vesturs og svo suðurs og upp við það er byggð lítill tóft.

Grasi gróinn og ræktarlegur hóll.

Garðlag liggur frá hólnum sunnarlega efst. Það gengur í 10 m til vesturs en beygir svo til suðurs og liggur í 20 m en þar er lítill tóft, 7 X 3 m stór byggð upp við það að austan. Tóftin er tvískipt, úr torfi og eru op á norður og suðurvegg og einnig á milli hólfra. Stutt skarð er í garðlagið fast sunnan við tóftina en síðan heldur það áfram þótt það sé orðið óverulegra, í 60 m þar til það endar á svipuðum stað og túngarður 013.

**Hættumat:** engin hætta



**EY-057:016** þúst

65°53.180N 18°22.505V

Um 30 m utan við 015 og 15 m suðvestan við Grundarbæ 001, er annar fagurgrænn hól sem sker sig með afgerandi hætti úr umhverfinu og gefur vísbindingar um að þar hafi einhvern tíma staðið mannvirki. Hóllinn er 20-30 m neðan við túngarð 013, í aflíðandi túni sem er löngu komið í órækt. Hann er um 15 x 3 m að stærð, hann er fagurgrænn og virðist mjög líklegt að undir yfirborði leynist hleðslur eða aðrar mannvistarleifar.

**Hættumat:** engin hætta*Þústin, horft til norðurs***EY-057:017** tóft útihús


65°53.198N 18°22.506V

Útihústóft er 30-35 m norðan við rústalegan hól 016 og um 30 m norðvestan við bæ 001. Hún er nálægt norðvesturhorni túns, 20-30 m neðan við túngarð 013. Tóftin er fast neðan við óljósan slóða sem liggur inn Þorvaldsdal og ofarlega í gegnum túnin á Grund.

Tóftin er í nokkrum bratta, ofarlega í túni sem komið er í órækt.

Tóftin er 18 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf og er op á því nyrðra til norðurs. Ekki er op á milli hólfanna.


Veggir eru allt að 0,7-0,8 m á hæð en eru víðast mjög hrundir og grónir. Tóftin er fagurgræn og grasi gróin og engar grjóthleðslur sjást í henni.

**Hættumat:** engin hætta*Útihústóft, horft til norðurs***EY-057:018** tóft

65°53.174N 18°22.541V


Mjög óljós tóft er 1,5 m neðan (austan) við nyrsta kofann sem sambyggður er túngarði 013. Tóftin er um 4 m neðan við túngarð. Hún er efst í túni sem komið er í mikla órækt.

Kofatóftin er á kafi í grasi og ógreinileg. Hún er 6 X 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist hafa verið opin til suðurs. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta**EY-057:019** tóftir útihús

65°53.167N 18°22.537V

Tóft er 6-7 m ofan við kofatóft 018, 4-5 m neðan við túngarð 013 (sem reyndar er óljós á þessum slóðum) og um 20 m norðvestan við horn á garðlagi sem liggur frá 015. Hún er efst í túni sem komið er í mikla órækt. Á þessum stað er ein, einföld tóft sem er 5 X 8 m að stærð og snýr austur vestur. Tóftin er torfhlaðin og op eru á austur og

*Tóftin, horft til ANA*


vesturvegg hennar. Fast sunnan við tóftina mótar óljóst fyrir eldri tóft um 6 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-057:020** tóft



*Tóftin, horft til norðausturs*




Op er á miðjum austurvegg hennar. Hleðslur eru úr torfi og mest 0,3 m á hæð. Tóftin er vaxin mosa og grasi.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-057:021** gerði kálgarður



*Gerðið, horft til norðurs*



er grasi gróid og mest 0,3 m á hæð. Líklegast er að á þessum stað hafi verið kálgarður.


**Hættumat:** engin hætta

**Hættumat:** engin hætta

**EY-057:022** tóft útihús



*Tóftin, á kafi í grasi, horft til austurs*



tóftarinnar. Tóftin er hlaðin úr torfi og gróin. Hleðslur eru hrundar og útflattar og aðeins um 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-057:023** tóft

Tóft er um 20 m ofan við Þorvaldsdalsá, þar sem stór hólmi er á ánni. Hún er um 550 SSA við bæ 001. Hún er á bakka Þorvaldsdalsár. Sunnar er deiglent en móa- og urðartungur eru ofar. Tóftin er 7,5 X 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld, úr torfi og lyngivaxin. Veggir eru hrundir og ógreinilegir og víða 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Op hefur hugsanlega hefur verið á miðri vesturhlið.

**Hættumat:** engin hætta



65°52.892N 18°22.354V



*Tóftin, horft til austurs*

**EY-057:024** tóftir + garðlag stekkur

Tóftir og garðlag eru 150-200 m ofan við Þorvaldsdalsá en um 860 m sunnan við bæ 001.

Vestan við tóftirnar eru miklar hæðir en tóftirnar eru að nokkru í skjóli frá þeim. Þær eru á rennisléttum og grasgefnum bakka.

Syðst er mjög stekkjjarleg tóft (A). Hún er tvískipt, er 15 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á milli hólfa og einnig á suðurvegg tóftarinnar. Frá þessari tóft miðri gengur garðlag til norðurs. Það liggur í 13 m en þá er lítið hólf (B) er sambyggt við það að austan.

Hólfid er einfalt og 6 X 3 m að stærð. Garðlagið heldur áfram til norðurs í um 40 m til viðbótar áður en það fjarar út. Tóftirnar og garðlagið eru úr torfi, engar grjóthleðslur sjást.

**Hættumat:** engin hætta



65°52.722N 18°22.464V



*Stekkjartóftin, horft til suðurs*

EY-057:025 Gamlistekkur tóft stekkur



Gamlistekkur, horft til suðurs



65°52.665N 18°22.531V

"Suður við Stekkjarlæk er Stekkjarnes kallað, iðjagrænt og líkast túni. Þar fyrir utan og ofan heitir suðurendi hjallanna Stekkjarbrún." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "Þar rennur fram

Stekkarlækur niður hjá Gamlastekki og um Stekkjarnes við Þorvaldsdalsá, syðst í landareigninni." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Stekkjartóftin er um 200 m ofan við Þorvaldsdalsá en tæpum 1 km sunnan við bæ 001. Tóftin er um 120 m sunnan við stekkjartóft 024.

Gamlistekkur er ofan við Stekkjarnes en það er rennislétt og grasi gróið svæði að Þorvaldsdalsá. Ofar eru miklir framhlaupshryggir í brattri fjallshlíðinni. Um 80 m utan við tóftina er lítill lækur.

Tóftin er tvöföld, 12 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hugsanlegt er að op hafi verið á milli hólfanna tveggja og greinilegt op er syðst á austurvegg hennar. Stutt garðlag gengur frá opinu og til norðausturs. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni. Fast norðan við hana er þýft svæði, e.t.v. síðustu merki um eldra byggingastig.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, Ö-Árs, 26

EY-057:026 tóft



Tóftin, horft til norðurs



65°53.180N 18°22.625V

Einföld tóft er 60-80 m ofan við túngarð 013 og um 120 m vestan við bæ 001. Hún er í aflíðandi fjallshlíð. Hún er á kafi í grasi. Tóftin er 8 X 5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er austast á suðurvegg hennar. Tóftin er hlaðin úr torfi og er mest 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-057:027 tóft



Tóftin sést fremst á ljósmyndinni, horft til norðurs



65°52.171N 18°22.565V

Tóft er um 45 m neðan við aðra tóft 026 en um 10 m ofan við túngarð 013.

Hún er fast ofan við tún og er á kafi í grasi.

Tóftin er 6 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er óljós að suðaustan. Tóftin er einföld og engar grjóthleðslur sjást í henni. Hún er grasi gróin og hleðslur mest 0,3 m

á hæð. Op hefur líklega verið vestarlega á suðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-058 Kúgil**

1712 10 hdr. Bændaeign. JÁM


1917: 3.2 ha. 1/10 slétt. Garðar 225 m<sup>2</sup>. "... enn eru þeir lífs sem geta undirstrikað, að þar fannst enginn sléttur blettur í túninu og naumast á engjunum heldur. Kúgilshólminn við ána neðan við túnið var eina greiðfæra skákin í landareigninni." Ö-Ey I.1, 42

1922 í eyði.

1990: "Túnið var einkar óslétt og var engjaheyskapur sóttur upp á Kúgilsheiðar." BE 1990, 331


Sögn er um að Kúgil hafi verið selland frá Stóru-Brekku á Galmaströnd. Mun áður fyrir hafa talist til Vallahrepps (Ö-Ey I.1, 42). Kúgili heyrði til land suður að Þverá.

**Kúgil - túnakort 1917**



**EY-058:001 Kúgil bæjarhóll bústaður**

65°52.005N 18°22.841V



*Bæjartóftin, horft til austurs*

"Kúgil var um aldri fremsti bær í Þorvaldsdal og standa rústir hans vestan árinna undir Kúgilsheiðum sem er fremsti hluti Krossfjalls." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Bærinn fór í eyði 1922. Kúgil er um 4,3 km innan við Kleif. Skilti vísar á bæinn nálega þar sem vegur endar austan megin í dalnum. Bæjarrústin er ofarlega í túni, um 50 m sunnan við bæjarlæk.






*Hestasteinn við bæinn. horft til norðurs*

sjást á nokkrum stöðum en víðast eru hleðslur grónar. Greinilegar hleðslur eru í norðurúttvegg um 1 m á hæð. Um 3-4 m framan (austan við bæinn (001) er lítill hestasteinn með járnhring í. Hann er um 35 sm á hæð en 45 sm á breidd. Járnhringurinn í steininum er um 15 sm í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 331

**EY-058:002** tóft fjárhús



65°51.976N 18°22.858V

40 m sunnan við bæ 001 en um 20 m sunnan við kálgarð 015 eru enn greinilegar leifar fjárhúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er 30-40 m neðan (austan) við túngarð 012 sem greinilega sést á þessu svæði.

Umhverfis eru tún sem nú eru hlaupin í þúfur að miklu leyti. Túnin eru í aflíðandi halla milli sléttis árbakka og lyngivaxinnar og brattrar hlíðar nokkru ofar.

Fjárhúsið skiptist upp í framhólf (austar) með tveimur gördum og hlöðu aftan við sem snýr þvert á (þ.e. norður-suður). Stærð fjárhúsanna er 12 X 12 m. Grjóthleðslur sjást á stöku stað en tóftin er gróin.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-058:003** Miðhús tóft fjárhús



*Miðhús, horft til austurs*

65°51.965N 18°22.883V



"Tættur nokkrar á Suðurtúni heita Miðhús og Hesthús [004]." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Útihús, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, er

um 70 m VSV af bænum 001. Húsið er líklega það sem kallað er Miðhús í örnefnalýsingu. Tóftin er enn greinileg, um 10 m austan við túngarðinn 012. Umhverfis eru tún sem eru hlaupin í þúfur.

Tóftin er 12 X 7 m að stærð og virðist vera af fjárhúsum. Hún skiptist upp í tvö hólfi og op er á milli þeirra. Eystra hólfið snýr austur-vestur en hið vestara norður-suður. Eystra hólfið er 3 X 5 m að innanmáli og gengur garði eftir því endilöngu. Vestara hólfið er 4 X 2 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru úr torfi og grjóti en óvída sést grjótið vel nema í veggnum milli hólfa og svo í austurveggnum þar sem sjást 5 umför af hellugrjóti. Þó eru einnig ávalari hnullungar, nokkrir í garðanum og utanvert í austurvegg.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917, Ö-Ey I., 44

**EY-058:004** *Hesthús* tóft hesthús

65°51.924N 18°22.950V

"Tættur nokkrar á Suðurtúni heita Miðhús [003] og Hesthús." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir um sama hús: "... Hesthús syðst og efst." Tóftin er um 140 m suðsuðvestur af bænum 001 og tæpa 20 m austan við



*Hesthústóftin, horft til austurs*

túngarðinn 012. Hún er suðvestarlega í túninu og er merkt inn á túnakort frá 1917.

Tóftin er á talsverðum hól sem er þýfður eins og túnið umhverfis.


Tóftin er 23 m á lengd en 10 m á breidd norðan til en 8 á breidd sunnan. Tvö hólfi eru greinileg, annað nyrst í þúfnakraganum en hitt nokkuð sunnarlega. Þar á milli er erfitt að greina veggir en þó augljóst umrót jarðvegs. Innanmál nyrðra hólfsins er 2,5 X 2 m og vex þar nokkuð af túnfílum. Í suðurvegg hólfsins eru raðir af þykku hellugrjóti á um 2 m kafla, 0,7 m á hæð. Syðra hólfið er 5 X 4 m að stærð og þar vaxa sóleyjar, hundasúrur og túnfíflar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og veggir eru mjög fallnir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917, Ö-Ey I.1, 44 sbr. Ö-Árs, 26

**EY-058:005** *Kúgilssel* tóft sel

65°51.054N 18°24.187V



*Uggi Ævarsson skrásetjari, í tóftinni, horft til austurs*

"Fast við Þverá ofarlega í Þverárgili er Kúgilssel. Nokkru utar er hallandi engjateigur, sem nefnist Gunnsubrekkur." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Selið er um 30 m norðan við þverhnípi Þverárgils en 750 m VSV við beitarhúsin 006.

Hlíðin er grasi og lyngivaxin og þar vex víðir og kjarr. Mikið er um smálæki í hlíðinni og er hún víða votlend.

Tóftin er 6 X 6 m að stærð, en 5 X 4 m að innanmáli. Hún er einföld og op eru á norðurhluta vesturveggjar og austurhluta suðurveggjar. Veggir eru úr torfi en þeir eru mikið hlaupnir í þúfur inn í tóftina og utanvið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 26 sbr. Ö-Ey I.1, 43

**EY-058:006** Þverárbeitarhús tóft beitarhús

65°51.121N 18°23.221V



*Beitarhúsin, horft til austurs*

"Kúgilsbeitarhús voru suður við Þverá. " segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Kölluð Þverárbeitarhús í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Beitarhúsin eru 1,7-1,8 km sunnan við Kúgilsbæ 001 og 20 m norðan við Þverá en hún beygir til norðurs nálægt beitarhúsunum og rennur nokkuð til norðurs áður en hún sameinast Þorvaldsdalsá.

Beitarhúsin eru á grösugum árbakka en ofan við tekur grýtt og lyngivaxin hlíðin við.

Beitarhúsin eru 23 X 10 m að stærð og snúa norður-suður. Þau skiptast upp í fjögur hólf. Þrjú hólfanna eru í röð og tvö nyrstu eru með garða í, bæði með opi á austurhlíð. Vestan við er svo fjórða hólfíð sem er opið til norðurs. Tóftin er 0,6 m á hæð og grjóthleðslur sjást á stöku stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 26 sbr. Ö-Ey I.1, 43



**EY-058:007** Lækjarkofi heimild um tóft

65°52.036N 18°22.956V

"Út og upp frá bænum á Kúgili er Lækjarkofamelur, ofan við túnið, en um Lækjarkofann, sem þar mun hafa staðið, er ókunnugt." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Vitað er um kofatættur við Kúgilsbæjarlækinn ofan túns og hét þar Lækjarkofi." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Svæðið upp á Lækjarkofamel er um 40 m norður af bæjarlæknum og 100-150 m vestnorðvestur af bænum 001.

Melurinn er snarbrattur að austan þar sem kálgarður 013 liggur utan í honum. Að vestan fjarar melurinn út í fjallshlíðina. Melrani þessi er um 30 m breiður norður-suður. Hann er vaxinn krækiberjalyngi og ljónslöpp.


Samkvæmt örnefnaskrá (Ö-Árs.) ætti kofinn að hafa staðið á melnum en engin ummerki eru um mannvirki þar nú. Hugsanlegt að tóftin hafi ekki staðið á hólnum heldur neðar við lækinn og gæti þá 016 verið lækjarkofi. Um það er þó ekki hægt að fullyrða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 26 og Ö-Ey I.1, 44

**EY-058:008** tóft útihús

65°51.995N 18°22.808V



Útihústóft er rúmum 15 m austan við suðausturhorn bæjartóftarinnar 001, beint neðan við kálgarðinn 015. Það er beint neðan við traðirnar 023. Umhverfis eru tún sem nú eru hlaupin í þúfur að miklu leyti. Túnin eru í aflíðandi halla milli slétts árbakka og lyngivaxinnar og bratrar hlíðar nokkru ofar.

Tóftin er á hæð þar sem mannvistarleifar virðast hafa hlaðist upp. Hún er einföld, djúp og 6 X 2 m að innanmáli. Veggir hennar eru mjög þykkir og útlattir en samtals er utanmálið 12 X 8 m. Grjóthleðslur eru í suðvesturhorni tóftarinnar en á henni er ekki op. Sunnan við tóftina er þúfnabakki sem hugsanlega gæti verið útlatt mannvirki sem nú er hlaupið í þúfur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-058:009** þúst

65°52.015N 18°22.856V

Þúst er um 10 m norðvestan við bæinn 001, fast sunnan við bæjarlækinn. Um er að ræða fagurgræna, þýfða hæð utan við bæinn. Greinilegt er að bæjarlækurinn hefur áður einnig runnið sunnan við þústina og sameinast svo bæjarlæknum neðan við. Þannig hefur þústin verið á e.k.eyju, umlukin lækjarsprænum. Þústin er ofarlega í túni. Norðvestar er bæjarlækurinn og enn lengra í norðvestur er Lækjarkofamórin.


**Hættumat:** engin hætta



*Þústin, horft til austurs*

**EY-058:010** Lambhús tóft lambhús

65°52.010N 18°22.873V



*Tóftin, horft til austurs*

"Lambhús voru skammt sunnan og ofan við bæ ..." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar.

Lambhústóftirnar sjást enn, 20-30 m norðvestan við bæ 001, fast norðvestan við bæjarlækinn. Þær eru um 10 m neðan (austan) við kálgarðinn 013.

Ofan við tóftina er Lækjarkofamelur (007) og 10-20 m ofan við hana endar tún og við tekur lyngivaxin fjallshlíð. Tóftin er 12 X 7 m að stærð, hún er tvískipt og snýr austur-vestur. Austara hólflið er um 6 X 2-3 m á stærð (innanmáli) og snýr austur vestur, en hið vestara inn af því og snýr þvert á það, 3 X 5 m að stærð. Op virðist hafa verið nyrst á austurvegg og milli hólfanna. Tóftin er í aflíðandi halla og er nokkuð niðurgráfin, veggir mest 0,6 m á hæð. Suður- og vesturveggir eru mest niðurgráfnir. Veggir eru torfhláðnir og ekkert hleðslugrjót er í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 26

**EY-058:011** Þverá heimild um býli


65°51.239N 18°23.146V

"Munnmæli herma, að bærinn Þverá hafi staðið við ármótin [Þverár og Þorvaldsdalsár] en lent undir hrauninu. Hvergi finnast þó heimildir fyrir þessu." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. U.þ.b. 60 m vestan við Kúgilsvatn gæti hafa staðið bær þótt ekki liggi fyrir sterkar vísbendingar þess efnis, hvorki heimildir né á vettvangi. Stórgrýtt er víðast umhverfis vatnið og er þetta eini staðurinn sem hugsanlega kæmi til greina þó vart megj telja hann mjög vænlegan bólstað.

Lyngi- og grasivaxnir bollar en stórgrýtt allt í kring.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 42-43



Tóft E, sambyggð túngarði, horft til norðausturs

Túngarður hefur legið umhverfis tún á Kúgili. Hann er greinilegur norðan, vestan og sunnan við tún.

Innangarðs eru tún sem komin eru í órækt en utan við þýfð og lyngivaxin fjallshlíð.





Garðurinn er mjög misstæðilegur og

t.d. er öll norðurhlíð hans greinileg, 1,4 m á hæð. Að norðan er túngarðurinn fyrst greinilegur um 130 m norðaustan við bæ 001. Þaðan liggur hann í 60-70 m til suðvesturs áður en um 10 m langt skarð kemur í hann þar sem tröðin frá bænum liggur um (í svipaðri hæð og bæjarhóll í túninu). Ofan við rofið

heldur garðurinn áfram til suðvesturs í 60-70 m en þar er lítið hólf byggt við garðinn innanverðan (B), um 10 m norðan við Lambhús 010. Tóft þessi er einföld, um 7 X 5 m að stærð, opin til austurs. Þaðan heldur garðlagið áfram um 60 m suðvestur að læknum, um það bil sem kofatóft (016) er vestan hans. Á þessum stað er 10-20 m skarð í garðinn en hann er í heild mjög óljós norðan lækjar, undir Lækjarkofamel.


Frá kofanum liggur garðurinn í um 40 m til suðurs en þar má sjá móta fyrir byggingu (C) honum samfastri og liggur túngarðurinn beint á hana þannig að hvorki er hægt að segja hana innan túngarðs né utan. Þessi tóft er alveg hrunin og er 30-40 m ofan við bæ 001 og fjárhústóft 002 en þó nær fjárhústóftinni. Frá þessari byggingu liggur túngarðurinn í 12 m til SSV áður en hægt er að greina enn eitt hólfíð (D) við hann. Er það 26 X 7 m að stærð og er byggt utan við garðinn. Op er í gegnum túngarðinn inn í tóftina. Frá D liggur garðurinn til austsuðausturs í 40 m en þá er komið að stóru og greinilegu hólfí á túngarðinum (E). Það er 20 X 6 m að stærð, byggt utan við túngarð og með opi á túngarðinum norðarlega. Þaðan liggur túngarðurinn í 30 m til suðvesturs áður en við hann er byggt enn eitt hólf. Það er innan túngarðs, um 10 m ofan við norðurenda hesthústóftar 004. Þessi tóft (F) er tvískipt, 4 X 12 m að stærð en ekki er op á hana. Frá F liggur túngarðurinn enn til suðvesturs í um 30 m áður enn hann beygir loks til austurs. Þar er hann hlykkjóttur en hann má einungis greina á 50 m kafla til austurs. Þá kemur í hann um 50 m langt skarð en hann sést aftur neðar í túni, samsíða læk. Svo liggur hann í boga til norðvesturs og endar neðst í túni.

**Hættumat:** engin hættu



**EY-058:013** gerði kálgarður

65°52.028N 18°22.904V



*Gerðið í hólnum. horft til norðvesturs*

Kálgarður er greinilegur um 20 m norðvestan við túngarð 012 en 40-50 m norðvestan við bæ 001. Gerðið er í Lækjarkofamel, fast utan við tún, 25 m norður af bæjarlæknum.

Gerðið liggur utan í mel sem myndar neðsta hluta

fjallshlíðarinnar vestan við Þorvaldsdalsá. Melurinn er snarbrattur, lyngivaxinn neðst í hlíðunum en ber í toppinn. Neðan við hólinn eru grasi vaxin tún í órækt.


Kálgarðurinn er 17 X 17 m að stærð. Hann er lyngivaxinn að mestu en einnig vex gras á honum og loðvíðir. Veggir eru greinilegir, norður- og suðurveggir þó öðrum fremur. Hleðslur eru 0,7 m á hæð. Ekki eru grjóthleðslur í veggjunum heldur eru þeir eingöngu hlaðnir úr torfi. Í norðausturhorni garðsins er op. Gerðið snýr VSV-ANA.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-058:014** tóft

65°52.084N 18°22.744V

Tóft eða upphækkun (e.t.v. heystæði) er um 50 m norðan við norðausturenda túngarðs 012, utan túns. Hún er 50 m vestan við



*Tóft, horft til norðvesturs*

Þorvaldsdalsá. Tóftin er í skjóli við hæð sem tekur við vestar. Svo virðist sem áin hafi einhvern tíma runnið nær tóftinni.

Tóftin er 12 X 7 m að stærð en einungis eru útveggir hennar greinilegir. Líkist helst heystæði. Svæðið er 0,4-0,5 m hærra en umhverfið. Ekki er grjót í tóftinni eða op á henni.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-058:015** gerði kálgarður

65°51.981N 18°22.851V


Kálgarður sem er merktur inn á túnakort frá 1917 sést fast sunnan við bæinn 001.

Umhverfis eru tún sem nú eru hlaupin í þúfur að miklu leyti. Fast neðan við bæinn liggur gata til norðnorðausturs. Túnin eru í aflíðandi halla milli slétts árbakka og lyngivaxinnar og brattrar hlíðar nokkru ofar.

Kálgarðurinn er 18 X 15 m að stærð, er ferkantaður og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn úr torfi og mest 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917




EY-058:016 tóft útihús

65°52.007N 18°22.918V



Útihústóftin, horft til austurs



Tóft er um 3 m sunnan við bæjarlækinn og 70 m beint vestur af bænum 001. Hún er neðarlega í gróinni fjallshlíð, rétt ofan við túngarðinn 012.

Tóftin snýr austur-vestur og er 5,5 X 4 m að stærð. Innanmál hennar er 2 X 1,5 m. Op er á austurhlið. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni en hæð er mest 0,8 m. Hugsanlegt er að þetta sé hinn raunverulegi

Lækjarkofi (sjá 007). Samkvæmt Örnefni í Eyjafjarðarsýslu gæti passað að umræddur kofi sé Lækjarkofinn en samkvæmt örnefnaskrá Árskógsstrandar virðist það ekki geta verið. Því fær þessi staður sérstakt númer.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Ey, 44 og Ö-Árs, 26

EY-058:017 tóft útihús

65°51.907N 18°22.899V



Útihústóftin í forgrunni, horft til austurs



Tóft er 50 m ASA af hesthústóft 004, í svipaðri hæð og bærinn 001, en syðst í túni. Hún er 180-190 sunnan við


bæ, 20 m norðan við læk (sem ásamt túngarði afmarkar tún að sunnan) og 10 m norðan við túngarð 012. Umhverfis er grasi vaxið en þýft tún.

Tóftin snýr austur-vestur og er 9 X 9 m að stærð. Hún er tvískipt og op hefur verið á milli hólfanna og á austurvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást enda tóftin mjög sigin og gróin.

**Hættumat:** engin hætta

EY-058:018 tóft

65°51.955N 18°22.758V



*Elín Hreiðarsdóttir skráir tóftina, horft til austurs*


túns í Kúgili, þar sem stór hólmi er ánni (við suðurhluta hans). Hún er á sléttum árbakka sem er um 250 m langur en víðast einungis 20 m breiður. Ofar tekur við brattur bakki og þar ofan við tún.

Tóftin er tvískipt, 9,5 X 4 m að stærð. Syðra hólfið er mun stærra að innanmáli eða 3,5 X 6-7 m. Það snýr NNA-SSV en inn af því er nyrðra hólfið sem er mun minna, 2 X 1 m og snýr þvert á það. Ekki er op á milli hólfa en op er á suðurvegg tóftarinnar sem snýr norður-suður. Ekki eru grjóthleðslur í tóftinni en hún er mest 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-058:019 tóft stekkur

65°51.672N 18°23.143V



*Stekkurinn, horft til austurs*

Um 650 m SSV við bæ 001 er stekkarleg tóft. Hún er fast sunnan við læk sem fossar niður hlíðina í tveimur sprænum en sameinast um 150 m ofan við tóftina. 200 m neðar er mikill hólmi í Þorvaldsdalsá.

Norðan við tóftina er mýri en sunnar lækurinn. Ofar er brött og lyngivaxin hlíð en neðar er hlíðin meira aflíðandi. Tóftin er á grasivaxinni hæð.

Tóftin snýr austur-vestur, er 10 X 4 m að stærð og virðist þrískipt. Austurhluti hennar er óskýr. Engar grjóthleðslur eru merkjanlegar en hæst er tóftin 0,4 m á hæð. Op hafa verið milli hólfa enn ekki er lengur greinilegt op á útveggjum tóftarinnar. Lag tóftarinnar, staðsetning og fjarlægð frá bæ bendir helst til þess að hún hafi verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta




EY-058:020 tóft rétt

65°51.637N 18°22.843V



Réttin, horft norðausturs



Rétt er í stórum hólma á Þorvaldsdalsá, um 700 m sunnan við bæ 001. Hólminn er 300 m norður-suður en tæpir 100 m á breidd. Meginhluti árinna rennur austan við hólmann. Réttin er 20 m vestan við meginkvísl Þorvaldsdalsár. Hólminn er grasi vaxinn og í honum er töluvert af stórgrýti.

Réttin snýr suðvestur-norðaustur og er 9 X 8 m að stærð. Hún er tvískipt. Op er sunnarlega á norðausturveggnum. Ekki sést op á milli hólfa fyrir utan gat neðst fyrir miðjum vegg, u.þ.b. 0,35 X 0,35 m að stærð. Réttin er hlaðin úr millistóru grjóti (0,2-0,4 m) bæði úr þykkum hellum og ávölum steinum. Þar sem veggurinn er hæstur er hann 1,3 m á hæð og 7 steinaraðir. Innanmál tóftar er 5 X 6 m stærra hólfið en minna hólfið er 1,5 X 1,5 m.


**Hættumat:** engin hætta

EY-058:021 tóft

65°51.104N 18°23.254V



Tóftin, horft til suðausturs



Austur af Kúgili, þar sem gilið opnast út á undirlendið, er grjóthlaðin tóft, 500 m norðan við Þverá og 1200-1250 m vestan við Kúgilsvatn. Landið er grasi- og lyngivaxið og nokkuð grýtt.

Svæðið er í mynna Kúgils.

Tóftin er óskipt og með 0,5 m breiðu opi austast á norðurvegg. Hún er 5 X 5 m að stærð. Þverá er farin að ryðja úr hleðslum í suðurvegg. Veggjum virðist

hafa verið hrúgað upp, grjótið er mestmegnis ávalir grjóthnullungar. Norðurveggur er áberandi grónastur.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Garðurinn, horft til norðvesturs*

Grjóthlaðinn garður liggur frá Þverárgili (sem er um 1,8 km sunnan við bæ 001), 400-500 m ofan við Kúgilsvatn. Garðurinn liggur til norðnorðausturs.

Hann liggur um lyngivaxna fjallshlíð og hraunlendi.

Garðurinn er hlaðinn úr grjóti. Hann er 400-500 m á lengd en 0,8 m á breidd. Hæð mest um 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðurinn, horft til norðurs*

**EY-058:023** gata leið

65°52.013N 18°22.841V

Götur liggja í gegnum túnið á Kúgili fast neðan við bæ 001.

Umhverfis eru tún sem nú eru hlaupin í þúfur að miklu leyti. Fast neðan við bæinn liggja göturnar til norðnorðausturs. Túnin eru í aflíðandi halla milli slétts árbakka og lyngivaxinnar og brattrar hlíðar nokkru ofar. Göturnar liggja úr suðri þar sem lækur rennur í jaðri túns, þær fara í gegnum túngarð 012 og liggja áfram til norðurs í gegnum túnin mið. Sunnarlega er um traðir að ræða, mest 0,8 m djúpar en 1,5 m breiðar en engar hleðslur eru við traðirnar. Ofan í þeim eru 2-3 slóðar. Eftir því sem norðar dregur verður slóðinn/traðirnar ógreinilegri. Frá læk og að bæ eru traðirnar um 130 m en verða ógreinilegar hjá bæjarhólnum á 20 m kafla. Göturnar verða hins vegar aftur greinilegri neðan bæjarhólsins og virðast því ekki hafa farið beint upp á hann, heldur sveigt niður með honum (þó í dag liggja yngri götur frá þeim eldri og um bæjarhólinn). Eldri slóðinn liggur hins vegar neðan við bæjarhólinn og til norðausturs um 80 m að bæjarlæknum.

**Hættumat:** engin hætta



*Traðirnar, horft til norðausturs*

## EY-059 Stærri-Árskógur

Árskóga er getið í biskupasögu Guðmundar Arasonar. Þangað fór Guðmundur 1232 þegar hann snéri við úr ferð til Reykdæla er hann frétti að Reykdælir ætluðu að rísa á móti honum. Biskupasögur (1858), 552. Bæjarins er einnig getið í Laurentinus sögu en þar var Guðrún Illugadóttir leyst undan biskupsbanni fyrir hjúskaparbrot. Biskupa sögur (1858), 853. Í Guðmundar sögu Dýra er Helgi Halldórsson sagður prestur á Árskógi 1188 og virðist það vera á Stóra-Árskógi því þaðan flýði banamaður Helga yfir á Árskóg hinn ytra (Litla-Árskóg) þar sem einhver Sumarliði bjó. Sturlunga saga I, 171-172 1318. Getið í máldaga Auðunnar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi en það vantar framan á máldagann landeignir kirkjunnar. bls. 454 DI II **1191**: Þar bjó Helgi Halldórsson prestur (veginn 13.1.1191) við Herðísi ekkju Brands Gellissonar er þar hafði verið veginn í kirkjudyrum; Guðmundarsaga dýra, Sturl, 133.

### Stærri-Árskógur - túnakort 1917



fram að kirkjan á allt heimaland. Hún á einnig: “alla reka að helmingi vidur Sela og flutningar og aull aunnur fíorugogn að helminge. og xij. fedmings skurd j saumu jord arliga. og naustgíord æfinliga a Hauganesi ef vill med fiskveri. Tuttugu kugillda gelldfiar rekstur j faugru hliijd og að auk svijnum og stodhrossum. grasalestu. huannskurdur. fuglveydur og fiska.” DI III, 515-516.

**1429** kemur fram í Vísitazíugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar að kirkjan á allt heimalandið og að auki “liggr þar til hagi. kalfsskinn. soluabackæ, grvund. klæif. brattavællir. aas skogr. krossar. hamundarstadir. birnnones. selarbacki.”. DI, IV, 375. Sama ár kemur fram í kirknatali Hólabiskupsdæmis að í Árskógi er prestur (DI IV, 381)

**1430** veitir Jón Vilhjálmsson biskup á Hólum sveini sínum staðinn Árskóg í eitt ár. DI IV, 407.

**1431** í vísitazíugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar liggja 15 bæir til kirkjunnar. DI IV, 465-466

**1461** kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi að kirkjan á Árskógi á “allt

heimaland. Þetta j rekum. alla reka ath helminge vidr selaa oc flutningar oc aull aunnur fiorugaun ath helminghe oc tolf fedmings skvrd í somu jord ærliga. oc naustzgiord æfinlega aa hauganesi ef vill med fiskveri." DI V, 262. Þá er einnig getið að prestur er í Árskógi. DI V, 360.

**1462** dæmir dómur 12 presta Hrafnagilssel á Þorvaldsdal löglega eign Möðruvallaklausturs en prior í Möðruvallaklaustri hafði kært prest í Árskógi fyrir að nota selið líft og það varri eign Árskógskirkju. DI V, 364-65.

**1473** selur Ólafur Grímsson Magnúsi Benediktssyni hálfra jörðina í Árskógi ásamt Hafralæk í Aðaldal og 5 hdr til fyrir Nautabú í Skagafirði. Í sölubréfinu segir: "kynni ok af ath ganga jordin aarskogur med laugum. þa skýllde aptur jialldazt fimmtan hundrut j annare jordu." DI V, 706-707

**1487** kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús í Árskógi er niðri. DI V, 356

**1498** selur Nafi prior á Skriðu, fyrir hönd klaustursins Árskóg fyrir 30 hundruð til Gríms bónda Pálssonar. DI VII, 393.

**1512** gefur Þorleifur Grímsson Halldóri Sigmundssyni jörðina Árskóg hinn ytra. DI VIII, 375. Samkvæmt þessu hefur Árskóg þá verið skipt upp.

**1525** er Árskógskirkja talin upp í Sigurðarregistri. DI IX, 294

**1569** er Árskógskirkju, á Stærra Árskógi getið í reikningi um preststekjur. DI XV, 351.

**1712** er jörðin staður, en eftir munnmælum var jörðin talin 40 hdr. JÁM

**1847** er hún talin 30 hdr.

Jörðin var einnig nefnd Árskógur, Árskógur hinn syðri og Staðarárskógur. Hrafnagil var hjáleiga og fór í eyði 1925 og keypti hreppurinn þá landið undir afrétt. 1903-1905 var búið á fornu bæjarstæði á Hávarðarstöðum í Þorvaldsdal. Annað slíkt var Þórhallakot, sem fór í eyði 1698. Steinkot var kot með grasnyt 1878-1962. Einnig Staðarkot og Lindarbakkí. Árskógshreppur á nú hluta af landinu og er þar skólahús, íþróttasvæði og á öðrum stað er risið iðnaðarhverfi á landi hreppsins

**1917**: 6,4 ha.. Gardar 6/0 m2.

**1973**: "Beitiland mikið og gott." BE II, 105

**1990**: "Túnið liggur til beggja handa niður undan bænum niður fyrir þjóðveginn. Neðan túnsins taka við hrísmóar en ekki á bærinn land að sjónum." BE 1990, 302

**EY-059:001** *Stærri Árskógur* bæjarhóll bústaður 65°55.059N 18°21.044V

"Staðarbærinn gamli stóð utar og austar [en þar sem íbúðarhúsið er nú], skammt frá Gamlagrafreit." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir um staðsetningu bæjarins: "Bærinn hefur líklega frá fyrstu tíð staðið nálægt sálarhliði kirkjugarðsins." Gamli bærinn á Stærra-Árskógi var fast ofan (vestan) við Gamlagrafreit 002. Aðeins voru um 10 m á milli. Gamli bærinn var um 30 m neðan við (austan) núverandi íbúðarhús á Stóra-Árskógi.

Sléttuð tún eru nú þar sem gamli bærinn stóð. Mjög óljóst sést móta fyrir bæjarhól sem samtals er 60-70 X 40 m stór og snýr norður-suður. Bæjarhóllinn er víðast aflíðandi en hæst nær hann um 1,5 m hæð. Framkvæmdir síðustu ára hafa skemmt hann töluvert en líkur eru þó til að undir sverði leynist enn mannvistarleifar.

Í framhúsi gamla bæjarins var kennt í 10 ár á fyrri hluta 20. aldar. Bærinn var rifinn í áföngum, fyrst voru bæjargöng og torfhluti rifinn og byggt við framhúsið sem var úr timbri en það síðar rífið.

**Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

**Heimildir**: Ö-Ey I.1, 93; Ö-Árs, 18 og Túnakort 1917

**EY-059:002** *Gamlagrafreitur* kirkjugarður kirkja 65°55.073N 18°21.009V

"Staðarbærinn gamli stóð utar og austar [en þar sem íbúðarhúsið er nú], skammt frá Gamlagrafreit. ... Lítil, eldforn timburkirkja, líklega margra alda gömul, stóð í miðjum Gamlagrafreit til ársins 1897, er ný og vegleg timburkirkja var reist vestar á túninu." segir í Örnefni Eyjafjarðarsýslu. Gamli grafreiturinn var um 50 m ASA við nýja garðinn. Gamlagrafreiturinn er enn afgirtur og er 40-50 m neðan (austan) við íbúðarhúsið á Stærra-Árskógi.

Rennisléttur garður á lítilli hæð. Garðurinn er aflíðandi til norðausturs (að sjó). Áður var kirkja í garðinum miðjum.

(STÆRRI) ÁRSKÓGUR (E) -Jóni baltista

f. **1191**: Þar bjó Helgi Halldórsson prestur (veginn 13.1.1191) við Herðísi ekkju Brands Gellisssonar er þar hafði verið veginn í kirkjudyrum; Guðmundarsaga dýra, Sturl, 133.

**1318**: [vantar]

Þar skal vera prestur og tekur hann heima j leygu. iiij. merckur. enn vtann gardz. cc. oc. xij. alner af. xij. Bæium lýsitollur og heýtollur

Dedicatio Ecclesiae in crastino selientium; Máld DI II 454-455

**1386**: Testamenti Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar: gefuande ... kugillde j árskogh; DI III 391-392

**1394**: ä allt heimaland [+reka, fjörugögn, skurð, naustgerð, geldfjárrekstur, grasalestur, hvannaskurður,

fuglveiði og fiska]

þriu hundrud j stadar spiell. halfft frijdt oc halfft ofrijdt. Effter sijra Päl.

hafdi gefuist sijdann sijra Biarni kom.

Gunnar bondi kv. Asgrijmur prestur kv. þorsteinn logmadur effter dottur sijna gielldfiär kagilldi. Effter Hraffn Botolffsson kugilldi. [ornamenti]

Kyrekiu tijund tali anno. xvij aurar.

þar er prestz skylld. tekur heima j leygu iiij. Merckur. Enn vtann gards cc. og xij. alner.

Liostollur og heytollur aff xij. Bæium.

Dedicatio Ecclesiae in crastino seliensium

Jtem Reyknadist j portionem Ecclesiae vm. xj. aar. medann sijra Biarne haffdi bvid. v. hundrud voru ad auk þess sem hann haffdi þa bætt stadinn.

Jtem gaf sijra Steynmodur kugilldi; Máld DI III 515-516

**1403:** Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi; DI III 685

**1429:** a alt hæimalandh. ligr þar til hagi. kalfskinn. soluabackæ. grvnd. klæif. brattavællir. aas. skogr. krossar. hamundarstadir. birnones. selarbacki; Máld DI IV 375

[1429]: [1] prestur; DI IV 381

**1430:** Jón biskup Vilhjálmsson veitir Jóni Jónssyni sveini sínum staðinn í Árskógi

vm æitt aar nu fra næstum fardogum oc til annara næst æfter komandum med ollum þeim gognum oc gædum j fausto oc lauso j frido oc ofridu sem þar til ligr oc legit hefer ath fornu oc nyiu j minnæ lut oc meiræ preter porcionem ecclesie. skal hann vera fullr oc logligr eftirtaulomadr oc m[æga] logliga æfter kera allu þui godz[sæ] j hueriu sëm huert ær sëm þau æiga huerr sëm halda hefer ædr haldet hefuer fyr ædr sidar oc æigi vilia þeim oc honom þat luka oc þeim firir oss boda oc oss til sæigia er med þriosku oc illvilia vilia þeirra godzsæ halda. ær ver vilium so rett af gera ath avdrum sæ til virdrsionar ath giora heilogum kirkium vrætt. skal hann suara ollum skyldum jardarenar efter godum gomblum landsins wana lofligum og loghligum; DI IV 408

**1431:** ecclesia dedicata tuæim nottum efter festumsanctorum in Celio.

porcio ecclesie halfr niøndæ eyrer. gomol porcio mork. ny porcio oc gomol vm þriu aar halfr sætti eyrer minna en tuau hundrot. ligr til kirkonar xv bæir med tiundum oc lysætollum. ero x. bygdir æn v eydhæ; Máld DI IV 465-466

**1434:** Jörðin Kálfskinn ... ligr i arskogsþingum; DI IV 537

**1461:** a allt heimaland; Máld DI V 262

[1461]: 1 prestur DI V 360

**1480:** brast tynd aa stadnum vith sira jon helgason vpp aa atta aar medan hann hieilt staden ok porcio; Máld DI V 262

**1485:** feill j porcio medan sira þoruadr heillt. uppa. iiij. ar. iiij. hundruth ok mork betur; Máld DI V 262

**1487:** Árskogsþingum fylgja alkirkja í Hrísey, 1 hálfkirkja og 6 bænhús DI V 356

**1585:** Kirkjuveggir og þak talin upp til kirkjueigna sem bendir til að kirkjan hafi verið úr timbri fremur en torfi. BG 395

**1712:** Kirkjustaður og beneficium; JbAM X: 108

**1880:** Stærri-Árskógssókn lögð undir Velli; (PP, 270) [lög]

**1897:** Ný kirkja og kirkjugarður vígð á Kirkjuhóli vestan við gamla kirkjustæðið.

**1926-1927:** Ný, steinsteypt kirkja byggð í Stærri-Árskógi.

**1928:** tekin upp ný kirkja í Hrísey og Stærri-Árskógssókn skipt í tvennt, Stærri-Árskógssókn og Hríseyjarsókn; (PP, 270) [stjórnarráðsbréf].

Jóhannes Óli Sæmundsson gerði samantekt á sögu kirkna í Stærri-Árskógi. Í grein hans kemur fram að 1854 var kirkjan í Stærri-Árskógi mjög gömul og léleg. Þá er hún lítil og turnlaus en þó rishá. Árið 1877 var ráðist í viðgerðir á kirkjunni sem tók nokkur ár og eftir þær var einungsi þakið tjargað en áður hafði kirkjan öll verið tjörguð. Ennfremur segir Jóhannes: "Kirkjugarðsveggirnir höfðu nú verið upphlaðnir úr grjóti á þrjá vegu og halli grafreitsins minnkaður með uppfyllingu." Gamla kirkjan var lítil og vart nógu stór fyrir alla sóknina en úr því var bætt þegar ný og reisuleg kirkja var byggð 1897. Sú kirkja var aðeins í notkun í um 3 áratugi og fór illa í veðrum. Sú kirkja sem nú stendur var svo byggð 1926-1927 á sama stað og næsta kirkja á undan. Gamligræfritur er 35 X 38 m stór og snýr nálega austur-vestur. 4 hornstoðir eru steyptar í garðinum og að auki steyptir stólpar þar sem hlið er á garðinum sem annars girtur af með vírgirðingu. Garðurinn hefur verið sléttaður og er nú rennisléttur. Enn má sjá 9 leiði í garðinum (þ.e. krossa og legsteina), flest frá því síðla á 19. öld eða snemma á 20. Trjágróður vex í garðinum við norðausturhorn hans.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI, Ö-Ey I.1, 93-94; Ö-Árs, 18, Túnakort 1917 og Súlur VII, 2, 221-231

**EY-059:003** Lambhúshóll tóftir lambhús

65°54.945N 18°20.901V


"Syðst og efst í gamla túninu er Lambhúshóllinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir: "Lambhúshóllinn er sá eini af hólum túnsins, sem heldur velli." Lambhúshóll var einnig nefndur Ærhúshóll og jafnvel Stórhóll: "Suður og upp frá fjósinu var Ærhúshóll, en er nú horfinn að mestu. Þar heitir Ærhúsvöllur." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Lambhúshóll var 230-240 m innan og ofar (suðaustan) við gamla bæinn 001. Rafmagnslína liggur yfir efsta hluta hólsins.

Fagurgrænn, grasi gróinn hóll, fremur sléttur. Umhverfis er þýfðara.

Á hólnum eru tvær tóftir. Sigurður Jóhann Stefánsson byggði hærnakofa á þessum stað ofan í eldri tóft. Suðvestari tóftin (A) er 7 X 4 m stór, snýr SSV-NNA og er tvískipt. Syðra hólflið er opið til suðausturs en á því nyrðra og minna er op á austurvegg. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni en veggir hennar eru mest 0,4-0,5 m háir. 40 m norðan við A er önnur tóft B sem er nyrst á hólnum. Hún er mjög óskýr en virðist hafa verið tvískipt. Hún er 8 X 8 m stór og er vesturhluti hennar mjög óskýr. Ekki er hægt sjá hvar op hefur verið á tóftinni enda tóftin alveg hrunin og ógreinileg. Grjóthleðslur eru á stöku stað þó tóftin virðist að mestu úr torfi. Veggheðslur eru mest 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 92; Ö-Árs, 18



**EY-059:004** *Hesthúsvöllur* heimild um hesthús

65°55.044N 18°21.084V

"Ærhúsvöllur [003] nær frá Lindarlæk að Hesthúsvelli, þar sem nú stendur íbúðarhúsið." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu en þar segir enn fremur. "Kvíaból [024] var rétt ofan við Hesthúsið, svo og Kvíamelur." Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir: "Upp frá nýja íbúðarhúsinu í Stærri-Árskógi (bak við Hesthúsið) er Kvíaból [004], þó að þess sjáist nú lítil merki." Hesthúsvöllur var kenndur við hesthús sem stóð nálega þar sem íbúðarhúsið á Stærri-Árskógi stendur nú (við norðvesturjaðar þess). Hesthúsið var um 30 m ofan (suðvestan) við bæ 001 og er merkt inn á túnakort frá 1917.

Þar sem hesthúsið var er nú steinsteypt íbúðarhús (án kjallara) og hlað norðvestan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 93-94, Ö-Árs, 18, 19 og Túnakort 1917

**EY-059:005** *Fjánhúsatún* heimild um fjárhús

65°55.116N 18°21.171V

"Ofan við Gamlaveg er Fjánhúsamelur og uppi yfir honum Miðaftansborgin." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Á öðrum stað í lýsingunni er sama svæði lýst svona: "Fjánhús eru á Fjánhúsatúni, sem nú er að nokkru komið undir nýjan grafreit og kirkjuna." segir í örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Húsin eru merkt inn á túnakort frá 1917 tæpum 100 m utan og ofan (norðvestan) við Gamlagrafreit 002. Þau voru tæpum 40 m NNV við kirkjuna sem nú stendur í Stærri-Árskógi.

Leifar fjárhúsanna eru horfnar, þær voru fast utan við norðurjaðar nýjasta hluta kirkjugarðsins (umhverfis þá kirkju sem nú stendur). Þar sem húsið stóð er fagurgræn hæð fast við grafreitinn. Í hæðina er dæld en ekki hægt að sjá örugg merki um húsin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 94, og túnakort frá 1917

**EY-059:006** *Smiðjuhóll* heimild um smiðju

65°55.077N 18°21.052V

"Smiðjuhóll var hár og reisulegur, stóð við norðvesturhorn gamla kirkjugarðsins, en er nú með öllu horfinn. Á honum stóð Smiðjan." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Smiðjan var á Smiðjuhól sem var fast við norðvesturhorn Gamlagrafreits 002. Smiðjan er merkt inn á túnakort frá 1917.

Engin merki smiðjunnar sjást nú en þar sem hún stóð eru sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 18 og Túnakort 1917

**EY-059:007** *Gunnarskofi* heimild um útihús

65°55.073N 18°21.101V

"Fast við suðurhlíð girðingarinnar [á kirkjugarðinum?] er Gunnarskofi, en út og niður frá [Kirkjuhólum] heitir allstór hluti af gamla túninu Mæða," segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Gunnarskofi er merktur inn á túnakort frá 1917 og var um 40 m ofar og utan (NNV) við gamla bæinn 001 og um 20 m innan (SSA) við núverandi kirkju.

Kofinn var fast SSA (innan) við mörk nýrri kirkjugarðs. Sléttuð grasflöt en dældótt grasflöt er á þessum slóðum en engin ummerki um kofann eru greinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 18 og Túnakort 1917.

**EY-059:008** Purkhóll heimild um legstað 65°55.024N 18°20.934V

"Fjosið stendur sunnan við Bæjarlæk, en nafnfrægur hóll austur af fjósinu má nú heita horfinn, það var Purkhóllinn. Nafn hans gæti minnt á alisvínarækt fornanna." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Purkhóllinn hefur alveg verið skemmdur og þar er nú fjós, þar sem gamla fjosið, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, stóð. Eldra fjosið var því á svipuðum stað og fjosið stendur nú en þó aðeins norðaustar. Það hefur verið tæpum 40 m sunnan við bæ 001.

Nú er steinsteypt fjós þar sem gamla fjosið stóð áður, á Purkhóli.

Í Frásögnum af fornaldarleifum, frá 1821 segir um þennan stað: "Stendur hér Hóll einn í Túninu, Purkhóll kalladur, nockud aflángur og þynnri á 2 vegu, með háum Hrygg uppúr hærstum í midju; Hóllinn snýr að mestu Austr og Vestr, gánga 2 aflángir smærri Hryggir frá báðum Endum hans til Sudurs, nockud lægri enn Hóllinn sjálfur; vid sudur-sídu Hólsins er Hvammur eda Laut stór millum fyrnefndra minni Hryggia, líkt sem Hóllinn og Hryggirnir hefdu verid mokadir upp úr henni; Hóllinn sjálfur er að öllu Leiti lagadr sem Fornmannahaugar, þar sem Menn hafa verid skiplagdir, hann stendur fast vid Brecku nockra, og eru þó 7 Fadmar af henni uppá Toppinn Hólsins; hann er umhverfis 60 til 70 Fadmar, enn 30 yfir um þvert úr fyrnefndri Laut uppyfir hann midjann þángad sem Breckann tekur vid. - Fýsn hefur mér mikil á verid, ad grafa í Hól þennan, enn þó enn ecki ad því rádist, fyri þá Skulld, ad eg hefi alls eingvar Fregnir fengid gétad um Haug þennan hvört nockurr eda hvörr hann byggja mundi, því einginn hefur kannast vid Purk þann, sem hóllinn er vidkénndur." Ekki er vitað til þess að bein hafi komið upp við framkvæmdir á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 93; FF, 542-4

**EY-059:009** hús kirkja 65°55.082N 18°21.133V

"Nýja" kirkjan í Stærra-Árskógi var byggð nálægt aldamótunum 1900 og stendur enn. Gamla kirkjan var upphaflega innan Gamlagrafreits 002 en nýja kirkjan var byggð um 50 m norðvestar. Í fyrstu var áfram greftrað í Gamlagrafreit en síðar girtur garður umhverfis nýju kirkjuna og hafið að jarðsetja þar. Hefur kirkjugarðurinn síðar verið stækkaður til norðvesturs.

Kirkjan í Stærra-Árskógi er timburkirkja með girðingu umhverfis (samtals 53 X 84 m NNV-SSA. Kirkjugarðurinn hefur greinilega nýlega verið stækkaður til ANA (niður) og einnig töluvert til NNV (út). Hann er rennisléttur og hafa birkitré verið gróðursett meðfram jaðri hans. Steinsteypt girðing er umhverfis garðinn að hluta VSV (ofan) hans þar sem elstu mörk garðsins eru enn óbreytt. Annars er vírgirðing umhverfis garðinn. Af grófum í garðinum að dæma virðist hafa verið byrjað að grafa í garðinn á 4. áratug 20. aldar.


**Hættumat:** engin hætta

**EY-059:010** tóft stekkur

65°53.713N 18°21.713V



*Stekkartóft, horft til vestur*



Mjög óljós tóft er um 50 m austan (ofan) við vegarslóða sem liggur inn á Þorvaldsdal og 300-400 m norðaustan (utan og ofan) við Hávarðarstaði 034.

Tóftin er í dæld milli tveggja, stórra mela. Neðar er lægri melur, sem er mjög stór er neðan vegarslóðans inn dalinn. Umhverfis er lyngivaxið en tóftin sker sig úr gróðrinum

þar sem hún er fagurgræn og vaxin grasi.

Tóftin er óskýr, sigrin og veggir hrundir. Hún snýr norður-suður og er 13 X 6 m að stærð. Helst er að giska á að byggingin hafi verið tvískipt og jafnvel má sjá móta fyrir opi sunnarlega á vesturvegg. Lag tóftarinnar er þó allt mjög óljóst enda eru veggir nú vart nema 0,2 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru nú sjáanlegar í tóftinni. Sæmilegt

aðhald er á þessum stað vegna melanna umhverfis. Lag tóftarinnar, umhverfi og fjarlægð frá Hávarðarstöðum benda helst til að tóftin sé af stekk.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-059:011** heimild um leið

65°55.550N 18°21.320V

Gamli hreppsvegurinn var lagður þar nálægt því þar sem áður lá kerruvegur. Kerruvegurinn hefur líklega legið að Þorvaldsdalsá þar sem gömlu brýrnar voru. Elsta brúin var aflögð fyrir 1900 en yngri brú, Gíslabrá var í notkun til 1927 (sjá 012). Kerruvegurinn hefur því legið að Þorvaldsdalsá um 40 m neðan við núverandi þjóðveg en um 80 m ofan við Hreppavegin.

Lyngivaxnir hvammar eru á þessum slóðum. Klettur eru á köflum í og við ána.

Engin merki sjást um veginn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-059:012** *Gíslabrá* hleðsla brú

65°55.556N 18°21.395V

"Rétt ofan við Þorvaldsárfoss var fyrsta brúin yfir ána, handriðslaus plankabrá, aflögð fyrir aldamótin 1900 þegar Gísli Jónsson á Hofi í Svarfaðardal smíðaði mjög vandaða timburbrú með öflugri grindverki, án efa áminnugur slysa sem höfðu orðið á Fossbrúnni. "Gíslabrá" þessi stóð um þrjátíu ára skeið (til 1927)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir um sömu brýr: "Á klettunum rétt ofan við fossinn, eða eiginlega uppi yfir honum var fyrsta brúin yfir Þorvaldsdalsá, en ekki var hún annað en plankar, sem á voru negldar þverfjalir. Þarna fóru menn þó yfir með hesta, og þar fóru fram af hestur og maður seint á 19. öld. Komust báðir lifs af, en náðu ekki landi fyrr en austur í Brúarhvammi (Þetta var Sigurður Snorrason frá Bökkvisstöðum)." Báðar þessar brýr voru um 40 m neðan (norðaustan) núverandi þjóðvegur. Þegar Gíslabrá var aflögð var enn gerð ný brú, um 80 m neðar og nú á hinn eiginlega hreppsveg. Brýrnar voru 900-1000 m NNV við bæ 001, norðvestan við þar sem vísir er að iðnaðarhverfi við Þorvaldsdalsá.

Við bakka Þorvaldsdalsár skiptast á klettaborð og lyngi vaxnir móar. Brúin var þar sem fremur lágreistir klettur eru við ána suðaustan megin.

Enn sjást örlitlar leifar um síðari brúna, Gíslabrá, á þessum slóðum. Á suðaustanverðum bakka Þorvaldsdalsár er grjóthleðsla, sem steipt hefur verið meðfram klettunum við Þorvaldsá. 40 m ofar er núverandi brú á þjóðvegi en um 80 m neðar er brú sem gerð var á Hreppsvegi eftir að Gíslabrá fór úr notkun.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 91; Ö-Árs, 18

**EY-059:013** *Steinkotsgrafir* náma mógrafir

65°55.079N 18°19.921V

"Allvíðlent grasmóasvæði er sunnan við Steinkot (nú að nokkru slétt orðið), það er Staðarmórin. Syðst í honum er Bjarnarholt og Bjarnarholtsmýri, en í mýri þessari er gott svarðarland (mótekjusvæði). Þar komu menn fljótlega niður á mjög gilda viðarholi, eins og víðar á Ströndinni. Sprekasvörður var afbragðsgóður "eldsmatur", en var örðugur í upptekt, vildi molna og ódrýgjast." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar er gröfunum einnig lýst: "Í suðausturhorni [Staðarmós] er Stóripollur á merkjum þriggja jarða, en Bjarnarholt vestast og þá Bjarnarholtsmýri, en þar voru Steinkotsgrafir. Var þar mikil mótekja, ekki sízt Söndunga á fyrri áratugum þessarar aldar. ... Hafa gildir stofnar komið í ljós í svarðargröfunum, bæði vestan og austan [Skógarhóla]." Steinkotsgrafir eru enn greinilegar um 250 m neðan (norðaustan) við þjóðveg og um 250 m innan (suðaustan) við gamla veginn að Hauganesi.

Neðan við grafirnar eru sléttuð tún en ofar eru lyngi og grasi vaxnir hólur.

Grafirnar sjást enn, fast ofan við tún. Þær eru um 130 m á lengd en 40-50 m á breidd og snúa norðvestur-suðaustur. Mest eru grafirnar um 0,8 m á dýpt en eru alveg uppþornaðar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 91; Ö-Árs, 18

**EY-059:014** *Skógarhólar* heimild um kolagröf

65°55.041N 18°20.018V

"Skógarhólar eru vestan við [Steinkotsgrafir 013] ... Í Skógarhólum eru margar kolagrafir, sem bera skógarhögginu órækan vott (sumar að vísu eyðilagðar með malartöku." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnalýsingu Árskógsstrandar segir: "Nokkrar kolagrafir má sjá í Skógarhólum, og í mýrunum umhverfis er mikið af sprekum í jörð." Skógarhólar voru tveir myndarlegir hólur en þegar núverandi þjóðvegur var lagður var suðvestari hóllinn eyðilagður að mestu. Norðaustari hóllinn er enn greinilegur en hann hefur verið sléttaður að svarðargröfunum 013. Norðaustari hóllinn er tæpum 100 m neðan (norðaustan) við þjóðveg en 200-250 m innan (suðaustan) við gamla veginn að Hauganesi.

Hóllinn sem enn er óskemmdur er sléttaður að hluta en annars vaxinn lyngi og fremur þýfður.

Samkvæmt Sigurði Jóhanni Stefánssyni, fyrrverandi ábúanda í Stærra-Árskógi voru áberandi kolagrafir í þeim hól sem var skemmdur við vegagerð. Kolagrafir voru einnig í norðaustari hólum en þær voru ætíð mun óskýrari og eru nú horfnar.




**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 91; Ö-Árs, 18

**EY-059:015** *Stærra-Árskógarmýrar* náma mógrafir 65°54.866N 18°20.510V  
"Annað mógrafasvæði [en 013] er vestan [Skógarhóla], í Stærra-Árskógarmýrum, sem hafa nú verið ræktaðar upp að nokkru. Í þær grafir rennur Krókalækur ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Grafirnar eru fast ofan (SSV) við tún en utan við (norðvestan) Brekkurnar. Þær eru um 550 m suðaustan við bæ 001 en 250-300 m ofan (SSV) við þjóðveg.

Mógrafirnar eru á deiglendi svæði ofan við sléttuð tún. Ofar tekur svo aflíðandi, lyngivaxin hlíðin við. Grafirnar sjást enn. Þær eru þó grónar og þýfðar og á kafi í grasi. Krókalækur rennur um þær. Erfitt er að meta stærð grafanna en þær hafa þó líklega verið um 100 m á lengd en 40-50 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 92

## Steinkot - túnakort 1917



**EY-059:016** *Steinkot* bæjarstæði býli  
"Steinkot hét lítið kotbýli er stóð austast í landi Stærra-Árskógs, rétt vestan við stóran stein er nefnist Huldukirkja [033]. Ábúendur kotsins höfðu dálitlar grasnytjar en sóttu jafnframt björg úr sjó og launavinnu utanheimilis síðustu árin." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu segir: "... [Steinkot] hefur verið byggt ból samfellt síðan 1878, ..." og í örnefnaskrá Árskógshrepps: "Hefur nú verið þurrkað út". Samkvæmt Vesturströnd Eyjafjarðar sér þar um 1980 enn óglöggt fyrir tóftum lítills bæjar eða útihúsa en þessar leifar eru horfnar nú. Bærinn fór í eyði 1962. Hann stóð um 50 m utan (norðvestan) við gamla Hauganesveginn en um 600 m neðan (norðaustan) við þjóðveg.

Bærinn stóð á lágri hæð. Engar tóftir eru greinilegar nú en hæðin er grasi gróin. Hrossabeit er á þessum slóðum nú. Skv. túnakorti 1917 var túnið 0.9 ha, einn garður 300 m<sup>2</sup> og eitt útihús innantúns. Samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar var Steinkot eyðikot í Stærra-Árskógslandi árið 1839 þannig að þar hefur verið byggð áður en búseta hófst 1878. Bærinn var rétt ofan (suðvestan) við steininn Huldukirkju 033 en útihús var 20-30 m utan við steininn, á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 332; Ö-Ey I.1, 88; Ö-Árs, 17; Vesturströnd Eyjafjarðar, 189

**EY-059:017** *Messugötur* gata leið 65°54.850N 18°20.458V  
"Sunnan túns [hjá Lindarlæk] var Lambamór og suður þaðan sjást enn neðst á holtunum og utan í Brekkunum Messugötur Kálfskinnunga, Selbekkinga og fleiri Innströndunga." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Messugötur lágu frá kirkjunni á Stærra-Árskógi (sjá 002 og 009) og inn eftir sveitinni á næstu bæi. Göturarnar lágu þar sem nú eru tún innan (suðaustan) og síðan norðvestan í Brekkunum og áfram til suðausturs.

Leiðin hefur víða legið þar sem nú eru sléttuð tún. Þar eru merki götunnar horfin. Þau sjást hins vegar í Brekkunum en þær eru þýfðar og lyngivaxnar.


Merki gatnanna sjást enn á köflum þó víða hafi þær horfið í tún. Þær eru skýrar í Brekkunum, um 650 m suðaustan við Gamlagrafreit 002. Þær leifar gatnanna sem sjást eru nokkrir samsíða götuslóðar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 93

**EY-059:018** frásögn 65°55.076N 18°19.735V  
Guðmundur Geir Jónsson, ábúandi á Stærra-Árskógi, sléttaði úr nokkrum litlum tóftum rúmum 350 m neðan (NNA) við þjóðveg en um 300 m innan (suðaustan) við gamla Hauganesveginn. Nú er sléttuð tún þar sem tóftirnar voru. Hæð er í túninu þar sem tóftirnar voru. Tóftirnar voru einfaldar og fremur litlar og taldi Guðmundur helst að þær hefðu verið heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-059:019** *Lindarbakki* tóftir 65°53.981N 18°22.038V



Um 60 m innan (sunnan) við fjallgirðingu á Þorvaldsdal en um 300 m neðan(vestan) við veginn sem liggur inn á dalinn eru tóftir á bakka

Þorvaldsdalsár, aðeins utar en til móts við Kleif (056:001). Í heimildum er getið um býlið Lindarbakka á

Þorvaldsdal, hugsanlega á

svipuðum slóðum. Sigurður Jóhann Stefánsson, fyrrverandi ábúandi á Stærra-Árskógi telur að þessar tóftir séu af býlinu. Þess er getið í heimildum: "Lindarbakki, í kirkjubók líka nefndur Vítisbakki (uppnefni?). Eigi er unnt að fullyrða hvar þetta býli hefur staðið, en nokkrar líkur til að það hafi verið á bakka árinna, gegnt Kleif. Þar var e.t.v. búið á átjándu öld, en skamman tíma." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Staðsetning tóftanna kemur ágætlega saman við heimildir en umfang þeirra og útlit er ekki býlislegt. Hugsanlegt er að áin hafi brotið fleiri tóftir af árbakkanum.

Tóftirnar eru á flötum árbakka í hvammi. Ofar tekur við þverhnipt brekka. Árbakkinn er grasi gróinn en brekkurnar ofan við vaxnar lyngi.

Á þessum stað eru tvær tóftir og einnig er eins og hugsanlega hafi gengið garðlag til norðurs frá þeirri nyrðri. Syðri tóftin (A) er einföld og 5 X 4 m að stærð. Hún er opin til vesturs. Ekkert grjót er í tóftinni og hún er fremur sigrin. Tóftin er vaxin lyngi og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er alveg á árbakkanum en svolítill halli er niður að ánni á þessum stað. Um 30 m norðan við A er önnur tóft (B). Hún er einnig einföld, 4 X 2,5 m að stærð og opin til vesturs. Til norðurs frá tóftinni gengur hryggur í 20 m, e.t.v. alveg signar og hrundar leifar garðlags. Það liggur á norðurenda hvammsins og lokar honum af. Engar

grjóthleðslur eru í tóftunum eða garðlögnum. Sigurður Jóhann Stefánsson sagði að Þorvaldsdalsá hefði gengið yfir tóftirnar og skemmt þær og skýrir það að hluta fremur bágorið ástand tóftanna. Vildi hann meina að þessar tóftir væru leifar býlisins Lindarbakka en verður það að teljast fremur ólíklegt enda fundust umfangsmeiri rústir utar (norðar) með Þorvaldsdalsánni sem hljóta að vera býlirústirnar (sjá 025).

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 88

**EY-059:020** heimild heystæði

65°55.240N 18°20.470V

"Sunnan og neðan við Árskóg er Sléttumýrarhall suðaustan við tóftabrot, sem sennilega eru heystæði. Sléttamýri er neðan við þetta mýrarhall og nær hún að Hauganesvegi. Nafnið stafar af því, að þetta var eini staðurinn í enginu, sem var véltækur. Mun nafnið því jafngamalt sláttuvélunum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Sléttumýrarhall er nú orðið að túni. Það er fast utan (norðvestan) við gamla veginn að Hauganesi. Heystæðið var um 140 m utan (norðvestan) við gamla Hauganesvegin en um 350 m neðan (norðaustan) við þjóðveg.

Merki heystæðisins/heystæðanna eru horfin. Sléttuð tún eru nú þar sem þau voru.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Árs, 18

**EY-059:021** Stærra-Árskógarrétt heimild um rétt

65°55.161N 18°21.008V

"Völlurinn útaustur [frá kirkjunni] heitir Mæða. Þar utan við túngarðinn var Stærra-Árskógarrétt um tveggja áratuga bil, þar til hún var flutt út að ánni við Vaðhól." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Um 150 m neðan (NNA) við norðausturhlíð nýja kirkjugarðsins (umhverfis 009) var Stærra-Árskógarrétt áður. Hún var um 70 m ofan (suðvestan) við þjóðveg.

Nú eru tún og fóðurrækt þar sem réttin stóð áður en sléttað var úr henni á 6. áratug 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 94



Árbakkinn og tóftirnar, horft til norðurs

**EY-059:022** *Elstivegur* gata leið

65°54.664N 18°21.912V

"Þjóðvegurinn hefur (líklega frá elstu tíð) legið við túngarð staðarins að vestan. Út eftir þaðan má sjá ævafora troðninga, er liggja að Vaðhólshvammi, vestan Vaðhóls, sem fyrrum var hár og eftirtektarverður, en hefur nú verið eyðilagður. Þó er hæð nokkur þar sem hóllinn var og rudd bíslóð er þaðan á Þorvaldsdalsveg eystri, en austan undir hæðinni er hin nýja skilarétt hreppsins og gangnamannaskýli....Elstivegur, er ég svo nefni, liggur í Vaðhólshvammi." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Elstu göturnar lágu ofar (suðvestan) við Vaðhól og yfir það neðarlega í Vaðhólshvammi (sjá skráningu 2002, EY-054:005).

Ysta hluta svæðisins, innan við Þorvaldsdalsá hefur mikið verið umturnað með malarnámi og merki leiðarinnar eru alveg horfin á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 94

**EY-059:023** kuml legstaður

65°55.577N 18°21.324V

"Þvert austur [frá skilarétt við Vaðhól] lá hluti akvegarins, sem ruddur var 1930. Um það bil, sem hann beygði að brúnni fundust árið 1917 mannabein o.fl., þegar verið var að laga þar gamla kerruvegin." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í Kuml og haugfé er fjallað um fundinn. Þar segir: "Árið 1917 fundu vegagerðarmenn fornt kuml 55 m suður af Þorvaldsárfossi, 7 m austan við gamla sýsluvegin. Ofan á mannabein þau, sem í kumlinu voru, var aðeins 20 sm þykkt leirmoldarlag og harður melur undir. Vafalaust hefur land hér verið skógi klætt í fyrndinni." Svo virðist sem það áttahorf sem miðað er við í Kuml og haugfé sé sama áttahorf og sveitungar miða við, þ.e. að suður sé inn með firði, sem samkvæmt áttavita er suðaustur eða jafnvel ASA. Samkvæmt því er staðsetning kumlsins líklega um 55 m inn frá Þorvaldsárfossi.

Þessu svæði hefur öllu verið umturnað í vegagerð.

Í Kuml og haugfé er kumlinu lýst frekar: "Ekki er getið um neitt grjót í kumlinu. Höfuð hins heygða snéri í vestur, og virtist Kristjáni E. Kristjánssyni á Hellu, sem skrifaði þjóðminjaverði um fundinn, að líkið hefði verið jarðsett sitjandi, eftir legu beinanna og ummáli kumlsins að dæma. Þetta er þó fremur óákveðið og beinin mjög fúin, svo að taka verður þessum ummælum með varúð. Beinin virðast úr miðaldra konu. Haugfé: 7706. Járnfleinn ferstrendur, 20.5 sm að lengd, vantar á endana, sennilega steikarteinn. Fannst "rétt hjá beinunum". 7707. Hnifur, brot af blaðinu, venjulegur. Um 5 m norðar var hrosskuml. Með hrossbeinunum fundust nokkur járnbrott, hringjubrott eða kengbrott (Þjms. 7709) og nagli (Þjms. 7710), hvort tveggja úr söðli (Kristján E. Kristjánsson getur þess í bréfi sínu, að hrossbein hafi fundizt í melhól norðan við Þorvaldsdalsá, fáum metrum norðan við fossinn. Hann sendi nokkuð af þessum hrossbeinum suður (Þjms. 7708b), en annars var staðurinn ekki rannsakður.)" KEKH. 131-32. Vegarlóði er enn að brúnni sem gerð var um 1930 um 120 m neðan við núverandi þjóðveg. Eldri kerruvegur lá á svipuðum slóðum þó brúin á honum hafi verið aðeins ofar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 94; KEKH, 131-32

**EY-059:024** *Kvíaból* heimild um kvíar

65°55.032N 18°21.137V

"Kvíaból var rétt ofan við Hesthúsið [024], svo og Kvíamelur." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "Upp frá nýja íbúðarhúsinu í Stærri-Árskógi (bak við Hesthúsið) er Kvíaból, þó að þess sjáist nú lítil merki." Kvíaból var um 30 m ofan (suðvestan) við túngarð 035.

Kvíaból var þar sem vegslóði liggur nú upp brekkuna ofan við íbúðarhúsið á Stærri-Árskógi, nálega þar sem geymsluplan er nú fyrir heyrúllur. Ofar er grasi vaxin brekka.


Engin merki kvíanna sjást nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 94; Ö-Árs, 19

**EY-059:025** *Þórhallakot/Þórhallsstaðir* tóftir+garðlög býli

65°54.087N 18°21.805V



Þorhallakots er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Þorhallakot, fornt eyðiból þar fyrir heiman á Þorvaldsdal, og var síðan bygð upp hjáleigunefna á þessu eyðibóli, sem lá oflega í eyði þess í milli, og var bygð seinast fyrir 14 árum. ... Fóðrast kunní, seinast bygt var, I ungneyti. Ekki má hjer aftur byggj fyrir heyskaparleysi." 1982: "Þorhallakot (Þórhallsstaðir) hefur staðið skammt frá ánni í hólunum gengt Kleif. Túnið virðist hafa verið lítið, en innan sýnilegra garða eru mörg vallgróin tóftabrot ... var þar aftur búið um miðja 18. öld." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar. Í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu er býlinu einnig lýst: "Á hóli gegnt Kleifarbae, austan ár, eru tættur Þorhallakots og líklega Þórhallsstaða." Elsta heimildin um býlið er reyndar Hávarðarsaga

Ísfirðings en samkvæmt henni byggði Þórhallur nokkur á dalnum sem þá er reyndar nefndur Þórhallsdal. Á bæ sínum byggði hann, samkvæmt sögunni, skrautlega kirkju úr innfluttu timbri á dalnum í kringum kristnitöku. Þegar Ólafur Ólavíus fer um landið 1775-77 getur hann þess að Þórhallakot hafi verið í eyði frá því um 1402 og segir að því sé haldið fram að þar hafi fyrrum verið prestssetur.<sup>26</sup> Leifar Þórhallakots eru enn greinilegar utan við Kothóla, fast utan (norðan) við fjallgirðingu sem girðir af Þorvaldsdal austanverðan. Tóftirnar eru aðeins utar en til móts við Kleif (056:001), rúmum 1 km utan (norðan) við Hávarðarstaði 034. Aðal tóftasvæðið er 150-200 m neðan (austan) við vegar slóða sem liggur inn Þorvaldsdal en vallargarðar býlisins ná þá hærra í hlíðina (lengra til vesturs þ.e.).

Tóftirnar eru á svæði þar sem skiptast á hólur og grasi vaxið deiglendi.



*Bæjarhóllinn, horft til norðvesturs*

"Í kirkjubókum er einnig nefnt býlið Staðarkot og er þar búið um 1800. Hefur það líklega verið byggt á tóftum hins forna Þórhallakots." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar. Tóftin er friðlýst ásamt Hávarðarstöðum 034 (og tóftum 035 í Hraunhólshvammum skammt frá Hávarðarstöðum) en ekkert friðlýsingarskilti er á tóftinni, hugsanlegt er að ruglingur hafi orðið þegar skilti voru sett niður og það sé ástæða þess að friðlýsingarskilti er á bæði Hávarðarstöðum og í Hraunhvammum 035 norðar en ekkert skilti á Þórhallakoti. Á Þórhallakoti er vallargarður umhverfis tóftirnar, tvöfaldur á kafla. Innan og við vallargarðinn (garðana) eru a.m.k. 10 tóftir og þústir á 370 X 260 m svæði. Hér verður vallargörðum fyrst lýst en því næst tóftum á svæðinu frá suðaustri til norðausturs. Garðlögum, tóftum og þústum er gefinn bókstafur til aðgreiningar. Umhverfis tóftir í Þórhallakoti er vallargarður sem er tvöfaldur nyrst og austast. Nyrsta

hluta innri vallargarðar (A) má greina um 20-30 m innan við fjallgirðingu. Hann hefur legið frá Þorvaldsá innan við fjallgirðingu og 100-120 m til austurs áður en hann beygði til norðurs. Þessi hluti vallargarðsins er mjög óljós. Þar sem garðurinn beygir og liggur utan fjallgirðingar er hann hins vegar mun skýrari. Garðurinn liggur frá fjallgirðingu og um 160 m til norðurs, í gegnum aðal rústasvæðið og að hólþyrpingu. Þar beygir hann til vesturs og liggur í um 60 m áður en hann beygir til norðvesturs og liggur rúmlega 100 m að hól sem er um 40 m ofan Þorvaldsá. Ekki er hægt að rekja garðinn síðustu (40 m) að ánni þar sem hólnum sleppir, frekar eins og í hóljaðri, til norðurs megi greina slitur að ytri vallargarði (B). Á þessum slóðum er ytri vallargarðurinn um 50 m utar en sá innri og liggur hann allt frá Þorvaldsdalsá og 130-140 m til austurs þar til kemur að hólsvæði í hlíðinni. Þá verður erfiðara að rekja garðinn en þó má óljóst sjá móta fyrir honum til suðausturs í allt að 160-170 m áður en hann fjarar endanlega út, um 150 m norðan við fjallgirðingu. Báðir vallargarðarnir eru signir og ógreinilegir, alveg hlaðnir úr torfi. Syðsta tóftin á svæðinu (C) er byggð upp við innri vallargarðinn. Hún er lítil, einföld tóft, byggð austan í vallargarðinn um 20 m norðan við fjallgirðingu. Tóftin er 7-8 X 4-5 m stór og er opin til suðurs. Hún er alveg hlaðin úr torfi. Sunnan hennar er mjög þýft við vallargarðinn en engar eiginlegar þústir þó þar. Ofan við C er hól 15-20 m ofan (austan) við vallargarðinn. Nyrst á hólnum er lítil tóft (D) (rétt sunnan en til móts við suðurenda annarrar tóftar neðar sjá F). Tóftin er einföld, 5 X 3,5 m að stærð, snýr norður-suður og er lyngivaxin. Tóftin er óskýr (mest 0,3 m á hæð) en þó virðist mega sjá móta fyrir opi á suðurhlíð. Ekkert grjót er í tóftinni. 20 m norðan við D og 10 m ofan við vallargarð (A) er stór tóft, E. Hún er 16 X 11 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er sigin og gróin (engar grjóthleðslur) og að miklu leyti hlaupin í þúfur. Hún virðist hafa skipst í fjögur hólf. Í henni eru þrjú hólf sem öll snúa austur-vestur en miðju hólfinu er skipt upp í tvennt með vegg fremur vestarlega. Op er þó á milli hólfanna og sömuleiðis milli syðsta hólfins og miðjuhólfs. Ekki eru önnur op á tóftinni. Tóftin mjókkar aðeins til norðurs og er norðurveggur hennar 7 m á lengd en suðurveggur 11 m. Fast neðan við vallargarð (A) er hól, um 70 X 50 m að stærð. Hann snýr norður-suður og á honum eru þrjár tóftir (F, H og I) auk þústar (G). Hóllinn er beint neðan við tóftir D og E. Syðst á hólnum er stór tóft (F), líklega leifar síðasta bæjarins á þessum slóðum. Tóftin er um 8 m neðan (vestan) við vallargarðinn (A) og er 28 X 14-15 m stór. Hún snýr norður-suður og er grasi gróin en sigin. Tóftin skiptist í sex hólf. Syðst er stakt lítið hólf (innanmál nálega 5 X 2 m austur-vestur) en norðan við það taka við tvö samtengd hólf sem snúa austur-vestur og er um 9 X 2-3 m á stærð. Úr nyrðra hólfinu er innangengt í lítið hólf sem snýr austur-vestur og er 5 x 3 m að innanmáli. Austan við þetta hólf er annað svipað að stærð og snýr það eins. Ekkert op sést nú inn í það. Sjötta og nyrsta hólfid er norðan þess. Það er 2-3 m í þvermál og ekkert op er á það. Því er ekki hægt að greina hvar inngangur hefur verið í tóftina. Fast norðan við tóftina (F) er þýft svæði, hálfgerð þúst (G). Ekki eru greinilegir veggir en líklega hefur eitthvert mannvirki verið þarna áður. Þústasvæðið er 10 X 15 m að stærð

(norður-suður). 3-5 m ofan (vestan) við þústina sunnanverða er lítil, einföld tóft (H). Hún er 5 m norðvestan við bæjartóftina (F). Tóftin er 9 X 5 m stór, snýr norður-suður og er á kafi í grasi. Vegir eru mest 0,4 m á hæð og virðast alveg torfhláðir, þeir eru mikið hrundir og grónir. Op hefur líklega verið nálægt norðausturhorni tóftarinnar. 10 m vestan við tóftina (H) er önnur tóft (I) byggð við vestanverðar hólsrætur. Tóftin er 8 X 7 m að stærð og fremur skýr, veggir mest 0,8 m á hæð. Hún skiptist í þrjú hólf. Vestasta hólfid er stærst eða 7-8 X 3 m norður-suður. Op er inn í tóftina á vesturvegg hólsins og annað op er á austurvegg þess inn í tvö smærri hólf aftar (austar). Þau eru bæði svipuð að stærð eða 3-4 m á kanni. Einnig er opið á milli hólfanna tveggja. Neðan við (bæjar)hólinn tekur við grasi vaxið deiglendi en 40-50 m neðan (vestan) hans er annar hóll lægri og á honum er tóft, 30-40 m norðan við fjallgirðingu. Hóllinn er lyngivaxinn en tóftin er á kafi í grasi. Hún er 14 X 10 m stór, skiptist upp í 5 hólf og er af útihúsamstæðu. Syðst eru leifar fjárhúss og hlöðu vestan við. Húsin snúa austur-vestur og op er á austurvegg fjárhúsanna. Garði gengur eftir þeim endilöngum en hlaða er vestan við. Úr fjárhúsunum er innangengt í tvískipt hólf sem einnig snýr austur-vestur. Nyrst í samstæðunni er einfalt hólf sem snýr eins og önnur, austur-vestur en það er opið til vesturs. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni frekar en öðrum á svæðinu en veggir eru mest 0,7 m á hæð. Um 250 m norðan við J er annar hóll þar sem innri vallargarðurinn (A) endar til norðurs. Í hóllinn er byggt e.k. gerði, e.t.v. kálgarður (K). Gerðið er byggt í sunnanverðan hóllinn og hallar því til suðurs. Það er 40 X 13 m stórt en fjarar út til norðausturs. Það er lyngivaxið og veggir þess eru signir. Vestan í sama hól er óljós upphleðsla, hálfhringlaga, um 20 m á breidd en 10 á lengd. Ekki er um raunverulega vegg að ræða heldur upphækkun. Tóftir þar sem hér hefur verið lýst eru þar sem oftast eru nefndar Þórhallakot og friðaðar sem slíkar. Í landi Stærra-Árskógar var í heimildum einnig talað um Staðarkot sem jafnvel er talið annað heiti á sama stað. Staðsetning Staðarkots er þó ekki alveg þekkt sbr. örnefnalýsingu Árskógsstrandar 1963: "Árin 1809-11 er vitað um býlið Staðarkot, er gæti hafa verið á sama stað og Steinkot [016]. Liggur við að svo hljóti að vera, því að hvergi eru merki um eyðibýli annars staðar, fyrr en þá uppi í dalnum, en þar hafa býli jafnan haldið nöfnum óbreyttum, þó að á ýmsu hafi oltið um búskap þeirra." Í Lýsingu Eyjafjarðarsýslu segir hinsvegar 1978: "Staðarkot. Það hefur sennilega verið á tóftum hins forna Þórhallakots uppi í dalnum gegnt Kleif. Byggt býli var þar um 1800, allavega býli með þessu nafni er í kirkjubók en óstaðgreint." Í Vesturströnd Eyjafjarðar er einnig talið líklegast að Staðarkot sé annað nafn á þeim rústum sem hér er lýst og verður það að teljast líklegasta tilgátan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM X, 107-108, Ö-Árs, 22; Ö-Ey I.1, 95-96, og Vesturströnd Eyjafjarðar, 189, Ólafur Ólavíus. 1965: 38, Hávarðarsaga Ísfirðings, ÍF, VI, 356-358, Ö-Árs, 17; Ö-Ey I.1, 88 og Friðlýsingaskrá, 48

**EY-059:026** tóftir+garðlög

65°53.633N 18°22.110V



*Yfirlitsmynd af svæðinu, horft til norðvesturs*




*Tóft A, horft til suðurs, til hægri á myndinni má sjá friðlýsingarskilti*

Nokkrar tóftir eru sunnan í Kothólum, fast austan við Þorvaldsdalsá. Friðlýsingarskilti er á tóftunum, um 400 m SSV við friðlýsingaskilti á Hávarðarstöðum 034. Ekki er ljóst hvort tóftirnar njóta friðhelgi sem hluti af Hávarðarstöðum 034 eða hvort það friðlýsingaskilti sem átti að fara á Þórhallakot 025 endaði hér fyrir misskilning.

Tóftirnar eru sunnan í stórgrýttum klettahólum en hlíðar þeirra eru víða vaxnar lyngi. Svæðið er annars lyngi vaxið að mestu, fremur þýft og víða grýtt. Á þessum stað eru fimm tóftir og vallargarður umhverfis. Garðurinn afmarkar svæðið sem tóftirnar eru á að austan, sunnan og norðan en áin að vestan. Samtals er svæðið því um 300 X 130 m stórt (norður-suður). Hér verður legu vallargarðar fyrst lýst en því næst tóftunum fimm sem eru í þyrpingu norðarlega á svæðinu. Tóftirnar eru hér aðgreindar með bókstöfum. Garðurinn liggur í Kothólunum á kafla en þar er hann fremur óljós. Hann liggur frá bakkabrún Þorvaldsdalsár um 130 m norðan við tóftirnar. Þaðan liggur hann til suðausturs og síðan austur og er samtals um 300 m langur. Garðurinn liggur til suðurs úr

Kothólum alla leið að öðrum garði frá Hávarðarstöðum sem afmarkar tún þar. Þar sameinast garðarnir og liggja í um 140 m niður að Þorvaldsá. Vallargarðurinn er fremur hlykkjóttur. Hann er víða um 1,5 m á breidd en um 0,6 m há. Garðurinn er vaxinn mosa, grasi og lyngi. Engar grjóthleðslur eru í honum. Tóftirnar fimm á svæðinu eru allar byggðar vestan við túngarðinn, nálægt Kothólum. Stærsta tóftin (A) er á miðju svæðinu. Tóftin er 8 m austan við Þorvaldsá og um 12 m norðvestan við friðlýsingaskilti. Hún er 10 X 10 m stór, úr torfi en vaxin grasi



og mosa. Tóftin skiptist í þrjú hólf, nyrst er lítið hólf sem er 1,5 X 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfíð er opið til vesturs. Sunnan við það er stærsta hólfíð í tóftinni sem einnig snýr norður suður og er 2,5 X 7 m stórt. Ekkert op er á útveggjum hólfins en opið er á milli þess og annars minna hólfis sunnar. Það er 1 X 2,5 m að innanmáli og snýr eins og hin austur-vestur. Frá tóftinni er óljós hryggur að Þorvaldsdalsá. Hugsanlegt er að þar hafi verið garður að ánni en hann er nú of óljós til þess að hægt sé að skera úr um það. Um 2 m austan við A er einföld tóft B, byggð upp við vallargarðinn. Tóftin snýr norður-suður og er 8 X 4,5 m stór. Hún er torfhlaðin en vaxin mosa og grasi. Veggir eru mest 0,4 m á hæð. Op er á suðvesturhorni tóftarinnar. Um 2 m sunnan við B er önnur einföld tóft C byggð við vallargarðinn.

Vallargarðurinn liggur í hlykkjum og því snýr þessi tóft norðaustur-suðvestur og er 9 X 4 m að stærð. Tóftin er hlaðin úr torfi og er mosavaxin. Op hefur líklega verið á norðvesturhorni hennar. Veggheðslur eru víða um 0,6 m háar. 1-2 m vestan við vesturhlið þessarar tóftar er friðlýsingaskilti. Innan við 10 m suðvestan við C er einföld tóft D sem er 5 X 4 m að stærð. Eins og aðrar tóftir á svæðinu er hún hlaðin úr torfi. Hún er nú mosavaxin og veggir mest 0,5 m á hæð. Op er nyrst á vesturvegg hennar. 16 m norðan við A er nyrsta tóftin E á svæðinu byggð upp við Kothólana. Hún er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er 6,5 X 3 m stór og op er austast á suðurvegg hennar. Veggir tóftarinnar eru mest 0,2 m háir. Fast norðan við tóftina er stór steinn.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-059:027 Þorvaldsárgljúfur** heimild um huldufólksbústað 65°55.594N 18°21.332V

"Þorvaldsárgljúfur og Þorvaldsárbrú eru á næsta leiti [við Prestklöpp - 036]. Þar hafa menn ótalsinnnum séð bregða fyrir gangandi og ríðandi fólki. eru af slíkum fyrirbærum margar sagnir skilgóðra nútíðarmanna, bæði skráðar og óskráðar, en sumar á prent komist í bækur." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Þorvaldsárgljúfur er klettagljúfur við Þorvaldsdalsá sem hefst um 40 m neðan (norðaustan) við núverandi brú á Þorvaldsdalá og nær niður að gömlu brúnni á hreppsveginum (um 120 m neðar). Til huldufólks átti helst að hafa sést nálægt gömlu brúnni.

Grasi og lyngivaxnir móar eru á bökkum Þorvaldsdalsár við Þorvaldsdalsárgljúfur. Sunnan við árbakkann hefur risið vísir að iðnaðarhverfi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 90-91

**EY-059:028 Nátthagi** þúst nátthagi 65°54.735N 18°22.191V

"Í beygju [Þorvaldsdalsár] á móti Brattavöllum eru Brattavallabakkar, en lengra fram með ánni Nátthagi, Stekkur [029] og Stekkjarlág." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Nátthaginn er niður í hvammi um 190 m NNV við stekkin 029. Hann er um 1 km suðvestan við bæ 001.


Lyngi- og grasi vaxinn hvammur við Þorvaldsdalsá, stutt er niður á mel.

Nátthaginn er orðinn mjög óskýr og illgreinilegur. Þó má sjá óljósan þúfnakraga í hvamminum um 25 X 50-70 m á stærð og snýr svæðið norður-suður. Svæðið hefur verið afmarkað með torfgarði sem nú er nærri alveg hlaupinn í þúfur. Hann er vaxinn lyngi og mosa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 95 sbr. Ö-Árs, 21

**EY-059:029 Stekkur** tóftir stekkur 65°54.665N 18°22.014V



*Stekkurinn, horft til suðvesturs*

"Í beygju [Þorvaldsdalsár] á móti Brattavöllum eru Brattavallabakkar, en lengra fram með ánni Nátthagi [028], Stekkur og Stekkjarlág." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Stekkurinn er rúmum 1 km í (beina loftlínu) suðvestan við bæ 001. Hann er neðst (vestast) í langri lág sem snýr austur-vestur milli melhóla.

Lágin er vaxin lyngi og grasi en melarnir umhverfis lyngivaxnir en berir í toppinn.

Tvær tóftir eru á þessum stað og eru þær báðar grasi grónar. Sú austari (A) er 5 X 5 m að stærð. Hún er einföld og ekkert op er á henni. Tóftin er á lítilli hæð og gæti hæglega verið heystæði, engar grjóthleðslur eru í henni. 2 m suðaustan við hana er sjálf stekkjartóftin (B). Hún er 9,5 X 7 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt og er op syðst á vesturvegg. Op er einnig á milli hólfa. Tóftin er regluleg, mest 0,6 m á hæð og er fremur stæðileg. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Frá tóftinni gengur garðlag til vesturs, í um 8 m. Það endar um 5 m austan við Þorvaldsdalsá.




**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 95 sbr. Ö-Árs, 21

**EY-059:030** tóft

65°55.099N 18°19.940V



Lítill tóft er um 60 m utan (norðvestan) við Steinkotsgrafir 013. Hún er um 250 m innan (norðvestan) við gamla Hauganesveg og 80-100 m ofan við tún.

Tóftin er neðarlega í norðausturhlíð hól. Umhverfis eru lyngivaxnir móar.

Tóftin er hlaðin úr torfi, grasi gróin og er 5 X 5 m að stærð. Hún er einföld en ekki regluleg þar sem austurveggur er lengri en vesturveggur. Op er á austurvegg tóftarinnar. Staðsetning tóftarinnar bendir helst til að hún hafi getað verið heystæði en lag hennar er fremur óvanalegt og því ekki unnt að fullyrða um hlutverk hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 95; Ö-Árs, 21

**EY-059:031** Ystulágargarður garðlag

65°54.414N 18°21.657V



*Ystulágargarður, horft til auðsturs*

"Utan við [Gvendarbrekkur], eða í jaðri Kotahólanna er framhaldið af Ystulágargarði, sem hefur ná vestur undir á....[...] Þrjár djúpar lágur deila Kötluhálsinum í misbreiða hluta og ná tvær þær ytri alveg gegnum hann. Lágarnar heita Syðstalág, Miðlág og Ystalág, en hún nefnist líka Garðslág því eftir henni liggur upphlaðinn garður. Ekki er garður þessi á réttum landamerkjum eins og þau eru nú talin, en þó mótar fyrir honum nokkrum sinnum austar og alltaf nærri merkjunum. Vestan Kötluhálsins beygir garður þessi til norðvesturs, þvert yfir Kotahóla í átt til árinna." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Sama garði er lýst í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Í sömu stefnu er Ystulágargarður vestan [Ystuborgar], horfinn að mestu á Hálsmyrum, en greinilegur í Kötluhálsi (í Yztulág). Liggur garður þessi sunnan merkjanna í hálsinum, en beygir vestur, þegar upp á hann kemur og stefnir niður til ár

(Þorvaldsdalsár). Gæti hugsast, að þetta væri upprunaleg merki milli staðarins og Kálfskinns, og að síðar hafi línán svo verið rétt af og tekin beint. [...]. Um [Kotahólana] þvera hefur legið framhald Ystulágargarðsins, og sér enn fyrir honum á köflum." Garðinum er enn lýst í örnefnaskrá Árskógsstrandar og nú í landi Kálfskinns: "Sé hér um merkjagarð að ræða, hefur Árskógur fyrst verið lítill jörð og ekki átt lengra fram. Mætti ætla, að þegar kirkjan var flutt úr dalnum niður á Ströndina hafi Árskógi verið bætt við staðar-jörðina (Hávarðarstaði) og kirkjujörðin eftir það kallast Staðar-

Árskógur eða Stærri-Árskógur." Ystulágargarður sést enn. Hann má óljóst greina vestan við tún, í Ystulág. Þar liggur hann 200-300 m til suðvesturs en beygir þá til vesturs niður vesturhlíð Þorvaldsdals að Þorvaldsdalsá. Garðurinn er um 600 m utan við rafmagnsgirðingu sem girðir af Þorvaldsdal.

Garðurinn er lyngivaxinn og liggur að mestu um lyngivaxna haga. Hann er að mestu í lægðum.


Samtals er garðurinn um 700 m langur í þessa átt og því alls um 1 km. Hann er hins vegar óljós á köflum og m.a. rofinn af vegi inn Þorvaldsdal. Nálægt vegarslóðanum er garðurinn tvöfaldur stuttum kafla þar sem annað garðlag er 30-40 m utar. Garðurinn er víða 3-4 m á breidd en 0,4 m á hæð. Næst vegarslóða inn Þorvaldsdal er garðurinn hins vegar um 1 m á breidd. Garðurinn er siginn og fornlegur.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 95; Ö-Árs, 19, 21

**EY-059:032**

Gerði er um 90 m ofan (austan) við vegarslóðann inn Þorvaldsdal en um 50 m ofan við vallargarð Hávarðarstaða 034. 30-40 m utar eru melar. Í aflíðandi halla ofan túna en neðar eru lyngivaxnar, brattar fjallshlíðar.



gerði

*Gerðið, horft til suðausturs*

Deiglendi er víðast umhverfis. Lækir renna niður hlíðina beggja vegna gerðisins. Ofan gerðisins er fagurgrænn, grasi gróinn blettur en enga tóftamyndun er að sjá í honum.

Gerðið er 45 X 32 m að stærð. Það er óreglulegt en snýr norður-suður. Ekki er op á gerðinu og engar grjóthleðslur eru greinilegar í því. Það er vaxið lyngi en mjög þýft og hlaupið í þúfur og er ógreinilegt. Erfitt er að greina útlínur og innri skipan sökum þúfna en þó virðist gerðinu hafa verið skipt upp í þrennt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 19

**EY-059:033** *Huldukirja* þjóðsaga huldufólksbústaður

65°55.310N 18°19.889V


"Steinninn mikli hjá Steinkoti [016] var talinn mikill huldufólksbústaður. Margir töldu sig hafa séð þar ljós og heyrt þaðan söng og hljóðfærslátt. Steinn þessi er gríðarstór (Grettistak) og örugglega aðfluttur (ísaldarfyrirbæri)." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Huldukirja er stæðilegur, stakur steinn sem sést víða að. Hann er um 50 m utan (norðvestan) við gamla Hauganesveginn en um 650 m neðan (norðaustan) við þjóðveg.

Grasi vaxinn blettur er umhverfis steinninn sem var við býlið Steinakot 016.

Steinninn er 3-3,5 m á hæð en um 5 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Árs, 17




Tóftir Hávarðarstaða á Í Hávarðarsögu Ísfirðings segir: "...en Hávarðr ok frændi hans, Þórhallr, fóru út til Íslands um sumarit. Hávarðr hafði út með sér kirkjuvið harðla mikinn. Hann setti bústað sinn í neðanverðum Þórhallsdal og býr þar eigi lengi, áðr hann tekr sótt." Er svo álitíð að Þórhallsdalur sé í raun Þorvaldsdalur og í beinu framhaldi hafa tóftir á Hávarðarstöðum verið álitlar bústaður Hávarðar. Tóftirnar eru friðlýstar. Tóftanna er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Hávardsstader, fornt eyðiból í staðarins landi á sama dal fyrir heiman [Hrafnagil] og er þar nú allt lyngi vaxið, og sjást þar því litlar byggíngaleifar. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskapar og túnstæðisleysi." Býlisins er getið í örnefnalýsingu Árskógsstrandar: "Hraunhólshvammur er sunnan undir Hraunhóli. Neðst í hvamminum eru greinileg tóftabrot á nokkrum stöðum (meðfram Taglinu). Nokkrir allhár hólur eru sunnan við hvamminn. Það Hávarðarstaðahólar. Sunnan í þeim eru tóftir síðasta bæjarins, sem stóð á hinum fornu Hávarðarstöðum, sem ætla má að staðið hafi þarna, en er þó ósannað. Ekki er með vissu vitað, hvort þessi síðasti bær, sem


reistur var árið 1902 og var ekki nýttur nema 3 ár, stendur á eldri bæjarrústum eða ekki. Nafnið er örugglega fornt ...". Í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu er staðnum lýst: "Greinileg mannaverk (tóftabrot) eru á a.m.k. tveim stöðum út og vestur við Þorvaldsdalsána í skjólsælum hvammi, Hraunhólshvamminum." Þar segir enn fremur "Hávarðarstaðir eru hinum megin Hraunhóls, þar sem dalurinn opnast aftur og er byggilegastur ..." Í Vesturströnd Eyjafjarðar er tóftum á staðnum lýst (1982): "[Hávarðarstaðir eru] í svon. Hávarðarstaðahólum í mynni Þorvaldsdals, um 1 km innar en Þórhallakot. Sjást þar margar fornlegar húsatættur og túngarðar, eins og títt er á fornbylum. Árið 1901 var byggður þarna lítill bær einsetumanns, en byggðin varði ekki nema í 2-3 ár. Rústir þess bæjar skera sig vel frá gömlu tóttunum, en hafa sýnilega raskað sumum þeirra, auk þess hefur vegur verið lagður í gegnum bæjarstaðið og hefur valdið skemmdum á tóttum. Í svon. Hraunhólshvammi niður við ána (við Hraunhól) eru einnig tættur og garður umhverfis, sem líklega tilheyra Hávarðarstöðum." Vegarslóðinn

sem liggur inn Þorvaldsdal liggur í gegnum bæjarstæðið. Tóftirnar eru um 1 km innan við Kleifarbæ (056:001 en hann er vestan Þorvaldsdalsá) og um 200 m austan (ofan) Þorvaldsdalsá. Tóftirnar eru á hólsvæði. Neðan eru engjar niður að á, ofar grasi gróin, aflíðandi brekka að fjallsrótum. Frá fjallsrótum eru 300-400 m á þessum slóðum en undirlendi minnkar eftir því sem innar dregur á dalinn.

Samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar var það Júlíus Jónsson sem byggði á Hávarðarstöðum 1902-1905 og á hann að hafa brugðið búi sökum reimleika. Um reimleika á Hávarðarstöðum er meðal annars getið í grein Jóhannesar Óla Sæmundssonar Heyrt og séð á Hræreksströnd sem birtist í Súlum frá 1974. Á Hávarðarstöðum eru 10 tóftir og vallargarður og er rútasvæðið samtals um 200 X 120 m stórt (norður-suður). Vallargarðurinn liggur frá Þorvaldsá (sem afmarkar svæðið til vesturs) og markar af norður- og hluta af austurhlið túna. Hann er samtals um 400 m langur en hverfur í hlíðina um 80 m ofan við tóftakjarna Hávarðarstaða þar sem hann er hvað þéttastur. Ekki er hægt að greina garðinn sunnan við tún. Vallargarðurinn er hlaðinn úr torfi, hann er víðast um 1 m á breidd en 0,4-0,5 m á breidd. Hér verður byrjað að lýsa þeirri tóft sem friðlýsingarskilti er í miðjum tóftakjarnanum og hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er þrískipt, 3-4 m vestan við friðlýsingarskilti en 20 m vestan við vegarslóða inn Þorvaldsdal. Tóftin er vaxin mosa og grasi, er mest um 0,2 m á hæð og fremur fornleg. Hún snýr norður-suður og er 8 X 5 m á stærð. Engin op eru á milli hólfa en op er á vesturvegg nyrsta hólfsins sem er 2 X 0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan við það er stærsta hólf tóftarinnar sem er 2 X 2 m að innanmáli. Op er nyrst á vesturvegg þess. Syðsta hólfid er 1,5 X 1 m stórt og snýr austur-vestur. Op er á austurhlið þess. Rúmum 10 m austan við nyrsta hluta A er önnur tóft B. Hún er 5 m neðan (vestan) við vegarslóðann. Tóftin er





Tóft F, horft til SSA



9,5 X 4,5 m stór og snýr norður-suður.


Op hefur verið nyrst á vesturhlið hennar og annað vestast á suðurhliðinni. Svo virðist sem tóftinni hafi verið skipt í tvennt norðarlega og jafnvel að op hafi verið milli hólfa. Vegggleðslan er þó of óskýr til að hægt sé að vera viss um að ekki sé einungis um hrun að ræða. Tóftin er sigin og vaxin mosa og grasi. Hún er fremur fornleg en veggir ná mest 0,3 m hæð. 2,5 m norðan við B er lítil tóft C. Hún er 9 m vestan (neðan) við veg. Tóftin snýr austur-vestur og er 4 X 5 m á stærð. Op er vestast á suðurvegg hennar. Tóftin er einföld. Hún er vaxin mosa og grasi og veggir ná mest 0,3 m hæð. Um 20 m suðaustan við A en 6 m neðan við veg er tóft D. Hún er 5 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og op er á austurvegg hennar. Hún er vaxin grasi og mosa og er mjög ógreinileg, veggir eru víðast lægri en 0,3 m og





norðurveggur hennar er nær alveg útflattur og horfinn. Á litlum hól, innan við 20 m sunnan við D er lítil, einföld tóft G. Hún er um 4 m vestan við veg. Tóftin er 6,5 X 4 m stór og snýr norður-suður. Innri brún veggja er fremur óljós og veggir sjálfir ekki stæðilegir eða um 0,2 m á hæð. Ekkert op er á tóftinni. Veggir hennar eru vaxnir mosa og grasi. Um 25 m suðvestan við G er óljós tóft E. Tóftin snýr norður-suður og er 12 X 5 m stór. Hún er nú mjög óskýr, vaxin mosa

og grasi. Hún hefur líklega verið þrískipt þó innri skipan sé nú orðin mjög óskýr. Ekki er lengur hægt að greina op á tóftinni. Veggir tóftarinnar eru mest 0,3 m á hæð. 30-40 m suðvestan við E er aflöng hæð sem snýr austur-vestur. Sunnan í hæðinni er lítil tóft J. Hún er 60 m neðan við veginn inn Þorvaldsdal. Tóftin er 2 X 1,5 og snýr norður-suður. Veggir hennar eru úr torfi, aðeins 0,4 m á breidd en 0,2 m á hæð. Engar tóftir eru á hæðinni en hún er grasi gróin og fremur tóftarleg. Hæðin er 25 X 10 m stór. 15 m austan við E er hins vegar tóft F, sem er mun unglegri að sjá en flestar aðrar tóftir (sjá tóftir A-E) á svæðinu. Tóftin er 2 m vestan við veg. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er 19 X 10 m stór og hefur verið fjárhús. Lang greinilegast er miðjuhólf tóftarinnar



(8 X 4 m norður-suður, að innanmáli) en eftir því endilöngu gengur garði. Op er sunnarlega á austurvegg þess. Norðan við hólfid eru slitur af hólfu sem líklega hefur verið heytóft. Það fjarar út til austurs og hefur sjálfsagt aldrei verið mikið mannvirki. Við tóftina er einnig óljóst svæði en af ummerkjum af dæma hefur þar verið hólf sem snéri austur-vestur og var um 8 X 4 m að stærð. Um 10 m norðaustan við F er tóft H tæpum 10 m norðaustan við veginn. Tóftin er byggð sunnan í hólrana. Hún skiptist í 3-4 hólf og snýr norðvestur-suðaustur. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni og veggir hennar eru mest 0,6 m háir. Norðaustast í tóftinni er lítið hólf (rúmir 2 m austur-vestur en



Vallargarður, horft til vesturs

1,5 norður-suður), úr hólfinu er op inn í annað hólf vestar. Það er 3 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er austarlega á suðurvegg hólfisins inn í þriðja hólfid sem snýr austur-vestur en er opið til vesturs. Vestan við tóftina er eins og sambyggt sé lítið hólf 0,5 X 0,5 m stórt og opið til suðurs. 3 m norðan við H er önnur tóft I byggð í rótum sama hóls. Tóftin er einföld, 8,5 X 4 m stór og snýr austur-vestur. Op er austast á suðurvegg. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni sem er mest 0,5 m á hæð. Um 30 m ofan (austan) við þessa tóft fjarar vallargarðurinn út til suðurs. 40-50 m suðaustan við tóft F og um 40 m austan við J er rústaleg hæð. Hún er fast vestan við vegarslóðann sem liggur inn Þorvaldsdal. Hæðin er 8 X 8 m stór og önnur hæð þar sem hugsanlegt er að mannvirki hafi einhvern tíma verið er einnig vestan og suðvestan við hana.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÍF VI, 356-358, JÁM X, 107, Ö-Árs, 22; Ö-Ey I.1, 90, 96, Vesturströnd Eyjafjarðar, 189, Byggðir Eyjafjarðar 1990, 332, Heyrt og séð á Hræreksströnd, 225-226. Friðlýsingaskrá, 48

**EY-059:035** garðlag túngarður

65°54.966N 18°20.961V

Túngarður var umhverfis tún í Stærra-Árskógi. Leifar hans má greina ofan við tún og um 50 m utan (norðvestan) við Lambhúshól 003. Garðurinn liggur til norðvesturs og endar aðeins utar en til móts við núverandi fjós.

Neðan við garðinn eru sléttuð tún ofar órækt, hluti hans er horfinn í túnrækt.

Garðurinn er hruninn og grasi gróinn. Hann er 2-3 m á breidd en 0,5-0,6 m á hæð. Hann er um 110 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Engar grjóthleðslur eru í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Túngarður, horft til norðvesturs*

**EY-059:036** Prestklöpp þjóðsaga huldufólksbústaður

65°55.558N 18°20.995V

"Prestklöpp er norðaustan í Prestklapparholti, sem liggur að Breiðasundi norðarlega. Sterk huldufólkstrú var á Prestklöppinni og margir kunnu frá því að segja fyrir á dögum, að hafa heyrt þaðan sálmasöng og hljóðfæraleik, séð þar ljós og óskiljanlegar mannaferðir." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Prestklöpp er um 250 m neðan (norðaustan) við þjóðveg en um 100 m ANA við vísi að iðnaðarhverfi við Þorvaldsdalsá.

Hún er neðan í hæð sem liggur norðaustur-suðvestur. Hæðin er vaxin lyngi og sömuleiðis móarnir í kring.


Klöppin er í hæðinni, lítt áberandi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 90 sbr Ö-Árs, 17-18

**EY-059:037** tóft stekkur

65°54.699N 18°21.917V



Um 80 m ofan við stekkin 029, ofar í sömu lág, er þrískipt tóft. Hún er rúmum 1 km (í beina loftlínu) suðvestan við bæ 001.

Lágin er vaxin lyngi og grasi en melarnir umhverfis lyngivaxnir en berir í toppinn.

Tóftin er byggð upp við sunnanverða lágina. Hún er 8 X 4 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Tóftin snýr austur-vestur og það gera öll hólf hennar sömuleiðis.

Op er á suðausturhorni austasta hólfins og á vesturvegg vestasta hólfins og opið er á milli miðjuhólfs og þess vestasta. Tóftin er hlaðin úr torfi og er mest 0,3 m á hæð. Hún er grasi gróin. Staðsetning og lag tóftarinnar bendir til að um stekk gæti verið að ræða. Tóftin er fornlegri en stekkjartóftir 029 og gæti verið leifar eldri stekkjara.

**Hættumat:** engin hætta



*Stekkjartóftin, horft til vesturs*

**EY-059:038** Hálsgötur vegur leið



*Vegurinn, horft til austurs*

65°54.069N 18°21.513V

"Fyrsti hluti [Þorvaldsdalsvegur - 061:019] náði upp að Heyholti [061:020], annar var milli holtsins og Hálsgatna, en þær götur liggja til dalsins ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hálsgötur eru í raun framhald Þorvaldsdalsvegur Þorvaldsdalsmegin.

Vegurinn er upphlaðinn í dalnum og er mjög greinilegur. Hann er um 20 m innan við fjallgirðingu sem girðir af Þorvaldsdal og um 40 m ofan við vegarslóða inn Þorvaldsdal.

Vegurinn er þráðbeinn niður lyngivaxna, aflíðandi fjallshlíð.

Vegurinn er upphlaðinn, um 2,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er greinilegastur á um 400 m kafla og liggur nálæga austur-vestur. Skurðir eru beggja vegna við hann.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78


## EY-060 Hrafnagil

1462 dæmir dómur 12 presta Hrafnagilssel á Þorvaldsdal löglega eign Möðruvallaklausturs en prior í Möðruvallaklaustri hafði kært prest í Árskógi fyrir að nota selið líkt og það væri eign Árskógskirkju. DI V, 364-65.

1712: Hjáleiga frá Stærri-Árskógi og hafði farið í eyði 1708 en verið byggð fyrir manna minni. Byggðist á ný og fór endanlega í eyði 1925. Síðan hefur Árskógshreppur keypt hana og lagt til afreittar.

1917: 1.5 ha. 2/5 slétt.

## Hrafnagil - túnakort 1917




### EY-060:001 Hrafnagil bæjarhóll bústaður

65°52.328N 18°22.299V

Tóftir Hrafnagilsbæjar eru enn greinilegar. Þær eru um 100 m austan við Dalsá en 45 m austan við vegarslóða sem liggur inn Þorvaldsdal. Hrafnagilslækur liggur um túnið fast norðan við bæjartóftina, milli hennar og útihústóftar 002.

Bærinn er ofarlega í gömlu túni. Ofar tekur þýfð fjallshlíð við en ennþá ofar (um 50 m) taka við melar á milli grasfláka.

Bæjarhóllinn á Hrafnagili er um 40 X 23 m stór, snýr austur-vestur og er stæðilegur, allt að 2 m á hæð. Á honum er enn bæjartóft sem er 12 X 10 m stór og skiptist upp í 3-4 hólf þó erfitt sé að greina nákvæma lögun þar sem veggir hennar er mjög hrundir og grónir. Op hefur verið á vesturvegg miðjum en göng hafa gengið frá opi og eftir bænum miðjum til austurs. Vestasta hólfíð snýr norður-suður og er 7-8 X 2 m að stærð. Austur úr því miðju er op og í gegnum það er komið nyrst inn í lítið hólf sem er tæplega 4 X 2 m að stærð. Að austan er annað hólf



Hrafnagilsbæjarrústin, horft til norðavesturs

lítið, grjóthlaðið að innan og 2,5 X 2,5 m að stærð.

Op er á austurvegg þess. Tóftin er vel gróin og hleðslur að mestu úr torfi en þó má greina grjóthleðslur á stöku stað. Tóftin er nokkuð byrjuð að hrynja og er austasta hólfíð að miklu leyti hlaupið í þúfur. Aðeins er byrjað að blása úr tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



EY-060:002 tóft útihús

65°52.367N 18°22.284V



Bæjarrústin og útihústóftin, horft til norðvesturs



Útihús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 sjást enn. Þau eru 40-50 m austan við vegslóðann sem liggur inn Þorvaldsdal og 8 m norðan við bæinn 001. Hrafnagilslækur rennur á milli bæjarhúsanna 001 og útihússins, 5 m sunnan við útihúsin.

Tóftin er ofarlega í túni sem hlaupið er í þúfur. Hún er á milli Hrafnagilslækjar og uppþornaðs lækjarfarvegs í norðri. Tóftin er undir aflíðandi hlíð og virðist op hafa snúið í vestur að Dalsánni sem rennur um 100 m neðar (vestan við). Landið hallar nánast allt niður að ánni nema um 20 m spilda fast við ána.

Tóftin er 9 X 13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og er vestara hólfíð stærra (innanmál 4 X 2,5m) en það eystra (1,5-2 X 1). Op hefur líklega verið milli hólfanna en það er nú mjög óskýrt. Op er einnig á vesturvegg vestara hólfins. Vesturhluti tóftarinnar er skýrastur og er mest 1,4 m á hæð. Tóftin er úr torfi og grjóti og algróin víðast hvar. Sunnan við austurenda tóftarinnar virðist vera lítið hólf (1,5 X 2 m). Það er mjög þýft og er líklega viðbygging, e.t.v. heystæði.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-060:003 tóft fjárhús

65°52.396N 18°22.326V



Fjárhústóftin, vinstra megin á myndinni en fast við hana er tóft 023, horft til norðvesturs



Inn á túnakort frá 1917 eru merkt útihús um 50 m norðnorðaustan við bæinn 001. Húsið var fjárhús og sjást

tóftir þess enn um 10 m austan við vegslóðann sem liggur inn Þorvaldsdal.

Tóftin er mun nær Dalsá en bærinn og er í aflíðandi halla. Flatlent er milli tóftarinnar og árinna en svæðið er 100-150 langt. Það er votlent og kallast "Flóinn".

Tóftin snýr austur-vestur og er 14 X 8,5 m að stærð. Hún er tvískipt og vestara hólfíð snýr norður-suður en hið eystra austur-vestur. Veggheðslur eru úr torfi og grjóti og eru heillegar í suður-, austur og vesturveggjum. Hæsti punktur suðurveggjar er rétt um 1 m hár. Austara hólfíð hefur verið fjárhús því eftir því endilöngu gengur garði. Vestara hólfíð hefur líklega verið hlaða. Tvo op eru á útvegg austast en op er einnig milli hólfanna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-060:004 Selgötur gata leið

65°52.216N 18°21.968V

"Til bæjar á Hrafnagili liggja troðningar í krókum niður með gljúfrunum, Selgötunna. Stundum var reynt að hestflytja heybagga þar niður eftir en það gekk að sjálfsögðu illa því að til þess er hlíðin allt of brött. Snaraðist

heybandið æði oft af og lentu baggarnir í gljúfrið og gat þá legið við slysum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "En akstur heysins að vetrinum var líka vandkvæðum bundinn, sökum brattans. Þó þótti það betri kostur." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar.

Selgöturnar liggja í austur upp fjallshlíð frá Hrafnagilsbænum upp í selið 012.


Selgöturnar eru tveir samhliða slóðar, en 30-40 m eru á milli þeirra upp 3/4 hluta hlíðarinnar en eftir það sameinast þeir og liggja sem einn slóði síðasta spölinn að selinu. Syðri gatan liggur 3/4 hluta leiðarinnar ofan í Hrafnagilsárgljúfri en stefnir svo meira í norður, upp á bakka gljúfursins og sameinast nyrðri götunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 99; Ö-Árs, 23

**EY-060:005** *Lambastekkur* tóft stekkur

65°52.262N 18°22.234V



*Stekkjartóftin, horft til suðvesturs*

"Í [Hrafnagilsá] er Hrafnagilsfoss og neðst í gilinu Stekkurinn og Stekkjarhóllinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "Fram undan bæjarrústunum heitir Nes á bökkunum við Þorvaldsdalsá. Lambastekkur, hlaðinn úr grjóti, stendur lítið skemmdur fast við Hrafnagilsá, og var hann nefndur svo, en ekki aðeins Stekkur, eins og víðast hvar annars staðar." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Stekkurinn er enn greinilegur um 190 m suðaustan við bæ 001, 200-300 m austan við Þorvaldsdalsá en 10 m norðan við Hrafnagilsá.

Stekkurinn er fast við árgilið, um 100 m neðan við foss í ánni. Austan við er brött hlíð en þar sem stekkurinn er verður hlíðin meira aflíðandi. Hlíðin er grasi- og lyngivaxin.

Tóftin er 7 X 9 m að stærð og tvískipt. Hún snýr norður-suður og er op syðst á vesturvegg hennar. Hún hefur verið byggð inn í brekkuna að austan og er þar einungis um 0,2 m á hæð (mælt utan frá) en annars er hún mest um 1 m á hæð. Tóftin hefur að mestu verið byggð úr grjóti en nú er hún nær alveg gróin nema norðurhlíð að innan. Hugsanlega hefur verið op á milli hólfa austarlega á millivegg en það er nú hrunið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 99; Ö-Árs, 23

**EY-060:006** *Gangnamannað* heimild um vað

65°52.214N 18°22.552V

"Þar sem mætast Þorvaldsá og Hrafnagilsá heitir Hrafnagilsnes. Þaðan er riðið yfir til Kúgils um Gangnamannað." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "... Gangnamannað er yfir Þorvaldsdalsá úr Nesinu syðst." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Vaðið var við ármót Þorvaldsdalsár og Hrafnagilsár og liggur nú óljós bíslóði að ánni á þessum stað. Áin er þægileg yfirferðar, um 15 m breið og fremur lygn.

Grasivaxinn árbakki er vestan við en annars skiptast á grjóteyrar og grasi vaxin svæði.

Vaðið sjálf er um 20 m breitt þar sem farið var skáhallt yfir ána.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 99; Ö-Árs, 23

**EY-060:007** *Stekkjarað* heimild um vað

65°52.215N 18°22.405V

"Stekkjarað (Hrafnagilsárað) er á Hrafnagilsánni sunnan við Stekkjarhóllinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "Hrafnagilsárað er rétt neðan við [stekkinn]." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Vaðið var 150-200 m neðan við stekkinn 005, á svipuðum slóðum og bíslóðinn inn dalinn liggur nú.

Smágrýttur árbakki, grasi og mosavaxinn.

Ekki er greinilegt vað á þessum slóðum nú en áin er fremur auðveld yfirferðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 100; Ö-Árs, 23

**EY-060:008** *Svarðargrafarmýri* örnefni mógrafir

65°52.162N 18°22.507V

"Hrafnagilsháls er þar austan og ofan við [Stekkjjarvað - 007], en Svarðargrafarmýri niðri undir Þorvaldsdalsánni." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Neðan við fjallshlíðina, sunnan Hrafnagilsár er deiglendi niður að á. Ekki er greinilegt hvar svarðargrafirnar hafa nákvæmlega verið og vart hafa þær verið góðar þar sem grjóteyrar eru þar á milli deiglendisfláka og stutt niður á grjótlendi. Deiglendisblettur milli fjallshlíðar og grýtts árbakka.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 100

**EY-060:009** Réttarhólmi tóft rétt

65°52.779N 18°22.857V



*Réttartóftin, horft til norðvesturs*



"Í [Þorvaldsdalsá] er Réttarhólmi vestur frá lítilli grjótrétt þar á bakkanum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. 1,1-1,2 km suður af Hrafnagilsbænum 001 og 15 m austan við Þorvaldsdalsá, er grjóthlaðin rétt. Bíslóðinn liggur á milli ár og réttar, fast norðvestan við réttina. Réttin er á um 300 m breiðu, nokkuð grýttu og smáhæðótt u undirlendi milli ár og fjallshlíðar, grasi- og lyngivaxið. Landið lækkar þar sem réttin er og niður að ánni.

Tóftin er tvískipt. Hún er 12 X 5 m að stærð og er hlaðin úr grjóti. Norðurhólfið er skakkt til vesturs miðað við það syðra og eru hleðslur þess (nyrðra hólsins þ.e.) lægri. Hvergi er op á réttinni og ekki heldur milli hólfá. Hún er hlaðin úr nokkuð stóru, ávölu grjóti sem er vaxið skófum. Hleðslugrjótið er frá 0,1 X 0,15 til 0,7 X 0,8 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 100

**EY-060:010** Trippagarður garðlag vörslugarður

65°51.251N 18°22.733V



*Garðlagið, horft til suðurs*

"Grjótgarður einn mikill var fyrir löngu hlaðinn sunnan vert á Hrafnagilshrauni og þröngt hlið haft í kvosinni þar sem gatan liggur. Var þetta mannvirki sett til varnar fénaði og gripum, sem reknir voru til afreittar. Þar heitir Trippagarður og Trippahlið, en sunnan við hlið er Hestalaus kölluð." segir í Örnefni Eyjafjarðarsýslu - "Sunnan til á dyngjunni var eitt sinn (snemma á þessari öld) hlaðinn grjótgarður mikill, er nær frá á langt upp eftir hlið. Heitir hann Trippagarður." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Garðurinn sést fyrst (að sunnan) við stóran stein, 20-30 m ofan við Kúgilsvatn/Vatnsbakkavatn. Þaðan er hann greinilegur til norðurs í um 35 m en verður þó óljósari á kafla uns hann beygir til austurs, upp hliðina og liggur þar í stórgrýttri hliðinni í um 45 m áður en hann verður ógreinilegur og fellur saman við grýtt umhverfið. Garðurinn er rúmum 2 km sunnan

við bæ 001 í beina loftlínu. Í stórgrýtt hraunlendi.

Reiðvegur liggur um hraunið og fer hann í gegnum garðinn á þessum stað. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti úr framhlaupinu og er því mjög stórgerður og fellur víða saman við stórgrýtið í kring. Hann er víðast 0,8 m á hæð

en 0,6 m á breidd. Erfitt er að áætla lengd hans þar sem hann fellur víða inn í landið en þó hefur hann a.m.k. verið 100 m langur og án efa mun lengri áður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 100-101; Ö-Árs, 23

**EY-060:011** *Réttarvað* heimild um vað

65°50.462N 18°22.876V


"Fram á Vatnsbakkana syðst fellur Refslækur um Refslækjarós í Dalsána. Þar er Réttarvað. Féð frá Fögruhlíðarrétt var rekið þar yfir ána." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Ekki er greinilegt vað við Refslæk enda stór malarhóll til móts við hann hinum megin Dalsár. 300-400 m sunnar er hugsanlegt að vaðið hafi verið. Brött fjallshlíð er austan megin að ánni. Í henni eru grjóteyrar á þessum stað. Áin er um 8 m breið á þessum stað. Vestan við á er lyngivaxið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 101

**EY-060:012** *Selið* tóft sel

65°52.205N 18°21.753V



*Selið, horft til norðausturs*

"Í sömu hæð og sá dalsbotn [Mjóidalur] nokkuð breiður hjalli syðst í Hrafnagilshlíð og meðfram Hrafnagilsá hið efra, og heitir þar Bæjarbrún. Lítillega vottar fyrir hjalla miðja vegg þáðan að Efstubrún og kallast Miðbrún og enda þar Skálagötturnar. Mjög skjólsælt og gróðurvænt er þarna "í Brúnunum", en svo var jafnan til orða tekið þegar talað var um að heyja þarna efra, það var nefndur "brúnaheyskapur" og sauðfé sækir mjög þangað. "Brúnaheyið" var sett saman á Selinu, en svo kallast tóftir suður undir gljúfrum Hrafnagilsár." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Seltóftin er

um 380 m austan við stekk 005 og innan við 10 m norðan við þverhnípta brún Hrafnagils. Selið er um 500 m suðaustan við bæinn 001 í hlíðinni.

Sel er á Bæjarbrún sem er neðst þriggja stórra brúna í fjallshlíðinni. Til norðurs frá selinu er brúnin grasi vaxin en nokkuð rök, ofar tekur við lyngivaxin hlíð, þó meira aflíðandi á kafla. Suðaustan við tóftina rennur lækur.

Selið er um 20 X 8 m að stærð og er mjög sigið, mest 0,4 m á hæð. Tóftin skiptist upp í þrjú hólf og virðist miðjuhólfið vera með garða. Op er á því nyrst á austurvegg en einnig er greinilegt op á austurvegg nyrsta hólfins. Ekki eru greinileg op á milli hólfna né heldur á syðsta hólfinu. Tóftin er vel greinileg þó engar grjóthleðslur sjáist í henni lengur. Í nyrsta hólfinu, sem er skýrast, má þó sjá glitta í stein á stöku stað. Sunnan við tóftina er 3 X 3 m dæld þar sem torf virðist hafa verið rist í tóftina. Einnig má sjá dæld vestan við. 12 m norðvestan við tóftina er 5 X 6 m stór hæð og önnur sem er 11 X 15 m er um 30 m norðaustan við hana. Ekki er ólíklegt að einhverjar smátóftir eða heystæði hafi verið á þessum stöðum en þau eru þá eru þá alveg sigin og ógreinileg.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:013** *Fögruvellir* heimild um býli

65°51.157N 18°22.605V

"... voru lengi uppi munnmæli um býlið Fögruvelli, sem farið hefði undir framhrun úr Vatnshlíðinni uppi yfir Hrafnagilshrauni. En þetta er reyndar aðeins munnmæli." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu - "Munnmælasagan um, að bær hafi staðið þarna undir [Vatnshlíðarendanum [nyrðri gegnt Hrafnagili, utan Refslækjar] hefur ekki við nein haldgóð rök að styðjast, nema ef talizt gæti sennilegt, að hraundyngjan hafi sprungið fram úr fjallinu eftir að land byggðist. En býlið, sem á að hafa farið í þeim hamförum, nefna munnmælin Fögruvelli." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Engar sagnir eru uppi um hvar býlið hefur staðið nákvæmlega og ekki fundust ummerki um það á vettvangi.

Gróið hraunlendi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 90; Ö-Árs, 24

**EY-060:014** garðlag

65°51.299N 18°22.820V

Um 40 m neðan (vestan) við göngustíg sem liggur um Hrafnagilshraun og 50 m ofan við vatnsborð Kúgilsvatn/Vatnsbakkavatns eru garðhleðslur milli hraunhnullunga.

Í lyngivöxnu og stórgrýttu hraunlendi. Hleðslan er nálægt því að vera beint neðan við Trippagarð 010.

Garðurinn er 20-30 m langur en 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er 0,5 m á breidd og sýnist fremur nýlegur. Hleðslan liggur suðaustur-norðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:015** garðlag

65°51.350N 18°22.907V



*Garðlagið, horft til SSV*


Hlaðinn garður liggur frá Þorvaldsdalsá og upp hlíðina þar sem áin rennur úr Kúgilsvatni. Garðurinn liggur upp frá ánni til suðausturs í um 45 m áður en hann beygir til suðurs u.þ.b. þar sem gata liggur í gegnum hann. Garðurinn liggur svo áfram til suðausturs í um 70 m en verður ógreinilegri eftir það. Hann liggur í lyngivöxnu og stórgrýttu hraunlendi.

Garðurinn er 120 m á lengd en 1 m á breidd. Hann er mest 1,2 m á hæð, hlaðinn úr hraungrýti. Hugsanlegt er að garðurinn gæti verið hluti af Trippagarðinum 010 en um það er ekki hægt að fullyrða.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:016** tóft

65°52.342N 18°22.307V



Lítill tóft er í hlíðinni 40-50 m sunnan við bæ 001. Hún er aðeins ofar (austar) í hlíðinni en bærinn. Tóftin er 35 m norðan við Stekkjarhól 005.


Neðan við tóftina er 10 m löng, brött brekka en síðar tekur undirlendi við. Ofar er brött, lyngivaxin fjallshlíð.

Tóftin er 2 X 3 m að stærð og op er á miðjum vesturvegg. Tóftin er hlaðin úr torfi og er 0,4 m á hæð. Inni í tóftinni er eins og sé lítill garði þó hún sé full lítill til að geta hafa verið fjárhús.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:017** Gerði

65°52.318N 18°22.305V

*Gerðið, horft til suðvesturs*

Gerði er fast norðan við Stekkjarhól 005, 80-90 m sunnan við bæ 001. Grasi gróinn, fremur sléttur blettur milli þýfðra hóla.

Gerðið skiptist í raun upp í þrjú garðlög. Annað garðlagið er L-laga, liggur austur-vestur 27 m í jaðri Stekkjarhóls og en beygir svo til norðurs. Hitt garðlagið liggur frá vesturhlíð Stekkjarhóls til norður-suður norðausturs í 50 m, en endar í hæð. Saman afmarka garðlögin, og hæðin þríhyrningslaga hólf, sem hefur hugsanlega verið náttthagi. Garðlögin eru nokkuð sigin og útflött eða 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-060:018** tóft

65°52.308N 18°22.287V

Fast norðaustan við Stekkjarhól 005 er einföld tóft. Hún er 5 m sunnan við syðri garð 017. Tóftin er um 100 m sunnan við bæ 001. Hún er í jaðri Stekkjarhóls þar sem hann endar í hlíðinni, í dæld. Lyngivaxið er umhverfis.

Tóftin er einföld, 8 X 4 m að stærð. Ekki er greinanlegt op á henni. Hún er hlaðin úr torfi en er sigin og óskýr og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:019** garðlag túngarður

65°52.375N 18°22.266V

Innan við 10 m norðaustan við norðausturhorn útihústóftar 002 sést suðurendi garðlags sem liggur til norðnorðausturs í hlíðinni ofan við tún. Garðurinn liggur um tún sem komin eru í órækt en ofan túns tekur við þýfð fjallshlíð.

Garðurinn hefur markað af tún og er hlaðinn úr torfi og er 1,5 m á breidd en 0,5 m á hæð.


*Túngarðurinn, horft til VNV*

Garðlagið liggur efst í túni og svo á mel sem er ofan við fjárhústóft 003 og útihústóft 020. Garðlagið liggur í um 8 m til norðurs en svo er við það sambyggt hólf innan túns. Það er einnig hlaðið úr torfi og er tvöfalt. Syðra hólfíð er 8 X 4 og með opum bæði á austur og vesturvegg. Norðan við það er sambyggt annað hólf minna, 4 X 3 m að stærð en ekki er op greinilegt á því. Þaðan liggur garður frá vegarslóðanum og til austurs í um 45 m. Þá kemur um 20 m skarð í garðinn en svo heldur hann áfram til norðurs í um 70 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:020** tóft útihús

65°52.406N 18°22.299V



0 5 10  
metrar

Tóft er 15 m sunnan við túngarð 019 (innan túns). Hún er innan við 10 m austan (ofan) við útihústóft 023 en er efst í túni. Tóftin er um 30 m austan við vegarslóða sem liggur inn Þorvaldsdal.

Efst í túni, ofar tekur við lyngivaxin brekka.

Tóftin er 9 X 8,5 m að stærð og samanstendur af tveimur hólfum sem snúa þvert á hvort annað. Norðurhluti tóftarinnar snýr austur-vestur og er 8,5 X 4,5 en suðurhlutinn er 4,5 X 3 m og snýr norður-suður. Op er á nyrðra hólfinu vestast og einnig milli hólfanna. Tóftin er sigin en þó greinileg. Hún er mest 0,3 m á hæð og engar grjóthleðslur sjást í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:021** gata leið

65°52.435N 18°22.284V



*Göturnar, horft til norðvesturs*

Götur liggja um túnið á Hrafnagili. Þær fara í gegnum túngarð ofan við fjárhústóft 003 og liggja svo áfram til norðurs 100-150 m áður en þær verða ógreinilegri. Göturnar eru 20-30 m ofan við bíslóðann inn Þorvaldsdal. Göturnar eru grunnir slóðar eða dældir í lyngivaxinn móa en liggja að mestu leyti um tún sem eru komin í órækt.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-060:022** tóft

65°52.430N 18°22.293V



0 5 10  
metrar

Tóft er 20-30 m austan við bíslóðann sem liggur suður Þorvaldsdal austanverðan. Tóftin er 25 m norðan við túngarð 019 en rúmlega 50 m norðan við útihústóft 023.

Tóftin er á hólrana í hlíðinni. Umhverfis eru lyngi- og mosavaxnar hlíðar.

Tóftin er 11 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún hefur skipst upp í 2-3 hólf. Tóftin er sigin og ellileg og engar grjóthleðslur sjást í henni. Vestasta hólfíð er 1,5 X 3 m að stærð og op er á norðausturhorni þess. Í miðjunni er annað hólf jafnstórt en ekki er greinilegt op á því. Austast er svo lítið og ógreinilegt hólf innan við

1m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

EY-060:023 tóft útihús

65°52.401N 18°22.326V



Útihústóft er 2 m norðan við fjárhústóft 003, 25-30 m sunnan við túngarð 019 og 10 m austan við vegarslóða sem liggur suður Þorvaldsdal. Hún er í túni sem komið er í órækt.

*Tóftin, til hægri á mynd en tóftin lengra til vinstri er 003. Horft til NV*

Tóftin er 10 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt, hlaðin úr torfi og grjóti en nú nokkuð tekin að hrynja. Líklegast er að op hafi verið á austurvegg en fyrir það er nú hrunið. Op er á milli hólfa og er vestara hólfið (það innra) minna. Grjóthleðslur má sjá á stöku stað, mest 3 umför í innra hólfinu innanverðu. Tóftin er mest 0,6 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

EY-060:024 tóft+garðlag

65°52.282N 18°22.175V



*Tóftin og gerðið, horft til vesturs*



Um 200 m austan við vegarslóða inn Þorvaldsdal er tóft og gerði. Um 10 m eru frá gerðinu (sem er syðra) suður að Hrafnagili. Tóftin er um 80 m ANA við stekkin 005 sem er við sama gil. Tóftin er slakka í lyngivaxinni fjallshlíð. Ofan við tekur við stór melhóll.

Gerðið er 6 m sunnan við tóftina og er 16 X 11 m að stærð en 0,9 m á hæð, hlaðið úr torfi. Tóftin er norðar og skiptist upp í þrjú hólf. Hún er 10,5 X 8 m að stærð. Tvö op eru á norðurvegg tóftarinnar (inn í sitt hvort hólfið) en einnig er op á suðurvegg inn í þriðja hólfið sem þar er á bak við. Grjóthleðslur sjást hér og þar í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta



Ytra-Kálfskinn, Syðra-Kálfskinn og Hátún  
Túnakort 1917



Á Kálfskinn er minnst í Landnámabók. Þar segir að í Kálfskinni hafi búið Grímur nokkur, sonur Helga Narfasonar sem var sonur Narfa Anarnsonar en Arnar var frændi Hámundar heljarskins, sem fyrstur settist að á þessu svæði. ÍF I, 254-256.

Á bæinn er einnig minnst í Guðmundar sögu dýra en þar átti að hafa búið Ásgerðr um 1190 sem Ingimundr nokkur átti að eiga í sambandi við þrátt fyrir að vera lofaður Þorgerðri Þorgeirsdóttur sem bjó á Brattavöllum. Endaði þetta mál með því að Ingimundur vóg Helga Halldórsson prest í Árskógi og tengdasonur Þorgerðar og flýði síðar með Ásgerði að Reykjahömrum þar sem hann var veginn. Sturlungasaga I, 171-173

1429 er Kálfskinn talin upp með jörðum sem eiga sókn til Stærra Árskógs. DI, IV, 375

1434 er Kálfskinn getið í sölubréfi en jörðina (ásamt 15 kúgildum) seldi Einar Eiríksson Magnúsi Jónssyni í skiptum fyrir jörðina Teig í Hrafnagilspingum. Í sölubréfi kemur fram að á bænum væri “bænhvs skyld ok uere nidr hrapad. skillde magnvs beta up bænhvsid a nefndri iord og suara öllvm skylldv m firer a sina penninga...” DI, IV, 537

1437 má sjá af sölubréfi að Magnús Jónsson hefur þremur árum áður (í fardagaviku) selt Ólafi Eyjólfssyni jörðina Kálfskinn fyrir Bakka í Svarfaðardal. Bakki hefur greinilega verið talsvert dýrari jörð en Kálfskinn og þurfti Magnús því að leggja nokkuð með jörðinni: “skilde þrat nefndur Magnus gefa j mille jardanna olafe viij hundrud ok helgu konu hans x stíkr klædis. skilde optt nefndr Magnus suara laga Riptingum aa kalfskinne en olafir hallda til laga svo breku en magnus halda til laga.” DI, IV, 567

1461 stendur bænhús í Kálfskinni. DI, V, 365

**1501** (29. janúar) er klerkadómur útnefndur af Gottskálf biskupi á Hólum um ákærur séra Eiríks Einarssonar til Símonar Þorsteinssonar um eignarhald á jörðinni Kálfskinn og vangoldna títund. DI, VII, 545-546.

**1501** (13. maí) dæmir klerkadómur Eiríki Einarssyni jörðina Kálfskinn. DI VII, 557-558

**1520** er Kálfskinn talin upp í Testamenti Gottskalks biskups Nikulásssonar á Hólum. Bærinn er þá eign Hólastóls og metinn á 40 hndr. DI VIII, 729

**1525** er Kálfskinn talin upp sem eigna Hólastóls. DI IX, 301

**1629** (17. október) "Ari Arnfinnsson selur, með samþykki konu sinnar, Gróu Jónsdóttur, Halldóri Ólafssyni lögmanni 8 hndr. í Kálfskinni, en þau 8 hndr. hafði Arngrímur gefið Ara á giftingardegi og Halldór átt veð í. Halldór greiðir hér í mót 9 hndr. og 5 aura í góðum og gildum peningum. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 221.

**1712** 20 hndr. Kálfskinn taldist þá ein 40 hndr. jörð með tveimur 20 hndr. býlum.

**1712** var Kolbeinstunga eyðihjáleiga.

**1847** er hvort býlið talið 10 hndr. en skv. sóknarlýsingu var Ytra-Kálfskinn stærri jörð eða 12. hndr meðan Syðra-Kálfskinn taldist 10. hndr. Algjör landaskipti hafa ekki farið fram. Bænhús var á Kálfskinni (Ey-062:002).

**1917**: 3.6 ha. 1/2 slétt. Garðar 150 m<sup>2</sup>.

**1990**: "Túnin breiða úr sér uppi á brekkunni með hlíðardrögum Kötlufljalls allt suður að Selárbakkamerkjum." BE 1990, 306

**EY-061:001** *Kálfskinn ytra* bæjarhóll bústaður 65°54.645N 18°19.468V

Gamli bærinn í Kálfskinni ytra var þar sem eitt af íbúðarhúsunum á bænum standa nú. Í Kálfskinni eru þrjú íbúðarhús, eitt í landi Syðra-Kálfskinns en tvö á ytri bænum. Nýjasta íbúðarhúsið á Ytra Kálfskinni stendur fram á brekkubrúnninni þar sem áður voru útihús frá Ytra-Kálfskinni 002 en um 130 m ofar er eldra íbúðarhúsið, nálægt því til móts við íbúðarhúsið á syðri bænum. Gamli bærinn var þar sem eldra íbúðarhúsið stendur.

Engin ummerki sjást um gamla bæinn enda öllu rutt út þegar íbúðarhúsið var byggt 1934. Eldra íbúðarhúsið er steinsteypt og er með kjallara. Hæð eða bæjarhóll er á þessum stað en greinilegt er að hann er að hluta náttúrulegur og erfitt að greina hversu stór hluti er uppsafnaðar mannvistarleifar. Suðurbrún bæjarhólsins er skýrust, annars er erfitt að greina brúnir hans og þ.a.l. stærð hans.

Jóhannes Óli fullyrðir (Ö-Ey I.1, 75) að Ytra-Kálfskinn hafi áður verið 'aðalbærinn' þ.e. væntanlega eldra bæjarstaðið.

**Heimildir**: Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 75

**EY-061:002** náma mógrafir 65°54.620N 18°20.127V

Greinilegar svarðargrafir eru um 500 m ofan og utan (suðvestan) við bæ 001. Grafirnar eru um 550 m ofan við þjóðveg, fast ofan við sléttuð tún.

Óræktarhóll er í túni á þessum stað og eru geymdar heyrúllur og baggar þar. Grafirnar eru um 50 m ofar og utar en hóllinn. Ofan við grafirnar er mói en neðar sléttuð tún.

Grafirnar eru 20-30 m á breidd en 40-50 m á lengd. Þær eru 0,7 m á dýpt og eru grasi grónar.

**Hættumat**: hætta, vegna jarðræktar

**EY-061:003** *Barðshús* heimild um fjárhús 65°54.703N 18°19.426V

"... Ytra-Kálfskinns húsið [stendur] á Barðinu, þar sem Barðshús stóðu (aðalfjárhús Ytra-Kálfskinns)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Útihúsið er merkt inn á túnakort frá 1917. Það var nálega þar sem nýjasta íbúðarhúsið á Ytra-Kálfskinni stendur nú, um 130 m neðan við gamla bæinn 061:001 en um 30 m utan við Oddakofa 004.

Steinsteypt íbúðarhús er nú þar sem húsið stóð.

Barðshús var upphaflega fjárhús en var síðar hesthús og var notað sem slíkt í bernsku Sveins Elíasar Jónssonar (f. 1932).

**Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

**Heimildir**: Ö-Ey I.1, 73 sbr. Ö-Árs, 11 og Túnakort 1917

**EY-061:004** *Oddakofi* heimild um útihús 65°54.698N 18°19.403V

"[Oddakofi] var í túnfæti suðaustur af fjárhúsunum skammt frá Syðra-Kálfskinns læk ... Í Oddakofanum ... var reimt, því þar hafði hengt sig Oddur nokkur (kallaður Oddi) og þóttust menn sjá honum bregða fyrir við kofann og í honum, en hann gerði engum mein." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Kofinn var um 130 m neðan við Ytra-Kálfskinnsbæinn 001. Hann er merktur inn á túnakort frá 1917. Kofinn var um 15 m sunnan við nýjasta íbúðarhúsið á Kálfskinni sem er austast íbúðarhúsanna.

Oddakofi stóð sunnan við íbúðarhúsið þar sem nú er rennislétt baklóð þess.

**Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

**Heimildir**: Ö-Ey I.1, 74 sbr. Ö-Árs, 11 og Túnakort 1917

**EY-061:005** *Gerðisklöpp* heimild um huldufólksbústað 65°54.504N 18°19.493V

"Ofan við [Kálfskinnsflóa] er Bæjarhjalli með Syðri-Bæjarhjallaklöpp og Ytri-Bæjarhjallaklöpp, er heitir líka

Gerðisklöpp, mikill huldufólksbústaður." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Um 250 m SSA við bæ 061:001 er Bæjarhjallaklöpp/Gerðisklöpp. Hún er tæpum 100 m innan (austan) við læk sem nú er á merkjum milli Kálfskinns og Hátúns.

Neðar eru tún. Gerðisklöpp er hjallabrún með fremur áberandi klettum framan í á 2 stöðum. Ofan við og utan við eru sléttuð tún.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 74-75 sbr. Ö-Árs, 11

**EY-061:006** *Gerðishús* heimild um útihús 65°54.484N 18°19.566V

"Sunnan við [Kálfskinns][lækinn standa Gerðishús, því að þar var kallað Gerði." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "... önnur aðalfjánhús Ytra-Kálfskinns, og einnig hesthús." segir í örnefnalýsingu Árskógsstrandar. Gerðishús voru á hól um 250 m ofan við (sunnan við) bæ 061:001. Þau voru fast innan við læk sem nú skiptir landi Kálfskinns og Hátúns. Rafmagnslína liggur yfir suðurhluta hólins.

Nú sléttuð hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 75; Ö-Árs, 11; Túnakort 1917

**EY-061:007** *Kolbeinstunga* heimild um býli 65°54.503N 18°19.645V

"Utan við [Kálfskinns][lækinn er Kolbeinstunga, afmörkuð með lækjum á þrjá vegu, og Kolbeinstunguhóll útvestan hennar. Hún var kargapýfð og óvinsæl sláttumönnum. Kolka er nú orðin eggslétt. Fyrir skömmu voru kofatóftir ofarlega á Kolbeinstungu. Munnmæli herma að þar hafi búið einsetumaður." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í Vesturströnd Eyjafjarðar kemur fram að þar sé "...nú fyrir löngu sléttað tún." Kolbeinstunga er nú rennislétt. Þó sést Kolbeinstunguhóll ennþá og annar hóll nokkru neðar. Hóllinn er um 250 m ofan við bæ 061:001.

Hóll í rennisléttu túni milli tveggja lækja.

Kolbeinstunga er getið í Jarðabók Árna og Páls (1712): "Kolbeinstunga heitir eyðihjáleiga, sem bygð hefur verið um nokkurn tíma af syðra bænum og í hans túni og reiknaðist fyrir v [hdr] úr allri jörðinni meðan byggðin varaði og eftir því voru byggingarkostir. Þessi hjáleiga hefur í eyði legið 30 ár. Aftur má hjer byggja, og er heimajörðin því minni." Á býlið er minnst í Örnefnalýsingu Eyjafjarðarsýslu: "Þarna var illræmt túnþýfi. Svarfdælskur hagarðingur, Jón Sælur, er var að slá tunguna 1922 eða '23, sagði í gamni að semja mætti við 'þann gamla' um að slétta þúfnakargann og ætti húsbóndinn (Sigfús) að reyna þetta. Varð úr þessu svohljóðandi vísa hjá karlinum: 'Fúsa gengur flest í vil,/fást mun kaup án pretta,/ef hann kemur kölska til/Kolbeinstunga að slétta."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 11; JÁM X, 111 og Vesturströnd Eyjafjarðar, 188 og Ö\_Ey I.1, 75

**EY-061:008** *Bæjarlækjarvað* heimild um vað 65°54.619N 18°19.524V

"Í túnunum er fátt örnefna. Nefna má þó vaðið, er fullu nafni hét Bæjarlækjarvað og var við heimgöturnar vestan af þjóðveginum ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Bæjarlækjarvað var ofan við Ytra-Kálfskinnsbæinn 061:001, beint norðvestan við steinsteypt fjárhús og hlöðu sem nú eru á þessum slóðum. Vaðið var þar sem dráttarvélaslóði liggur nú yfir lækinn.

Slóði liggur yfir lækjarsprænuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 75

**EY-061:009** heimild um leið 65°54.620N 18°19.531V

"Í túnunum er fátt örnefna. Nefna má þó vaðið, er fullu nafni hét Bæjarlækjarvað og var við heimgöturnar vestan af þjóðveginum, er lágu til aðalbæjarins, er síðar varð Ytra-Kálfskinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Vegurinn lá frá Kálfskinni á Bæjarlækjarvaði 008 og svo til norðurs og til norðvesturs yfir túnin í Hátúni upp að gamla þjóðveginum (062:014) og sameinaðist honum þar.

Vegurinn er horfinn í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 75

**EY-061:010** *Öskubrekka* öskuhaugur 65°54.649N 18°19.482V

"Norðan við [Ytra-Kálfskinnsbæinn] er Öskubrekka, sem nú hefur misst nokkuð af fyrri reisu." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir ennfremur: "[Öskubrekka] er nú með öllu horfin. Setti hún mjög svip sinn á aðsýn Ytra-Kálfskinns norðan frá, því að brekkan var mjög há." Brekkan/haugurinn var beint utan við gamla bæinn 061:001 og niður að læk. Brekkan var há og mikil.

Stutt malarplan er utan við íbúðarhúsið sem nú er þar sem gamli bærinn var, þar utan við tekur við grösug öræktarbrekka niður að læk.

Öskuhaugurinn var mjög stór og í honum voru mjög þykk öskulög og mikið af vel varðveittum beinum. Ákveðið var að slétta úr honum á 5. áratug 20. aldar vegna þess að hólinn var orðinn gríðarstór og auk þess varaska úr honum farin að berast í lækinn. Mikið var af kinda- og fiskbeinum í haugnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 75; Ö-Árs, 12

**EY-061:011** heimild um leið

65°54.650N 18°19.497V

"Við Öskubrekku [010] var dálítið gil frá bænum niður á Bæjargilsvað, en um það lágu fjölfarnar og djúpar götur út yfir Horngrýti, Leyning og Beinrófugerði." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Göturnar lágu frá Kálfskinnsbæjunum 001 og 062:001 og til Hátúns 062:009. Mikill samgangur var á milli bæjanna og var leiðin því notuð mikið.

Grasi gróinn óræktarblettur er frá Ytra-Kálfskinni að læknum, norðan lækjar eru sléttuð tún. Engar leifar þessarar leiðar sjást nú. Eftir að hætt var að nota leiðina var fyllt upp í skorninginn í brekkunni.

Bæjargilsvað sýnist eiga að vera það sama og Bæjarlækjarvað - 010, þó það sé ekki augljóst

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 75; Ö-Árs, 12

**EY-061:012** *Hestaréttin* heimild um rétt

65°54.555N 18°19.665V

"Skammt frá aðaltúninu, gegnt Kolbeinstunguhóli og við Bæjarlækjargil, var Hestaréttin (nú löngu horfin) og stóð á gilsbarminum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hestaréttin stóð í gilinu fast ofan við tún og við Bæjarlæk, um 80 m utan við læk sem skiptir merkjum milli Kálfskinnsbæjanna og Hátúns. Réttin var 200-250 m utan og ofan við bæ 001.


Sléttuð tún eru ofan gilsins. Engin ummerki sjást um réttina lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76

**EY-061:013** *Efrasel* tóftir + garðlag sel

65°54.033N 18°19.251V



*Efrasel, , horft til norðurs*

"Miðhjallinn er á ... svæði nefndur Selhjalli og hann endar við Selbrekkuna. Sel heita tvönn tóftarbot suður við Merkisgil, Efrasel á Miðhjalla ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "[Selið] er ekki kennt við neinn sérstakan bæ." Selsins er einnig getið í Vesturströnd Eyjafjarðar: "... suður við Merkjalæk suður frá bænum. Á báðum stöðum eru enn [1982] greinilegar rústir, sem hefur ekki verið raskað." Efrasel er um 1,1 km ofan og utan (suðaustan) við bæ 001. Það er utan við merkjalækinn á hæð. Selið er við Selmýri.

Melhryggir eru í mýrinni hér og þar. Selklettur er beint ofan við selið.

A Á þessum stað eru garðlög, gerði byggt í horn þeirra og tvönnar tóftir. Austast á svæðinu er 80 m langt garðlag úr torfi (A) sem gengur norður-suður. Um 30 m frá norðurenda þess gengur annað garðlag (B) frá því fyrrnefnda. B liggur í 100 m til vesturs en beygir þá til norðurs og heldur áfram í 80 m áður en það fjarar út. Í horni garðlagsins er gerði (C). Það er um 20 X 15 m stórt og er, eins og garðurinn úr torfi. Tvær tóftir eru innan garðlaganna. Sú austari (D) er nærri því þar sem A gengur frá B. Hún er um 5 m norðan við B og er á dálftilli hæð. Tóftin er um

20 X 6 m og snýr austur-vestur. Hún skiptist í 4 hólfið og ekki eru lengur að sjá op á milli hólfa en austasta hólfið er opið til norðurs. Um 70 m norðan við B er önnur tóft (E). Hún er tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á suðaustara hólfið á norðurvegg og virðast op bæði á norðurhorni norðvestara hólfsins sem og á suðurvegg þess. Tóftin er byggð úr torfi en einstaka hleðslusteinn er í henni. Svo virðist leifar eldra byggingarstig séu á þessum stað. Fast sunnan við tóftina má sjá móta fyrir 2 hólfum, samtals 14 X 6 m að stærð. Fast norðan við tóftina er einnig óljóst hólfið, um 5 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 77; Ö-Árs, 13; Vesturströnd Eyjafjarðar, 188

**EY-061:014** *Neðrasel* tóftir sel

65°54.084N 18°19.150V



*Neðrasel, horft til norðurs*



"Miðhjallinn er á ... svæði nefndur Selhjalli og hann endar við Selbrekkuna. Sel heita tvenn tóftarbrot suður við Merkisgil, Efrasel á Miðhjalla, Neðrasel syðst á Brattahjalla." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir ennfremur: "[Selið] er ekki kennt við neinn sérstakan bæ." Á selið er einnig minnst í Vesturströnd Eyjafjarðar: "... suður við Merkjälæk suður frá bænum. Á báðum stöðum eru enn [1982] greinilegar rústir, sem hefur ekki verið raskað." Neðrasel er rúmlega 1 km innan og ofan við bæ 001. Það er syðst á Brattahjalla. Neðrasel er um 130 m neðan við það efra 013.

Grasi og lyngivaxinn laut. Lítil lækur rennur niður hlíðina innst (austast) í lautinni en hann er á merkjum.

Neðst og innst í lautinni er mýrarsvæði og þar er tóftin. Hún snýr norður-suður, er tvískipt og 12 X 6,5 m að stærð. Syðra hólfið tóftarinnar er minna eða tæpir 4 X 2 m að stærð. Op hefur líklega verið á austurhlíð hólfsins. Nyrðra hólfið er mun stærra eða tæpir 6 X 3 m. Vesturveggur þess hefur hrúnið talsvert inn í hólfið sem er með op nyrst á austurhlíð. Í nyrðra hólfinu eru bæði grjót- og torfhleðslur þó að þær síðarnefndu séu mun meira áberandi og tóftin sé víðast nær algróin. Ekki er op á milli hólfa tveggja.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 77; Ö-Árs, 13; Vesturströnd Eyjafjarðar, 188

**EY-061:015** *Selkletturinn* heimild um huldufólksbústað

65°53.953N 18°19.366V

"Miðhjallinn er á ... svæði nefndur Selhjalli og hann endar við Selbrekkuna. Sel heita tvenn tóftarbrot suður við Merkisgil, Efrasel [013] á Miðhjalla, Neðrasel [014] syðst á Brattahjalla. Þar ofan við gnæfir Selkletturinn, líkastur margra hæða háhýsi, enda viðurkenndur huldumanna-bústaður." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Selklettur er ofan við Miðhjalla, 1,2-1,3 km ofan og innan (suðaustan) við bæ 001.

Neðan við klettinn er lyngivaxinn bali. Klettabrúin er um 15 m há.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 77; Ö-Árs, 13

**EY-061:016** *Ytra-Kálfskinnsgrafir* náma mógrafir

65°54.359N 18°19.687V

"[Neðsti hjallinn] er kenndur við mótekjuna í Ytra-Kálfskinnsgröfum og kallaður Svarðarhjalli og einnig Svarðarmelur. ... Austur frá mógröfunum er Svarðarholt, þar var þurrkaður mórinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Enn sést fyrir svarðargröfum innst í túni, um 500 m ofan við bæ 001 og fast utan við læk sem rennur á merkjum.

Grafirnar eru utan við rennislétt túni, innan við skurð.

Grafirnar eru um 20-30 X 10 m að stærð en þær hafa áður verið stærri.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78; Ö-Árs, 13

**EY-061:017** *Gildruhólar* örnefni refagildra

65°54.332N 18°20.306V

"Ofan við [Svarðarmel sbr. 016] eru Gildruhólar og ystur þeirra er Krókmelur, sem liggur að Kötluhágunum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gildruhólar sem einnig eru nefndir Krókshólar einu nafni eru 700-800 m ofan við bæ 001 og svolítið utar eða suðsuðvestar).

Gildruhólar eru melatunga sem liggur í hálfhring, mynduð úr mörgum misstórum melhólum.

Ekkert refabyrgi er í hólunum og telur Sveinn Jónsson í Kálfskinni að nafni sé frekar tilkomið vegna þess að hólarnir voru erfiðir yfirferðar og erfitt var að reka kindur um hólana. Um þetta verður ekki skorið þó gildruleysi í hólunum styðji þessa kenningu frekar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78; Ö-Árs, 13

**EY-061:018** *Torfholt* heimild um ristu

65°54.380N 18°19.699V

"Utar [en Svarðarholt sbr. 016] er Torfholt, þangað var flutt torf, sem rist var í Skonsumýri og þurrkað þar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Torf var rist í Skonsumýri sem er nú alveg horfin í tún. Hún var 500-600 m ofan við bæ 001 og örlítið utar.

Sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78

**EY-061:019** *Þorvaldsdalsvegur* vegur samgöngubót

65°54.252N 18°20.633V

"Skammt norðan við [Skonsulæk] má sjá upphlaðinn veg, sem stefnir til fjalls. Það er Þorvaldsdalsvegur, sem var í uppbyggingu á árunum 1914-1918, en var hvergi fullgerður (ekki malarborinn). Fyrsti hluti hans náði upp að Heyholti, annar var milli holtins og Hálsгатna, en þær götur liggja til dalsins ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Enn má sjá móta fyrir veginum hér og þar. Hann var ekki upphlaðinn alls staðar, heldur einungis þar sem þess var talin brýn þörf. Veginn má greina frá Heyholti 020 og til suðvesturs upp hlíðina.

Vegurinn er að mestu utan í lyngivöxnum melum að austan.

Á nyrsta kaflanum er vegurinn nokkrir samsíða slóðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78; Ö-Árs, 12



*Þorvaldsvegur sést í Heyholti, horft til NN*

**EY-061:020** *Heyholt* örnefni heystæði

65°54.344N 18°20.338V

"Fyrsti hluti [Þorvaldsdalsvegur - 019] náði upp að Heyholti, annar var milli holtins og Hálsгатna, en þær götur liggja til dalsins ..." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðarsýslu. Heyholt er fast ofan við efstu tún en utan við Gildrumel. Á þessum slóðum er miklar engjar og er Heyholtið neðarlega á þeim áður en túnin taka við. Holtið er um 850 m suðvestan við bæ 061:001.


Lág hæð í eins konar flóa milli mela. Ekki er greinilegt heystæði á holtinu en engu að síður líklegt að nafnið sé tilkomið vegna þess að þar hafi hey verið sett upp.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78; Ö-Árs, 12

**EY-061:021** tóft + garðlag

65°54.023N 18°20.730V



Austan í Kötluhól 022 er tvískipt tóft og garðlag. Kötluhóll er tæplega 1,5 km suðvestan við bæ



*Tóftin í austan í hólunum, horft til NN*

061:001.

Mjög áberandi kletthóll. Af hólnum er útsýni frábært. Hóllinn er algjörlega náttúrulegur og 10-20 m hár. Klettur eru í hólnum en í hlíðum hans vex þó gras. Umhverfis eru móar, en deiglendisflákar á milli. Tóftin er um 15 X 4 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Op er á austur- og vesturvegg tóftarinnar en einnig milli hólfanna tveggja. Tóftin er hlaðin úr torfi. Frá norðvesturhorni hennar gengur garðlag til ANA í um 30 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-061:022** *Kötluhóll* þjóðsaga legstaður



*Kötluhóll fyrir miðri mynd, horft til NNW*

65°54.951N 18°20.735V

"Kötlulágarnar eru milli Hálskatna og Krókmels og ná upp undir Kötluhól. ... Hóll Kötluhóll hreykir sér efst á hálsinum eins og meiri háttar mannvirki, sem snýr gafli til byggðar á Galmaströnd en baki í Þorvaldsdalinn. Kötluhóllinn og Kötlufjallið eru forn örnefni. Þar, segir sagan, að Þorkatla hin gamla hafi verið deydd og grafin. (Svarfdæla saga). Munnmæli telja dys hennar sunnan við hóllinn, þó að engin sjáist þess merki." segir í Örnefni í

Eyjafjarðarsýslu. Kötluhóll er tæplega 1,5 km suðvestan við bæ 061:001.

Mjög áberandi kletthóll. Af hólnum er útsýni frábært. Hóllinn er algjörlega náttúrulegur og 10-20 m hár. Klettur eru í hólnum en í hlíðum hans vex þó gras. Umhverfis eru móar, en deiglendisflákar á milli.

Í Frásögum af fornaldarleifum frá 1821 segir: "Stendur Grjóthóll nockur í Hásudur hedann upp frá Bænum, vid Rætur Fjallsins, er nú heitir Kötlufjall (:Sólarfjall í Landnámabók Kh. 1774, Pag: 230.) og Hóllinn Kötluhóll; tíast Kerfing nockur nafnkunnug ad Töfrum og Forneskju, - sem um er gétid, ad mig minnir, í Svarfdælu - vera heygd í Hóli þessum; sjást þó eingin Merki til þess, því alls óhræranleg Björg eru hér og þar um Hóllinn, ad sönnum máskie sídan þangad hruninn úr Fjallinu; gamlar Sagnir segja, ad hún átti hafi Hellir stóran í Fjallinu med Steinhurd ad sunnan þar sem Fjallid endar vid Reystarár-Skard; ber það líklega til þess, ad í Klettunum nordanvid Skardid, sýnist sem móti í einum Stad fyrir Hússdyrum svo skapad af Náttúrunni; Hellirinn tíast nád hafa eptir endilaungu Fjallinu svo sem Mílu vegar útí nærsta Skard er Þorvalds-Skard heitir, kéndt vid Þorvalld þann er nam Þorvaldsdal vestanundir Fjallinu." sbr. Svarfdæla sögu: "Þorkatla hin gamla var moder Hrana er Kautlu fjall er vid kennt. þui Helgi hinn magri dieddi hana þar og köl hana j hel. suo hann sat henne þar mat þar til hun dö."

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78-79 sbr Ö.Árs, 12, FF II, 542 og Svarfd. s, Rv. 1966, 25.

**EY-061:023** *Byrgisklöpp* tóft smalakofi



*Smalakofinn, horft til NNW*

65°53.426N 18°19.826V



"Norðurmörk hins forna Haga og hreppamerki móti Vallahreppi ... voru frá Lynglág ... um Vörðuklett á Skriðuhjalla ... [...]. Byrgisklöpp er einn af

Skriðuhjallaklettum sem eru í framhaldi suðaustur af Hrutaklettum" segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Byrgisklöppin er innsta klöppin af Skriðuhjallaklettum um 2,3 km sunnan eða SSA við bæ 061:001.

Ofar er grösugt, þýft svæði þar til kemur að brattri fjallsbrún. Neðar eru hjallar. Byrgið er

ofan á klettabrún, grasi gróið er á toppi hennar.

Tóftin er líklega af smalakofa. Hún er hlaðið úr grjóti og er 2,5 X 1,3 m að stærð. Op er á suðurhlíð hennar. Hleðslur eru mest 0,4 m á hæð. Gott útsýni er úr byrginu yfir hlíðarnar að neðan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 60-61 og 79

**EY-061:024** tóft


65°54.404N 18°20.288V

Tóft er á hæð ofan við efstu tún og um 750 m ofan og utan eða SSV við 061:001. Tóftin er um 50 m norðvestan við stekk 062:017.

Móar eru utan við en tún sem einhvern tíma hafa verið slegin eru innar. Nokkru neðar eru einnig tún.


Tóftin er 10 X 5-6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt en mjög ógreinileg. Vestara hólfíð er skýrara þó að suðurveggur þess sé nærri alveg hruninn. Ekki er op á tóftinni. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni sem er mest 0,3-0,4 m á hæð. 30-40 m innan við tóftina er lítil hæð, þýfð og grasi gróin. Hugsanlegt að þar séu leifar af heystæði en þær eru þó of óljósar til að hægt sé að fullyrða um það.

**Hættumat:** engin hætta



**EY-061:025** tóft smalakofi

65°54.080N 18°19.563V



*Smalakofinn, horft til norðurs*

Um 1 km ofan og innan við bæ 061:001 er smalabyrgi sem Sveinn Jónsson í Kálfskinni hlóð nálægt 1940.

Á hæðinni suðaustan við Vallmóa.

Hæðin var kölluð Smalahæð. Byrgið er á grýttum mel sem vaxinn er mosa og lyngi í hlíðunum.

Kofinn er 1,8 X 2,2 m stór og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn úr grjóti og op er á suðurvegg hans vestast.

Hleðslur eru mest 0,3 m á hæð. Kofinn telst ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna en er byggður í gamalli hefð og því hafður með í fornleifaskrá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 79

**EY-061:026** heimild um túngarð

65°54.713N 18°19.387V

"Vallargarður, með skurði utan við, lá suður skammt neðan við Oddakofa [Ey-061:004] ... Vallargarðurinn (og skurðurinn) myndaði rétt horn við suðausturjaðar túnsins í Syðra-Kálfskinni, en boga suðvestan bæjarins, lá áfram þvert yfir lækinn og út í Bæjargilsbugðuna ofan við nýju fjárhúsin í Ytra-Kálfskinni." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Túngarðurinn lá umhverfis tún í Kálfskinni en hann hefur nú alls staðar verið sléttaður í tún. Óljós hryggur sést þó þar sem garðurinn lá um 20 m neðan við Barðshús 003 og Oddakofa 004, neðan við yngra íbúðarhúsið í Ytra-Kálfskinni. Ólafur Ólavíus getur sérstaklega um túngarð og garðahleðslu í Kálfskinni í ferðabók sinni (1775-1777). Hann minnst á hið meinta leiði Hrækreks konungs og segir í framhaldi af því: "Ef það er rétt hermt, að kotbúskapur hafi þá verið í Kálfskinni, hefur þeim mun betur verið búið þar síðar, og eru túngarðarnir og ýmsir aðrir garðar óræk merki þess. Túngarðarnir eru tveggja faðma breiðir og standa enn alin upp úr jörðu. Má af þessu ráða, að Kálfskinn hefur verið myndarbyli og til fyrirmyndar um jarðyrkju, þótt öll þessi mannvirki séu nú niðurnídd og hluti af túninu vaxin mosa elftingu og öðru illgresi".

Í rennislétu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 11 og Ólafur Ólavíus II, 13

**EY-061:027** tóft stekkur

65°54.303N 18°19.906V





*Stekkjartóftin, horft til NNA*



Stekkur er ofan við Skonsumýri (sem nú er horfin í tún) en fast utan við lækjarsprænu. Tóftin er 650 m SSV við bæ 061:001 og um 40 m ofan við girðingu sem girðir af tún.

Í lítilli lægð milli mela. Umhverfis er grasgefið en víða lyngivaxnar hæðir.

Stekkurinn er 14 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á útvegg nyrðra hólfsins og á milli hólfa tveggja. Nyrðra hólfið er mun stærra eða um 7 X 3-4 m, en innra (syðra) hólfið er um 1 m í þvermál. Tóftin er úr torfi. Vesturhlið

hennar er byggð upp við hæð. Fyrir austan tóftina er lækur. Fjarlægð tóftar frá bæ, lag hennar og staðhættir benda eindregið til að hún hafi verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-061:028** heimild um bænhús

65°54.633N 18°19.451V

Bænhús var á Kálfskinni. KÁLFSKINN Á ÁRSKÓGSSTRÖND (ÁRSKÓGSÞING) (E) - BÆNHÚS

15.3.1434: Jörðin Kálfskinn ... ligr í arskogsþingum

sagdi ... einar [Eiríksson seljandi] ath þar ueri bænhvs skyld ok uere nidr hrapad. skillde magnvs [Jónsson kaupandi] beta up bænhvsid a nefndri iordv ok suara ollvm skylldvm firer a sina penninga en einar kuittr ok vid skilldr; DI IV 537

1487: er uppi DI V 356. Húsið stóð uppi á 15. öld en hefur verið löngu horfið þegar Árni og Páll rita jarðabók sína því ekki er þess getið í henni. Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið var. Jóhannes Óli sem ritaði örnefnaskrá var sannfærður um að Ytri-Kálfskinnsbærinn 061:001 væri sá eldri af bæjunum tveimur og sé það rétt er líklegast að bænhúsið hafi verið í nágrenni hans. Bænhús voru vanalega við hlið bæja eða í næsta nágrenni þeirra. Fast norðan við 061:001 var öskuhæðin 061:010 og svo gil ofan í læk og verður því að teljast líklega að bænhúsið hafi verið sunnan við bæ.

Hnit tekið á mörkum lóðar og malarsléttu sunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## EY-062 Syðra-Kálfskinn

Á Kálfskinn er minnst í Landnámabók. Þar segir að í Kálfskinni hafi búið Grímur nokkur, sonur Helga Narfasonar sem var sonur Narfa Anarnsonar en Arnar var frændi Hámundar heljarskinns, sem fyrstur settist að á þessu svæði. ÍF I, 254-256.

Á bæinn er einnig minnst í Guðmundar sögu dýra en þar átti að hafa búið Ásgerðr um 1190 sem Ingimundr nokkur átti að eiga í sambandi við þrátt fyrir að vera lofaður Þorgerðri Þorgeirsdóttur sem bjó á Brattavöllum. Endaði þetta mál með því að Ingimundur vóg Helga Halldórsson prest í Árskógi og tengdasonur Þorgerðar og flýði síðar með Ásgerði að Reykjahömrum þar sem hann var veginn. Sturlingasaga I, 171-173

**1429** er Kálfskinn talin upp með jörðum sem eiga sókn til Stærra Árskógs. DI, IV, 375

**1434** er Kálfskinns getið í sölubréfi en jörðina (ásamt 15 kúglidum) seldi Einar Eiríksson Magnúsi Jónssyni í skiptum fyrir jörðina Teig í Hrafnagilspingum. Í sölubréfi kemur fram að á bænum væri "bænhvs skyld ok uere nidr hrapad. skilte magnvs beta up bænhvsid a nefndri iord og suara öllvm skylldivm firer a sina penninga..." DI, IV, 537

**1437** má sjá af sölubréfi að Magnús Jónsson hefur þremur árum áður (í fardagavíku) selt Ólafi Eyjólfssyni jörðina Kálfskinn fyrir Bakka í Svarfaðardal. Bakki hefur greinilega verið talsvert dýrari jörð en Kálfskinn og þurfti Magnús því að leggja nokkuð með jörðinni: "skilde þrat nefndur Magnus gefa j mille jardanna olafe viij hundrud ok helgu konu hans x stíkr klædis. skilde optt nefndr Magnus suara laga Riptingum aa kalfskinne en olafr hallda til laga svo breku en magnus halda til laga." DI, IV, 567

**1461** stendur bænhús í Kálfskinni. DI, V, 365

**1501** (29. janúar) er klerkadómur útnefndur af Gottskálf biskupi á Hólum um ákærur séra Eiríks Einarssonar til Símonar Þorsteinssonar um eignarhald á jörðinni Kálfskinn og vangoldna túnd. DI, VII, 545-546.

**1501** (13. maí) dæmir klerkadómur Eiríki Einarssyni jörðina Kálfskinn. DI VII, 557-558

**1520** er Kálfskinn talin upp í Testamenti Gottskalks biskups Nikulásssonar á Hólum. Bærinn er þá eign Hólastóls og metinn á 40 hdr. DI VIII, 729

**1525** er Kálfskinn talin upp sem eign Hólastóls. DI IX, 301

**1629** (17. október) "Ari Arnfinnsson selur, með samþykki konu sinnar, Gróu Jónsdóttur, Halldóri Ólafssyni lögmanni 8 hndr. í Kálfskinni, en þau 8 hndr. hafði Arngrímur gefið Ara á giftingardeggi og Halldór átt veð í. Halldór greiðir hér í mót 9 hndr. og 5 aura í góðum og gildum peningum." Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 221.

**1712** 20 hdr. Kálfskinn taldist þá ein 40 hdr. jörð með tveimur 20 hdr. býlum.

**1712** var Kolbeinstunga eyðihjáleiga.

**1847** er hvort býlið talið 10 hdr. en skv. sóknarlýsingu var Ytra-Kálfskinn stærri jörð eða 12. hdr meðan Syðra-Kálfskinn taldist 10. hdr. Algjör landaskipti hafa ekki farið fram. Bænhús var á Kálfskinni (EY-062:002).

**1913:** Hátún nýbýli á helmingi Syðra-Kálfskinns 1913.

**1917:** 2.3 ha. 1/2 slétt. Garðar 150 m<sup>2</sup>.

**1973:** "Beitiland allgott ..." BE II, 109 "Túnin voru öll uppi á hjallanum, en hafa nú þanist út í allar áttir og niður um mýrar og móa." Ö-Ey I.1, 73

**EY-062:001** *Kálfskinn syðra* bæjarhóll bústaður 65°54.618N 18°19.400V

Bæjarhús standa enn á gamla bæjarhólnum samkvæmt ritinu Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Á Kálfskinni eru nú þrjú íbúðarhús. Það syðsta stendur nokkurn veginn þar sem gamli bærinn á Syðra-Kálfskinni var áður. Gamli bærinn náði þó lengra til vesturs en núverandi íbúðarhús gerir.

Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á þessum stað en íbúðarhúsið stendur á mjög lágrri hæð sem er vart merkjanleg nema til austurs og norðurs. Erfitt er því að meta stærð bæjarhóls en hann er þó gróflega um 45 m á lengd (norður-suður) en um 35 m á breidd (austur-vestur). Það íbúðarhús sem nú er á hólnum er ekki með kjallara en jarðhæð er lítillaga niðurgrafin. Líkur eru því á að mannvistarleifar geti að hluta reynst óskemmdar í hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Ey I.1, 73

**EY-062:002** frásögn legstaður



*Þústirnar eru fyrir miðri mynd, horft til NNW*

**Hættumat:** engin hætta

**EY-062:003** Hrærekshóll dys legstaður



*Minnismerki um Hrærek konung á Hrærekshól, horft til norðurs*

65°54.262N 18°19.145V

Sveinn Jónsson í Kálfskinni benti á nokkrar lágar þústir á Reiðmel, innst í landi Kálfskinns sem hugsanleg kuml. Um er að ræða nokkrar hæðir, sem eru flestar nálega 2 m í þvermál og snúa ýmist norður-suður eða austur-vestur. Grasi vaxinn melur. Fagurgrænar og grónar þústir sem skera sig úr landslaginu. Svipaðar hæðir eru einnig innar en þær eru þó berar með nokkrum mjög stórum steinum á. Ein slík hæð er ofar vegar nokkrar neðar slóðans og þar fannst ein hrosstönn við skráningu. Ekki er vitað til að mannabein hafi komið upp á þessum stað.

65°54.738N 18°20.067V

"... Hrærekshóll ... er ofarlega í suðurbrún Ytribrekkna. Hóll þessi er greinilegt mannaverk. Hann er friðaður, enda fullvíst talið, að þar í séu fólgin bein norska fylkiskonungsins, Hræreks blinda, sem dó að Kálfskinni, samkvæmt frásögn Heimskringlu Snorra. Þessi hóll var nefndur Hæringshóll um síðustu aldamót, og þar til er Jósteyn Jónsson (fyrsti bóndi að Hátúni), breytti nafni hans, samkvæmt öruggum heimildum, fyrst þeim er ofan greinir, en í annan stað með hliðsjón af munnmælum í sveitinni, sem fullyrtu að þarna væri heygður einhver Hæringskonungur. Lítillega var grafið í hólinn um 1918, og

fundust þá grjóthleðslur, hringlagaðar, en þetta var ekki kannað frekar." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Hóllinn er um 350 m ofan við þjóðveg, ríflega 100 m innan við (austan) merki við Stærta-Árskóg. Hann er 500-550 m utan við Kálfskinnbæina (001 og 061:001).

Umhverfis eru sléttuð tún. Hrærekshóll er melur með nokkru stórgrýti en þó að töluverðu leyti grasi gróinn. Á honum er minnismerki um þann sem í hólum á að hvíla. Á því stendur:

"Hér er talið að Hærekur konungur Dagsson frá Heiðmörk í Noregi sé grafinn. Dáinn að Kálfskinni um 1022. Steininn reisti Lionskl. Hærekur 1976. " Um 2-3 m neðan við minnismerkið er djúp dokk í hólinn þar sem greinilega hefur verið grafið í hann. Dokkin er um 0,8 m á dýpt en um 1 m í þvermál í botninn en víkkar upp og er við efri brún um 8 m í þvermál. Þessi hluti hólsins er langmest gróinn.

Í Frásögnum af fornaldarleifum er eftirfarandi lýsing: "Á Haustum, Vetrum og Vorum bannar Fannfergja og Klaki í Jördunni þvilíkar Athafnir, enn á Sumrum, sem skjaldnast er að reikna hér meir enn 10 til 12 Vikur, eru Menn mjög svo alskins Önnum kafnir vid bjargræðis Utvegu sína...bæði til sjós og lands...að nálega er ómögulegt nockrum ödrum Hlutum at sinna edur hafast ad. Hér fyrirutann eldir ennú eptir af gamalli Híátrú og Hégiljum hiá Bændum, ad þeir trúá sér standa muni Slis og Óhamíngia af, ef þeir ónáði daudra Manna Legstadi, grafi upp Hauga þeirra, og hefi Fé brott þaðann; trúá þeir ad Fé þessu fylgi Álög og gamall Forneskju Kraptur, sem spylli Hamíngiu, því þeir hafa fyrri satt, ad þegar Menn hafi ádr í Hauga grafid, hafi þeir trylltir vordid af ýmsum Ofsionum, þeim hafi sýnst Hýbýli sín standa í líosum Loga, Haugbúar byrtast þeim í Svefni, og heitast

við þá, að skila aptur því rænta Fé, með fleyru þesskonar, sem uppæstir Innbirlíngar Kraptur af Ædru og Híátrú hefur smíðad og giört sér í Hugarlund." Friðlýstar minjar. 1821: "Haug edur Leidi Hræreks Konúngs; ... Hrærekr andadist á Kálfskinni, og er heygdur nordvestr ei allskamt frá Túninu á Holtti nokkru er þar verður á svoköllumum Kálfskinnsbreckum. Haugur hans er að kríngmáli (.Peripherie.) 55 Alnir Danskar, enn að þvermáli yfir midja Dysina 17 álnir - / Grafid hefur verid í hauginn fyrir nokkrum árum síðan frá Toppi hans niður að Hellunni, komust þeir er grófu ei lengra, og hættu við svobúit, nenntu ecki helldur síðan að hverfa aptur til Haugsins, til að hallda áfram Verkinu; sökum þess, að alls eingin Fjárvon sýndist við að uppróta Haugi þessum, þarsem Hrærekr lifdi á efstu Árum sínum og dó við mestu Fátækt og Volædi, hafa eingvir viljad til verda síðan í Haugin að grafa, nema ef vera skyldi fyri full Daglaun ..." FF II, 541-42 Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar 1839 er einnig minnst á hauginn: "Einn haugur er hér nálægt Ytra-Kálfskinni, eftir Hrærek kóng, hingað fluttan að forlagi Ólafs konungs helga. Er laut ofan í hauginn, og lítur svo út, sem einhvern tíma hafi verið í grafið." segir Heimskringluútgáfur líkl. eiga hlut að sagnamyndun um hauginn.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Árs, 12; Kaalund II, 103; FF, 541, KK III, 78 SSE, 101 og Friðlýsingaskrá, 48.

**EY-062:004 Selárbakkagrafir** náma mógrafir 65°54.990N 18°19.117V

"Stóripollur ... skoðast sem horn láglandisfláka frá Kálfskinni, sem 'skorinn' var í fimm spildur norður-suður. Nú tilheyra þær Hátúni og Selárbakka og heita Selárbakkaspildur tvær þeirra og enn fremur Grafa(r)spilda þar sem Selbekkingar stungu upp mikinn svörð í Ytri- og Syðri-Selárbakkagröfum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Selárbakkagrafir voru fast ofan (suðvestan) við merkjalækinn. Þær voru á spildu í Kálfskinnslandi sem Selárbakki átti. Grafirnar eru um 700 m NNA við bæ 001.

Nú eru grafirnar á kafi í grasi og ógreinilegar.

Enn má óljóst sjá móta fyrir gröfunum. Þegar þær voru skráðar um miðjan september voru þær á kafi í grasi og því fremur ógreinilegar. Þær hafa líklega verið um 150 X 80 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 72

**EY-062:005 Syðri-Votiklettur** heimild um huldufólksbústað 65°54.832N 18°19.933V

"Í Syðri-Votakletti var talið að huldufólk byggi. Austan í honum er skápur nauðalíkur bæjardyrum. Þar er Votaklettslind skammt sunnan við (bæjarlækur huldufólksins!)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Syðri-Votiklettur er um 80 m innan við merki við Stærri-Árskóg en um 150 m ofan við Þjóðveg.

Ofan við eru sléttuð tún, niður af klettunum er þverhnipt niður að rennisléttum túnnum sem ná að Þjóðvegi. Klettahryggur framan í hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 72-73

**EY-062:006 Gerðishús** þúst fjárhús 65°54.697N 18°19.566V


"Hátúnshúsið [b. 1959] er á Beinrófugerði." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir um sama stað: "Nýreist íbúðarhús [Hátúns], svo og fjós og hlaða, stendur þar sem heitir Beinrófa eða Beinrófugerði, venjulega kallað á Gerðunum. Þar voru fjárhús, sem hétu Gerðishús." Gerðishús voru þar sem eldra fjós og hlaða eru enn 80-90 m neðan við (norðan við) Hátúnshúsið 009. Við hliðina á fjósinu en neðan við íbúðarhúsið er grasflöt. Á henni eru ógreinilegar dældir líkt og þar hafi áður staðið hús. Er líklegast að Gerðishús hafi áður verið á þessum stað.

Sléttuð tún.

Dældirnar ná yfir svæði sem er 12 X 7 m stórt. Hún hefur snúið norður-suður og enn má óljóst sjá móta fyrir 2 hölfum í þústinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 73; Ö-Árs, 10;



**EY-062:007 Leikhóll** heimild um leikvöll 65°54.690N 18°19.673V

"Leikhóll stendur en upp úr túninu utan við Hátún." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar er einnig getið um Leikhól: "Rétt utan við gamla túnið í Hátúni og út og upp frá Beinrófu er melhóll, sem nú er orðinn langt inni í túni. Hann var ýmist nefndur Litlihóll eða Leikhóll, því að þar var leikstaður barna." Leikhóll var um 100 m utan við gamla bæinn í Hátúni 009. Hann er nú í túni þó enn megi greina hæð í túninu þar sem hann var.

Sléttuð hæð í túni, mjög lág og lítt áberandi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 73; Ö-Árs, 12

**EY-062:008** tóftir

65°54.298N 18°19.339V



*Tóftirnar, horft til NNV*



Um 600 m SSA (ofan og innan) við bæ 001 eru signar og fornlegar tóftir, um 30 m neðan (norðan) við völdugan rafmagnslínustaur og 5 m neðan við Reiðgötturnar í Reiðmel 014.

Þýfður melur, vaxinn lyngi og grasi.

Á svæðinu eru tvær tóftir. Sú vestari (A) er vaxin grasi og veggir hennar eru nær alveg útflattir og signir. Hún er 13 X 13 m að stærð og er tvískipt. Inngangur á stærra hólfið (það nyrðra) er vestast á norðurhlið. Það er 7 X 4-5 m á stærð og snýr austur-vestur. Sunnar er lítið hólfið (3 X 3 m) en ekki er op á því. Tóftin er alveg hlaðin úr torfi. Um 20 m innan við A er gerði (B). Það er lyngi vaxið og orðið mjög sigið, hlaupið í þúfur og óljóst. Það er skemmt

að norðan vegna vegarslóða sem þarna liggur um. Umhverfis er annars mói og er gerðið næstum því alveg horfið í hann. Það sést þó enn móta fyrir því og er það um 20 X 13 m

stórt austur-

vestur. Breidd veggja er 1,5 m og það er mest 0,3 m á hæð. Vegarslóðinn hefur skemmt um 10 m kafla af gerðinu. Ekki er víst að tóftir A og B séu endilega í tengslum við hvor aðra. Þær eru ólíkar í útliti en gæti þar spilað stóran þátt að þær eru í mismunandi gróðurlendi, vestari tóftin A er grasi gróin en B lyngivaxin og hlaupin í þúfur. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu, þeirra er ekki getið í örnefnaskrá og voru ekki þekktar áður. Líklega hafa þær þó verið einhvers konar aðhald, e.t.v. stekkur og lítil fjárgirðing/rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-062:009** Hátún hús býli

65°54.652N 18°19.574V



*Hátún, horft til norðausturs*

"Hátún (reist 1914) stendur í norðvesturjaðri gamla túnsins en þar voru þá fjárhús." segir í örnefnalýsingu Árskógsstrandar. Bæjarinn er einnig getið í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu: "Í Hátúni stendur enn [1982] gamalt "framhús" þ.e. torfhús með timburþili á einni hlið og torfþaki, hið eina sinnar gerðar á könnunarsvæðinu, og mun vera haldið við sem geymsluhúsi". Í greininni Heyrt og séð á Hræksströnd sem birtist í Súlum árið 1974 eftir Jóhannes Óla Sæmundsson kemur fram að 1920 hefur fjárhúshlaða og fjárhús verið byggt við bæinn og innangenget var úr fjárhúsi yfir í fjós sem var í kjallara íbúðarhússins. Í hinum hluta kjallarans var eldhúsið. Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1917 og hefur þá verið tiltölulega nýreistur. Hann stendur enn þó að nú sé búið í nýrra íbúðarhúsi á Hátúni um 80 m utan og neðan við gamla bæinn. Gamla íbúðarhúsið er byggt úr torfi og grjóti í bland við timbur og steypu. Það var klætt bárujarni að stórum hluta.

Engin merki fjárhúsa sjást enda bærinn byggður á sama stað.

Húsið er að miklu leyti úr timbri, einangrað með torfi og á því er timbur framport/inngangur. Húsið er um 9 m á lengd en 5-6 m á breidd. Það stendur undir þaki og er notað sem geymsla. Stæðilegar torf- (klömbruhnaus) og

grjóthleðslur sjást hér og þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 10; Vesturströnd Eyjafjarðar, 188, Heyrt og séð á Hræks-strönd, 224 og Túnakort 1917 (Hátúns)

**EY-062:010** *Réttin* heimild um vörslugarð 65°54.592N 18°19.183V

"Suðaustan við túnin sást lengi fyrir mörgum garðhleðslum, er nefndar voru ýmist Réttin eða Náthaginn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Réttarinnar er einnig getið í örnefnaskrá Árskógsstrandar: "... suðaustur frá túnhorni, neðan við holtahrygg voru girðingar fornar, sem hétu Réttin. Þar mun hafa verið náthagi, enda víðáttumeira en nokkur fjárrétt." Réttin var um 130 m austan (innar og neðan) við 162:001, þar sem nú eru tún.

Nokkuð "hæðótt" tún innan við bæina í Kálfskinni, í aflíðandi halla til norðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 74; Ö-Árs, 11

**EY-062:011** heimild um útihús 65°54.671N 18°19.603V

"Nafnlausar tóftir mikilla peningshúsa voru á miðjum velli vestan fjárhúsa (þar sem nú er ný og vörpuleg hlöðubygging) í Hátúni, en bæði tóftir þessar og tvenn fjárhús (þar sem nýja hlaðan er og nýja íbúðarhúsið) voru í túni syðra bæjarins, sem til hálfis var norðan við tún ytri bæjarins." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Húsin eru merkt inn á túnakort Hátúns frá 1917. Þau voru um 40 m NNV við gamla bæinn í Hátúni 009 en 30-40 m ofan við núverandi íbúðarhús.

Sléttuð grasflöt milli gamla bæjarins og þess nýja. Snúrastaumar eru nálega þar sem húsið var.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76; Túnakort 1917 (Hátúns)

**EY-062:012** *Kvíaból* heimild um kvíar 65°54.588N 18°19.722V

"Vestan vallargarðs og nokkrum föðmum utan við hliðið var Kvíabólið, enda Kvíhóllinn þar rétt ofan við. Norðurveggur kvíanna var merki milli túna og lá línar þvert austur í stefnu á Öskubrekku 061:010 ... Kvíhóllinn skiptist um Kvíhólslæg í Ytri- og Syðri-Kvíhól. Er sá ytri miklu lengri og nær langleiðina að hólí Hræks konungs á Ytri Brekkum 062:003" segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Samkvæmt örnefnaskrá Árskógsstrandar eru kvíarnar "... nú löngu horfnar." Þær voru um 240 m ofan við bæ (og aðeins utar -VSV) 001 og um 150 m utan við læk sem nú er á merkjum milli Kálfskinns og Hátúns.

Kvíarnar voru norðan undir myndarlegum hólí, Kvíhólí. Þar eru nú sléttuð tún og engin ummerki um kvíarnar greinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76; Ö-Árs, 10

**EY-062:013** *Kvíhólsvað* heimild um vað 65°54.505N 18°19.701V

"Af Syðra-Kvíhólí [sbr. 012] liggur [Gamlivegur] um Kvíhólsvað á Kálfskinnslæg ytri, öðru nafni Skonsumýrarlæg, yfir Bæjarlækjargilið bak við Kolbeinstunguhól." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Lágir bakkar liggja að Kálfskinnslæg ytri innan við Kolbeinstunguhól.

Kálfskinnslægur er lítill og þægilegur yfirferðar. Hæðir liggja upp úr honum á báða vegu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76; Ö-Árs, 10

**EY-062:014** *Gamlivegur* vegur leið 65°54.342N 18°19.535V


"Bak við [Hrærekshól 003] er Broksund og eftir því liggur Gamlivegur, sem var þjóðvegur til ársins 1935. Af Syðra-Kvíhólí [sbr. 012] liggur hann um Kvíhólsvað [013] á Kálfskinnslæg ytri, öðru nafni Skonsumýrarlæg, yfir Bæjarlækjargilið bak við Kolbeinstunguhól. Þessi vegur hefur einhvern tíma verið myndarlega upphlaðinn á kaflanum suður að Reiðmel, en lítið malarborinn. Lá svo vegurinn eftir Reiðmel endilöngum, neðan við Náthagasund og Náthagatjörn, allt að Merkjalæk í Merkisgili." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Vegarinn er einnig getið í örnefnaskrá Árskógsstrandar, en þar segir: "Vegurinn liggur eftir Reiðmel, sem nær milli Kálfskinnslægjar og Merkjalækjar, um Merkislækjarvað á syðri læknum en Reiðmelsvað á þeim ytri." Gamlivegur er enn greinilegur á kafla. Í Reiðmel sem er um 550 m ofan við Kálfskinnsbæina (001 og 162:001) má sjá fyrir veginum sem e.k. skorning í melnum.

Hluti af því svæði sem vegurinn hefur legið um hefur verið umturnað, t.d. sléttað í tún. Hann má þó sjá á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76; sbr. Ö-Árs, 10, 13

**EY-062:015** *Náthagi* garðlag vörslugarður 65°54.334N 18°19.643V



"Við ytri enda [Brattahjalla] er Náthaginn út að læknum. Yfir Náthaga liggja Kúagötur upp Vallmósbrekku, yfir Vallmóinn, upp Selbreyku ..." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "Ofan við [Reiðmel] er Náthagi og Náthagamýri yzt. Sér þar fyrir gömlum girðingum." Náthagi er um 550 m ofan (SSV) við bæ 001. Hann er fast innan (austan) við læk sem nú er á merkjum Hátúns og Kálfskinns, beint ofan við Reiðmel.

Tún hafa verið gerð á þessum slóðum og skurðir grafnir.




Tóftin í náthaganum, horft til suðausturs

Hluti náthagans sést enn. Garðhleðsla liggur innarlega (austarlega), nálæga samsíða uppmokstri frá skurði. Garðurinn liggur í 60-70 m en beygir svo upp hlíðina og liggur í aðra 60-70 m áður en hann verður mjög óskýr. Garðlagið má þó rekja enn lengra, eða í um 50 m til norðurs (niður) beygju, næstum alla leið að völdugri rafmagnslínu sem liggur yfir Reiðmel. Nálægt norðurenda garðlagsins er lítil, sambyggt tóft við það. Hún er um 40 m suðaustan (innar og ofar) en stór rafmagnslínustaur í Reiðmel. Tóftin er tvískipt og líkist stekki, er 8 X 3 m á stærð og eru op á austur- og vesturvegg auk þess sem op eru á milli hólfa. Tóftin er hlaðin úr torfi, er mest 0,2 m á hæð og snýr austur-vestur. Vörslugarðurinn myndar suðurhlíð hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 76-77; sbr. Ö-Árs, 13

**EY-062:016** náma mógrafir



65°54.474N 18°19.770V

"Svarðargrafir Syðra Kálfskinns, síðar Hátúns eru utan við Skonsulækinn, sem nú er í framræsluskurði." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "Syðra-Kálfskinnsgrafir eru í [Svarðarmóum] og upp frá þeim Skonsumýri.". Svarðargrafirnar eru 400-450 m ofan við bæ 001, utan við Skonsulæk. Þær eru enn greinilegar þó að þær séu að mestu horfnar í skurði. Umhverfis grafirnar eru tún.

Enn má sjá fyrir ystu gröfunum af þremur. Þær eru þríhyrningslaga og eru um 40-50 m á kant. Þær eru

þurrar og alveg grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 78; sbr. Ö-Árs, 12

**EY-062:017** Syðra-Kálfskinnsstekkur tóftir + garðlag stekkur

65°54.373N 18°20.204V



Tóftirnar, horft til norðausturs

"Syðst á [Stekkjaholti] var Syðra-Kálfskinnsstekkur." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Stekkurinn er um 750 m SSV (ofan og utan) við bæ 001. Hann er ofan við efstu tún en neðan við Gildruhóla (061:017) og lyngivaxinnar fjallshlíðar.

Grasflötur milli túna og fjallshlíðar, fast neðan við neðri tóftina af stekkjartóftunum tveimur, er skurður sem lækur rennur eftir og hefur hann aðeins skemmt hana. Umhverfis er grasi vaxið og eru tóftirnar sjálfar á kafi í grasi.

Skurður hefur skemmt norðurenda neðri

tóftarinnar (A). Hún snýr norður-suður og er samtals 12-14 X 5 m á stærð. Hún skiptist upp í þrjú hólf og er það syðsta langskýrast. Ekki er op á nyrsta hólfinu (því skemmda) en op er nyrst á austurvegg miðjuhólfsins og á miðjum suðurvegg þess syðsta. Tóftin er alveg hlaðin úr torfi. Hún er fremur óskýr. 7-8 m sunnan við A er garðlag sem liggur austur-vestur og er samtals rúmlega 50 m langt en fjarar út nálægt skurði til austurs. Upp við þetta garðlag, sunnan þess og um 8-9 m suðvestan við A er tóft (B) sambyggð garðlaginu. Tóftin er 12 X 5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tví- eða þrískipt. Stærst er austara hólfid (um 7 X 3 m) sem snýr austur-vestur og er op á miðjum austurvegg þess. Vestar er lítið hólf (3-4 X 1,5 m) sem snýr norður-suður og er opið til suðurs. Svo virðist sem þessu hólfu hafi jafnvel verið skipt upp í tvennt með litlum veggjarstúf í miðjunni. Op hefur verið milli þessara hólfu austast. Öll er tóftin hlaðin úr torfi. Dæld gengur frá suðurvegg hennar austast. Hún er um 4 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 80; sbr. Ö-Árs, 12

**EY-062:018** tóft heygarður


Um 100 m suðaustan við tóftir 008 og 5 m ofan við vegarslóða í Reiðmel er lítil tóft, líklega af heystæði. Hún er um 10-20 m neðan við raflínu.

Litlu ofar er grasgefin mýri.

Tóftin er 4 X 3 m að stærð, og snýr austur-vestur. Hún er vaxin grasi. Tóftin stendur fremur hátt en innveggir eru ógreinilegir. Hæð frá ytri veggjabrún er og niður er hins vegar 0,6 m. Staðsetning tóftarinnar og útlit bendir helst til að hún hafi verið heystæði.


**Hættumat:** engin hætta

65°54.263N 18°20.234V





## Selárbakki - túnakort 1917



## EY-063 Selárbakki

**1318** er fyrst minnst á Selárbakka í Íslensku fornbréfasafni. Þá er minnst á bæinn í kaupbréfi en þá keyptu Ólafur Sigurðsson og Jórunn Brynjólfsdóttir jörðina á 10 hdr. DI IV, 13.

**1429** er Selárbakki talinn upp með jörðum sem eiga sókn til Stærri Árskógs. DI, IV, 375.

**1712** 20 hdr í JÁM

**1917:** 4.7 ha. 4/5 slétt. Garðar 800 m<sup>2</sup>. 1973: "Beitiland aðallega til fjallsins." BE II, 110

**1990:** "Túnin eru umhverfis bæinn sunnan [Selárgils] og niður á sjávarbakkann og töluvert hefur verið ræktað ofan vegar." BE 1990, 310.

Tvær engjaspildur úr Syðra-Kálfskinnslandi hafa verið keyptar undir Selárbakka á þessari öld.

### EY-063:001 Selárbakki bæjarhóll bústaður

65°54.854N 18°18.184V

Gamli bærinn á Selárbakka stóð nálega þar sem íbúðarhúsið á Selárbakka stendur nú. Framhús gamla bæjarins var rífið þegar íbúðarhúsið sem nú stendur var byggt en torfbærinn var vestan við (á bak við) framhúsið og stóð hann eitthvað lengur.

Nú er forskalað íbúðarhús úr timbri með steinsteyptum kjallara þar sem gamli bærinn var áður. Búskap var hætt á Selárbakka undir lok 20. aldar en tún eru enn slegin (2003).

Varla er hægt að tala um bæjarhól á þessum stað þó enn megi greina lága hæð í kringum íbúðarhúsið. Hún er um 35 X 35 m að stærð en hvergi hærra en 0,3 m. Nokkrar ójöfnur eru í hæðinni vestan við íbúðarhúsið. Áföst við gamla bæinn var skemma þar sem eldiviður var geymdur. Einnig var sambyggt fjós og hlaða, nefnd Litla-Hlaða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-063:002 heimild um fjárhús

65°54.862N 18°18.319V

Um 100 m VNV (ofar og utan) við gamla bæinn 001 voru fjárhús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Fjárhúsin voru rifin á bilinu 1990-2000.

Þetta svæði var mjög mishæðótt og einu nafni var það nefnt Hólarnir. Nú er það alveg sléttað en þó er hæðarhryggur þar sem fjárhúsin voru. Á honum var innst stór hlaða, því næst skemma og fjárhúsin yst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-063:003 heimild um fjárhús

65°54.869N 18°18.333V

Rúmum 110 m VNV (utan og ofan) við gamla bæinn 001 og um 15 m norðvestan við fjárhús 002 voru áður fjárhús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917.

Þetta svæði var mikið hólasvæði og einu nafni var það nefnt Hólarnir. Nú er það alveg sléttað en þó er hæðarhryggur í túninu greinilegur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-063:004 Selhjalli frásögn sel

65°54.100N 18°18.922V

"Á Selhjallanum (Miðhjalla) er Selmýri þvert yfir Selárbakkaspilduna og lengra á báða bóga. Selmýrarlaut, neðan við Selhjallann, er á merkjunum." segir í örnefnalýsingu Árskógsstrandar. Selhjalli og Selmýrarlaut eru kennd við tvö sel í landi Kálfskinns. Margrét Valtýsdóttir mundi hins vegar eftir óljósum tóftum í neðan við Selhjallann í Selmýrarlaut. Gengið var um lautina en engar tóftir sjást þar nú. Ekki er víst að nokkurn tíma hafi þó verið seltóftir á þessum stað í landi Selárbakka.

Lyngivaxin laut, ber melur er fremst í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Árs, 8 sbr. Ö-Ey I.1, 69

**EY-063:005** *Reiðgötumelur* garðlag leið 65°54.720N 18°18.633V  
"...Reiðgötumelur [er] suður frá Merkjalækjarvaði á gamla þjóðveginum, sem var bílvegur á árunum 1930-35 (rudd slóð með fáeinum upphleyptum vegarspottum)." segir í örnefnaskrá. Gatan lá til NNV að Merkjalæk og þar yfir hann á Merkjalækjarvaði 006 og áfram til NNV að Kálfskinni.

Nú eru að hluta tún og þjóðvegur á þessum slóðum.

Gatan er að mestu leyti horfin en þó má greina hana á stuttum köflum, t.d. neðan við þjóðveg, nálega þar sem slóðinn fór yfir ána.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 69

**EY-063:006** *Merkjalækjarvað* heimild um vað 65°54.722N 18°18.633V  
"...Reiðgötumelur [er] suður frá Merkjalækjarvaði á gamla þjóðveginum, sem var bílvegur á árunum 1930-35 (rudd slóð með fáeinum upphleyptum vegarspottum)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Merkjalækjarvað var á Merkjalæknum, fast sunnan við þar sem þjóðvegur liggur nú yfir lækinn.

Malbikaður þjóðvegur er nú á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 69

**EY-063:007** *Messugötur* heimild um leið 65°54.845N 18°18.352V  
"Lítið sést nú eftir af Messugötunum, sem lágu vestur frá túnhliði um holtið upp að Stóralækjarvaði sem er mjög niðurgrafið." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Messugötur lágu að Stærri-Árskógi, út um túnhliðið á túngarði 015. Ekki er vitað nákvæmlega hvar göturnar lágu og engin ummerki sjást nú um þær.

Sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 69-70

**EY-063:008** *Fjósvellur* örnefni fjós 65°54.818N 18°18.084V  
"Þar sem fjárhúsin standa heitir Hólar, Dagsláttá sunnar og Fjósvellur sunnan lækjarins (sem nú er horfinn)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Fjósvellur er tæpum 100 m innan við bæ og aðeins neðar, fast innan (sunnan) við lítið árgil. Nú hefur verið fyllt upp í gilið að mestu leyti þó enn megi sjá dæld þar sem það var. Margrét Valtýsdóttir segir örnefnið fornt en hún man ekki eftir fjósið eða tóft á þessum slóðum. Elsta fjós sem Margrét man eftir var sambyggt gamla bænum (sjá 001).

Sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 70

**EY-063:009** heimild um sjóbúð 65°55.044N 18°18.224V

"Suðurbrún

[Selár]gilsins hallar skarpt fram á Barðsnef. Var beitingakofi grafinn þar inn í bakkann."


segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu.

Beitingarkofinn sést enn sem dæld í

barðsnefið. Hann er norðaustast á nefinu og nokkuð bratt er niður af honum, bæði til norðurs og austurs.

Umhverfis (að sunnan og vestan) er grasi vaxinn bakki sem hallar til austurs en þverhnipt brekka er til norðurs og austurs niður í tjörn. Beint fram af sjóbúðinni er kletturinn Hleinn í sjónum sem er nú töluvert minna reisulegur en hann var áður fyrir.

Húsið er niðurgrafið og úr botni þess og upp á brún sunnan megin eru rúmir 2 m. Hlaðið hefur verið fyrir norðurhliðina eða jafnvel bara hrúgað upp uppkasti úr tóftinni en þar er hæð frá botni 1 m. Stærð er rúmir 2 x 2 m.



*Sjóbúðin, horft til norðausturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 70

**EY-063:010** heimild um hjall 65°55.039N 18°18.237V  
"Á Barðinu stóð hjallur einn mikill hlaðinn úr torfi, en á Barðsnefi var línustag ... Hjallurinn uppi á Barðinu var hákarlshjallur meðan þær veiðar voru stundaðar." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Ekki sjást nú merki um fleiri tóftir í Barðinu en 009 og ekki man Margrét Valtýsdóttir eftir hjallinum. Nokkrar dældir eru í bakkanum rétt ofan við sjóbúð 009 og hugsanlegt að hjallurinn hafi verið á þessum slóðum, þó ekki verði um það fullyrt. Ekki er ólíklegt að hjallurinn hafi verið úr timbri. Umhverfis (að sunnan og vestan) er grasi vaxinn bakki sem hallar til austurs en þverhnipt brekka er til norðurs og austurs niður í tjörn. Beint fram af sjóbúðinni er kletturinn Hleinn í sjónum sem er nú töluvert minna reisulegur en hann var áður fyrr.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Árs, 8

**EY-063:011** *Ískofinn* heimild um íshús 65°55.041N 18°18.287V  
"Ískofinn stóð á árbakkanum við Gilfossinn ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Íshúsið var ofan við Gilfossinn, sunnan við Selá, en ummerki þess eru nú horfin. Grasi vaxinn árbakki milli Selár og barðsins sem er sunnar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 70

**EY-063:012** heimild um skemmu 65°55.057N 18°18.262V  
"Ískofinn [012] stóð á árbakkanum við Gilfossinn og dálítið geymsluhús var austur undir fjörुकambinum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Skemman var rétt neðan við Gilfossinn, alveg við Selána. Engin ummerki sjást nú um hana en hún var fast ofan við fjöruna. Grasi gróin slétta í halla að fjöru. Afi Margrétar Valtýsdóttur, Jóhann Magnússon (f. 1857) byggði skemmuna og saltaði í henni fisk.  
**Hættumat:** hætta, vegna rofs  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 70

**EY-063:013** *Selárbakkalending* heimild um lendingu 65°55.062N 18°18.212V  
"... aldrei hefur neitt verið gert fyrir Selárbakkalendingu og verður kannski ekki. Tveimur og jafnvel þremur árabátum var stundum róíð þaðan. Sunnan til við lendinguna er Básinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Lendingin var á milli Selár og Bássins, þar sem er lítil vík. Sunnan Selár er Selárbakkaland en norðar Selárland. Lítil, smágrýtt fjara. Ruddur vegslóði liggur upp úr fjörunni á þessum stað. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1714 segir: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda."  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 70 og JÁM X, 110

**EY-063:014** heimild um uppsátur 65°55.063N 18°18.256V  
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1714 segir: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda." Lending Selárbakkamanna hefur lengi verið í fjörunni sunnan Selár en norðan báss. Engin merki sjást um skipsuppsátur þar ofan við en þar er grasi vaxinn árdalur. Upp á barðinu, ofan við fjöruna voru hjallar og sjóbúð.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** JÁM X, 110

**EY-063:015** frásögn túngarður 65°54.844N 18°18.352V  
Margrét Valtýsdóttir man eftir torfhlöðnum túngarði um túnin á Selárbakka. Hann hefur nú verið sléttaður í tún ofan við hlöðu/skemmu þar sem hann sást lengi. Engin ummerki sjást því um garðinn í dag. Í sléttuðu túni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-063:016** hús 65°54.856N 18°18.318V  
Um 20 m utan við stóra hlöðu/skemmu sem nú stendur á Selárbakka er torfbygging undir þaki. Hún virðist fremur nýleg, hugsanlega kartöflugeymsla eða annað slíkt. Í sléttuðu túni. Kofinn er grasi gróinn og ekkert timbur er að finna í honum nema dyraumbúnað. Hann er 6 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Fast austan við hann er rabbabarabeð.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-063:017** frásögn af tóftum

65°54.524N 18°18.480V

Óskar Harðarson ruddi síðla á 20. öld út 1-2 tóftum sem voru um 650 m suðvestan við bæ 001.

Tóftirnar voru byggðar austan í mel, fast innan við merkjalæk, ofan við rennislett og fagurgræn tún. Þessi blettur milli túna og mela er á kafi í háu grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-063:018** *Gíslapollur* þjóðsaga

65°54.257N 18°18.573V

"Utarlega í [Götumýri] eru Jónspyttir og út á merkjunum hinn frægi Gíslapyttur, sem sagður er botnlaus og þjóðsagan fullyrðir að sé í beinu sambandi við sjóinn, samanber eftirfarandi sögu: Maður nokkur að nafni Gísli var ríðandi á ferð um svellaða Götumýrina, fór ekki gætilega, svo að út í pollinn lentu báðir, hestur og maður. Ekki nóg með það, heldur gleypiti pytturinn þá með húð og hári. Nokkru síðar fundust þeir þó sjóreknir við Kambhólslaut sunnar á Galmaströndinni. Lék þá enginn vafi á, að samgangur væri milli pollsins í Götumýri og sjávar! Síðar loðir nafn þessa manns við pollinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gíslapollur er um 60 m utan við merki Götu og Selárbakka. Hann er um 30 m neðan við lyngivaxna hlíð í sléttlendi um 650 m ofan þjóðveggar. Pollurinn er gruggugur og víðast um 0,8 m á dýpt. Bakkar hans eru vaxnir sefgresi. Pollurinn hefur verið girtur af til að forðast að skepnur fari sér að voða í honum. Pollurinn er sporöskjulaga og um 6-7 X 5 m að stærð.



*Gíslapollur, horft til NNA*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 64-65 og Grímu V, 109

**EY-063:019** *Gíslapollshólar* þjóðsaga huldufólksbústaður

65°54.194N 18°18.639V

"Gíslapollshólar eru melhólar vestan við Götumýri, aðliggjandi pollinum. Þar var talin huldufólks eða álfabyggð samkvæmt sögunni Klútarnir á Hillunum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hólarnir eru vestan við Gíslapoll 018 og mýrina.

Grasi og lyngivaxin, aflíðandi hlíð tekur við ofan við mýrina og heita hólar neðarlega í hlíðinni Gíslapollshólar.


"Vinnuhjú á Ytri-Haga rugluðu saman reitum sínum og ákváðu að reisa sér bú á litla kotinu Götu. Þegar kærastinn á ferð sinni til Akureyrar að sækja föng til veislunnar fór um Tóftarhjallaklauf, sá hann þar breidda á klett ljómandi fallega klúta og hirti hann einn þeirra til að gefa konuefninu. Um nóttina gisti maðurinn á Dagverðareyri og dreymdi þá konu, sem skipaði honum að skila klútnum þegar hann gengi fram hjá Klútakletti (svo nefndur hér) á heimleiðinni, annars muni hann illt af hljóta. Ekki varð hann við þessum tilmælum og gaf konuefni sínu klútinn. Skömmu eftir brúðkaupið dreymdi manninn öðru sinni sömu konuna, sem gaf honum aftur kost á því að skila klútnum, en ekki varð af því að heldur. Að áliðnum vetri tók manninn að verkja í annan handlegginn og nokkru síðar lagðist hann sárþjáður í rúmið og dó drottni sínum áður en þau hjón hugðust flytja að Götu. Eigi að síður fluttist ekkjan á jarðnæðið með systur sína og smalapilt einan hjúa. Birtist þá huldukonan ekkjunni og heimaði enn klútinn, en án árangurs. Leið svo fram til næsta hausts. Þá var það að systirin hrasaði út í Gíslapoll og komst ekki úr, fyrr en ókunnug kona birtist og bauð henni aðstoð sína, gegn því að hún næði fyrir sig klútnum frá systur hennar. Lofaði vinnukonan þessu en ekki bar það árangur. Þá um haustið átti hún leið fram hjá pyttinum, en hvarf þar og fannst aldrei. Að áliðnum næsta vetri tók húsfræyjuna í Götu að verkja í hægri höndina og síðar tók hún þrautir svo miklar að hún lagðist rúmföst, og bjóst jafnvel við dauða sínum. Kallaði hún þá til sín prestinn í Stærta-Árskógi og beiddist þjónustu hans. Nóttina áður en hann færi suður í Götu til ekkjunnar, dreymdi hann huldukonu, sem bað hann að ná klútnum af konunni og skyldi honum það vel launað. Þjónustaði klerkur konuna og sagði henni að búast við dauða sínum nema hún afhenti sér klútinn. Tókst það lokum og batnaði þá konunni í bili, en þó lést hún nokkru síðar, en prestur varð gæfumaður meiri eftir en áður."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 65-67

## EY-064 Selá

### Selá - túnakort 1917



1394 er Selár getið í máldaga Pétr's biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi. Þar kemur fram að Árskógskirkja á "Alla reka að helmingi vidur Selá og fluttningar og aull önnur fjörugögn að helminge. og iij. fedmingsskurd j saumu jord arliga. og naustzgiord æfinliga á Hauganesi ef vill með fiskveri." DI III, 515

1403 kemur fram í sálugjarfarbréfi Halldórs prests Loptssonar að hann gefur Vallakirkju í Svarfaðardal jörðina Selá "ok sua mikin bordvid ok langbaund og spærrur sæm nægir firir nordan framm a midkirkjuina." DI III, 685

1429 er Selá talin upp með eignum Vallakirkju. DI IV, 372

1461 er með eignum Árskógskirkju enn talinn upp sami reki og hlunnindi í Selárlandi. DI, V, 262

1525 er Selá talin upp með eignum Hólakirkju. DI IX, 334

1569 kemur fram í reikningi um presttekjur á Völlum að Vallakirkja á Selá. DI, XV, 345. Á Selá var bænhús. Róið var frá Selá en síðan 1886 hefur myndast lítið þorp í landareigninni (Hauganes) og hefur hreppurinn keypt landræmu meðfram sjónum undir það. Á Haugsnesi búa nú um 150 manns. Býlið Ás eða Syðri-Ás byggðist úr

Selárlandi snemma á þessari öld og er þar enn búseta en enginn búskapur.

1712: 10 hdr. skv. JÁM

1917: 4.8 ha. 9/10 slétt. Garðar 720 m<sup>2</sup>.

1990: "Túnið liggur að mestu á ásum utan við Selárgilið og ögn út og upp fyrir mýrarnar." BE 1990, 300

**EY-064:001** Selá bæjarstæði bústaður

65°55.142N 18°18.493V

"Selárbær stóð nokkru ofar og utar en íbúðarhús það, sem nú er og var reist 1936." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gamli bærinn stóð 50-70 m ofan við þar sem núverandi íbúðarhús á Selá stendur. Steinsteyp t fjarhús og hlaða standa nú þar sem bærinn var áður.

Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól þar sem gamli bærinn stóð en sunnar voru og eru hæðir þó að þær hafi að mestu verið sléttaðar út.

Engin ummerki sjást um bæinn. Þegar fjarhúsin sem nú eru á sama stað voru stækkuð var komið niður á öskuhaug.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 85

**EY-064:002** heimild um útihús

65°55.099N 18°18.480V

Um 120 m sunnan við gamla bæ 001 og örlítið ofar, var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Engin ummerki sjást nú um útihúsið ef frá er talin sú staðreynd að þar sem það stóð er lág hæð með dæld í.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-064:003** heimild um útihús

65°55.083N 18°18.475V

Um 170 m sunnan við gamla bæinn 001, í suðvesturhorni túns, var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var um 35 m innan við útihús 002.

Engin ummerki sjást um húsið. Þar sem það stóð er dæld í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-064:004** *Merkjagarður* garðlag landamerki  
"Milli [Selár og Birnuness] voru merkin á Háuborg og liggur ævaforin Merkjagarður allt til sjávar. Nú hefur merkjunum verið breytt og þau færð dálítið norður og girt þar." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Sama garðs er getið í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu: "Þar út frá sem gömlu merkin voru milli Birnuness og Selár sést enn fyrir Merkjagarðinum, sem liggur vestur frá Stóranefi." Merkjagarðurinn er á gömlum merkjum milli Birnuness og Selár. Hann er enn vel greinilegur neðan heimreiðar á Birnunesi en um 1,5 km NNV við Selá 001.

65°55.892N 18°19.058V



*Merkjagarðurinn, horft til suðvesturs*

Garðurinn liggur um lyngivaxna móa og mýrarsvæði. Garðurinn er víða 3 m á breidd en óvíða hærrí en 0,4-0,5 m. Hann er vaxinn grasi og lyngi og sumstaðar orðinn óljós, þar sem hann liggur um mýrar. Garðurinn hefur náð frá sjó en er ógreinilegur fyrstu 200 m upp frá sjávarmáli, þá verður hann greinilegri alveg upp að þjóðvegi. Ofan vegar hefur hann legið að

Háuborg er fremur ógreinilegur á þessum kafla og hverfur loks alveg. Garðleifar sjást aftur í Háuborg (sjá 065:030) og gæti það hugsanlega verið framhald þessa garðs. Ekki er hægt að rekja garðinn lengra. Hann hefur þó upphaflega a.m.k. náð í um 500 m til suðvesturs frá þar sem merkin beygja til norðvesturs að Þorvaldsdalsá. Garðurinn hefur upphaflega verið nærri 1,8 km á lengd þó aðeins sjáist um þriðjungur hans nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Árs, 14; Ö-Ey I.1, 86

**EY-064:005** *Selárvík* heimild um lendingu

65°55.440N 18°18.094V

"Á Hauganesi og í Selárvík hefur alltaf verið nokkuð góð aðstaða til sjósóknar. Er þar nú komin nokkur hafnarmannvirki, Hauganesbryggja." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðarsýslu. Þar segir ennfremur: "Lendingin er nú kölluð Gamla-lending og er á Hauganesi milli Syðri- og Ytri-Klappa." Lendingin var áður milli Ytri- og Syðri-Klappa utan við þar sem nýja bryggjan er á Hauganesi.

Á þessum stað hafa nú verið gerðir hafnargarðar og vegslóði að þeim en nokkuð af steinsteypum húsum er við fjöruna á þessum stað. Lítið er eftir af upprunalegri fjöru á þessum stað þar sem fyllt hefur verið upp í hana og kantur, sjávargarður, mannvirki o.fl. eru þar.

Árni og Páll geta um lendingu á Selá í jarðabók sinni árið 1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda."

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 82 og 86; Ö-Árs, 15 og JÁM X, 110

**EY-064:006** heimild um uppsátur

65°55.440N 18°18.105V

1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda." Uppsátrið var ofan við lendinguna 005, líklega þar sem nú eru nokkrir steiptir kofar og timburhús.

Á þessum stað hafa nú verið gerðir hafnargarðar og vegslóði að þeim en nokkuð af steinsteypum húsum er við fjöruna á þessum stað. Lítið er eftir af upprunalegri fjöru á þessum stað þar sem fyllt hefur verið upp í hana og kantur, sjávargarður, mannvirki o.fl. eru þar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM X, 110

**EY-064:007** heimild um bústað

65°55.361N 18°18.151V

"Lítið timburhús, reist af norskum manni 1882 mun vera fyrsti mannabústaður á Hauganesi. Húsið stóð rétt utan við Sandvíkurklappinnar, líklega aðeins sunnar en húsið Sandvík stendur nú ... 'landneminn' hét Hans Nielsen Housken og átti hann þar heima um tveggja ára skeið." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Íbúðarhúsið Sandvík, sem byggt var 1926 stendur enn. Timburhúsið, sem horfið var um 1900, var rétt sunnan við það en þar sjást engin ummerki. Aðeins eru um 50 m frá Sandvík og að fjöru/bryggju.

Slétt, grasi gróin flöt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 84

**EY-064:008** *Katrínarbær* heimild um bústað 65°55.414N 18°18.070V  
"Um síðustu aldamót eru tómhúsmannakotin [á Hauganesi] orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins [007] horfið af sviðinu. Katrínarbær stóð austast, skammt frá Syðriklöppum og Skeljavík." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Húsið var byggt um 1885. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar það stóð en bærinn var nálægt Syðriklöppum og Skeljavík þar sem nú eru fiskvinnsluhús og fleiri byggingar.  
Malbikað plan og steinsteypt hús eru á þessum slóðum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 84

**EY-064:009** *Stefánsbær* heimild um bústað 65°55.426N 18°18.084V  
"Um síðustu aldamót eru tómhúsmannakotin [á Hauganesi] orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins [007] horfið af sviðinu. ... Lítið eitt norðar [en Katrínarbær - 008] var Stefánsbær upp frá gömlu Hauganeslendingu." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Húsið var byggt um 1885. Það var upp af Hauganeslendingunni, þar sem nú standa nokkur eldri steinsteypt hús og einn kofi úr timbri.  
Í þéttri byggð. Engin ummerki sjást um húsið.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 84-85

**EY-064:010** *Hóll* heimild um bústað 65°55.415N 18°18.171V  
"Um síðustu aldamót eru tómhúsmannakotin [á Hauganesi] orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins [007] horfið af sviðinu. ... Þriðja býlið, nokkru ofar á Nesinu var svo Hóll, síðar nefndur Gamli-Hóll, byggður 1897." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gamli-Hóll var þar sem Ásbyrgi stóð. Ásbyrgi var á milli Ásgarðs og Setbergs sem eru vel merkt hús, númer 3 og 5 við Aðalgötu. Milli þeirra er lítill, auð lóð á móts við hús nr. 4 við Aðalgötu. Húsið hefur verið þar sem autt plan er á milli húss nr. 4 og e.k. skemmuhúsnæðis.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 84-85

**EY-064:011** *Selárgil* bæjarstæði bústaður 65°55.050N 18°18.371V  
"Enn eitt býli í Selárlandi var í Selárgili út og upp frá Gilsfossi. Þetta býli hét Selárgil, en oftast kallað Gilið. Stóð býli þetta á árunum 1882-1905." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Þegar örnefnaskrá Árskógsstrandar var tekin saman voru tóftir Selárgils enn sýnilegar en þær eru nú horfnar. Þær voru ofan við Gilsfoss þar sem nú eru rennislétt tún um 200 m SSA við bæ 001.  
Þar sem bærinn stóð eru nú tún, enn slegin, sem halla til suðurs.  
Hæð er í túninu þar sem bærinn stóð.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 85; Ö-Árs, 14

**EY-064:012** *Bænhúsvöllur* heimild um bænhús 65°55.132N 18°18.466  
V SELÁ Á ÁRSKÓGSSTRÖND (ÁRSKÓGSÞING) (E) - BÆNHÚS  
1487: er niðri DI V 356. Árni og Páll geta í Jarðabók sinni (1714) um bænhús eða hálfkirkju á Birnunesi, sem ekki er nefnt í bænhúsatalinu frá 1487, og má vera að þeir jarðabókarmenn hafi þarna ruglast á jörðum og aldrei hafi verið meira en 1 bænhús á jörðunum tveimur, þá líklega fremur á Selá en á Birnunesi. Í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu er að finna vísbendingu um staðsetningu bænhússins: "Syðri og efri hluti túnsins er harðvelli, sem illa spratt í þurrkatíð, kallað Hólarnir. Neðarlega á þeim, suður frá gamla burstabænum heitir Bænhúsvöllur. Þar sáust lengi greinileg 'leiði' í skipulegum röðum og nefndist það Grafreitir og hefur sennilega verið heimagrafreitir frá þeim tíma er bænhús var [á] Selá." Í örnefnaskrá Árskógsstrandar er einnig minnst á völinn og þá (1962) hefur enn sést fyrir meintum leiðum: "... sést glögg fyrir girðingum hans og nokkrum upphlöðnum leiðum innan þeirra garða." Nú hefur svæðið verið sléttað. Hinir svo kölluðu Hólar voru þar sem enn má greina hólasvæði beint inn af gamla bænum 001.  
Á þessum slóðum er nú kornakur. Ekki er vitað til að komið hafi verið niður á bein við sléttun á þessum slóðum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 85; Ö-Árs, 14 og JÁM X, 109

**EY-064:013** *Svarðarmýri* náma mógrafir 65°55.000N 18°19.080V  
"Út eftir Barðinu vestan túns er Svarðarmýri (mógrafasvæði) austar, en Selármóar vestur við Grafarlæk (merkjalækinn)." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu "...syðst í [Selármýrum eru] Svarðarmýri og Selárgrafir." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðarsýslu. Selárgrafir sjást enn fast neðan við (norðaustan) við merki og um 500 m VSV við bæ 001.  
Víðast umhverfis eru sléttuð, framræst tún. Þau eru á kafi í háu grasi.

Erfitt er að áætla stærð grafanna en þær eru um 100-150 m á lengd en um 50 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 85; Ö-Árs, 14

**EY-064:014** *Nýistekkur* heimild um stekk

65°55.480N 18°19.288V

"Utan við [Ytriklappir] er Stekkjarvík, því að Nýistekkur og Stekkjarklöpp voru spölkorn uppi á bakkanum. Þar standa húsin Steinnes, Sólgarðar og Gilsbakki ..." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Gilsbakki er hús nr. 2 við Nesbraut en Sólgarðar hús nr. 4 við sömu götu. Steinnes er ómerkt hús nálægt horni Nesbrautar og Aðalgötu. Lóð Steinness nær nokkuð langt til suðausturs eða um 50 m. Lóðin er grasi vaxin og rennislétt. Stekkurinn hefur verið á þessum slóðum. Engin merki hans sjást nú.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 15

**EY-064:015** *Gamlistekkur* tóft stekkur

65°55.897N 18°18.983V

"Mýrarflák inn sunnan við Merkjararð heitir Stekkjarmýri. Gamlistekkur er þar



á sjávarbakkanum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Stekkurinn er á hæð sem er 5 m sunnan við Merkjararðinn 004 og er á merkjum mýra (að ofan og sunnan) og móa (að neðan). Á hæðinni eru grasi grónar og þýfðar stekklarleifar. Stekkurinn er 1,4-1,5 km NNV við bæ 001.

Hæðin er vaxin háu grasi og kjarri og sker sig nokkuð úr landslaginu sökum gróðurfars.

Tóftin er nú nærri alveg hlaupin í þúfur og er orðin mjög ógreinileg. Hún hefur verið nálega 6,5 X 4 m að stærð og snúð austur-vestur. Hún er hvergi hærri en 0,3 m og engar grjóthleðslur eru í henni. Tóftin er tvískipt þó austurhluti hennar sé nú illgreinanlegur. Op var á milli hólfa og líklega hafa verið eitt eða tvö op á útveggjum eystra hólfsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 15

**EY-064:016** *Ytri-Ás* heimild um býli

65°55.259N 18°18.668V

Syðri- og Ytri-Ás voru nýbýli, byggð úr landi Selár um 1910. Ytri-Ás var 50-60 m beint utan við syðri bæinn (sjá 017) en hann var beint neðan við núverandi íbúðarhús á Ási. Þar sem Ytri-Ás stóð er fagurgrænn blettur í túni á hólenda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-064:017** *Syðri-Ás* heimild um býli

65°55.219N 18°18.637V

Syðri- og Ytri-Ás voru nýbýli, byggð úr landi Selár um 1910. Syðri-Ás var beint neðan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Ási.

Þar sem bærinn stóð er nú hrossbeit og allt rótnagað. Fagurgrænn hóll er í hólfinu þar sem bærinn stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-064:018** *Hesthúsnef* örnefni hesthús

65°55.209N 18°18.323V

"Yzt og neðst á gamla túninu er Hesthúsnef og fram af því Bæjarsker" segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Á túnakorti frá 1917 er sýnt hvar túnin teygja sig í eins konar tungu/nef til norðausturs. Fram af henni er Bæjarsker. Á þessum slóðum á nefinu hafa hesthúsin verið.

Rennislétt tún eru á nefinu og engin ummerki greinileg um hvar húsið hefur staðið nákvæmlega.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Árs, 14

**EY-064:019** þúst útihús

65°55.152N 18°18.349V



*Stekkartóftin er fyrir miðri mynd þó hún sjáist illa fyrir gróðri, horft til suðurs*



50-60 m neðan við íbúðarhúsið á Selá og um 110 m neðan (austan) við gamla bæ 001 er greinileg þúst í rennisléttu túninu.

Rennislétt tún eru allt umhverfis.

Þústin snýr norður-suður og er tæpir 20 m á lengd en 8-10 m á breidd. 2-3 dældir eru í hæðina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-064:020** tóft




*Tóftin. horft til austurs*

niður af tóftinni í allar áttir.

Tóftin er þríhyrningslaga, að mestu úr torfi en þó hefur 1/2 veggspotti verið hlaðinn úr fjörugrjóti. Veggir eru mest 0,5 m á hæð. Tóftin er einföld, op er á norðurvegg hennar. Tóftin er 3,5 X 4 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

65°55.082N 18°18.261V



Um 220 m suðaustan við gamla bæinn 001 er tóft. Tóftin er suðaustast í landareigninni á eins konar höfða sem skagar út í átt að sjó og Selá. Bratt er

## EY-065 Birnunes

Rætt er um Birnunes í Svarfdælu. En þar er Hrani, bróðir Birnu sem nesið átti að vera við kennt, að búa á Birnunesi. ÍF IX, 158

1394 er Birnunes getið í máldaga Pétr's biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi. Þar kemur fram að Vallakirkja á "...halffa reka alla og fluttningar vidur Byrnunes" DI III, 512

1429 er Birnunes orðin eign Vallakirkju. DI, IV, 372 jörðin er sögð eiga sókn til Stærra-Árskógs DI, IV, 375

1461 er jörðin enn eign Vallakirkju og er talin upp í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um eignir Hólakirkju DI, V, 247

1525 er Birnunes enn talið upp í með eignum Hólastóls. DI IX, 334

1569 er Birnunes talið upp með eignum Vallakirkju DI, XV, 345

1712 er Birnunes talið 10 hdr. í JÁM

1913 var nýbýlið Brimnes byggt.

1917: 3.4 ha. 1/2 slétt. Gardar 400 m<sup>2</sup>.


1945 fór eldri bærinn, Birnunes í eyði, og er jörðin síðan nytjuð frá Brimnesi.

1973: "Beitiland ófrjóir lyngmóar. Afrétt á Þorvaldsdal." BE II, 104

1990: "Túnin eru að mestu í hvarfi

frá þjóðveginum umlukin viðáttumiklum lyngmómum. Þu liggj í halla upp frá sjónum og teygj sig suður með ströndinni í átt til þorspins á Hauganesi. Ofan við túnið rísa hæðadrög, Birnunesborgir." BE 1990, 296

## Birnunes - túnakort 1917



**EY-065:001** *Birnunes* bæjarhóll bústaður

65°56.498N 19°19.781V

Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Birnunesbærinn stóð á hól nokkru sunnar en bæjarhús í Brimnesi standa nú.". Í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu er staðsetningu bæjarins einnig lýst: "Birnunesbærinn stóð vestast í túninu, vestan alldjúprar lægðar, sem heitir Leyningur." Birnunesbærinn var 500-550 m suðaustan (innan og neðan) við íbúðarhúsið sem nú er í notkun á bænum. Bæjarlækur rann niður túnið fast innan við bæinn og var honum líklega veitt í gegnum bæjarhúsin.

Myndarlegur, fagurgrænn hóll er í sléttuðu túni þar sem bærinn var.

Enn eru nokkrar dældir í hólinn en engar þústir eða tóftir eru á honum. Bæjarhóllinn er 50 X 35-40 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er mest 2-3 m á hæð en víða nokkru lægri eða um 1,5 m. Síðast var búið á þessum stað um 1945. Eftir að öllum tóftum hafði verið rutt út var hóllinn sléttuður vandlega og er nú sleginn með túni. Ekki er vitað til að hóllinn hafi verið skemmdur mikið við sléttunina og líkur á að töluverðar mannvistarleifar leynist undir sverði. Í bæjarlæknum sem rennur við bæjarhóllinn má sjá brot af leirkerjum og öskulög.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 332; Ö-Ey I.1, 82

**EY-065:002** *Lambhúshóll* heimild um lambhús

65°56.531N 18°19.826V

"Austan Leynings ber hátt Fjárhúshóllinn [003], en yst og neðst í gamla túninu er Lambhúshóllinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. 60-70 m utan (norðvestan) við gamla bæinn á Birnunesi 001 var lambhús. Húsið stóð á Lambhúshól sem er 100-150 m austan (innan og neðan) við Gerðishól 010.

Fagurgrænn hóll í sléttuðu túni. Flestar tóftanna í túni voru sléttuðar í kringum 1950.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 82

**EY-065:003** *Fjánhúshóll* heimild um fjárhús 65°56.515N 18°19.685V  
"Austan Leynings ber hátt Fjánhúshólinn .." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Fjánhúsin á Fjánhúshól voru um 80 m neðan við gamla bæinn 001. Þau voru á þeim hól sem enn ber hæst í túninu innan (austan) bæjarlækjar. Fagurgrænn hóll, nú kominn í tún en er þó greinilega ræktarlegur. Suðvestan á hólum eru dældir þar sem fjárhúsið stóð.  
Eftir að fjárhúsið var horfið stóð á þessum stað hlaða úr torfi og grjóti um nokkurt skeið. Var hóllinn þá gjarnan kallaður Hlöðuhóll.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 82

**EY-065:004** *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°56.541N 18°19.714V  
"Utar og neðar [en Gyðingaleiði 009] er Hesthúshóll." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hesthús voru áður á Hesthúshól sem er nálæga beint neðan við bæjarhólinn 001. Hesthúshóllinn er um 30 m norðvestan við Fjánhúshól 003, fast innan við bæjarlækinn.  
Húsin voru á lágri hæð eða hólrana. Í honum eru dældir. Umhverfis eru fagurgræn, sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 82

**EY-065:005** heimild um bænhús 65°56.458N 18°19.793V  
BIRNUNES Á ÁRSKÓGSSTRÖND (E) (ÁRSKÓGSÞING) - BÆNHÚS 1712: Bænhús eður hálfkirkja hefur hjer að fornu verið, og er hjer ein tóftarúst við bæinn með girðingum, sem Kirkjutóft kallast; JÁM X: 109. Kirkjutóft er nú horfin og sömuleiðis þekking á staðsetningu hennar. Jón Bjarnason frá Hátúni sagði ábúendum á Birnunesi frá því að hann hefði rekist á nákvæmari staðsetningu bænhússins og lýsingu á því í tiltekinni bók. Samkvæmt honum var bænhústóftin beint ofan við bæ 001 (um 80 m) en um 30-40 m utan við bæjarlæk. Ekki er lengur vitað í hvaða bók Jón var að vitna.

Við jaðar túna.

Bænhús var á Selá 1487 og þar er vísað á kirkjugarð með bænhúsleifum - bænhúss á Birnunesi er hinsvegar ekki getið í bænhúsatalinu frá 1487 og gæti þetta bent til að jarðabókarhöfundar hafi ruglast á jörðum því ólíklegt verður að telja að bænhús hafi verið á tveimur samliggjandi jörðum jafnlágt metnum. Engin merki sjást nú um bænhúsið. Samkvæmt Jóni Bjarnarsyni var tóftinni lýst sem lítilli (3 X 2 m að stærð) og umhverfis hana var hringlaga garður, um 9 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM X, 109

**EY-065:006** *Gamlalending* heimild um lendingu 65°56.215N 18°19.344V  
"Parna sunnan við [Birnunesnafir] er Gamlalending. Ekki vita menn til þess, að þar hafi verið uppsátur, þó að vogur þessi heiti svo. ... Uppsátrið var utan við Nafir ... [sbr. 007]" segir í örnefnalýsingu Árskógsstrandar. Að líkindum er Árni Magnússon að lýsa sama stað í Jarðabók sinni frá 1712: "Heimræði er hjer og lending sæmileg og skipsuppsátur gott, en á næstliðnum vetri hefur sjáfargangur og brim borið stórgrýti í lendinguna, so hún er nú síðan miklu lakari. Eitt skip ábúandans gengur hjer." Gamlalending var um 600 m ASA við gamla bæinn 001 en 1,1-1,2 km ASA við íbúðarhúsið á Brimnesi.

Inn af lendingunni taka við þverhníptir klettar. Á þessum stað er lítil vík með grýttri fjöru. Nokkuð bratt er upp úr henni. Ekki er nú hentug lending á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Árs, 10 og JÁM X, 109.

**EY-065:007** *Duggulág* heimild um uppsátur 65°56.685N 18°19.687V  
"Skipsuppsátrið minnir á Duggulág, sem þar er óskemmd allt frá þeim dögum er Eyvindur duggusmiður naustaði þar skip sitt (?) og undirritaði hluta jarðabókarinnar, en hann var þá eigandi Krossa og ábúandi þar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "Uppsátrið var utan við Nafir, þar sem heitir Duggulág, suðaustur frá íbúðarhúsinu, sem nú er kallað á Brimnesi." Duggulág er um 450 m ANA af íbúðarhúsinu í Brimnesi en 300-350 m norðan við gamla bæinn 001.

Við vík, smáklettar eru beggja vegna víkurinnar. Smágrýtt fjara.

Við miðja vík, á bakkanum ofan við fjöru er lág dæld 5-6 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 81-82; Ö-Árs, 15

**EY-065:008** *Holtagarður* garðlag

65°56.267N 18°20.198V

"Skammt sunnan við gamla Birnunestúnið er garðlag mikið, sem nefnist Holtagarður. Var hann ekki vörslugarður, vafalaust ætlaður til rekstrar fjár í snjóþyngslum vestur að Þorvaldsá." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir einnig um garðinn: "Endar hann vestra, þar sem heitir Mjóeyri." Holtagarður lá frá sjó og til suðvesturs um 220 m suðaustan við gamla bæinn. Frá sjó og upp að heimreið að Brimnesi var garðurinn um 700 m langur en á þessum kafla er hann nú ógreinilegur þar sem vegarslóði og skurður hafa verið gerðir á sama stað. Garðurinn verður greinilegri 10-20 m ofan við heimreið og liggur þar í um 300 m til suðvesturs áður en hann beygir meira til vesturs og liggur um 200 m til viðbótar í átt að Þorvaldsdalsá, en hverfur um 100 m suðaustan hennar.

Garðlagið er að hluta horfið í veg en þar sem það sést liggur það um lyngi- og grasivaxna móa.

Sá hluti garðlagsins sem enn má greina er um 500 m langur. Áður hefur garðlagið samtals verið um 1200 m langt. Sá hluti garðsins sem enn sést er víðast um 3 m á breidd en 0,4-0,5 m á hæð. Hann er lyngivaxinn. Líklega hefur garðurinn verið vörslugarður og markað af heimahaga Birnunness. Náttúrulegt aðhald er að vestan við Þorvaldsá og að norðan og norðaustan við sjávarsíðuna.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 82; Ö-Árs, 16



*Holtagarður, horft til suðurs*

**EY-065:009** *Gyðingsleiði* örnefni legstaður

65°56.498N 18°19.799V

"Út og fram frá bæ var nokkuð stór, mjög aflöng þúfa, kölluð Gyðingsleiði. Fylgdi því örnefni einhver furðusaga, sem nú er svo fallin í fyrnsku, að eigi er lengur tiltækileg til skráningar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Umrædd þúfa var utan norðvestan í bæjarhólnum. Þúfan var innan við 30 m frá bæ 001. Í jaldri bæjarhóls.

Kjartan Gústafsson man eftir að sagt var að einn eða fleiri drukknaðir sjómenn hefðu verið jarðaðir á þessum stað. Engin merki sjást nú um þúfuna sem var 3-4 m á lengd en 1,5 m á breidd. Sléttað hefur verið yfir hana án þess að sannindamerki um söguna kæmu í ljós. Verður legstaðurinn að teljast harla ólíklegur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 82; sbr. Ö-Árs, 15

**EY-065:010** *Gerðishús* heimild um útihús

65°56.562N 18°20.018V

"Vestar og norðar [en Lambhús 002], laust frá túninu (mýrarsund á milli) stóðu Gerðishús á Gerðishóli." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Hússins er einnig getið í örnefnaskrá Árskógsstrandar: "...Gerði, það er suður og upp frá Brimnesi." Gerðishús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 120 m utan og ofan (VNV) við 002. Húsið var um 300 m ASA við íbúðarhúsið á Brimnesi þar sem nú er búið.

Stór, fagurgræn hæð er þar sem húsið var áður. Ummerki um húsið hafa verið sléttuð í túnið. Á hólnum eru greinilegar dældir. Gerðishús voru á hólnum en fast neðan við hann var líka ógreinileg kofatóft sem einnig er horfin í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 82; sbr. Ö-Árs, 15 og Túnakort 1918

**EY-065:011** *Birnunesbakki* heimild um býli

65°56.684N 18°20.084V

"Litlu vestar en Duggulágin stóð um skeið kotbærinn Birnunesbakki ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Á svipuðum slóðum var síðan nýbýlið Brimnes byggt 1913. Birnunesbakki var um 200 m norðaustan við það íbúðarhús sem nú stendur í Brimnesi. Það var um 450 m norðvestan við gamla bæinn 001.

Grasi vaxinn, sléttur sjávarbakki. Steinsteypthús sem áður var notað sem hesthús er þar sem bærinn var áður. Síðasti bærinn sem stóð uppi á Birnunesbakka var torfhús með timburstafni. Úr því var rutt þegar fjós (síðar hesthús) var byggt á sama stað á 6. áratug 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 82; sbr. Ö-Árs, 15

**EY-065:012** *Jakobshús* heimild

56°56.688N 18°20.006V

"Út við ána var kallað Sjávarnes. Þar stóð Jakobshús um síðustu aldamót. Þar voru stundum haldnir ungmennafélagsfundir á árunum 1907-1910, og í því húsi mun hafa verið fyrsti vísir að verslunarbúð á Árskógsströnd." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Jakobshús var alveg frammi á sjávarbakkanum, um 60 m innan við þar sem Birnunesbakki stóð áður (og steipt hesthús er nú). Húsið var um 350 m ANA við þar sem íbúðarhúsið í Brimnesi stendur nú.

Grasi gróinn sjávarbakki fast neðar er snarbrattur bakki niður í fjöru.

Öll ummerki hússins eru horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 83

**EY-065:013** *Birnunesstekkur* tóft stekkur

65°56.312N 18°20.368V



*Birnunesstekkur, horft til vesturs*

"Fast við Holtagarðinn spölkorn vestan túns eru tóftir Stekkjarins,

Birnunesstekkjar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Stekkjarinn er einnig getið í örnefnaskrá Árskógsstrandar: "Hefur stekkurinn, Birnunesstekkur, staðið í laut rétt við Holtagarðinn, og sér þar enn fyrir tóftum." Stekkurinn er um 80 m ofan við heimreiðina að Brimnesi en um 100 m utan við Holtagarð 008. Stekkurinn er um 550 m suðvestan við gamla bæinn 001.

Stekkjartóftin er á lyngivaxinni hæð. Á þessu svæði skiptast á lyngivaxnar hæðir og deiglendisflákar.

Stekkurinn er siginn. Hann er 13 X 6 m að stærð og er tvískiptur. Hann snýr NNW-SSA. Veggir hans eru mjög hrundir og signir og allt að 3 m á breidd. Ekki er op á milli hólfa tveggja en hugsanlegt að op hafi verið á suðurvegg syðra hólsins auk þess sem op virðist hafa verið á norðvesturhorni og nyrst á austurhlíð nyrðra hólsins. Engar grjóthleðslur eru merkjanlegar í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 83; Ö-Árs, 16

**EY-065:014** *Svarðarmýri* örnefni mógrafir

65°56.406N 18°20.177V

"Þar norðan við [Birnunesstekk 013s] er Stekkjarmýri og nær túninu er Svarðarmýri." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Flennistórar svarðargrafir eru um 180 m ofan við gamla bæinn 001 og um 100 m neðan við heimreiðina að Brimnesi. Grafirnar um 400 m innan við núverandi íbúðarhús á Brimnesi.

Umhverfis eru sléttuð tún.

Grafirnar eru um 150 m í þvermál. Grafirnar eru grónar og þurrar en djúpar, allt að 1,5 m á dýpt. Bæirnir af Sandinum höfðu afnot af þessum gröfum.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 83; Ö-Árs, 16

**EY-065:015** *Klofasteinn* heimild um huldufólksbústað

65°56.029N 18°20.823V

"Á Klofasteinshóli stendur Klofasteinn, oft nefndur Klofi. Þar þótti fyrrum vissara að taka fullt tillit til huldufólksins og vera ekki með nein ærsl eða læti nálægt steininum." segir í Örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu. Steinninn er um 1,2 km norðvestan við bæ 001 en um 150 m suðaustan við Þorvaldsdalsá.

Steinninn er á grýttri hæð. Umhverfis eru lyngivaxnar hæðar og deiglendi milli þeirra.

Klofasteinn er um 1,5 km á hæð og svipaður í þvermál. Steinninn er klofinn og hallar til norðurs. Hann er vel sýnilegur víða að.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 83; Ö-Árs, 16



*Klofasteinn, horft til norðvesturs*

**EY-065:016** frásögn

65°56.295N 18°19.782V

Steinkotsgötur 017 lágu um hæð sem nú er í sléttuðu túni. Utan við hæðina var áður tóft. Hæðin er um 400 m sunnan (innan) við gamla bæinn 001 en tæpum 100 m neðan við skógræktarblett í túninu. Vegarlóði liggur til sjávar nálega þar sem Holtagarður 008 var áður og var tóftin um 50 m utan við hann. Sléttuð tún.

Kjartan Gústafsson man eftir tóftarbroti á þessum stað en engin ummerki sjást um það nú og ekki vitað hvaða hlutverki húskofinn hefur gegnt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-065:017** *Steinkotsgötur* frásögn leið

65°56.295N 18°19.784V

Steinkotsgötur lágu frá Birnunesi til Steinkots 059:016 og áfram til Stærri-Árskógs. Nú eru að mestu sléttuð tún þar sem gatan lá og ummerki hennar horfin. Sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-065:018** hleðsla

65°56.581N 18°20.104V


Niðurgrafin tóft er norðvestan í grýttum hól, um 200 m suðaustan við núverandi íbúðarhús í Brimnesi. Hæðin er á milli tveggja, sléttuðra túna. Hólfíð er nærri því beint innan við eldra steinsteypta íbúðarhúsið á Brimnesi.

Hólfíð er byggt upp stóran stein. Það er á stórgrýttri hæð, umhverfis eru sléttuð tún.

Hólfíð er alveg niðurgrafið og sem fyrir getur byggt upp við stóran stein.

Það er 3 X 2 m að innanmáli. Ekkert op er á tóftinni. Innan í tóftinni eru grjóthleðslur. Nokkrir stórir grjóthnullungar eru inni í henni. Hæð frá botni tóftar er mest 0,8 m.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar




*Tóftin niðurgrafna, horft til norðvesturs*

**EY-065:019** tóft kvíar



*Tóftin, horft til suðvesturs*

65°56.425N 18°19.845V



Ógreinileg tóft er um 30 m ofan við tún í Birnunesi (gamla heimatúnið þ.e.) og 30 m utan við bæjarlækinn. Grasi- og lyngivaxinn móablettur. Umhverfis eru á alla bóga sléttuð tún.

Tóftin virðist tvískipt. Það ásamt staðsetningu hennar fast utan við gamla túnið bendir til að hún hafi

verið kvíar. Tóftin er 13 X 6 m og snýr NNV-SSA. Hún er vaxin lyngi og grasi og er hvergi hærri en 0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást. Svo virðist sem op hafi verið á milli hólfa og e.t.v. einnig á norðurvegg tóftarinnar sem er nú orðinn mjög óskýr.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:020** frásögn

65°56.413N 18°19.776V

Kjartan Gústafsson man eftir tóftarbroti í horni túns, um 100 m innan og neðan við tóft 019. Brotið var um 160 m sunnan við bæ 001. Í horni rennisléttu túna, engin ummerki sjást um tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:021** frásögn útihús

65°56.495N 18°19.753V

Kjartan Gústafsson man eftir hleðslu, líklega af litlum kofa, til móts við bæ 001 en innan (austan) við bæjarlæk. Hefur þetta að líkindum verið útihúskofi.

Nú eru sléttuð tún á þessum stað og merki kofans horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:022** frásögn túngarður

65°56.454N 18°19.734V

Kjartan Gústafsson man eftir garðlagi, líklega túngarði, sem lá í hálfhring austan (innan) við bæjarlæk og að honum aftur rétt ofan við bæ 001 og um 50 m neðan við jaðar túna eins og þau eru nú.

Sléttuð tún liggja að moldarhrygg sem er innan við lækinn.

Garðurinn er horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:023** frásögn

65°56.649N 18°20.205V

Kjartan Gústafsson ábúandi á Brimnesi man eftir óljósum tóftum af litlum kofa þar sem nú er grænfóðursrækt um 430 m suðvestan við bæ 001 en um 50 m innan við steinsteypa hlöðu.

Sléttuð hefur verið úr tóftinni og er hafin grænfóðursrækt á þessum stað. Örlitla hæð má greina í ræktinni á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:024** þústir

Fagurgrænn og ræktarlegur hóll er 170 m ofan við heimreiðina að Brimnesi og um 650 m ofan (suðvestan) við gamla bæinn 001. Hóllinn er í afgirtu hólfi þar sem trjárækt er hafin. Hann er fagurgrænn og lítur ekki út fyrir að vera náttúrulegur. Kjartan Gústafsson rámaði í frásagnir um að einhverjar mannvistarleifar ættu að leynast í hólnum. Áður voru hólarnir hins vegar tveir og má sjá hringlaga blett í túninu þar sem norðvestari hóllinn var. Bletturinn gefur til kynna að báðir hólur hafi verið svipaðir af stærð eða 18 X 3-4 m og þeir hafa snúið norðaustur-suðvestur. Sá hóll sem eftir stendur er um 2 m á hæð. Hann er mun ræktarlegri en rennislétt flötin umhverfis. Ekki eru til sagnir um að hafi verið komið niður á hleðslur eða aðrar leifar þegar norðvestari hóllinn var jafnaður við jörðu.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



*Fjar á myndinni er hóllinn en nær far eftir norðvestari hóllinn, horft til suðausturs*

**EY-065:025** náma mógrafir

65°56.438N 18°20.279V

Um 80 m utan við stórar svarðargrafir 014 eru aðrar grafir minni. Þær eru tæpum 400 m ASA við bæ 001. Umhverfis eru sléttuð tún.

Grafirnar eru 60 X 50 m að stærð og eru mest 1,2 m á dýpt, enn dálítið rakar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-065:026** mannvirki herminjar

65°56.481N 18°21.656V

Á hernámsárunum var herinn með umsvif í Brimneslandi. M.a. gróf hann nokkrar gryfjur meðfram Þorvaldsdalsá, í bakkann. Austar eru lyngivaxnir móar. Gryfjurnar eru grafnar í árbakka.

Kjartan Gústafsson man eftir gryfjunum á 4-5 stöðum allt frá því beint utan við íbúðarhúsið á Brimnesi og allt að 1,7 km ofan við það. Efsta gryfjan er 1,7 km ofan við íbúðarhúsið (A), sú næsta (B) er um 1 km neðar og sú þriðja (C) um 300 m þar fyrir neðan þar sem heimreið að Brimnesi beygir skarpt til norðausturs. Hefur hún horfið undir veg og er eina gryfjan sem alveg er horfin. Síðasta gryfjan (D) er um 100 m norðvestan við íbúðarhúsið. Allar eru gryfjurnar niðurgrafnar dokkir, sum staðar með smá hleðslum fyrir en á flestum stöðum eru þær alveg horfnar. Ekki er vitað hvaða tilgangi gryfjurnar þjónuðu.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-065:027** öskuhaugur

65°56.528N 18°19.740V

Öskuhaugur var um 50 m neðan við bæ 001, við bæjarlækinn.

Bæjarlækurinn er nú nærri alveg uppþornaður. Grasvöxturinn í brekkunni hefur næstum fært hann á kaf.

Nú eru sléttuð tún umhverfis lækinn. Ekki sjást merki um myndarlegan öskuhaug á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-065:028** tóft smalakofi


65°55.727N 18°20.209V

Smalakofatóft er í Borgunum, um 100 m SSA (innar og ofar) en stór hitaveitutankur. Kofinn er um 60 m beint suðvestur af 029. Hann er um 1,5 km SSV við gamla bæinn 001.

Borgirnar eru klettaborgir eru vaxnar mosa, grasi og lyngi. Kofinn er utan í borginni vestanverðri, byggður á klöpp.

Kofinn er 4 X 1,5 m á stærð. Hann snýr nálega norður-suður og einfaldur með opi á suðvesturvegg. Hleðslur eru úr grjóti og eru þær mest 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



*Smalakofinn. horft til norðvesturs*




**EY-065:029** tóftir smalakofi

65°55.749N 18°20.148V



*Smalakofatóftirnar, horft til norðaustur*



Smalakofatóft er í Borgunum, um 80 m SSA (innar og ofar) en stór hitaveitutankur. Kofinn er um 60 m beint norðaustur af 029. Hann er um 1,5 km SSV við gamla bæinn 001.

Borgirnar eru klettaborgir vaxnar mosa, grasi og lyngi. Kofinn er utan í borginni vestanverðri, byggður á klöpp. Um er að ræða tvo litla kofa og eru aðeins 1,5 m á milli þeirra. Suðaustari kofinn (A) er 3 X 3 m að stærð og er hann með fremur bogadregnum veggjum nema að austan. Op er sunnarlega á austurvegg hans. Hleðslur eru mest 1,3 m á hæð. 1,5 m norðvestan við A er annar kofi (B). Hann er byggður upp við stóran stein. Kofinn er 3 X 3 m að stærð. Steinninn afmarkar að mestu norðurhlið kofans. Hann er opin til vesturs. Báðir kofarnir eru alveg hlaðnir úr grjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-065:030** garðlag

65°55.738N 18°20.199V



*Garðlagið, horft til suðurs*

Garðlag er í Borgunum, um 1,5 km sunnan við gamla bæinn 001. Garðlagið er um 20 m norðaustan (innan og neðan) við smalakofa 028, milli hans og tveggja annarra smala kofa 029. Garðlagið er 30-40 m utan við girðingu og liggur um móann og svo yfir mýrlendi til suðvesturs áður en það hverfur.

Þar sem garðlagið liggur í Borgunum er það lyngivaxið en verður grasi gróið og sigið þar sem það liggur um mýri.




Garðlagið liggur úr norðaustri í um 60 m en hverfur svo á 20 m kafla (þar sem kaldavatnslögn hefur verið lögð?). Það er svo aftur greinileg í um 120 m og er þar farið að beygja

til suðvesturs að landamerkjagirðingu. Þar fjarar garðurinn út. Garðurinn er nærri núverandi merkjum og hefur líklega verið landamerkjagarður.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-065:031** tóft

65°55.689N 18°20.456V

*Tóftin, horft til suðausturs*

Lítill, einföld tóft er 1,6-1,7 km SSV við bæ 001. Tóftin er 40-50 m utan við girðingu sem er á merkjum og er byggð utan í lítinn melhól að sunnan. Hún er um 100 m sunnan við Borgirnar.

Hóllinn sem tóftin er byggð sunnan í er lyngivaxinn en

tóftin sjálf er vaxin grasi. Deiglent er sunnan og austan við tóftina.

Tóftin er 4 X 4 m að stærð og er hlaðin úr torfi, mest 0,3 m á hæð. Af staðsetningu og lögun hennar að ræða er líklegast að hún sé af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-065:032** tóftir smalakofi

65°55.719N 18°20.454V

Tvær litlar tóftir, líklega af smalakofum, eru á melhól, beint neðan við Borgirnar og hitaveitutankinn og um 1,6-1,7 km SSV við gamla bæinn 001.


Umhverfis eru þýfðir og lyngivaxnar hæðir með mýrarsundum á milli. Melhóllinn sem kofarnir eru á er vaxinn lágu grasi.

Á hólnum eru tvö byrgi. Það nyrðra (A), er 2,2 X 1,8 m að stærð og snýr norður-suður. Það er einfalt, hlaðið úr grjóti og mest 0,3 m á hæð. Byrgið er opið til suðurs. Syðra byrgið (B) er um 6 m suðvestan við A. Byrgið er hlaðið upp við stein og er mun ógreinilegra en A. Það er um 2,5 X 1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til NNA. Aðeins er hægt að sjá óreglulegar steinaraðir í þessu byrgi og er það mjög hrúnið.

**Hættumat:** engin hætta

*Smalabyrgi A, horft til norðurs*

## Ytri-Hagi - túnakort 1917



Á Haga er minnst í Landnámbók. Þar segir að í Haga hafi búið Þorvaldur nokkur, sonur Eyjólfssonar Narfasonar sem var sonur Narfa Arnarsonar en Arnar var frændi Hámundar heljarskinns, sem fyrstur settist að á þessu svæði. ÍF I, 254-256. Í Víga-Glúms sögu segir nokkuð af Þorvaldi í Haga en hann kemur þar við sögu: “Sá maðr bjó í Haga, er Þorvaldr hét ok var kallaðr menni ok átti dóttur Þórðar Hrafnssonar frá Stokkahlöðu er Helga hét.” Þorvaldur lenti í deilum við Klæng í Hrísey og var vóg Klængr hann síðar í Haga. ÍF I, 92.

**1318** Hagi kemur fyrir í Annálum Hólastóls þar sem fram kemur að Vallakirkja á lambeldi í öllum Svarfaðardal og að Haga á Árskógsströnd. DI, II, 456

**1429** er jörðin talin upp með jörðum sem eiga sókn til Stærra Árskógs. DI, IV, 375

**1454** er minnst á Haga í sambandi við deilumál milli Vallakirkju og bænda um rétt kirkjunnar til lambeldis í Svarfaðardal og allt að Haga á Árskógsströnd. DI, V, 125.

**1461** er minnst á Haga í Ólafsmáldaga þar sem Vallakirkja á lambeldi á Árskógsströnd að haga. DI, V, 261.

**1473** staðfesti Ólafur

Rögvaldsson biskup á Hólum dóm Jóns prófasts Snorrasonar um lambeldi Vallakirkju í Svarfaðardal og Árskógsströnd að Haga. DI, V, 690.

**1505** er útnefndur 6 manna dómur um kröfu Finnboga Jónssonar til Þorgríms Björnssonar um jörðina Haga sem Finnbogi taldi sína. Í fornbréfasafni kemur fram að á undan Finnboga að eldri eigendur Haga voru Eiríkur Loftsson, þvínæst Sveinn Sumarliðason, sonarsonur Eiríks, þá Guðrún dóttir hans, þvínæst Guðríður Finnbogadóttir. DI, VII, 807-809

**1514** selur Þorsteinn Finnbogason Jóni Ásgrímssyni jarðirnar Haga, Hvamm á Galmaströnd og Einarstaði í Kræklingahlíð fyrir Breiðamýri í Reykjadal, Voga og Haganes við Mývatn og Kálfborgará/Bjarnastaði í Bárðardal. DI, VIII, 487-488.

**1531** selur Jón biskup á Hólum Þorsteini Finnbogassyni Haga og Tóvegg í Höfðagerði ásamt kaupahluta í jörðinni Ási í Öxarfirði fyrir jarðirnar Hlíðskóga og Hringisdal og kaupahlutann í Grýtubakka í Höfðahverfi.

**1561** kemur fram í kaupbréfi að Torfi Þorsteinsson á Haga. DI XIII, 591

**1679** (12. maí) kemur fram í Kaupmála Páls Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttir að Páll hefur átt hálfan Haga, þá metinn á 20 hndr. Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld, 199-200.

**1696** (17. apríl) “Peder Keyesen kaupmaður selur Magnúsi Benediktssen Haga á Árskógsströnd, 20 hndr. að dýrleika, en þá jörð hafði hann fengið í skuldargreiðslu frá Birni Magnússyni.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 229.

**1703** (3. júní) “Magnús Benediktsson gerir vitanlegt, að jörðin Hagi væri ekki nema 15 hndr., en það hafi hann ekki vitað á kaupdegi. Næstliðið ár hafi jörðin ekki fengist byggð fyrir landskuld, sem var áður

90 álnir, og var þó einginn skileyrir. Með jörðinni hafi verið tvö kúgildi." Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 229.

**1712** er Hagi metinn á 30 hdr. í JÁM en þá taldist Hagi ein jörð, með tveimur býlum, Ytri- og Syðri-Haga. 1847 taldist hvor jörðin um sig 8 hdr, en skv. hreppstjóra var Syðri Hagi 15 hdr og Ytri-Hagi 12 hdr. Í Haga var bænhús (Ey-076:021).

**1712** var Skinnþúfa eyðibýli en þar byggðist svo á 19. öld Jónsgerði, og hét síðan Gata eftir 1831.

**1917:** 4.2 ha. 1/4 slétt. Garðar 230 m<sup>2</sup>.

**1958** fór Gata í eyði.

**1964** fór Ytri-Hagi í eyði. Gata og Ytri-Hagi hafa nú lagst undir Syðri-Haga.

Ytri-Vík og Víkurbakki byggðust um aldamótin með takmarkaða grasnyt. Ytri-Vík fór í eyði 1965 en Víkurbakki 1976. Ytri-Víkurland tilheyrir nú Ytra-Kálfskinni. Hagajarðir ásamt Hillum töldust til Hvammshrepps áður en hann var sameinaður Árskógsströnd í Arnarneshreppi. Mögulegt er að þessar jarðir hafi átt kirkjusókn til Möðruvalla á miðöldum.

**1990:** "Jörðinni tilheyrði dálítill túnskiki sem nú heyrir undir Syðri-Haga." BE 1990, 335



Gangurinn í gamla bænum, horft til ANA




Bæjartóftirnar, horft til suðausturs

"Niður undan núverandi bæjarstæði Syðri-Haga stóð býlið Ytri-Hagi sem fór í eyði 1964 ... Byggingar standa þar enn að hluta." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í Vesturströnd Eyjafjarðar (1982) segir: "Gömlu Hagabæirnir (Ytri- og Syðri-Hagi) voru niðri á nesinu, neðan við núverandi Syðri-Haga. eru þar ýmsar gamlar minjar, m.a. stóð þar til skamms tíma torfbær (í Ytri-Haga), en er nú mestallur fallinn og rústir einar. Þá er túngarður mikill að norðanverðu við gamla túnið og bæjarlækur sem veitt var í gegnum túnið á milli bæjanna." Leifar torfbæjar á Ytra-Haga hanga enn uppi að hluta. Bærinn er rúmum 350 m neðan við núverandi íbúðarhús á Syðri-Haga en um 100 m NNA við gamla bæinn á Syðri-Haga. Bærinn er 120-130 m ofan við fjöru.

Allt umhverfis eru sléttuð tún. Lækur rennur úr hæðinni ofan við bæinn, suður með honum og áfram með norðausturhlið bæjar. Bærinn er á fremur sléttri hæð í túninu, mjög lágrí. Vart er hægt að tala um bæjarhól á þessum stað.

Bærinn fór í eyði 1964, fram að því var búið í torfbænum sem enn hangir uppi að hluta. Bærinn hefur að mestu verið úr torfi og grjóti en burðargrind og þil úr timbri auk þess sem húsið var timburklætt að innan að hluta. Í bænum var

að auki steypdur skorsteinn og 2-3 steinsteyptir veggir. Bærinn er samtals 19 X 23 m stór. 4-5 hólf hafa verið í bænum en að auki er ógreinilegt hólf fast aftan við bæinn (sjá 009), aðeins er gangvegur á milli. Fremst (norðaustast) er lítið hólf, 4 X 2 m stórt. Það er opið til norðausturs. Austan við það er upphækkun sem er 6 X 4 m á stærð. Ekki eru greinilegir veggir þarna en hugsanlegt að þar hafi annað hvort verið rutt úr veggjum eða framhús úr timbri hafi staðið á þessum stað. Inn frá upphækkuninni gengur gangur inn eftir öllum bænum. Norðaustar er hins vegar hólf sem snýr suðaustur-norðvestur. Það er 7 X 2 m að stærð og op er á norðvesturvegg. Fjós var sambyggt bæ og gæti það hafa verið í þessu hólf. Rás var veitt úr læknum sem rennur fast við bæinn og í gegnum fjósið. Ekki sjást þess merki nú. Gangurinn sem gengur frá upphækkuninni er enn undir þaki, með timburgrind en annars byggður úr torfi og grjóti. Gangurinn er um 2 m langur áður en komið er inn í langt hólf sem snýr suðvestur-norðaustur. Gangurinn kemur á hólflið norðaustarlega og heldur áfram í gegnum




suðausturvegg þess. Steinsteypdur strompur er norðaustast í hólfinu. Hleðslur eru háar í þessu hólfi eða allt að 2 m á hæð. Þær eru úr torfi og grjóti. Þegar gengið er úr þessu hólfi áfram til suðausturs (um 2 m) er komið í innsta hólfið sem er alþiljað og undir þaki. Það er 2,5 X 3,5 m stórt. Gat er í torfþak á einum stað og greinilegt er að ekki er langt í að timburþil brotni inn og húsið hrynji saman. Enn er það þó í sæmilegu ástandi. Rafmagn hefur greinilega verið leitt í bæinn og má sjá leiðslur og innstungur á veggjunum. Suðvestan við þetta hólfi hefur verið annað en ekki var opið á milli. Þak hefur hins vegar alveg hrunið ofan í síðarnefnda hólfið og það er því óglögg. Allar torfhleðslur sem enn standa eru úr streng.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 335; Vesturströnd Eyjafjarðar, 188

**EY-075:002** tóft fjárhús

65°54.348N 18°16.700V



*Leifar fjárhúsanna, horft til suðausturs*

Rúmunum 50 m norðan við bæ 001 voru fjárhús. Þau eru merkt inn á túnakort frá 1917 og standa enn, nokkuð endurbætt á sama stað.

Umhverfis eru rennilétt tún. Útihús nr. 002-004 voru saman nefnd Ytrihagahús

Húsin sem nú standa eru úr torfi, grjóti og steypu. Þau eru 10 X 12 m að stærð og samanstanda af tveimur framhólfum sem snúa nálega norður-suður en einu hólfi aftan við sem snýr austur-vestur og hefur líklega verið hlaða. Eftir vestara hólfinu (sem er 5,5 X 4,5 m stórt) endilöngu gengur steypdur garði, framstafn hússins er einnig steypdur, dyr hafa verið á honum miðjum og gluggar beggja vegna. Op hefur verið úr þessu hólfi yfir í hlöðuna að baki. Vesturveggur hólfsins er mikið hruninn inn í tóftina. Eystra hólfið (5 X 3,5 m) er hins vegar alveg hlaðið úr torfi og grjóti en þak úr timbri, torfi og bárujárni hefur hrunið inn í það. Þessi hús hafa sjálfsagt verið í notkun þar til búskap var hætt á bænum árið 1964 og þótt þau séu hvergi undir þaki eru vegghleðslur allt að 2 m á hæð. Þar sem torfhleðslur sjást eru þær strengjahleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917



*Hleðslur í fjárhúsgafla, horft til austurs*

**EY-075:003** heimild um útihús


65°54.354N 18°16.641V

Rúmunum 50 m NNA við bæ 001 voru útihús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917.

Sléttuð tún eru þar sem húsið stóð. Óljósar dældir sjást þar en önnur ummerki eru ekki greinileg. Útihús nr. 002-004 voru saman nefnd Ytrihagahús

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-075:004** Hesthúsnöf heimild um hesthús

65°54.343N 18°16.603V

"Peningshúsin út og fram á túninu hétu Ytrihagahús. Hesthúsnöf er þar austur af, eiginlega sama og Nafirnar. Víkin norðan undir var oft kölluð Hesthúsnafarvík." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Um 90 m neðan (norðaustan) við bæ 001 voru hesthús á Hesthúsanöf. Húsin voru merkt inn á túnakort frá 1917. Sléttuð tún. Útihús nr. 002-004 voru saman nefnd Ytrihagahús

Engin ummerki um hesthúsið sjást nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 62 og Túnakort 1917

**EY-075:005** náma mógrafir

65°54.200N 18°18.039V



Mógrafir sjást á miðri mynd, horft til norðausturs



Mógrafirnar, horft til norðausturs

Svarðargrafir eru um 400 m ofan (suðvestan) við þjóðveg en 70-80 m utan við heimreiðina að Götu (078:001). Grafirnar eru 30-40 m norðaustan við

merkjalæk við Götu og um 70 m neðan (norðaustan) við neðstu tún Götu.

Við læk. Ofar eru sléttuð tún, neðar mói.

Margar grafir hafa verið meðfram Stóralæk en þær eru mjög mis skýrar. Mjög greinilegar grafir eru hins vegar á þessum stað. Grafirnar eru 60-70 X 20 m stórar en 1,5 m á dýpt og eru enn blautar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**EY-075:006** Stekkur tóft stekkur

65°54.597N 18°17.616V



Stekkjartóftin fyrir miðri mynd, horft til SA



0 5 10 m

"Við gömlu merkin neðan við Lynglágina eru fornlegar tóftir, sem heita Stekkur." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Stekkjartóftin er 850-900 m norðvestan við bæ 001. Hún er um 80 m ofan við

sumarbústaðinn Gil.

Nálægt litlu sumarbústaðahverfi. Stekkjartóftin er í lág sem liggur norðaustur-suðvestur. Hlíðar lágurinnar eru lyngivaxnar og þar hefur verið gróðursett lerki og barrtré en botninn er grasi vaxinn.

Stekkurinn er 8 X 7 m að stærð og er tvískiptur. Hann er hlaðinn úr torfi, grasi gróinn og er mest 0,5 m á hæð. Op er á norðurhlíð stekkjans en ekki er op á milli hólfa.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 61

**EY-075:007** Kaupstaðarvogur örnefni lending

65°54.379N 18°16.575V

"Ytri bænum tilheyr þrjár litlir vogar, Kaupstaðarvogur sunnan við Lækjarvog, Kattegat og Ytrihagalending." segir í Örnefni í Eyjafirði. Kaupstaðarvogur var sunnan við Lækjarvog og Hesthúsnöf 004.

Þverhníptir klettur eru við sjó á þessum stað og ekki hægt að sjá hvar menn hafa komist upp úr fjöru. Í voginum var náttúruleg "bryggja" sem leggjast mátti upp að í góðu veðri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 62

**EY-075:008** Ytrihagalending örnefni lending

65°54.373N 18°16.670V

"Ytri bænum tilheyr þrjár litlir vogar, Kaupstaðarvogur sunnan við Lækjarvog, Kattegat og Ytrihagalending."

segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Ytri-hagalending var norðvestan við Lækjarvog, nálega þar sem klettadrangarnir Guddi/Gudda voru.

Ströndin er víðast hvar þverhnipt á þessum slóðum en utan við Hesthúsnöf 004 er fjara, stórgrýtt þó og skörð upp af henni. Um þessi skörð er þægileg uppganga úr fjörunni og á þessum slóðum var lent.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 62

**EY-075:009** þúst útihús

65°54.303N 18°16.712V

Fast aftan við bæinn 001 eru leifar tóftar eða heygarðs. Einungis hefur verið gangvegur milli bæjar og tóftarinnar. Allt umhverfis eru sléttuð tún. Lækur rennur úr hæðinni ofan við bæinn, suður með honum og áfram með norðausturhlíð bæjar. Bærinn er á fremur sléttri hæð í túninu, mjög lágrí. Ekki er hægt að tala um bæjarhól á þessum stað. Aftan við bæinn eru ógreinilegar veggjaleifar. Þær eru 7 X 5 m á stærð en fjara út til norðausturs og enginn norðausturveggur er á tóftinni. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið einhverskonar heygarður. Tóftin er úr torfi og grjóti en er orðin fremur ógreinileg.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 62

*Þústin, horft til VSV*

**EY-075:010** tóft

65°54.517N 18°17.370V

Um 150 m ofan við íbúðarhúsið á Víkurbakka en 20-30 m innan við heimreið að Víkurbæ er lítil tóft. Hún er fast ofan við tún. Neðst í lyngivaxinni brekku. Einstaka lerki- og grenitré hafa verið gróðursett í brekkunni. Neðan við eru sléttuð tún.



Lítill tóft. Hún er tæplega 2 X 2 m að stærð, opin til norðausturs og líklega hefur timburþil verið þar fyrir. Töluvert er af tímri inni í tóftinni líklega úr timburverki. Tóftin virðist ekki mjög gömul. Hún er örlítið niðurgrafin og er ytri brún veggja aðeins 0,2 m há en innri brún er 0,5-0,6 m, þannig er hún niðurgrafin.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**EY-075:011** *Holtagarður* garðlag vörslugarður

65°54.265N 18°16.990V

"Upp frá sjávarbakka nokkuð norðan túns í Ytri-Haga eru greinilegar minjar vörslu-, eða göngugarðs, er liggur upp þvert á Ásinn og lengra til vesturs. heitir hann Holtagarður." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Holtagarður er enn greinilegur frá sjávarbakka utan við Ytri-Hagavík.



Grasi gróinn hagi utan við tún.

Garðurinn nær frá sjávarbakkanum og í um 300 m til SSV. Þá beygir hann til suðurs og liggur í um 150 m til viðbótar áður en hann fjarar út. Garðurinn er víða um 1,5 m á breidd en þó mest 3-4 m á breidd þar sem hann er mest siginn. Garðurinn er mest 0,5-0,7 m á hæð og er torfhlaðinn. Byggingarefni í garðinn hefur greinilega verið tekið fast utan (norðvestan) hans en þar er dæld meðfram öllum garðinum. Garðurinn virðist forn. Hann er hruninn og siginn og mjög óskýr næst sjó sem og efst í brekkunni, áður en hann fjarar út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 62-63

*Holtagarður, horft til NNA*

**EY-075:012** *Töngin* heimild um huldufólksbústað

65°54.560N 18°16.935V

"Næst [utan við Trippisklif/Syðra-Forvaði] er Ytri-Forvaði, þá Tangarbás, þar næst Töngin og Tangarbakkinn. ... Töngin var talin huldufólksbústaður og Bátavík huldufólksins sunnan undir henni." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Nú stendur íbúðarhús, sem notað hefur verið sem sumarhús, á Tangarbakka. Bakkinn er um



500 m NNV við bæ 001.

Tangarbakki er grasivaxinn en þverhnipt er niður í fjöru.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 63

**EY-075:013** *Ytrihagasvarðargrafir* náma mógrafir

65°54.021N 18°17.970V



"[Grafarholt] nær út að Viki, upp að Stóralæk og Ytrihagasvarðargröfum og suður að mýrarstykki, er heitir Hagaf læðar." segir í örnefnaskrá. Ytrihagasvarðargrafir eru um 150 m innan við Götubæ (078:001), fast innan við merki við Götu. Grafirnar eru flennistórar. Innar eru sléttuð tún en annars deiglent.

Grafirnar eru um 110 m NNV-SSA en um 60 m á breidd. Þær eru djúpar og sundurskornar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:**Ö-Ey I.1, 64

*Mógrafirnar fyrir miðri mynd, horft til ANA*

## EY-076 Syðri-Hagi

Á Haga er minnst í Landnámabók. Þar segir að í Haga hafi búið Þorvaldur nokkur, sonur Eyjólfssonar Narfasonar sem var sonur Narfa Arnarsonar en Arnar var frændi Hámundar heljarskinns, sem fyrstur settist að á þessu svæði. ÍF I, 254-256. Í Víga-Glúms sögu segir nokkuð af Þorvaldi í Haga en hann kemur þar við sögu: “Sá maðr bjó í Haga, er Þorvaldr hét ok var kallaðr menni ok átti dóttur Þórðar Hrafnssonar frá Stokkahlöðu er Helga hét.” Þorvaldur lenti í deilum við Klæng í Hrísey og var vóg Klængr hann síðar í Haga. ÍF I, 92.

**1318** Hagi kemur fyrir í Annálum Hólastóls þar sem fram kemur að Vallakirkja á lambeldi í öllum Svarfaðardal og að Haga á Árskógsströnd. DI, II, 456

**1429** er jörðin talin upp með jörðum sem eiga sókn til Stærra Árskógs. DI, IV, 375

**1454** er minnst á Haga í sambandi við deilumál milli Vallakirkju og bænda um rétt kirkjunnar til lambeldis í Svarfaðardal og allt að Haga á Árskógsströnd. DI, V, 125.

**1461** er minnst á Haga í Ólafsmáldaga þar sem Vallakirkja á lambeldi á Árskógsströnd að Haga. DI, V, 261.

**1473** staðfesti Ólafur Rögnvaldsson biskup á Hólum dóm Jóns prófasts Snorrasonar um lambeldi Vallakirkju í Svarfaðardal og Árskógsströnd að Haga. DI, V, 690.

**1505** er útnefndur 6 manna dómur um kröfu Finnþoga Jónssonar til Þorgríms Björnssonar um jörðina Haga sem Finnþogi taldi sína. Í fornbréfasafni

kemur fram að á undan Finnþoga að eldri eigendur Haga voru Eiríkur Loftsson, þvínæst Sveinn Sumarliðason, sonarsonur Eiríks, þá Guðrún dóttir hans, þvínæst Guðríður Finnþogadóttir. DI, VII, 807-809

**1514** selur Þorsteinn Finnþogason Jóni Ásgrímssyni jarðirnar Haga, Hvamm á Galmaströnd og Einarstaði í Kræklingahlíð fyrir Breiðamýri í Reykjadal, Voga og Haganes við Mývatn og Kálfborgará/Bjarnastaði í Bárðardal. DI, VIII, 487-488.

**1531** selur Jón biskup á Hólum Þorsteini Finnþogassyni Haga og Tóvegg í Höfðagerði ásamt kaupahluta í jörðinni Ási í Óxarfirði fyrir jarðirnar Hlíðskóga og Hringisdal og kaupahlutann í Grýtubakka í Höfðahverfi.

**1561** kemur fram í kaupbréfi að Torfi Þorsteinsson á Haga. DI XIII, 591

**1679** (12. maí) kemur fram í Kaupmála Páls Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttir að Páll hefur átt hálfan Haga, þá metinn á 20 hndr. Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld, 199-200.

**1696** (17. apríl) “Peder Keyesen kaupmaður selur Magnúsi Benediktssen Haga á Árskógsströnd, 20 hndr. að dýrleika, en þá jörð hafði hann fengið í skuldargreiðslu frá Birni Magnússyni.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 229.


**1703** (3. júní) “Magnús Benediktsson gerir vitanlegt, að hann hafi heyrt, að jörðin Hagi væri ekki nema 15 hndr., en það hafi hann ekki vitað á kaupdegi. Næstliðið ár hafi jörðin ekki fengist byggð fyrir landskuld, sem var áður 90 álnir, og var þó einginn skileyrir. Með jörðinni hafi verið tvö kúgildi.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 229.

**1712** er Hagi metinn á 30 hndr. í JÁM en þá taldist Hagi ein jörð, með tveimur býlum, Ytri- og Syðri-Haga. 1847 taldist hvor jörðin um sig 8 hndr, en skv. hreppstjóra var Syðri Hagi 15 hndr og Ytri-Hagi 12 hndr. Í Haga var bænhus (Ey-076:021).

**1712** var Skinnþúfa eyðibýli en þar byggðist svo á 19. öld Jónsgerði, og hét síðan Gata eftir 1831.

**1917:** 3.5 ha. 2/3 slétt. Garðar 570 m<sup>2</sup>.

## Syðri-Hagi - túnakort 1917



1958 fór Gata í eyði.

1964 fór Ytri-Hagi í eyði. Gata og Ytri-Hagi hafa nú lagst undir Syðri-Haga.

Ytri-Vík og Víkurbakki byggðust um aldamótin með takmarkaða grasnyt. Ytri-Vík fór í eyði 1965 en Víkurbakki 1976. Ytri-Víkurland tilheyrir nú Ytra-Kálfskinni. Hagajarðir ásamt Hillum töldust til Hvammshrepps áður en hann var sameinaður Árskógsströnd í Arnarneshreppi. Mögulegt er að þessar jarðir hafi átt kirkjusókn til Möðruvalla á miðöldum.

1973: "Beitiland er sæmilegt upp til fjallsins." BE II, 112

1990: "túnið er á litlum flata niður við sjóinn neðan bæjarins og suður í átt til Rauðuvíkur. Einnig eru ræktaðir nokkrir hektarar vestan Þjóðvegarins." BE 1990, 312

**EY-076:001** *Syðri Hagi* bæjarhóll bústaður

65°54.263N 18°16.754V

"Hagabæir hafa svo lengi sem menn muna staðið í einu túni neðan við Hagaásinn. Eigi verður fullyrt hvort bæjarstæðið muni vera eldra ... Hagalækur er millibæjarlækur, en rennur þó ekki nákvæmlega á merkjunum ... Nýr Syðri-Hagi er nú risinn uppi á ásum, gamli bærinn gersamlega horfinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Í byggðum Eyjafjarðar segir "... er búið að jafna yfir tóftir gamla bæjarins í Syðri-Haga, sem stóð nokkru sunnar [en bæjarstæði Ytri-Haga]." Allar leifar síðasta bæjarins á Syðri-Haga hafa verið jafnaðar út en greinilegur bæjarhóll er á þessum stað. Hann er fast ofan við girðingu sem áður var á merkjum milli Ytri- og Syðri Haga en um 250 m neðan (norðaustan) við núverandi íbúðarhús á Syðri Haga. Bærinn var um 100 m ofan (sunnan) við Ytri Hagabæinn (175:001) sem enn hangir uppi að hluta.

Bærinn stóð þar sem nú er hóll í túni sem var sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross.

Bæjarhóllinn er um 50 X 30 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mest 0,8 m á hæð. Vel er hugsanlegt að eitthvað hafi verið rutt úr hólnum við sléttun en ekki hefur aftur verið byggt á honum og líkur til að einhverjar mannvistarleifar kunni að reynast óskemmdar í hólnum. Bærinn var í eyði 1943-1960. Samkvæmt Ármanni Rögnvaldssyni var töluvert timbur tekið úr gamla bænum á stríðsárunum og notað til að byggja upp íbúðarhús á Götu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 60, BE 1990, 335 og Túnakort 1917

**EY-076:002** heimild um útihús

65°54.178N 18°16.784V

Rúmlega 140 m suðvestan (utan og ofan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið efst í túni fast neðan við bíslóða sem legið hefur niður túnið en er nú gróinn upp.

Í túni Syðri Haga. Túnið hefur verið sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross og er mjög nagað.

Bletturinn þar sem húsið stóð er auðmerkjanlegur þar sem hann er grænni en umhverfið. Hann er rótnagaður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-076:003** þúst útihús

65°54.166N 18°96.791V



*Þústin horft til suðvesturs*

Rúmlega 180 m suðvestan (utan og ofan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var 20 m innan (SSA) við útihús 002. Í túni Syðri Haga. Túnið hefur verið sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross og er mjög nagað.

Vel má merkja hvar húsið hefur staðið. Þar er þýft og má sjá hvar brunnur hefur verið í húsinu. Brunnurinn hefur verið fylltur af grjóti. Þýflendi þar sem húsið var sýnir að það var um 8 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-076:004** *Syðrihagahús* heimild um fjárhús

65°54.151N 18°96.767V

"Syðst og efst í túninu voru Syðrihagahús og suður þaðan er Fjárhúsaklifið." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Um 200 m SSV (ofan og innan) við bæ 001 og 35 m innan við útihúsþúst 003 var Syðrihagahús. Það er merkt inn á túnakorti frá 1917 og hefur verið nálægt skurði sem liggur á þessum slóðum og til sjávar.

Í túni Syðri Haga. Túnið hefur verið sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross og er mjög nagað.

Engin ummerki um húsið sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Ey I.1, 61

**EY-076:005** heimild um útihús

65°54.182N 18°16.678V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús neðarlega í túni, 150-160 m innan (suðaustan) við bæ 001 en um 80 m neðan (og örlítið utar) en Syðrihagahús 004.

Í túni Syðri Haga. Túnið hefur verið sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross og er mjög nagað. Húsin hafa staðið nálægt sjávarbakka, fast við mjóan skurð.

Engin ummerki sjást um húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-076:006** tóftir sel

65°53.733N 18°17.849V

"Í landi Rauðuvíkur er lítill hjallaseti neðan við Efstahjallann kallaður Smjörhjalli. Þar eru tóftabrot." segir í Örnefni Eyjafjarðarsýslu. Á Smjörhjalla, um 1250 m ofan við gamla bæinn 001 eru mikil tóftabrot, líklega af seli.

Selið er á syllu í fjallshlíðinni. Ofan við það eru klettur en lágur, lyngi vaxinn melur utan við.

Á þessum stað eru þrjár tóftir á svæði sem er 36 X 34 m stórt. Stærsta tóftin, A, er 16 X 14 m stór, snýr norður-suður og skiptist upp í 9 hólf sem snúa sitt á hvað. Op eru á milli flestra hólfanna og einnig á bæði austur- og vesturhlið tóftarinnar. Tóftin er hlaðin úr torfi, veggir hennar er mest 0,8 m á hæð. Hún er á kafi í grasi. 2 m sunnan við A er önnur tóft minni, B. Hún er gróin grasi og lyngi og er 7 X 7 m að stærð. Tóftin er tvískipt en vesturhlið hennar er ekki greinileg. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni sem er mest 0,5 m á hæð. 20 m norðvestan við B er svo þriðja tóftin,


C. Hún er einföld og snýr norður-suður. Þessi tóft er mjög sigin og fornleg, og veggir hennar eru mest 0,3 m háir. Tóftin er vaxin lyngi. Op virðist hafa verið á miðri norðurhlið hennar. Tóft C er fornlegri en bæði A og B sem hafa líklega verið byggðar seinna, e.t.v. á rústum eldri tófta. Ekki er vitað hver hlutverk þessara tófta hefur verið. Af umfangi þeirra, staðsetningu og fjarlægð frá bæ verður þó að teljast langlíklegast að þarna hafi verið sel. Gæti smjörörnefnið á hjallanum tengst þessu. Tóftirnar eru neðan við Efstahjalla en ofan hans var Selhjalli (sjá 012). Ekki er óhugsandi að hann hafi verið kenndur við þær tóftir sem hér eru skráðar þó örnefnið sé helst til langt í burtu til að hægt sé að fullyrða um það.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 55



Selið, horft til norðausturs



**EY-076:007** gata leið

65°53.724N 18°18.006V

"Melrindil [frá Smjörhjalla sbr. 006] upp á Efstahjalla heitir Járnhryggur. Um hann, þó brattur sé, liggur heyflutningsgata frá þeim tíma, er heyjað var uppi í fjalli og heimflutt á klökkum. Þá varð að binda smátt, nota bæði rófustag og baggaband, hafa þykk framundirlög undir reiðingstorfunum og girða vel, ef ekki átti að snarast af hestunum." segir í Örnefni í Eyjafirði. Hryggurinn gengur upp skarð í klettana, rétt utan við Smjörhjalla. Þetta er um 1250 m ofan við bæ 001.

Melrindill er brattur melur upp að klettabelti í hlíðinni. Skorninga má sjá í melnum upp hlíðina fast utan við lækjarsprænu sem rennur niður hlíðina.

Ekki sjást slóðar neðan eða ofan við Járnhrygg.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 55

**EY-076:008** Rauðavík hús býli

65°53.735N 18°16.338V



*Rauðavík, horft til norðausturs*



Býli þetta var reist við samnefnda vík 1897 og stendur íbúðarhúsið frá því ári enn. Íbúðarhúsið í Rauðvík sem byggt var 1897 og sýnt er á túnakorti frá 1917. Húsið er 30-40 m utan við grunn af nýju íbúðarhúsi sem er í byggingu. Heimreið liggur að bænum sem er við fjöruna í Rauðvík. Umhverfis íbúðarhúsið og eldri byggingar er hlað en annars tún í kring. Skv. túnakorti 1917 var túnið 1.5 ha og allt slétt. Garðar voru 200 m<sup>2</sup> og eitt útihús innantúns. Gamla íbúðarhúsið í Rauðvík er bárujárnsklætt timburhús (hæð og ris) með steinsteyptum kjallara. Viður í húsið var keyptur frá Noregi en húsið var einangrað með mosa. Enginn bæjarhöll er á svæðinu enda jörðin ekki byggð fyrr en undir lok 19. aldar. Sunnan við húsið hefur verið byggð við forstofa. Sambyggt húsinu að austan er hús sem merkt var inn á túnakort frá 1917. Samkvæmt Eddu Jensen var húsið naust. Húsið er byggt úr steypu, timbri og bárujárni. Beint niður af bænum er steinsteypt bryggja sem er nú nær alveg hruninn. Um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið var útihús samkvæmt túnakorti. Engin merki þess sjást nú enda er steinsteypt hlaða þar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 314; Ö-Ey I.1, 55

**EY-076:009** Hagastekkur þúst stekkur

65°53.866N 18°16.407V



*Stekkjarpústin gægjst upp úr grasinu á miðri mynd, horft til norðvesturs*

"Norðurmörk Rauðvíkurlands voru upphaflega við Hagastekku .." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Á öðrum stað segir: "Rétt utan við Hagastekku er Stekkjarklöpp,

öðru nafni Steinka. Þar er og Stekkjarvík. Þar hafa tvívegis staðið íbúðarhús, ýmist kölluð Haganes eða Litla-Rauðavík, en eyðiból er þar síðan árið 1936." Greinilega sést hvar stekkurinn hefur verið um 800 m innan við gamla bæinn í Syðri Haga 001 en um 200 m utan við Rauðvíkurbæinn 008. Stekkurinn hefur verið um 30 m suðvestan við sjávarbakkann.

Þar sem stekkurinn var er fagurgræn hæð sem sést langt að. Engar tóftir eru á hæðinni og greinlegt er að hæðinni hefur eitthvað verið hróflað, e.t.v. við túnasléttun. Ofan við eru sléttuð tún.

Hvorki sjást leifar stekkjara eða íbúðarhúsa á þessum slóðum. Hæðin, þar sem greinlegt er að mannvistarleifar hafa verið, er 16-18 X 10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** , vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 55, 56

**EY-076:010** *Rúgbrauðsklettur* heimild um huldufólksbústað "Sjárhamrarnir út [frá Hagastekk - 009] hafa ekkert sérstakt nafn, svo vitað sé og er ótrúlegt, því að þar var talið að huldufólk byggi. Nafnið Rúgbrauðsklettur mun ég þó hafa heyrt, en hleinarstubbur undir hömrnunum er líka nefndur Rúgbrauðsklettur. Talið var heppilegt að skilja eftir brauðhleif eða annað matarkyns þarna á klettunum og ævinlega hvarf allt slíkt, sem þar var eftir skilið. Trúðu menn því, að huldufólkið launaði vel fyrir sig, m.a.m. því að koma í veg fyrir slys yrði í hinum vondu og viðsjálu landingum þeirra Hagabænda." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Rúgbrauðsklettur er stök klettasúla í sjó við ströndina, 310-320 m NNV við íbúðarhúsið í Rauðuvík en um 780 m SSA við Syðri Haga 001.

65°53.902N 18°16.406V



*Rúgbrauðsklettur, horft til norðausturs*

Rúgbrauðsklettur er 1-2 m frá landi. Hann er klettasúla sem hefur brotnað frá landi. Örlítill gróður vex í toppi súlnnar.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 56

**EY-076:011** *Heygarðar* tóftir heygarður

65°53.536N 18°18.193V

"Sv æðið ofan Efstahjalla kalla



st Fjallið. Hið næsta hreppamerkjunum eru Mýrarnar, Efstahjallamýrar öðru nafni, þær ná merkjanna á milli. Þar eru heyjatóftir, sem kallast Heygarðar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Heystæðið er 100-150 m ofan við fjallgirðingu, efst í Mýrunum, neðan við hjallana. Heystæðið er um 720 m norðvestan við Hrosstjörn 178:011.



*Heygarðurinn fyrir miðri mynd, horft til NA*

Heystæðið er á þýfðri, lyngivaxinni hæð. Neðan við eru mýrar en ofar lyngivaxnir hjallar og melar.

Heystæðið er fagurgrænt. Það samanstendur af þremur hólum sambyggðum en það nyrsta er langskýrast. Heystæðið er 9 X 3-4 m að stærð og snýr norður-suður. Austurveggur miðjuhólfsins er mjög óskýr. Ekki eru grjóthleðslur í tóftinni og engin op eru á veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 56

**EY-076:012** *Selhjalli* örnefni sel

65°53.445N 18°18.074V

"Ofar [en Efstahjallamýrar og Heygarðar sbr. 012] eru grashjallar og víðibrekkur, sem einu nafni kallast Höllin, en heita annars (talið neðan frá): Selhjalli, Selhjallahall, Fossahjalli ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Selhjalli og Selhjallahall eru um 1,8 km suðvestan við bæ 001. Ekki fundust tóftir á Selhjalla eða Selhjallahalli en hugsanlegt að Sel-örnefnin séu kennd annaðhvort við selslegar tóftir nokkru neðar (sjá 006) eða hreinlega Hagabeitarhús 020 sem einnig eru aðeins neðar í hlíðinni. Ekki er þó unnt að fullyrða um þetta og því Selhjalli hér skráður sérstaklega.

Hjallarnir eru klettabelti sem ganga eftir hlíðinni endilangri. Milli þeirra skiptast á mýrar og grasgefin deiglendi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 56

**EY-076:013** heimild um heystæði

"Mýrlendið upp að fjallinu er líka nefnt Gráhjallamýrar. Þar var oft heyjað fyrrum ... Þar efra er mjög votlent, en samt var heyjað fyrrum á Gráhjalla, heyið sett saman og flutt heim að vetrinum." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gráhjallamýri er ofan við Gráhjallann, 1200-1300 m ofan við Götu 078:001 enda er stærstur hluti mýranna í Götulandi þó að þær nái bæði yfir í Arnarneshrepp að sunnan og yfir í land Syðra-Haga að norðan.

Geysi stórt mýrarsvæði um 1,4 km ofan við Þjóðveg. Mýrarnar eru um 1,2 km á breidd en 300-400 m á breidd. Nokkrar hæðir eru í mýrinni hér og þar og hafa hey líklega verið sett upp á margar þeirra. Ekki fannst þó eiginlegt heystæði á neinni þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 57

**EY-076:014** frásögn

65°53.786N 18°16.323V

Edda Jensen man eftir tóftarbroti frá Syðri Haga 001 um 80 m innan og neðan við Rauðuvík 008. Á þessum stað var síðar byggt minkahús sem nú hefur verið rífið.

Grunnur minkahússins er þar sem tóftin var. Hún var nálega í norðausturhorni hússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-076:015** *Byttuvík* heimild um lendingu

65°53.875N 18°16.374V

"Byttuvík er lítil og vond lending út og fram af Haganesi." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í sömu lýsingu segir síðan: "Stekkjjarvík er annað nafn á Byttuvík hjá Haganesi." Stekkjjarvík var beint fram af Hagastekki 009. Í vikinni innarlega ganga 2 klettur fram og mynda e.k. rennu. Bátum hefur væntanlega verið lent utan við klettana, milli þeirra og kletta sem marka ytri hlið vikunnar. Lendingin er um 200 m utan við Rauðuvík 006.

Víkin er lítil og þröng og liggur skáhallt til suðvesturs upp í landið. Suðvestan í henni er grasi gróin hvos þar sem draga hefur mátt upp báta. Uppganga úr vikinni er ekki slæm.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 4

**EY-076:016** *Syðrihagalending* heimild um lendingu

65°54.148N 18°16.655V

"Syðrihagalending er skerjött og grunn, illlendandi nema með flóði. Þaðan var aldrei reglubundið útræði ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Syðrihagalending var í Sandvík sem er um 300 m suðaustan við íbúðarhúsið sem nú stendur í Syðri Haga.

Smágrýtt fjara, nokkuð breið. Bratt er upp af henni, víða hamrar en á nokkrum stöðum er uppganga auðveld.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 61

**EY-076:017** heimild um sjóbúð

65°54.180N 18°16.638V

"Sjóbúð stóð þó á Sandvíkurbakka en engin á ytri bænum [075:001]." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Sjóbúðin er nú horfin en þó má sjá móta fyrir henni um 300 m austan við nýja íbúðarhúsið í Syðri Haga en um 160 m suðaustan við 001.

Grasi gróið er allt fram á sjávarbakkann.

Dæld er í bakkanum þar sem sjóbúðin stóð. Að auki er grjóthrúga 6 x 4 m stór norðaustan við dældina. Skammt frá er góð uppganga úr fjörunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 61

**EY-076:018** *Langabrá* hleðsla leið

65°53.913N 18°17.638V



"Yfir [Engjalág] var gerður upphlaðinn og malarborinn akvegur 1915 (eða 1916) og þótti góð vegarbót, sem hlaut nafnið Langabrá." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Langabrá sést enn um 450 m innan (suðaustan) við Götubæ (078:001) og um 650 m ofan við íbúðarhúsið á Syðri-Haga.

Deiglent, neðar hafa verið framræst tún.

Langabrá er um 120 m langur upphlaðinn kafli á gömlu leiðinni. Vegurinn er um 3 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Hann er grasi gróinn. Langabrá liggur um deiglendi, ræsi voru á henni á 2 stöðum.


**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 64

*Langabrá. horft til suðausturs*

**EY-076:019** *Syðrihagasvarðargrafir* heimild um mógrafir 65°53.944N 18°17.617V  
 "Þjóðvegurinn liggur rétt neðan við Flæðarnar, upp á Efriás og rétt ofan við Grafarenni, en þar eru Syðrihagasvarðargrafir." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Grafarenni hefur nú verið ræst fram. Það er um 500-600 m ofan við íbúðarhúsið í Syðra Haga en um 900 m ofan við gamla bæinn 001. Framræst tún með skurðum á milli eru þar sem grafirnar voru. Ofar taka við melar og klettaholt.  
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 64

**EY-076:020** *Hagabeitarhús* tóft beitarhús 65°53.526N 18°17.942V



*Hagabeitarhús, horft til norðausturs*

"Beitarhúsamelur og Hagabeitarhús eru neðan hólanna og við endasporð Vatnamýra." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Hagabeitarhús eru 1,4-1,5 km ofan við bæ 001.

Beitarhúsin eru á grasi vöxnum melhól, sunnan við mýrarnar. Stutt er niður á möl á hólum en ofan við melinn er lyngi- og grasi vaxin hlíð.

Beitarhúsin eru lítil, 9,5 X 6 m stór og eru eitt hólf. Eftir því miðju gengur garði. Op er á austurhlíð beitarhúsanna. Húsin snúa austur-vestur og eru úr torfi og grjóti. Hleðslur eru mest 0,8 m háar en tóftin er vaxin grasi og lyngi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Árs, 5-6

**EY-076:021** heimild um bænhús 65°54.263N 18°16.754V

HAGI Á ÁRSKÓGSSTRÖND (E) (ÁRSKÓGSPING) - BÆNHÚS Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er bænhússins í Haga getið: Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ei þykjast nálægir menn minnst að hjer hafi tíðar veittar verið.. Ekki er vitað hvort bænhúsið var nær bæjarstæði Syðri (001) eða Ytri Haga (075:001) en um 100 m eru á milli. Ekki verður um það fullyrt hvor bærin er eldri eða upprunalegri. Núverandi ábúendur á Syðri Haga eru á þeirri skoðun að bæjarstæði Syðri Haga sé eldra. Þar má greina bæjarhólsmyndun sem gæti bent til nokkurrar uppsöfnunar mannvistarleifa en Ytri Hagi stendur á rennisléttu flöt. Hnit var því tekin við bæjarstæði Syðra Haga.

Bærin stóð þar sem nú er hóll í túni sem var sléttað en er nú notað sem beitarhólf fyrir hross.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JAM X: 113





Tóftirnar, horft til norðurs



Ofan við Efrimýrar miðjar eru nokkur heystæði við lækjasprænu á lágrri hæð. Heystæðin eru um 2 km suðvestan við bæ 001 og 450-500 m suðaustan við Hrosstjörn 178:011.

Heystæðin eru á mörkum mýrar og lyngivaxinna móa. Ofan við er lyngivaxin fjallshlíðin en neðan við mýrin.

Á þessum stað eru þrjú heystæði. 50-60 m norðan við lækjasprænu sem þarna rennur í hlíðinni er einfalt heystæði, A, sem snýr norður-suður og er 8 X 3,5 m á stærð. Um 60 m sunnar, fast við lækjasprænuna er annað heystæði B sem snýr austur-vestur og er 5 X 4 m á stærð. 50-60 m austan við það er svo þriðja heystæðið C, sem er óskýrast þeirra. Það er á lítilli hæð 10 X 8 m stórri og snýr hún norður-suður. Heystæðin eru hlaðin úr torfi, vaxin grasi og um 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-077 Hillur

1479 eru Hillur taldar upp með þeim fasteignum sem Sólveg Þorleifsdóttir átti og er bærinn metinn á 11 hdr. DI, VI, 199

1548 (10. maí) selur Torfi Jónsson Eiríki Böðvarssyni Hillur fyrir lausafé. DI XI, 641-641.

1549 (4. desember) festi Torfi Jónsson sér Guðrúnu Þórðardóttir á Hillum. DI XI, 735.

1567 selur Ólafur Hjaltason Hólabiskup sr. Sigurði Jónssyni stólsjarðirnar Hillur (11 hdr) og Hrafnstaði í Kræklingahlíð en fékk í þeirra stað Bakka á Tjörnesi og Lón í Kelduhverfi. DI XV, 5 og er jörðin talin upp með kúgildum stólsins 1570 DI, XV, 459

1712 voru Hillur taldar 12 hdr. í JÁM og bændaeign.

1839: "Á Hillum og Götu eru landkostir litlir, heyskapur lítill, en helzt útbeit; " SSE, 97;


1884-1927 var Hillnabakki eða Hillnakofi hjáleiga.

1917: 3.0 ha. 1/3 slétt. Garðar 300 m<sup>2</sup>.

1954 fer bærinn í eyði.

1990: "Túnin liggja á undirlendisbrík milli kletta en sjást ekki frá veginum frekar en bæjarstaðið." BE 1990, 336.

Hagi og Hillur töldust til Hvammshrepps áður en hann og Árskógsstrandarhreppur voru sameinaðir í Arnarneshrepp.



### EY-077:001 Hillur bæjarhóll bústaður

65°53.238N 18°16.580V

Bærinn í Hillum fór í eyði um miðja 20. öld. Hann var um 130 m ofan við þjóðveg. Bæjarlækur rennur niður tún á þessum stað. Hann hefur verið fast utan við bæinn og líklega verið veitt í gegnum fjósið sem var sambyggt bænum að norðan. Staðsetningu bæjarins má einnig sjá á loftmynd frá 1946.

Allar leifar bæjarins eru horfnar en sléttað var úr flestum tóftum í túni um miðjan 6. áratuginn. Bæjarhóllinn sést þó enn. Nokkur skógrækt er hafin í túninu og hefur vegarslóði verið lagður frá þjóðvegi og inn í tún. Endar hann nálega á bæjarhól.

Bæjarhóllinn er um 35 X 40-45 m stór og allt að 1 m á hæð. Hann er á kafi í grasi. Núverandi eigandi Hillna, Magnús Örn Garðarsson, gróf þrjár holur í bæjarhóllinn sumarið 2003 og kom þá strax niður á mannvistarleifar s.s. vefnaðarleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og loftmynd frá 1946

### EY-077:002 heimild um lambhús

65°53.234N 18°16.735V

Um 70 m ofan við bæ 001 eru útihús merkt inn á túnakort frá 1917. Húsin voru um 60 m utan og ofan við Syðstuhús 003. Á loftmynd frá 1946 má greina húsið og á henni sést að húsið hefur verið um 5-10 m utan við læk, undir hlíðinni. Húsið var notað sem lambhús undir lokin.

Húsið hefur verið efst í túni, á mörkum túna og fjallshlíðar ofar. Nú er svæðið allt á kafi í grasi.

Öll ummerki um kofann hafa verið sléttuð.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Loftmynd frá 1946

### EY-077:003 Syðstuhús heimild um fjárhús

65°53.234N 18°16.735V

"Vestur frá Öskuhóli 012 og í jaðri túnsins stóðu Syðstuhús rétt sunnan við Bæjarlæk, sem fellur um Húsaklauf inn á túnið." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús sem passar við lýsinguna fast utan við tún og um 35 m ofan og innan við bæ 001. Húsið sést vel á loftmynd frá 1946 og samkvæmt henni virðist það hafa verið 20-25 m innan við læk.

Fast neðan við fjallshlíðina. Enn má greina þúfnakraga á þessum stað þó ólögulegur sé. Nokkrir stórir steinar sjást og sömuleiðis steypuleifar. Húsið var efst í túni.

Húsið var fjárhús. Af loftmyndinni frá 1946 að dæma var húsið stórt og L-laga.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 54, Túnakort 1917 og loftmynd frá 1946

**EY-077:004** *Lambhús* heimild um lambhús 65°53.182N 18°16.592V  
"Sunnan bæjar var Lambhús á Lambhúshóli ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Lambhúsið var 80-90 m innan og ofan við bæ 001 og er merkt inn á túnakort frá 1917. Öll ummerki um það hafa verið sléttuð. Húsið var um 50 m innan við Syðstuhús 003.

Fagurgræn hæð er efst í túninu þar sem húsið var. Í hæðinni eru tvær dældir utarlega.

Tóftin er greinileg á loftmynd sem tekin var 1946. Af henni af dæma hefur húsið snúið norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917, Ö-Ey I.1, 54 og loftmynd frá 1946

**EY-077:005** heimild um útihús 65°53.159N 18°16.460V  
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 160 m innan við bæ 001 og örlítið neðar. Húsið var byggt utan í hæð þar sem glittir í kletta.

Húsið var í suðurjaðri túna upp við lága kletthæð. Á kafi í grasi.

Húsið er nú horfið en dældir eru á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-077:006** *Hillnakofi* bæjarstaði bústaður 65°53.175N 18°16.227V  
"Sjávarbakkinn við Hillnavík heitir Hillnabakki ... Býlið Hillnakofi (Hillnabakki) stóð syðst á bakkanum við Hillnalæk. ... Býlið Hillnakofi átti sér aðeins fjögurra áratuga sögu (1884-1926), en varð allfrægt fyrir fádæma gestrisni örsnaudrar ekkju, Helgu í Hillnakofa." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Tæpum 40 m ofan við bakkabrúnina en 5-10 m neðan við þjóðveg var Hillnakofi. Hann var 10-15 m utan við Hillnalæk og sjást húsinn vel á loftmynd frá 1946.

Sléttuð var úr kofarústunum þegar túnblettur var gerður á þessum slóðum. Þar sem hann stóð er hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 52-53

**EY-077:007** þjóðsaga draugur 65°53.323N 18°16.423V  
"Í fjörunni við Lækjargilið "drukknaði" (?) kvenmaður frá Hillum rétt fyrir jólin 1864, og nokkru utar heitir Kerlingarvík eftir konu, sem munnmæli herma, að þar hafi fundist látin. Svipir þessara kvenna voru sagðir á kreiki um og fyrir síðustu aldamót, og þriðji "draugurinn" var "Siggi á Hillunum", sem ég heyrði talað um, er ég var barn. Sást hann jafnvel út í Selárgili." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Draugar þessir eiga að hafa verið á sveimi á svæðinu milli Hillna og Selárbakka.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 53-54

**EY-077:008** *Sjávargatan* gata leið 65°53.242N 18°16.538V  
"Bæjarbrekkan á Hillum heitir Steinabrekka, enda mjög grýtt. Þar sést enn Sjávargatan, sem liggur í mörgum krókum í átt til lendingar í Hillnavík við lækinn ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Sjávargatan lá frá Hillnabænum 001 niður og inn frá Bæjarbrekkunni og til sjávar við lendinguna í Hillnavík 009. Langt er síðan hætti að sjást til götunnar.

Grasi gróin brekka, fremur brött.

Samkvæmt Eddu Jensen var hætt að sjást til götunnar upp úr miðri 20. öld.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 54

**EY-077:009** *Hillnalending* heimild um lendingu 65°53.173N 18°16.169V  
"Sjávarbakkinn við Hillnavík heitir Hillnabakki. Austan undir honum er Hillnalending." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Lendingin var norðan við Hillnalæk.  
Fremur lítil og þröng lending, grýtt fjara.

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var ekkert útræði frá Hillum vegna lendingarleysis og þurftu ábúendur að kaupa skipsuppsátur af öðrum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 52; JÁM X, 114

**EY-077:010** *Tóftarhjalli* örnefni 65°53.488N 18°16.999V  
"Hjallinn út frá túni á Hillum heitir Tóftarhjalli. Hann endar á Tóftarhjallaklauf, en austan hennar er Tóftarhjallahausinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Tóftarhjallinn er framhald Bæjarhjalla til norðurs. Hann

nær alla leið inn í land Haga.

Raflínan gengur yfir hjallann. Hann er grasi og lyngivaxinn.

Gengið var um allan hjallann en engar tóftir fundust. Sú tóft sem þarna var líklega heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 54 sbr. Ö-Árs, 3

**EY-077:011** tóft útihús

65°53.267N 18°16.666V

Tvískipt tóft er 20-30 m neðan við raflínu en um 80 m ofan og utan við bæjarhól 001.


Tóftin er 20-30 m ofan við slóða sem liggur frá þjóðvegi að Hillnatúni.

Grasi vaxinn óræktarblettur utan túna.

Tóftin er mjög stæðileg og virðist ekki forn. Hún er 8,5 X 6 m að stærð og er tvískipt.

Ekki er op milli hólfa en op á austurvegg beggja hólfa. Tóftin virðist að mestu hlaðin úr torfi en þó glittir í grjóthleðslur á stöku stað. Hleðslur mest 1,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



**EY-077:012** Öskuhóll öskuhaugur

65°53.181N 18°16.598V

Öskuhaugur var og það sem í honum fannst var ritað í Súlor 1977. Ummælin eru höfð Magnúsi Sveingjarnarsyni, fyrrum bónda á Hillum árið 1940 (endursögð af J.Ó.Sæm): "Fyrir tveimur áratugum vorum við bræður hér á Hillum að stinga sundur dálítinn hólkoll útaustan við syðri fjárhúsin efst í túninu hér á Hillum. Við höfðum alltaf kallað þetta Gamla-Öskuhaug, enda var hóllinn greinilega öskuhaugur ofantil. En þegar lengra var komið niður í hóllinn rákumst við á tvö veggjastubba og mikið af veggjagrjóti, sem virðist hafa hrunið. Þar fundum við þrjár sérkennilega steina. Líktust þeir mest flátum eða döllum. Einn steinninn týndist fljótlega, hann var stærstur, alin að lengd (24 þumlungar), svo sem 6 þml. breiður um miðjuna, en lítið eitt mjórri til endanna. Hann hafði verið holaður að innan þannig að dýpst var til endanna og meðfram hliðunum, en nokkru grynna ofan í hann um miðbikið. Var ekki ólíkt því að ekki hefði að fullu verið lokið við að taka innan úr steininum. Hinir voru minni, báðir samanlagt að lengd eins og helmingur þess stóra, og réttthyrndir nokkuð, jafnir á allar hliðar. Annarr minni steinninn var lengi matardallur hundanna á Hillum og er enn til". Öskuhóllinn var skammt ofan við dældina þar sem Lambhús 004 var en um 100 m SSV við bæ 001. Hóllinn hefur verið jafnaður við jörðu en dæld er ofan Lambhúshóls þar sem hann var. "Sunnan bæjar var Lambhús á Lambhúshóli 004 og skammt þar ofan við var Öskuhóllinn, forn öskuhaugur. Þegar Öskuhóll var jafnaður við jörð fundust í honum þrjár forvitnilegir steinar, líkastir flátum. Var sá minnsti lengi notaður fyrir hundadall á Hillum. Sá stærsti var nálægt einni alin á lengd, líkurófullgerðum báti. Virtist sem að fullu hefði ekki verið lokið við að meitla innan úr honum, því að hann var mun "grynri" um miðjuna en til endanna. Enginn litur var á steinum þessum eða annað neitt, er bent gæti á til hvers þeir skyldu nýtast." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Öskuhóllinn var skammt ofan við dældina þar sem Lambhús 004 var en um 100 m SSV við bæ 001. Hóllinn hefur verið jafnaður við jörðu en dæld er ofan Lambhúshóls þar sem hann var.

Dæld ofan við grasi gróinn hóll.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Súlor VII.I 1977, 26 og Ö-Ey I.1, 54

**EY-077:013** þúst útihús

65°53.186N 18°16.639V

Um 30 m innan við Syðstuhús 003 en innan og ofan við Lambhús 004 virðist hafa verið útihús rétt ofar en beint undir raflínu. Nokkrar dældir eru þarna undir hliðinni og eru þær uppfullar af hleðslugrjóti.

Á kafi í grasi.

Svæðið sem dældirnar og grjótið ná yfir er 18 X 6 m stórt.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**EY-077:014** Kvíaból örnefni kvíar

65°53.218N 18°16.671V

"Sunnan Bæjarlækjar heitir Kvíaból ..." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Ekki er annað vitað um staðsetningu Kvíabóls en að það var sunnan við Bæjarlæk. Algengast er að kvíar væru fast utan við túnjaðar, oftast ofan við tún. Fast ofan við Hillnatún er dálítill upphækkun sem gæti hæglega verið leifar kvía.

Í túnjaðri. Ofar eru hliðarrætur.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 55

**EY-077:015** *Tjarnargata* örnefni leið

65°53.333N 18°16.933V

"Norðan [Tjarnarklaufar] er Tjarnargata og Tjarnargötumelur." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Tjarnarklauf er skarð milli Miðaftanskletts og annars kletts innar. Á þessum stað sjást götur sem líkjast kindagötum.

Lyngivaxinn bratti.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 55

**EY-078 Gata**

1712 var á svipuðum slóðum og Gata eyðibýlið Skinnhúfa sem byggt var úr landi Haga 1712 en þar hét síðan Jónsgerði.

1831 var byggt býlið Gata á svipuðum stað og landareign afmörkuð.


1839: "Á Hillum og Götu eru landkostir litlir, heyskapur lítill, en helzt útbeit;" SSE, 97;

1917: 2.1 ha. 3/4 slétt. Garðar 325 m<sup>2</sup>.

1958 fór Gata í eyði og sameinaðist þá aftur Syðri-Haga.


1990: "Bæjarstæðið er fagurt undir hinum sérkennilegu bergþrepum neðst í Kötlufljalli en túnin liggja á sléttlendinu niður undan bænum." BE 1990, 335

Gata - túnakort 1917



**EY-078:001** Gata bæjarhóll bústaður

65°54.058N 18°18.159V



Leifar veðriahleðslu í/við Götubæinn

Bæjarhús í Götu standa enn og eru um 30-40 m sunnar en tóftir þær sem eiga að vera eftir Skinnhúfu 003. Á þessum stað mun fyrst hafa verið byggt 1831. - "Í Götu standa enn [1982] þínulítill bæjarhús úr torfi, sem ástæða er til að varðveita." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Gamli bærinn var gerður upp árið 1988 og stendur enn að hluta. Húsið er nú notað í bændagistingu. Gamli bærinn var úr torfi, grjóti og timbri, timburhlutinn stendur enn en húsið er um 620 m ofan við þjóðveg en um 350 m utan við Stóralæk sem er á merkjum Götu og Syðri-Haga. Bærinn er undir Götuhömrum, nálæga í miðju túni. Í hlíðum klettabeltisins er mikil skógrækt. Húsið er hæð og ris en ekki er kjallari undir því. Tveir bæir hafa verið á þessum slóðum, annars vegar Götubær

sem hér er skráður og hins vegar Skinnhúfa sem var um 40 m norðar, sjá 003. Á þeim stað er merkt útihús á túnakorti frá 1917. Gamli bærinn í Götu er á bæjarhól sem að hluta virðist náttúrulegur, enda mikið um smáa og stóra hóla í Götutúninu. Hóllinn er um 30 X 30 m stór. Timburhúsið er 8-8,5 X 4 m að stærð en torfveggir eru vestan við það á um 15-16 X 10 m stóru svæði. Hleðslur þessara veggja eru úr torfi og grjóti og mest 1,6 m á hæð. Af málverki sem var gert af eldri bænum má sjá að fjós hefur verið sambyggt bænum innan við hann en hesthúskofi utan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Ey I.1, 59-60; Vesturströnd Eyjafjarðar, 188

**EY-078:002** heimild um útihús

65°54.049N 18°18.164V

Útihús var, samkvæmt túnakorti frá 1917, beint ofan við bæ 001. Einungis virðast hafa verið um 5 m á milli bæjar og hússins sem var ofan við sunnanverðan bæinn.

Þar sem húsið stóð er nú bakgarður timburhússins sem nú stendur í Götu. Þar er mikill grasvöxtur og gróðursettar hafa verið aspir.

Engin ummerki um útihúsið eru nú sjáanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-078:003** Skinnhúfa/Jónsgerði tóftir býli


65°54.074N 18°18.204V

"... löngu eftir að jarðnæðið hafði verið skírt Gata, var slétt grund með vallgrónum tóftabrotum milli melhólanna utan við gamla túnið kölluð Skinnhúfa. Má því telja öruggt að þar hafi forna býlið verið. Bæjarhús þau, sem enn standa í Götu eru 30-40 metrum sunnar." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. "Utan við tún er harðvellisgrund (sem nú er ræktuð), er oftast var kölluð Grundin, en þó mundu menn til þess, að þessi staður hefði líka verið nefndur Skinnhúfa (eða Skinþúfa). Voru sýnilegar umhverfis blett þennan áður en landið var brotið, leifar hleðslna, sem munu hafa verið túngarðar Skinnhúfugerðis eða Jónsgerðis, sem vitað er að var á þessum slóðum." segir í örnefnalýsingu Árskógsstrandar. Um 40 m utan við 001 eru tóftarleifar þar sem útihús er merkt inn á túnakort frá 1917.



Tóftirnar, horft til suðvesturs

Í túni.



1712: Eyðiból er hjer eitt í landinu, sem að enn nú sýnileg merki til sjást af tóftarleifum og girðingum, að nafni Skinnhúfa. Ekki hefur hjer bygt verið það menn til minnst. Ekki má hjer aftur byggja án heimajarðarinnar skaða." segir í Jarðabók Árna og Páls.

Í þjóðsögum er staður þessi nefndur bæði Skinnhúfugerði og Jónsgerði - Ö-Ey I.1, 58. Tóft á Skinnhúfu er stæðileg. Að sögn eiganda, Ármanns Rögnvaldssonar stóð tóftin undir þaki allt til 1982. Þá brann húsið. Til er málverk af húsinu frá 1981. Af því má sjá að framhlutinn hefur verið þrískiptur. Í miðjunni taldi Ármann að hefði verið búíð en sá hluti einn var með timburþili. Innar var langt hús með dyr á miðri langhlið en utar lítill kofi. Líklega hafa þessir hlutar verið skepnuhús og/eða geymslur. Tóftin er 16 X 8 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist upp í 6 hólf. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Hverju hólfu verður hér gefinn bókstafur til aðgreiningar og byrjað nyrst. Nyrst er lítið hólf (A), 4 X 2 m að stærð. Það snýr norðvestur-suðaustur og er op á því austast. Sunnan við það er annað lítið hólf (B), sem er 4 X 2 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Timburþil hefur verið fyrir norðvesturvegg. Aftan við A og B er þriðja hólf (C) sem er þeim þó ótengt og snýr þvert á þau. Ekki er greinilegt op á hólfinu sem er um 4 X 2 m að stærð og gæti hafa verið hlaða. Sunnan við B er stærsta hólf (D) í tóftinni (D). Það er 4 X 2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf (D) er með opi sunnarlega á norðausturvegg en úr því hefur einnig verið opið til suðurs í annað hólf (F) og e.t.v. líka til austurs í hólf að baki (E). Það hólf (E), er um 3 X 3 m að stærð og er opið til suðausturs. Syðsta hólf (F) er hins vegar 3,5 X 2,5 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 59-60; Ö-Árs, 6, Túnakort 1917 og JÁM X, 114


**EY-078:004** garðlag kálgarður

Inn á túnakorti frá 1917 er merktur kálgarður fast ofan og utan við Skinnhúfu 003. Leifar gerðisins sjást enn. Gerðið er byggt sunnan í grasi gróinni hæð. Nokkurt skjól er að vestan, af klettabeltinu í hlíðinni.

Að innanverðu er gerðið vaxið grasi og mosa (og örlitlu af lyngi). Gerðið er nú um 40 m langt en um 12 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var gerðið áður enn lengra og náði alveg að Skinnhúfu 003 og var einungis mjótt sund á milli. Gerðið verður nú óskýrt 10-15 m ofan við 003.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

65°54.076N 18°18.269V

**EY-078:005** Skinnhúfubarnið þjóðsaga huldufólksbústaður

65°54.083N 18°18.199V

"Skinnhúfu-nafnið er tengt þjóðsögunni Skinnhúfubarnið, sem í stuttu máli er þannig: Hjónin á Hillum höfðu eignast barn á miðjum vetri. Þau vildu láta skíra það sem fyrst og völdu til þess næsta góðan sunnudag er messað var í Stærra-Árskógi. Móðirin (sem mun hafa verið kölluð Ljúfa) var eigi fullfrísk orðin og ákvað að bóndi sinn skyldi bera barnungann til kirkjunnar, en vinnukona vera honum til aðstoðar við að annast barnið. Nú héldu þau, bóndi og vinnukonan, sem leið liggur út fyrir neðan Götuhjallana og eyðibýlið, hvar enn uppi stóðu húskofar nokkrir. Skutust þau einhverra erinda inn í kofa, en skildu barnið eftir úti á bæjarvegg og breiddi bóndi skinnhúfu sína yfir reifastrangann. Þegar þau komu aftur út, brá þeim illa í brún, því að þá var barnunginn horfinn, en skinnhúfan lá niðri á hlaðinu. Verksummerki sáust engin og ekkert sem skýrt gæti þennan óskemmtilega atburð. Leituðu þau um stund en án nokkurs árangurs. Næsta sumar var smalastúlka frá Syðri-Haga seint um kvöld að ganga við fé neðarlega í hjöllunum hjá Skinnhúfugerði. Hún heyrdi þá kveðið við raust inni í einum klettinum þessa vísu: "Bíum bí og bíum bí/barninu hennar Ljúfu./Skinnhúfubarnið - hí-híhí - /liggur hér á grúfu." Jóns nafnið á eyðibýlinu aflagðist eftir þennan atburð ..." segir í Grímu. Skinnhúfubærinn var um 40 m utan við íbúðarhúsið í Götu þar sem nú eru tóftir (sjá 003).

Í túni

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 58-59; Gríma V, 83-84

**EY-078:006** Stórlækjarvað heimild um vað

65°53.973N 18°17.910V

"... Stórlækur ... ryðst niður Götuhjallana, yfir gamla veginn á Stóralækjarvaði sunnan við tún í Götu." segir í Örnefni í Eyjafirði. Stórlækur rennur meðfram hlíðinni yst í landi Syðra-Haga en beygir til austurs meðfram innstu túnunum Götu. Nálægt merkjum, um 250 m innan við Götubæ 001 var vað á læknum.

Lækurinn er um 3 m breiddur þar sem vaðið var á honum og hefur verið þægilegur yfirferðar.

Enn má sjá slóða bæði ofan við lækinn og upp úr honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 64

**EY-078:007** garðlag túngarður

65°54.090N 18°18.353V

Leifar túngarðs má greina ofan við tún í Götu en um 150 m utan við Götubæ 001. Garðurinn er mun utar en sá túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1917.

Í jaðri túna, ofar er skógrækt.

Garðinn er um 150 m utan og ofan við bæ 001 í jaðri túna. Á fyrstu 50 m er garðurinn mjög óskýr en verður greinilegri eftir því sem utar dregur. Hann liggur samtals í um 130 m til norðurs áður en hann beygir til austurs og liggur áfram í um 80 m áður en hann hverfur. Mikil skógrækt er á þessum slóðum og á einstaka stað hefur verið gróðursett í garðinn. Túngarðurinn er mest 1,5 m á breidd en um 0,7 m á hæð. Hann er vaxinn grasi og sums staðar einnig lyngi og mosa.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



*Túngarðurinn, horft til norðurs*




EY-078:008 tóft



Tóftin sést á miðri mynd en er óðum að hverfa í þéttan skóginn, horft til NNA

65°54.131N 18°18.438V



Tóft er í horni túngarðs 007, tæpum 250 m utan við bæ 001. Í sléttuðu túni.


Tóftin er um 8 X 4 m að stærð og snýr nálega norður-suður.

Útveggir hennar eru skýrir en tóftin hefur verið fyllt af trjásli og því ekki unnt að greina innri lögun hennar. Hún virðist að mestu hlaðin úr torfi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-078:009 Selhjalli tóft sel

65°54.004N 18°18.401V



"Út við merkin er Miðhjalli einnig kallaður Selhjalli og heitir framhaldið Selmýri norðan merkja." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Neðan við Selhjalla, um 200 m innan og ofan við bæ 001 en innan við 50 m ofan við raflínu er tvískipt tóft.

Ofan við tóftina er lyngivaxin, brött brekka að kletthömrum ofar. Neðar er melur niður að öðrum klettum. Svæðið er á kafi í skógrækt og hefur verið gróðursett alveg að tóftinni og jafnvel utanvert í vegg.

Tóftin verður að teljast helst til of stutt frá bæ til að vera líkleg seltóft auk þess sem lag hennar minnir heldur á stekk. Hún er 6 X 5 m að stærð og nyrðra hólfið er hærra og veggir þar mjórri. Op er á miðjum suðurvegg syðra hólfsins en sunnarlega á austurvegg þess nyrðra (og minna). Tóftin er úr torfi

og hvergi eru grjóthleðslur í henni. Hún er í mikilli hættu vegna skógræktar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 68

EY-078:010 Vatnamýrarvegur heimild um leið

65°53.741N 18°18.928V

"Fram hjá [Hrossatjörn] lá hinn svonefndi Vatnamýrarvegur, að sjálfsögðu enginn vegur, heldur leið, sem Þorvaldsdælingar og Skíðdælingar fóru stundum í góðu skíðafæri að vetrinum til að stytta sér leið í kaupstaðinn." segir í Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Aldrei var eiginleg gata á þessum slóðum, Vatnsmýrarvegur var einungis leið sem farin var á skíðum og lá um mýrarnar ofan við hjallana.

Stórt aflíðandi mýrarsvæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 68

**EY-078:011** *Hrossatjörn* þjóðsaga draugur  
 "[Í Götulandi] er allstór tjörn, er Hrossatjörn heitir og segir þjóðtrúin, að í henni hafi verið nykur. Trúðu menn því fyrir, að undirgöng væru úr tjörninni og í Gíslapoll, sem er fyrir norðan Götu, og til sjávar." segir í Lýsingu Eyjafjarðar. Hrossatjörn er um 750 m ofan og utan við bæinn í Götu 001, á Vatnamýrum. Tjörnin er um 50 m í þvermál. Umhverfis er mýri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** LE I, 150 sbr. Ö-Ey I.1, 68

65°53.775N 18°18.941V



*Hrossatjörn, horft til norðvesturs*


**EY-078:012** þúst

Efst í Bæjargilinu utanverðu (norðanverðu) er ólöguleg þúst, sem gæti verið heystæði. Hún er um 20 m utan (norðan) við læk beint undir raflínu. Þústin er um 160 m SSV við bæ 001.

Mýri gengur inn og upp frá tóftinni sem er efst í gili en neðst í hjalla. Umhverfis eru aspir og barrtré.

Þústin er 4 X 3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og er einföld, án ops.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



65°53.976N 18°18.204V



*Þústin, horft til ASA*

## 4. Fornleifar og byggð í héraði

Sumarið 2003 var skráður syðri hluti gamla Árskógshrepps; Þorvaldsdalur og sá hluti Árskógsstrandar sem áður var nefndur Galmaströnd, þ.e. svæðið frá dalnum og að hreppamörkum við Arnarneshrepp.

Þorvaldsdalur, sem skerst frá miðri Árskógsströnd, er samtals um 22 km að lengd og liggur norður-suður. Dalurinn er breiðastur við nyrðra dalsmynnið, allt að 5 km. Byggð var áður í norðurhluta dalsins, á 8-10 km kafla sem tilheyrði Árskógsströnd. Afréttarlandið, sem er í framdalnum, þ.e. sunnanverðum Þorvaldsdal, er markað af Þverá í dalnum vestanverðum en Refslæk að austan. Afréttin er nú í eigu Arnarneshrepps en tilheyrði áður Auðbrekku í Hörgárdal og átti Möðruvallasókn þangað upprekstur. Norðurhluta dalsins, sem skráður var 2003, hallar til norðurs og einkenna hann breiðir, sléttir og fremur grasgefnir bakkar meðfram Þorvaldsdalsá.

Krossahnjúkur/-fjall markar ásamt Kúgilsheiðum vesturhlíð Þorvaldsdals, en fjallið markar einnig norðurhluta Árskógsstrandar að norðvestanverðu. Að austan afmarkar fjallgarðurinn Flár, sem er á milli Árskógsstrandar og Þorvaldsdals, dalinn. Norðaustan Fláa er Reistaráríkjall sunnar, en Kötluvfjall norðar, en hreppamörk milli Dalvíkurbyggðar og Arnarneshrepps liggja um það síðarnefnda. Kötluvfjall er slétt að ofan en í austanverðum hlíðum þess að sunnan eru berghjallar eða syllur og ber innsti bærinn á Árskógsströndinni, Hillur, nafn sitt af umræddum syllum. Kötluvfjall lækkar mjög mikið til norðurs og endar í lágum hálsi, Kötluhálsi, sem er sunnan við tún í Stærri-Árskógi, við mynni Þorvaldsdals.

Undirlendi er nær ekkert við Hillur en eykst eftir því sem norðar dregur á ströndinni og nær hámarki við mynni Þorvaldsdals (3-4 km) þar sem Þorvaldsdalsá rennur til sjávar milli Kötluvfjalls og Krossafjalls. Undirlendi minnkar svo aftur til norðurs þar til kemur að hálsmynni Svarfaðardals.

Birnunes er stærsta nesið sunnan við Þorvaldsdalsá, en auk þess eru tvö minni nes út í sjó á þessu svæði: Hauganes, þar sem nú er lítill þéttbýliskjarni og Hagaás. Helstu víkur hinnar fornu Galmastrandar eru Selárvík og Rauðavík.

Landsháttum á Árskógsströnd er þannig háttað að undirlendi á svæðinu er aflíðandi mót austri og norðaustri og er það nokkuð flatlent á köflum. Þar skiptast á móar, mýrar og lyngivaxnar hæðir, auk túna og ræktaðs lands sem er talsvert upp frá ströndinni. Töluvert mýrlendi er ofan og norðan Hillna en vestan við Götu. Þar eru Vatnamýrar.

Í Þorvaldsdal er undirlendi víða takmarkað. Þar er bæjarröðin einföld og sömu sögu er að segja um syðsta hluta Árskógsstrandar. Annars staðar á Árskógsströndinni, þar sem undirlendi er meira, er bæjarröðin tvöföld; annars vegar eru bæir upp við fjallsræturnar og hins vegar niðri við ströndina.

Á skráningarsvæðinu 2003 standa bæirnir Birnunes, Selá, Selárbakki, Ytri- og Syðri-Hagi og Rauðavík næst sjó, en þeir eru allir um eða innan við 20 m.y.s. Örlítið herra, eða 40-60 m.y.s., dýrustu jarðirnar á svæðinu, þ.e. Árskógur og Kálfskinnsbæirnir. Enn ofar eru Hillur og Gata sem eru 60-80 m.y.s. en eins og gefur að skilja eru það bæirnir í Þorvaldsdal sem standa hæst yfir sjávarmáli; Kleif um 140 m.y.s, Grund 160-180 m.y.s, Kúgil og Hrafnagil bæði 200-220 m.y.s..

Flestar jarðanna í Þorvaldsdal og á Galmaströnd eru frekar lágt metnar í Jarðabók Árna og Páls eða 10-20 hdr. Undantekningar frá þessu er Stærri-Árskógur sem var staður og metinn á 40 hdr, Kálfskinnsbæir, sem samanlagt voru metnir á 40 hdr. og Hagabæirnir, sem saman voru metnir á 30 hdr.

Jarðirnar á skráningarsvæðinu eru flestar meðalstórar og eru ríflega 22 fornleifar á meðaltali á jörð. Landrými er ekki mikið og dreifing minjastaðanna lýtur sömu meginreglu og annars staðar í Eyjafirði: langflestir eru skamman spöl frá bæ og hafa orðið eyðileggingu að bráð. Undantekning frá þessu er að þó sjálfsögðu Þorvaldsdalur en þar hefur eyðing byggðar hjálpað til við að varðveita fjöldann allan af fornleifum, hvort tveggja í túni og úthögum.

### ***Bæjarhólar, bæjarstæði og býli***

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 12 bæjarhólar og 2 bæjarstæði sumarið 2003. Ástand bæjarhólanna er æði misjafnt, og er algengt að þeir hafi eitthvað verið skemmdir þótt enn sé hluti hólsins eftir óskaddaður. Engar leifar bæjarhóls eru Selá (064:001) og hartnær engar á Ytri-Haga (075:001) jafnvel þó að leifar síðasta torfbæjarins hangi enn uppi á síðarnefnda staðnum. Á öðrum jörðum má greina einhver merki bæjarhóla. Ástand bæjarhóla í Þorvaldsdal (Kleif 056:001, Grund 057:001, Kúgil 058:001 og Hrafnagil 060:001) er mjög gott og er þar víða að

finna reisulega bæjarhóla sem án efa geyma uppsafnaðar mannvistarleifar frá fyrri öldum ósnertar. Í öllum tilfellum eru tóftir síðustu bæjarhúsanna enn ósléttaðar á hólunum.

Annars staðar á skráningarsvæðinu er ástand bæjarhóla að jafnaði þokkalegt þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim, ýmist bygging nýrri íbúðarhúsa eða sléttun. Í mörgum tilfellum hafa framkvæmdir ekki eyðilagt bæjarhóla algjörlega og enn má sjá greinilega bæjarhóla á Stærra-Árskógi (059:001), Birnunesi (065:001), Syðri-Haga (076:001) og Hillum (077:001) jafnvel þó að sléttað hafi verið úr öllum tóftum á hólunum. Í öllum tilfellum má búast við að talsverðar leifar séu enn undir sverði, sérstaklega þar sem yngri bæjarhús hafa ekki verið byggð á sama stað. Á Ytra-Kálfskinni (061:001), Syðra-Kálfskinni (062:001), Selárbakka (063:001) og í Götu (078:001) eru sömuleiðis leifar bæjarhóla þó að nýrri hús hafi síðar verið byggð á hólunum.

Leifar uppistandandi torfbæja sem og hrundar, en hætt er við að óhreyfðar bæjartóftir hverfi undir yngri byggingar eða þeim er hreinlega rutt út. Ástand þessa minjaflokks á skráningarsvæðinu verður því að teljast óvenju gott. Leifar síðustu bæjanna á Kleif (056:001) og í Ytri-Haga (075:001) hanga enn uppi og sömu sögu er að segja um býlið Hátún (EY-062:009). Auk þessa sjást, eins og áður getur um, enn tóftir bæjanna á Grund (157:001), Kúgili (158:001) og Hrafnagili (060:001) í Þorvaldsdal og býlanna Þórhallakots/Þórhallsstaða/Staðarkots (059:025) og Hávarðarstaða (EY-059:034) í sama dal sem og Skinnhúfu (078:003) í Götulandi.

Á skráningarsvæðinu eru þekkt 18 býli og hjáleigur. Langflest (eða 7) eru í Selárlandi. Fimm þeirra; Katrínarbær (064:008), Stefánsbær (064:009), Hóll eða Gamli-Hóll (064:010), Selárgil (064:011) og nafnlaust býli (064:007) voru í kjarna sem byggðist upp nálægt Hauganesi í kringum aldamótin 1900. Eru þau vísir að þéttbýlismyndun í tengslum við sjósókn í lok 19. aldar. Engin ummerki sjást nú um nokkurt þessara býla.

Auk áðurgreindra býla við Hauganes voru skráð 7 önnur býli sem byggðust upp nálægt aldamótunum 1900. Þetta eru Ytri- og Syðri-Ás (064:016 og 017) Steinkot (059:016), Hátún (062:009), Birnunesbakki (065:011), Rauðavík (076:008) og Hillnabakki (077:006). Aðeins er nú búskapur á einum þessara bæja, Hátúni, en þar eru uppistandandi leifar eldri bæjar sem byggður var 1913. Reyndar er enn búið í íbúðarhúsi á Ási en Ytri- og Syðri bærinn hafa verið sameinaðir í einn. Auk þessa stendur uppi steinsteypt íbúðarhús í Rauðuvík, byggt 1897 en til stendur að rífa það. Aðrar leifar eru ekki greinilegar af þeim býlum sem byggð voru um aldamótin 1900 á skráningarsvæðinu.

Á skráningarsvæðinu var fjögurra býla (Þórhallakots 059:025, Hávarðarstaða 059:034, Kolbeinstungu 061:007 og Skinnhúfu 078:003) getið í Jarðabók Árna og Páls í upphafi 18.

aldar þar sem þau eru sögð byggð fyrir minni elstu manna og flest komin í eyði þá þegar. Sum þeirra hafa þó byggst upp aftur og er ekki ólíklegt að þau hafi gjarnan verið í byggð í betra áferði. Þessi býli gætu því öll átt sér fremur langa sögu þótt erfitt sé um það að fullyrða. Miklar leifar bæjartófta, útihúsa og vallargarða eru á Hávarðarstöðum (059:034) og á Þórhallakoti (059:025) en beggja bæjanna er getið í Hávarðarsögu Ísfirðings, bæjarleifar sjást á Skinnhúfu (078:003) en allar leifar af Kolbeinstungu (061:007) hafa verið sléttaðar í tún. Þeir Árni og Páll geta reyndar um enn annað býli á Þorvaldsdal, Lambáarkot sem var innarlega í dalnum vestanverðum, en samkvæmt þeim var það á afréttarlandinu sem lá undir Auðbrekku í Hörgárdal og verða rústirnar því skráðar í samræmi við það, með Hörgárbyggð.

Auk ofangreindra býla geyma munnmæli minni tveggja býla sem sögð eru hafa verið á Þorvaldsdal. Þetta eru Þverá (058:011) og Fögruvellir (060:013). Um bæði býlin gengur svipuð saga, þ.e. þau eiga að hafa staðið innarlega á Þorvaldsdal en horfið undir hraun/framhlaup; Þverá í vesturhlíð Þorvaldsdals en Fögruvellir í austurhlíðinni. Ekki eru þekktar ritaðar heimildir sem styðja munnmæli þessi og engar fornleifar fundust við vettvangsathugun sem gætu staðfest frásögnina.

### ***Útihús og túngarðar***

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru víðast inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin.

Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Ástand útihúsa á skráningarsvæðinu sumarið 2003 var betra en mörg fyrri sumur. Ástæðan er einföld, leifar flestra útihúsa í Þorvaldsdal eru greinilegar og óraskaðar. Líkt og 2002 voru að þessu sinni skráð 60 útihús.

Ekki er vitað um nákvæmt hlutverk 29 útihúsanna en af þeim sáust leifar 18. Þrettán af þeim 19 útihúsleifum sem enn sjást eru í Þorvaldsdal, en leifar allra þeirra útihúsa sem þekkt eru þar sjást. Auk útihústófta á Þorvaldsdal eru þústir útihúsa á Selá (064:019), Ytri-Haga (075:009), Syðri-Haga (076:003) og Hillum (077:013) og að auki ein útihústóft á Hillum (077:011).

Flest þeirra útihúsa þar sem nákvæmt hlutverk er þekkt eru fjárhús. Samtals voru skráð 15 fjárhús á skráningarsvæðinu. A.m.k. ein fjárhús eru þekkt á öllum bæjunum nema Selá en þar er ekki vitað um fjárhús þótt eitt af útihúsunum á bænum hafi án efa gegnt því hlutverki.

Einhverjar leifar rúmlega helmings fjárhúsanna (8) sjást. Tóftir allra þeirra 6 fjárhúsa sem þekkt eru í Þorvaldsdal sjást enn (056:003, 057:003-004, 058:002-003 og 060:003) og auk þess sjást leifar fjárhúsa í Ytri-Haga (075:002) og þústir fjárhúsa á Syðra-Kálfskinni (062:006). Önnur fjárhús eru horfin, annað hvort undir nýrri byggingar eða vegna sléttunar (059:005, 061:003, 063:002-003, 065:003, 076:004, 077:003).

Á svæðinu eru þekkt 6 hesthús en einungis sjást leifar þeirra hesthúsa sem eru í Þorvaldsdal, á bæjunum Kleif (056:004) og Kúgili (058:004). Úr öðrum hesthústóftum hefur verið rutt (059:004, 064:018, 065:004 og 075:004).

Samtals eru þekkt 5 lambhús á svæðinu. Tóftir lambhúsa eru enn greinilegar á Kúgili og Stærra-Árskógi (058:010 og 059:003) en hvorki sjást leifar lambhúsa á Birnunesi (065:002) né leifar tveggja lambhúsa á Hillum (077:002 og 004).

Á svæðinu voru einungis skráð tvö fjós (056:002 og 063:008) og eru leifar beggja horfnar. Vitað er að fjós voru sambyggð bæjum á Kleif, Selárbakka, Ytri-Haga, Hillum, Götu og Hátúni en líklegt er að fjós hafi verið sambyggð flestum hinna bæjanna á skráningarsvæðinu.

Flest skepnuhús voru skráð á Grund og í Kúgili (7 hús) en lítið færri á Hillum (6) og á Kleif (5). Annars voru að jafnaði þekkt 4 útihús eða færri á hverjum bæ, jafnvel á stærstu jörðinni, Stærra-Árskógi. Sú staðreynd að flest útihús eru þekkt á jörðum í Þorvaldsdal gefur góða vísbendingu um dreifingu útihúsa fyrr á tímum og má nota sem viðmið um fjölda útihúsa í túni á fyrri tímum. Á þeim bæjum sem haldist hafa í byggð fram eftir 20. öldinni hafa útihús gjarnan vikið í túnasléttun eða fyrir yngri byggingum. Í mörgum tilfellum hefur vitneskja um nöfn, hlutverk og staðsetningu þessara húsa glatast alveg á tiltölulega skömmum tíma, nema þar sem örnefnaskrár og eða túnakort varðveita fróðleik um húsin. Þess er því að vænta að leifar mun fleiri útihúsa leynist undir sverði í heimatúnum þeirra bæja sem haldist hafa í byggð fram á síðustu áratugi og þannig sé dreifing þeirra og fjöldi svipaður og má sjá í Þorvaldsdal.

### ***Tún, kál- og túngarðar***

Af einhverjum ástæðum hófst túnasléttun seinna á skráningarsvæðinu en víða annarsstaðar. Sr. Hákon Espólín, sóknarprestur í Stærri-Árskógssókn, kvartar yfir því í sóknarlýsingu sinni frá 1839 að jarðlag og gróðurleysi leyfi óvíða túngarðahleðslu né túnasléttun. Því hefur túnasléttun lítið verið farin af stað um 1840 og hefst ekki fyrir alvöru

um 1870 en fór þó hægt af stað fram undir 1880-90. Eftir það kom mikill kippur í sléttunarmál og var á næstu árum sléttað mikið á svæðinu.<sup>27</sup>

Fá gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu. Þó má ætla að tún í kringum Þórhallakot (059:025) sem fór eyði um miðja 18. öld og tún á Hávarðarstöðum, (059:034) sem talið er fornt eyðiból í Jarðabók Árna og Páls 1712,<sup>28</sup> séu að mestu ósnortin. Hugsanlegt er einnig að hluti túna á Grund (í eyði 1925), Kúgili (í eyði 1922) og á Hrafnagili (í eyðu 1925) sé ósléttaður. Þegar túnakort var gert, árið 1917, var helmingur túna á Grund sléttaður, 2/5 túna á Hrafnagili, en einungis 1/10 túna á Kúgili. Búast má við að haldið hafi verið áfram með sléttun túna á næstu árum en þó ólíklegt annað en hluti túna hafi enn verið ósléttaður þegar bæirnir fóru í eyði.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðshleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Vitað er um túngarða umhverfis heimatún á 9 jörðum af 14. Allmiklar túngarðsleifar sjást á öllum bæjunum í Þorvaldsdal (056:013, 057:013, 058:012 og 060:019) og litlir bútar af stærri túngörðum sjást enn umhverfis heimatún í Stærra-Árskógi (059:035), á Birnunesi (065:022) og í Götu (078:007). Engar leifar túngarða sem áður girtu af tún á Selárbakka (063:015) sjást nú og aðeins óljós hryggur á einum stað í túni Ytra-Kálfskinns (061:026). Þar er þó vitað um forna tún- og vallagarða þar sem Ólafur Olavius getur þeirra í Ferðabók sinni frá 1775-1777 og segir þá forna en reisulega. Auk áðurnefndra garða eru greinilegir túngarðar umhverfis býlin Hávarðarstaði (059:034) og Þórhallakot (059:025) á Þorvaldsdal. Ekki er ólíklegt að túngarðar hafi verið umhverfis heimatún flestra þeirra bæja sem ekki eru nefndir hér, en hafi svo verið eru þeir horfnir með öllu og ekki vitað um heimildir sem greina frá þeim..

Kál- og kartöflurækt virðist ekki hafa verið eins áberandi á Árskógsströndinni eins og í Svarfaðardal. Í sóknarlýsingu frá 1839 kemur fram að kálrækt hafi ekki verið stunduð í sókninni um nokkur ár, vegna vorkulda og gróðurleysis. Þá kvartar sóknarprestur yfir því að jarðlag á ströndinni sé óvída hentugt til kálræktar.<sup>29</sup> Aðeins var skráður einn kálgarður á ströndinni 2003, í landi Götu (078:004) en að auki 4 garðar inni í Þorvaldsdal (tveir á Grund 057:014 og 021 og tveir á Kúgili 058:013 og 015).

## **Garðlög\***

Aðspurður um fornleifar í sinni sókn árið 1839 svaraði sr. Hákon Espólín:

*Ei eru hér fornleifar, það ég veit, utan garðlög- það eru landamerkja- og*

<sup>27</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar, 1972:99 og Saga Dalvíkur I, 1978:23-33

<sup>28</sup> en þar var þó búið um 2-3 ára skeið eftir aldamótin 1900

<sup>29</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar, 1972:99

\* Á landamerkjakorti fremst í kortaviðauka eru merktir inn helstu garðar á skráningarsvæðinu



*göngugarðar margir og langir, svo það er með furðu, hversu mikið erfiði hefir verið haft fyrir þeim. Eru sumir þeirra mörg hundruð fadma, og sums staðar vita menn nú varla aðgreiningu landamerkjja- og göngugarðanna.*<sup>30</sup>

Lengi hefur verið þekkt samansafn garðparta meðfram vestanverðum Svarfaðardal inn í botn og aftur út með austanverðum dalnum. Garðarnir eru gjarnan kallaðir göngugarðar og garðakerfið nefnt einu nafni *Sveitarlangur*. Hlutverk garðlaganna er ekki alveg ljóst en líklegast þykir að þeir hafi þjónað sem einhvers konar vörslu- og landamerkjagarðar og þeir hafi síðar, eftir að hætt var að halda þeim við, verið notaðir sem göngugarðar. Af lýsingu Hákon að dæma virðist sem umrætt garðakerfi hafi haldið áfram á Árskógsströndinni. Þar er kerfið nú orðið mjög slitrótt og ekki er alltaf ljóst hvaða garðbúta er rétt að telja til þess. Sumarið 2003 voru skráðir nokkrir garðar sem gætu verið hluti af garðakerfinu en flestir þeirra voru stuttir og á stórum svæðum voru algjörar eyður í kerfið. Athygli vekur að enginn langgarður fannst við skráningu, einungis landamerkjagarðar og garðar sem afmarka hagaland.

Sumarið 2003 var aðeins skráður einn staðfestur landamerkjagarður, á milli Birnness og Selár (064:004). Er hann völdugur og greinilegur á um 600 m kafla þótt ljóst sé að hann hafi áður verið mun lengri og jafnvel hugsanlegt að garðleifar sem fundust nokkuð sunnar (065:030) hafi upphaflega verið hluti sama garðlags. Ekki er ólíklegt að garðurinn sé forn og tilheyri því garðakerfi sem sr. Hákon getur um í sóknarlýsingu sinni. Líklegt er að svokallaður Ystulágargarður (059:031) hafi einnig tilheyrt garðakerfinu. Hann hefur líklega verið landamerkjagarður, á mörkum Kálfskinns, Stærra-Árskógs og jarðanna í Þorvaldsdal. Garðurinn liggur upp frá Þorvaldsdalsá yst á dalnum, utan við ystu býlin í dalnum austanverðum. Hann liggur í um 700 m til ANA að Ystulág þar sem hann beygir skarpt til NNA og heldur áfram í um 300 m í beina stefnu að landamerkjum Kálfskinns og Stærra-Árskógs.

Auk áðurnefndra landamerkjagarða eru tvö garðlög á skráningarsvæðinu sem gætu hafa tilheyrt kerfi eldra garðlaga. Báðir eru garðarnir nefndir Holtagarðar og virðast byggðir til að girða af heimaland tveggja jarða, annars vegar Birnness (065:008) og hins vegar Hagabæjanna (075:011). Aðrir garðar sem skráðir voru að þessu sinni virðast ekki líklegir til að hafa verið hluti af fornu garðakerfi. Þeir hafa ýmist verið byggðir í tengslum við einstakar tóftir (056:008), sem áveitugarðar (056:017) eða vörslugarðar (060:010, 060:014-015, 060:017, 058:022).

---

<sup>30</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar. 1972:100-101.

### **Engjar og áveitur**

Aðeins eitt víðfemt engi var á skráningarsvæðinu 2003. Svæðið er nefnt Vatnamýrar og er norðan Hillna en vestan við Götu. Minni engjasvæði voru einnig meðfram Þorvaldsdalsá á köflum og ofan við tún í Kálfskinni. Á öllum þessum svæðum voru skráð heystæði. Á og við Vatnamýrar voru þrjú heystæði (076:011, 013 og 022), við Þorvaldsdalsá eitt (057:007) og ofan við Kálfskinnsbæina tvö (061:008 og 062:018). Að auki er þekkt heimild um heystæði nálægt gamla Hauganesveginum, í landi Stærra-Árskógs, en það hefur nú vikið fyrir túnrækt.

Þrjár fornleifar sem tengjast áveitum voru skráðar sumarið 2003, allar á Þorvaldsdal. Í landi Kleifar voru skráðar minni háttar áveituminjar á tveimur stöðum (056:010 og 017) en umtalsverðir áveitugarðar og skurðir eru í landi Grundar, neðan við bæinn, við Þorvaldsdalsá (057:009). Sennilegt verður að teljast að áveitur hafi verið víðar.

### **Vatnsból**

Flest bæjarstæðin á skráningarsvæðinu virðast hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból í huga. Bæirnir standa flestir nálægt ám eða smálækjum og var enginn brunnur eða vatnsból skráð sumarið 2003.

### **Svarðargrafir**

Mótak var á mörgum bæjanna (samtals á 14 stöðum) en ekki eru þekktar svarðargrafir á um þriðjungum jarðanna (í landi Grundar, Kúgils, Selárbakka, Hillna eða Götu). Á öðrum bæjum eru þekktar svarðargrafir og tvennar grafir í landi Stærra-Árskógs (059:013 og 015), Ytra- og Syðra-Kálfskinns (061:002 og 016 og 062:004 og 016), Birnunes (065:014 og 025) og Ytra-Haga (075:005 og 013). Fremur óvanalegt er hversu margar mógrafanna eru enn greinilegar en á 11 stöðum sáust greinileg ummerki þeirra. Aðeins var skráður einn torfristustaður, í landi Ytra-Kálfskinns (061:018). Ummerki torfristunnar voru ekki merkjanleg. Líklega hafa verið mun fleiri torfristustaðir á svæðinu sem nú eru fallnir í gleysku. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 greinir sr. Hákon Espilín frá því að helsti eldivíður í sókninni þá sé: „Sauðatað, hrísvíður og sums staðar svörður.“<sup>31</sup>

### **Kvíar, réttir og stekkir**

Sumarið 2003 voru skráðar 5 kvíar. Kvíar á Kleif í Þorvaldsdal sjást enn (056:009) og sömu sögu er að segja um kvíar á Birnunesi (065:019). Kvíar í landi Stærra-Árskógs (059:024), Syðra-Kálfskinns (062:012) og Hillna (077:014) hafa allar horfið í sléttun og annað umrót.

Skráðar voru 4 réttir sumarið 2003. Tvær þeirra eru á Áskógsströndinni, hestarétt í landi Ytra-Kálfskinns (061:012) og fjárrétt í landi Stærra-Árskógs (059:021). Í báðum

<sup>31</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar. 1972: 99.

tilfellum hafa réttirnar vikið í túnaumbótum. Reyndar var síðarnefnda réttin aðeins notuð um nokkurra áratuga skeið á 20. öld eftir því sem best er vitað.

Réttirnar tvær á Þorvaldsdal eru í landi Kúgils (058:020) og Hrafnagils (060:009) og eru báðar byggðar á hálfgerðum hólum í Þorvaldsdalsánni. Í báðum tilfellum er um litlar, tvískiptar réttir að ræða, ekki ósvipaðar stekkjum. Skilarétt var á Þorvaldsdal og leifar hennar eru vestanmegin í dalnum, rétt innan við Kúgil og núverandi hreppamörk. Hún tilheyrir því Arnarneshreppi og verður skráð með honum.

Samtals voru skráðir 16-17 stekkir sumarið 2003. Stekkur var á flestum bæjum en þó er hvorki þekktur stekkur í landi Selárbakka né Hillna. Raunar var ekki heldur þekktur stekkur í landi Götu en tóft á Selhjalla, um 200 m ofan við bæ, er mjög stekkjjarleg (078:009) og bendir útlit hennar, staðsetning og fjarlægð frá bæ mun frekar til að um stekk en sel sé að ræða. Umrædd tóft er inni í skógreit og tré hafa verið gróðursett alveg að tóftinni og í utanverða vegg. Tóftin telst því í stórhættu vegna skógræktar. Almennt var ástand stekkjja á skráningarsvæðinu mjög gott en einhverjar leifar sáust um 16 stekki af 17. Var það aðeins annar stekkur af tveimur í landi Selár (064:014) sem horfið hefur við þéttbýlismyndun á Hauganesi. Annars sjást leifar eins stekkjjar í landi Kúgils (058:019), Hrafnagils (060:005), Ytra-Kálfskinns (061:027), Syðra-Kálfskinns (062:017), Birnuness (065:013), Ytra-Haga (075:006) og Syðra-Haga (076:009), tveggja stekkjja í landi Kleifar (056:012 og 015), Grundar (057:024 og 025) og Selár (064:014 og 015) og leifar þriggja stekkjja eru í landi Stærra-Árskógs (059:010, 059:029 og 059:037) þótt einn þeirra hafi sjálfsagt verið frá Hávarðarstöðum.

*Tafla 1: Upplýsingar um stekki*

Samtala	Heiti jarðar	Fjarlægð frá bæ	Tegund
EY-059:010	Frá Hávarðarst	<400 m	Tvískipt tóft
EY-060:005	Hrafnagil	<400 m	Tvískipt tóft
EY-078:012	Gata	<400 m	Tvískipt tóft
EY-056:012	Kleif	400-800 m	Tvískipt tóft + garðlag
EY-057:024	Grund	400-800 m	2 tóftir + garðlag
EY-058:019	Kúgil	400-800 m	Þrískipt tóft
EY-061:027	Ytra-Kálfskinn	400-800 m	Tvískipt tóft
EY-062:017	Syðra-Kálfskinn	400-800 m	2 tóftir + garðlag
EY-064:014	Selá	400-800 m	heimild
EY-065:013	Birnunes	400-800 m	Tvískipt tóft
EY-056:015	Kleif	800-1000 m	Tvískipt tóft
EY-057:025	Grund	800-1000 m	Tvískipt tóft
EY-059:029	Stærri-Árskógur	800-1000 m	2 tóftir
EY-059:037	Stærri-Árskógur	800-1000 m	Þrískipt tóft
EY-075:006	Ytri-Hagi	800-1000 m	Tvískipt tóft
EY-076:009	Syðri-Hagi	800-1000 m	Þúst
EY-064:015	Selá	>1000 m	Þrískipt tóft

Á flestum jörðunum voru stekkir á bilinu tæplega 400 m til 1000 m frá bæ en stekkir frá Götu, Kleif og Hrafnagili voru nær bæ eða innan við 400 m frá honum. Stekkur frá Selá var lengst frá bæ eða um 1500 m. Flestir stekkjanna eru stakar, tví- eða þrískiptar tóftir (11 stekkir) en dæmi voru þó um að á stekkjunum væru tvær tóftir og/eða garðlög. Í öllum tilfellum var þó önnur tóftin á stekknunum tvískipt.

### **Beitarhús og sel**

Beitarhús voru skráð í landi Kúgils (058:006) og Syðri-Haga (076:020) og sjást leifar beggja enn. Kúgilsbeitarhús, eða Þverárbeitarhús eins og þau voru einnig kölluð, eru við Þverá, um 1,7-1,8 km frá bæ. Þau eru stæðileg og samanstanda af þremur hólum og hlöðu að baki. Öllu smærri að sniðum eru Hagabeitarhús sem eru 1,4-1,5 km frá bæ. Þau eru aðeins eitt hól með garða eftir miðju. Ekki er ólíklegt að beitarhúsin á skráningarsvæðinu hafi í raun verið fleiri því algengt var að beitarhús væru á seljum.

Alls voru skráðir átta staðir sumarið 2003 þar sem sel voru eða hafa verið. Einn þessara staða var í landi Götu, tóft á Selhjalla (078:009), sem áður var nefnd og er líklega stekkur fremur en sel. Sel var í landi Kúgils (058:005), um 2 km frá bæ. Þar er einföld tóft, sem vart getur talist til veglegri selja. Í landi Hrafnagils (060:012) er þrískipt seltóft um 500 m frá bæ og tvö sel eru í landi Ytra-Kálfskinns (061:013 og 014), bæði um 1 km frá bæ. Á Efraseli (061:013) eru tvær tóftir, garðlag og gerði byggt upp við það, en á Neðraseli (061:014) er aðeins ein, tvískipt tóft. Nokkur seljaörnefni er að finna á Selárbakka en flest þeirra eru heiti á syllum og mýrum ofan við bæinn sem teygja sig jarða á milli og með þeim

örnefni. Hugsanlega gæti það verið skýring þess að engar selrústir fundust í tengslum við selja-örnefni í landi Selárbakka (sjá 063:004). Líklegast hefur bara eitt sel verið í landi Syðri-Haga en þar voru þó vísbendingar um sel á tveimur stöðum (076:006 og 076:012). Á Smjörhjalla eru þrjár seltóftir (076:006), um 1250 m ofan við bæ. Talsvert ofar, eða um 1800 m frá bæ eru hins vegar seljaörnefni, Selhjalli og Selhjallahjall en engar tóftir eru á þessum slóðum. Verður að telja líklegast að örnefni tengist annað hvort selinu á Smjörhjalla talsvert neðar í hlífðinni eða jafnvel beitarhúsunum sem eru þar á milli.

### **Gerði**

Gerðis-örnefni er algengt að finna í tünnum við bæi. Oftast eru það aðskildir túnskæklar eða túnjaðrar sem bera slík nöfn og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af þessari tegund voru skráðar 5 fornleifar sem hafa orðhlutann „gerði“ í nafni sínu, öll á Árskógsströndinni. Jónsgerði eða Skinnhúfa/Skinnhúfugerði (078:003) er heiti á býli þar sem Gata byggðist síðar upp. Ekki er ólíklegt að býlið hafi byggst upp á gömlu fjárhússtaði en af heimildum má ráða að það hafi farið úr og í byggð eftir árferði. Gerðisklöpp (061:005) í landi Ytra-Kálfskinn var talinn huldufólksbústaður en nafnið hefur líklega tengst Gerðishúsum (061:006) sem voru stök fjárhús, nokkurn spotta frá bæ. Sömu sögu er að segja um hin tvö gerðisörnefni. Í báðum tilfellum er um að ræða fjárhús nefnd Gerðishús spottakorn frá bæ.

### **Kuml og kirkjugarðar**

Aðeins var ein kirkja á því svæði sem skráð var 2003. Hún er á Stærri-Árskógi sem var staður. Ekki voru aðrar kirkjur á skráningarsvæðinu 2003 þó ýmsir telji að upphaflega hafi Árskógur verið lítil jörð og kirkjan hafi þá verið í dalnum, á Hávarðarstöðum eða í Þórhallakoti. Getið er um kirkju sem byggð átti að hafa verið á dalnum í kringum kristnitöku í Hávarðarsögu Ísafirðings. Þegar Ólafur Ólavíus fer um sveitina, 1775-1777 getur hann þess að fólk telji að kirkja hafi áður staðið á dalnum. Á skráningarsvæðinu voru ritaðar heimildir fyrir bænhúsum á 4 jörðum; á Kálfskinni (061:028), Selá (064:012), Birnunesi (065:005) og í Haga (076:021). Engin ummerki sjást nú um þessar byggingar en örnefnið Bænhúsvöllur á Selá gefur vísbendingu um staðsetningu bænhúss þar, enda sást þar lengi fyrir garðlögum og meintum leiðum. Ekkert er vitað um staðsetningu bænhúsa á Kálfskinni og í Haga en vísbendingar eru um staðsetningu bænhúss á Birnunesi. Heimamenn á Birnunesi hafa heyrt sagnir um að bænhústóft hafi áður verið skammt frá gamla bænum en þó verður að teljast óvíst hvort þær sagnir eiga við Birnunes eða næsta bæ við hliðina, Selá. Bænhús var á Selá fyrir miða 15. öld en í fornbréfasafni hefur varðveist bænhúsatal frá 1487 þar sem þar er vísað á kirkjugarð með bænhúsleifum - bænhúss á Birnunesi er hinsvegar ekki getið í

bænhúsatalinu frá 1487. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 hefur bæjunum hins vegar verið víxlað, þ.e. þar segir að bænhús hafi til forna verið á Birnunesi, og tóftir þess sjáist enn, en ekki einu orði minnst á bænhús á Selá. Gæti þetta bent til að jarðabókarhöfundar hafi ruglast á jörðum, því ólíklegt verður að telja að bænhús hafi verið á tveimur samliggjandi jörðum jafnlágt metnum. Úr þessu verður þó ekki skorið og bænhús skráð á báðum jörðum þar eð heimildir eru fyrir hvoru tveggja.

Ekki er vitað um að menn hafi komið niður á bein á skráningarsvæðinu, nema í landi Stærra-Árskógs þar sem kuml fannst (059:023) árið 1917 þegar verið var að laga gamlan kerruveg sem lá að brú á Þorvaldsdalsá suður af Þorvaldsárfossi. Þar fundust bein úr miðaldra konu og með henni járnfleinn ferstrendur og hnífur. Fast við kumlið var hrosskuml með nokkrum járnbrotum, hringjubrot eða kengbrot og nagli, hvort tveggja úr söðli.<sup>32</sup>

Þriggja fornmannahauga er getið á svæðinu, allra í Frásögum um fornaldarleifar, en enginn staðanna telst sérstaklega líklegt kuml. Þar er í fyrsta lagi leiddar að því getur að s.k. Purkhóll (059:008), sem er rétt sunnan við bæ á Stærra-Árskógi, kunni að vera kuml. Þar segir: "Stendur hér Hóll einn í Túninu, Purkhóll kalladur, nockud aflángur og þynnri á 2 vegu, með háum Hrygg uppúr hærstum í midju; [...] Hóllinn sjálfur er að öllu Leiti lagadr sem Fornmannahaugar, þar sem Menn hafa verid skiplagdir...[...] Fýsn hefur mér mikil á verid, að grafa í Hól þennan, enn þó enn ecki að því rádist, fyri þá Skulld, að eg hefi alls eingvar Fregnir fengid gétad um Haug þennan hvört nockurr eða hvörr hann byggja mundi, því einginn hefur kannast vid Purk þann, sem hóllinn er vidkénndur." Greinilegt er af þessari lýsingu að ályktun um hóllinn er dregin af útliti hans og staðlaðri ímynd um það hvernig legstaðir fornanna eigi að líta út. Reynslan hefur nú sýnt að flest kuml eru ekki haugar heldur niðurgrafnar grafir líkt og síðar hefur tíðkast. Framkvæmdir á Purkhól á síðustu áratugum hafa ekki leitt í ljós nein mannabein og verður tilgátan um meintan legstað í hólnum að teljast hæpin.

Annar meintur fornmannahaugur skv. Frásögum um fornaldarleifar er Kötluhóll í landi Kálfskinns (061:022). Um hauginn segir: "Stendur Grjóthóll nockur í Hásudur hedann upp frá Bænum, vid Rætur Fjallsins, er nú heitir Kötluhfjall og Hóllinn Kötluhóll; tíáist Kerlíngr nockur nafnkunnug að Töfrum og Forneskju, - sem um er gétid, að mig minnir, í Svarfdælu - vera heygd í Hóli þessum; sjást þó eingin Merki til þess, ..." Kötluhóll, er stór, náttúrulegur hóll sem ber þess engin merki um að vera manngerður eða að í hann hafi verið grafið.

Þriðji meinti fornmannahaugurinn á skráningarsvæðinu og þeirra kuml-legastur er Hrærekshóll (062:003) í landi Kálfskinns. Hóllinn er friðaður, enda segir sagan að þar hvíli

---

<sup>32</sup> Kuml og Haugfé. 2000, 171

norski fylkiskonungurinn, Hrærekur blindi, sem dó að Kálfskinni, samkvæmt frásögn Heimskringlu.<sup>33</sup> Hóllinn var samkvæmt örnefnaskrá nefndur Hæringshóll allt fram til 1900 þegar Jósteynn Jónsson (fyrsti bóndi að Hátúni), breytti nafni hans með hliðsjón af munnmælum í sveitinni, sem fullyrtu að þarna væri heygður Hrærekur konungur. Elstu heimildir um staðsetningu haugsins eru þó nokkuð eldri enda hans getið og honum lýst í Frásögum um fornaldarleifar árið 1821: „Haug edur Leidi Hræreks Konungs; ... Hrærekur andaðist á Kálfskinni, og er heygður nordvestr ei allskamt frá Túninu ...[...] Grafid hefur verid í hauginn fyrir nockrum árum síðan frá Toppi hans nidur ad Hellunni, komust þeir er grófu ei lengra, og hættu vid svobúit, nenntu ecki helldur síðan ad hverfa aptur til Haugsins, til ad hallda áfram Verkinu; sökum þess, ad alls eingin Fjávonn sýndist vid ad uppróta Haugi þessum,... hafa eingvir viljad til verda síðan í Haugin ad grafa, nema ef vera skyldi fyri full Daglaun ...“. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1839 er einnig minnst á hauginn: „Einn haugur er hér nálægt Ytra-Kálfskinni, eftir Hrærek kóng, hingað fluttan að forlagi Ólafs konungs helga. Er laut ofan í hauginn, og lítur svo út, sem einhvern tíma hafi verið í grafið.“ Greinilegt er af ofangreindum lýsingum að reynt hefur verið að grafa í hólinn síðla á 18. öld eða í upphafi þeirrar 19. en gefist upp við þær tilraunir. Aftur var grafið í hólinn um 1918 og þá komið niður á grjóthleðslur, hringlagaðar, samkvæmt örnefnaskrá, en ekki var málið kannað frekar. Greinileg dokk sést í Hrærekshól þar sem reynt hefur verið að grafa í hann og á hólnum hefur Lionsklúbburinn Hrærekur reist minnismarki með áletrun um Hrærek konung. Þótt nokkur þjóðsagnabragur sé á frásögnum um legstaðinn í hólnum er ekki útilokað að þar kunni að reynast kuml og má geta að gata liggur skammt frá hauginum og hafa kumlarannsóknir á síðustu árum leitt í ljós að mjög algengt er að kuml séu í námunda við fornar leiðir.

Auk ofangreindra legstaða voru skráðar frásagnir af tveimur hugsanlegum legstöðum til viðbótar. Annar er í landi Kálfskinns (062:002) þar sem Sveinn Jónsson bóndi á benti á mögulegan kumlastað þar sem nokkrar lágur þústir eru á mel, um 700 m frá bæ í Kálfskinni. Um er að ræða nokkrar hæðir, sem eru flestar nálega 2 m í þvermál og snúa ýmist norður-suður eða austur-vestur. Hæðirnar eru fagurgrænar og skera sig úr landslaginu. Svipaðar hæðir eru einnig innar en þær eru þó berar með nokkrum mjög stórum steinum á. Þar fannst ein hrosstönn við skráningu. Ekki er vitað til að mannabein hafi komið upp á þessum stað en var hann skráður sem mögulegur legstaður. Þá kenningu styrkir sú staðreynd að leið liggur um melinn. Hinn staðurinn þar sem hugsanlega hefur verið legstaður er s.k. Gyðingsleiði í landi Birnunn (065:009). Leiðið var aflöng þúfa í jaðri gamla bæjarhólsins Kjartan

---

<sup>33</sup> Heimskringla. 1944, 309

Gústafsson, ábúandi á Brimnesi, man eftir að sagt var að einn eða fleiri drukknaðir sjómenn hefðu verið jarðaðir á þessum stað. Sléttað var yfir þúfunu án þess að nokkur sannindamerki um söguna kæmu í ljós. Verður legstaðurinn að telja harla ólíklegur.

### **Leiðir**

Nokkrar leiðir voru skráðar sumarið 2001. Sumar eru minni slóðar milli staða innan landareignar eða milli bæja og nágrennajarða (sjá 058:023, 059:017, 060:004, 060:021, 061:009, 061:011, 063:007, 065:017, 076:007, 077:008 og 077:015), en einnig voru skráðar lengri leiðir. Oftast voru leiðirnar hluti af þjóðvegi um sveitina, ýmist upphlaðnir vegaspottar eða hluti af þjóðleið frá ýmsum tímum (059:011, 059:022, 062:014, 063:005, og 076:018). Þjóðleið um Árskógsströnd lá áður á svipuðum stað og þjóðvegurinn er nú, ýmist aðeins ofar eða neðar. Auk þjóðleiðar um Árskógsströnd voru Hálsögötur (059:038) skráðar en þær lágu í framhaldi af Þorvaldsdalsgötum (061:019) yfir í Þorvaldsdal sem og Vatnamýrarvegur (078:010) sem Þorvaldsdælingar og Skíðdælingar fóru stundum á vetrum á skíðum til að stytta sér leið í kaupstað. Hafa þá verið nefndar helstu þjóðleiðir.



## 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu fornleifa gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð upp og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæ í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði.

Sumarið 2003 voru skráðar óvenjumargar vel varðveittar minjar og er fyrir því einföld ástæða, Þorvaldsdalur er gullkista fornleifa af ýmsum tegundum. Dalurinn er stór hluti þess svæðis sem skráð var sumarið 2003 og var ástand minja því í heildina óvenjugott, enda sáust leifar mannvirkja á hverjum tveimur stöðum af þremur þar sem þeirra var að vænta. Í Þorvaldsdal var ástandið auðvitað enn betra en þar sáust nærri því allar þær fornleifar sem heimildir voru þekktar um. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu og stuðlað verði að áframhaldandi verndun Þorvaldsdals.

Þrjú friðlýstir minjastaðir eru á skráningarsvæðinu. Ber fyrst að nefna Hrærekshól í landi Kálfskinns (062:003). Þar segir sagan að Hrærekur konungur frá Noregi eigi að hvíla og var hóllinn friðaður í tengslum við þessi munnmæli árið 1932. Á hólnum hefur verið reist minnismarki um hinn forna konung en ekki er á honum friðlýsingaskilti.

Hinar friðlýstu minjarnar tvær eru á Þorvaldsdal. Árið 1972 friðlýsti Þór Magnússon, þáverandi þjóðminjavörður, rústir Hávarðarstaða (059:034) og Þórhallakots (059:025) á Þorvaldsdal. Hvort tveggja eru merkilegar og umfangsmiklar rústir býla, útihúsa og vallargarða sem vel eru að friðlýsingu komin. Á fyrrnefnda staðnum er friðlýsingaskilti í miðri tóftaþyrpingunni en á þeim síðarnefnda fannst ekkert skilti. Friðlýsingarskilti er hins vegar á tóftaþyrpingu (059:026) skammt frá Hávarðarstöðum. Þar getur að líta fimm tóftir í hnapp á svæði sem markast hvoru tveggja af vallargarði og náttúrulegum afmörkunum. Tóftirnar eru ekki friðlýstar samkvæmt Friðlýsingaskrá en hugsanlega eru minjarnar taldar tilheyrja Hávarðarstöðum og friðlýstar sem slíkar. Líklegra verður að teljast að þarna hafi orðið ruglingur og skilti sem átti að fara á Þórhallakot hafi villst af leið og endað á þessum stað.

Auk ofangreindra minjastaða á Þorvaldsdal eru ýmsir fleiri athyglisverðir minjastaðir á skráningarsvæðinu. Góð leið til að varðveita minjastaði getur verið að kynna þá og gera aðgengilega almenningi og því getur vel farið saman kynning og fornleifavernd. Af öðrum fornleifum á skráningarsvæðinu sem hafa verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

- 1. Þorvaldsdal í heild sinni.** Ljóst er að Þorvaldsdal prýðir flest það sem prýtt getur spennandi minjasvæði. Þar getur að líta fjölmargar býlistóftir í misjöfnu ásigkomulagi, sumstaðar eru bæjarrústirnar lítt greinilegar en yngsti bærinn í dalnum, á Kleif, hangir enn uppi að hluta, enda búið þar allt fram á 9. áratug 20. aldar. Auk spennandi bæjarústa eru á Þorvaldsdal stæðilegir bæjarhólar (þar sem búast má við að mannvistarleifar liðinna alda hafi safnast upp), óþrjótandi útihúsatóftir, túngarðsleifar, kvíatóftir, stekkjartóftir, seljatóftir, áveitukerfi, traðir, greinilegar mógrafir og svona mætti lengi telja. Í stuttu máli má segja að á dalnum finnist óraskaðar flestar þær gerðir mannvirkja sem byggð voru í tengslum við hefðbundinn búskap á 19.-20. öld, og í raun um aldir alda. Á dalnum hafa þegar verið friðlýstar tvær tóftaþyrpingar en full ástæða er að mæla með að dalurinn í heild njóti friðhelgi og reynt verði að stuðla að því að ekki verði hreyft við því landslagi sem þar hefur áratugum saman verið í friði fyrir framkvæmdum og öðru raski sem víðast hefur gjörbreytt menningarlandslagi. Þorvaldsalur er að stærstum hluta þægilegur yfirferðar. Göngufært er eftir dalnum beggja vegna og auk þess liggur bíslóði inn dalinn að austanverðu, að Hrafnagili. Auðvelt ætti því að reynast að kynna dalinn betur fyrir almenningi og mætti auka á gildi útivistar þar með því að miðla upplýsingum um hann, ýmist í gegnum Netið, í formi bæklinga eða skilta. Ljóst er að dalurinn er minjaperla sem mikilvægt er að hlúa að. Hið óþrjótandi minjasvæði gefur auk þess mikla möguleika á hvers kyns áframhaldandi fornleifarannsóknum, hvort tveggja sem er nákvæmari uppmælingum á rústasvæðum og eða uppgrefti á völdum minjum. Ljóst er að fornleifar í Þorvaldsdal hafa í heild mjög mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.
- 2. Eitt kuml (059:023)** er á skráningarsvæðinu. Það er í landi Stærra-Árskógs nálægt Þorvaldsdalsá, rétt neðan við núverandi þjóðveg, þar sem eldri götur lágu. Þar fundust árið 1917 við vegagerð bein úr miðaldra konu sem hafði

verið heygð með hrossi og umbúnaði. Á síðustu árum hefur það komið æ betur í ljós að svokallaðir kumlategar, þar sem tvö eða fleiri kuml eru á svipuðum stað, hafa verið algengt á víkingaöld. Ekki er vitað til þess að við vegagerð við Þorvaldsá hafi menn um 1917 leitað eftir því hvort fleiri kuml væru í grenndinni. Því er ekki ólíklegt að á þessum slóðum leynist fleiri kuml. Því ætti að huga sérstaklega að varðveislu þessa svæðis og gæta að því að þar verði engu rótað án handleiðslu fornleifafræðings. Svæðið hefur rannsóknar- og varðveislugildi.

3. **Ystulágargarður** (059:031) gæti hafa verið landamerkjagarður, á mörkum Kálfskinns, Stærra-Árskógs og Hávarðarstaða á Þorvaldsdal. Garðurinn liggur upp frá Þorvaldsdalsá yst á dalnum, utan við ystu býlin í dalnum austanverðum. Hann er samtals um 1 km á lengd, er fornlegur og gæti hafi tilheyrt samfelldu, fornu garðakerfi sem legið hefur um Svarfaðardal og Árskógsströnd. Garðurinn er merkilegur fyrir margra hluta sakir. Sé hann merkjagarður hefur Árskógur upphaflega verið minni jörð og ekki átt land langt fram á Þorvaldsdal eins og síðar varð. Í tengslum við garðinn hafa verið settar fram kenningar um að kirkja hafi upphaflega verið í dalnum, á Hávarðarstöðum, en hafi síðar verið flutt úr dalnum niður á Ströndina og hafi Árskógi verið bætt við staðar-jörðina (Hávarðarstaði). Kenningin er þó hæpin, ekki síst vegna þess að Árskógsjarðirnar eru frábærlega staðsettar á ströndinni þar sem undirlendi er mest og eru landmestu bæirnir á svæðinu. Þær eru auk heldur miðsvæðis, bæði fyrir allri ströndinni sem og rétt neðan við minni Þorvaldsdals. Erfitt er því að ímynda sér annað en að Árskógur hafi verið valinn til búsetu á undan Hávarðarstöðum þótt vissulega geti Árskógsjörðin upphaflega hafa átt land styttra upp á Þorvaldsdal. Hvað sem slíkum kenningum líður er ljóst að Ystulágargarður hefur bæði varðveislus- og rannsóknargildi.
4. **Gamli bærinn í Hátúni** (062:009) stendur uppi að hluta. Húsið var byggt snemma á 20. öld úr torfi og grjóti í bland við timbur og steypu. Það var einangrað með torfi og hafði torfþak. Í Dalvíkurbyggð standa núorðið fáir bæir uppi sem byggðir eru að hluta eða alfarið úr torfi og grjóti. Gamli bærinn í Hátúni hefur varðveislugildi.
5. Ekki hafa varðveist margar minjar um sjósókn Árskógsstrendinga. Í landi Selárbakka má enn greina rústir lítils **beitingakofa** (063:009) sem grafinn

var inn í sjávarbakkann. Tóftin lætur lítið yfir sér og telst hvorki mikilfenglegt mannvirki né vandað en hefur engu að síður varðveislugildi, enda hartnær eini eftirlifandi minjastaðurinn um sjósókn á þessum slóðum.

6. **Merkjagarður** milli Selár og Birniness (064:004) var eini staðfesti landamerkjagarðurinn á skráningarsvæðinu 2003. Er hann fornlegur en voldugur og greinilegur um 600 m kafla þótt ljóst sé að hann hafi áður verið mun lengri og jafnvel hugsanlegt að garðleifar sem fundust nokkuð sunnar 065:030 hafi upphaflega verið hluti sama garðlags. Garðinum hefur að hluta verið raskað í ýmsu umróti á undanförunum árum/áratugum. Koma þarf í veg fyrir að garðurinn verði fyrir frekari skemmdum en hann hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
7. **Bæjarhóll Birnunesbæjar (065:001)** er enn að mestu leyti óraskaður. Sléttað var úr öllum rústum á hólnum og útihúsum í kring á síðari hluta 20. aldar en ekki er ástæða til að ætla að rutt hafi verið úr miklu af uppsöfnuðum mannvistarleifum. Auk bæjar og útihúsa sem dreifð voru um tún var öskuhaugur skammt frá bæ. Árni og Páll geta einnig um bænhus skammt frá bæ í jarðabók sinni. Að samanlögðu er óhætt að segja að líkur á því að umtalsverðar minjar leynist í bæjarhól og túni gamla Birniness séu yfirgnæfandi. Svæðið er nú hluti af túni Brimnessbæjar. Það hefur varðveislu- og rannsóknargildi.
8. Í landi Birniness (065:008) er svonefndur **Holtagarður** sem er fremur stæðilegur garður sem girðir af heimaland jarðarinnar. Garðurinn á sér nafna í Hagalandi (075:011) sem virðist byggður í sama tilgangi. Ekki er ólíklegt að báðir garðarnir séu fornir og hafa þeir varðveislu- og rannsóknargildi.
9. Í Borgunum í landi Birniness eru nokkrar misreisulegar **smalakofatóftir** (065:028-029 og 032). Þær eru skemmtilega staðsettar og veita innsýn inn í búskapahætti sem nú eru liðnir undir lok. Þær hafa varðveislu- og kynningargildi.
10. **Gamli Ytri-Hagabærinn** (075:001) fór í eyði 1964, en fram að því var búið í torfbænum sem enn hangir uppi að hluta. Bærinn hefur að mestu verið úr torfi og grjóti en burðargrind og þil voru úr timbri auk þess sem húsið var timburklætt að innan að hluta með einstaka steinsteyptum veggjum. Fjós var sambyggt bæ og rás var veitt úr læknum sem rennur fast við bæinn og í

gegnum fjósið. Hleðslur í bænum eru víða háar eða allt að 2 m á hæð. Bærinn ber fjölmörg merki þess hversu lengi var búið í honum og t.d. hefur rafmagn greinilega verið leitt í bæinn og má sjá leiðslur og innstungur á veggjunum. Töluvert er tekið að hrynja úr veggjum og gat er í torfþaki á einum stað. Þótt húsið sé enn í sæmilegu ástandi verður þess líklega ekki langt að bíða að timburþil brotni inn og húsið hrynji saman. Verðugt verkefni væri að byggja upp gamla bæinn eða að reyna a.m.k. að halda honum í sama farinu og koma í veg fyrir að hann hrynji eða honum verði rutt út. Bærinn hefur varðveislu- og kynningargildi.

11. **Fjárhússleifar** (075:002) skammt frá gamla bænum á Ytri-Haga standa enn að hluta. Þar ægir saman torfi, grjóti, timbri og steypu. Líklega verið útihús á þessum stað um langa hríð. Enn standa hleðslur úr torfi og grjóti víða vel og hefur húsið varðveislugildi, sérstaklega í tengslum við gamla bæinn sem enn stendur.
12. **Stekkjartóft** (075:006) er um 900 m norðvestan við Ytri-Haga, í lítilli lág. Tóftin er um margt dæmigerð tvískipt stekkjartóft. Þar sem neðan við hana er lítið sumarbústaðahverfi sem og að talsvert hefur verið gróðursett allt í kring þarf að gæta þess vel að tóftin láti ekki í minni pokann fyrir framkvæmdum. Auðvelt væri að auka á útivistargildi svæðisins með því að vekja athygli á tóftinni.
13. Einar umfangsmestu **seltóftirnar** á skráningarsvæðinu eru í landi Syðri-Haga, á Smjörhjalla (076:006). Þar er stæðileg og margskipt seltóft og tvær minni tóftir skammt frá. Selið hefur varðveislu- og kynningargildi.
14. Á skráningarsvæðinu eru til geysimargar frásagnir af **huldufólki, draugum og ýmsum þjóðsagnastöðum**. Auðvelt væri að nota suma þessara staða til kynningar á svæðinu en erfitt er að benda á einn stað öðrum fremur í þessu samhengi. Rúgbrauðsklettur (076:010) í landi Syðri-Haga er þó dæmi um skemmtilegan huldufólksbústað.
15. **Beitarhús** var skráð í landi Syðri-Haga (076:020) og eru það einu beitarhúsaleifarnar sem greinilegar eru á Árskógsströndinni. Aðeins er heimild fyrir einu öðru húsi þar sem skráð var sumarið 2002 en leifar þess sáust ekki. Leifar Hagabeitarhúsa eru hins vegar greinilegar þótt ekki séu þær umfangsmiklar. Staðurinn hefur varðveislugildi.
16. **Bæjarhóll og túnstæði á Hillum** (077:001). Talsvert er síðan rutt var úr

flestum rústanna í túni á Hillum. Þar vottar fyrir bæjarhól og hæðir eru í túninu þar sem útihús stóðu. Nú er hafin talsverð skógrækt á Hillum, m.a. í heimatúninu. Rétt er að ítreka að yfirgnæfandi líkur eru á því að þar séu víða talsverðar mannvistarleifar undir sverði og því mikilvægt að fara varlega í alla skógrækt innan gamla túnsins. Bæjarhóllinn og túnið hafa varðveislugildi.

17. Rétt utan við íbúðarhúsið í Götu eru **stæðilegar rústir eldri bæjar** (078:003) sem ýmist var nefndur Jónsgerði eða Skinnhúfa. Rústin er í sléttuðu túni en ekki er ólíklegt að túngarður nokkru utar kunni að tengjast henni. Tóftin hefur varðveislugildi.
18. Selhjalli (078:009) er ofan við Götu, samkvæmt örnefninu mætti ætla að þar leyndist sel, en fjarlægð frá bæ og útlit þeirrar tóftar sem á hjallanum er bendir fremur til að þar hafi verið **stekkur**. Tóftin er í bráðri hættu vegna skógræktar og verði ekki gripið til aðgerða henni til varnar á allra næstu árum mun hún endanlega hverfa í skógrækt. Tóftin hefur varðveislugildi.

## Lokaorð

Aðalskráning fornleifa í Dalvíkurbyggð hefur leitt í ljós fjöldann allan af minjastöðum í sveitarfélaginu, bæði staði sem áður voru þekktir úr heimildum en höfðu ekki verið kannaðir ítarlega á vettvangi, sem og staði sem ekki voru þekktir, en fundust við vettvangsgöngu skrásetjara eða eftir viðtöl við heimildamenn. Auk þeirra 12 minjastaða sem þegar eru friðlýstir í byggðarlaginu hafa nú verið valdir 84 staðir af þeim 2039 minjastöðum sem skráðir voru (samantals tæp 5% af minjastöðum) á grundvelli þess að þeir þykja hafa óvenju mikið kynningar-, rannsóknar- og/eða varðveislugildi. Mun fleiri áhugaverðir minjastaðir eru hins vegar á svæðinu og um þá alla gilda þjóðminjalög sem kveða á að allir minjastaðir, 100 ára og eldri njóti friðhelgi.

Í Dalvíkurbyggð er talsverður fjöldi vel þekktra minjastaða. Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti og þjóðminjavörður var, eins og alkunna er, ættaður úr Svarfaðardal. Þar vann hann sína fyrstu sjálfstæðu rannsókn, þegar hann gróf upp víkingaaldarskála á Klaufanesi. Kristján vildi veg sinna heimahaga ætíð sem mestan og var duglegur við að ferðast um sveitina, skoða áhugaverða minjastaði og íhugaði, allt undir hið síðasta, hvaða minjastaði væri áhugavert að grafa upp og rannsaka betur. Því miður entist honum ekki aldur til að koma af stað nýjum rannsóknum/uppgroftum í sveitarfélaginu en framlag hans var þó mikilsvert. Að hans undirlagi voru t.d. friðlýstir nokkrir nýir minjastaðir í Dalvíkurbyggð á 8. áratugnum. Kristján hóf fornleifar á svæðinu upp og kynnti almenningi, talsvert áður en almenn vakning varð í landinu um gildi fornleifa og mikilvægi verndunar þeirra.

Fornleifaskráning er þarfur grundvöllur og undirbúningur að hvers lags frekari úttekt á fornleifum, s.s. nákvæmum uppmælingum, profuskurðum og uppgrefti. Þeirri vinnu er hér með lokið og því möguleikar á frekari rannsóknum í Dalvíkurbyggð meiri og betri en nokkru sinni fyrr. Ljóst er að gnægð spennandi minjastaða er á svæðinu og enn er mörgum spurningum ósvarað um aldur og umfang minja á svæðinu. Spennandi verkefni væri að rannsaka suma þessara staða nánar sem og að kynna þá, jafnt fyrir heimamönnum sem og ferðamönnum sem leið eiga um svæðið. Menningartengd ferðaþjónusta er vaxandi iðnaður og hafa Svarfdælingar sem og aðrir íbúar Dalvíkurbyggðar nóg sóknarfæri í þeim efnum. Það er því vonandi að fornleifaskráning Dalvíkurbyggðar geti orðið grunnurinn að frekari rannsóknum og kynningu á minjum á svæðinu.

Með þessum orðum lýkur fimmtu og síðustu skýrslu í skýrsluröð um aðalskráningu fornleifa í Dalvíkurbyggð.

## Heimildaskrá

### Heimildamenn:

*Stærri-Árskógur*: Sigurður Jóhann Stefánsson, fæddur 27. nóvember 1926 og Helga Sólveig Jensdóttir sem er fædd 7. febrúar 1926 á Stærri-Árskógi. Heimildamaður var einnig núverandi ábúandi, Guðmundur Geir Jónsson, fæddur 15. janúar 1972.

*Kálfskinn* (Ytra- og Syðra): Sveinn Elías Jónsson fæddur 13. janúar 1932 á Kálfskinni.

*Selárbakki*: Margrét Valtýsdóttir fædd 16. febrúar 1926 á Selárbakka og Ármann Rögnvaldsson ábúandi á Haga.

*Selá*: Þorsteinn Friðriksson

*Birnunes*: Kjartan Gústafsson, fæddur 26. mars 1945 og flutti að Birnunesi/Brimnesi þremur árum síðar.

*Hagi* (Ytri og Syðri): Ármann Rögnvaldsson fæddur að Dæli í Skíðadal 12. maí 1931 en hefur búið á Haga síðan 1970. Annar heimildamaður fyrir Haga var Edda Jensen sem er fædd 4. október 1928 en fluttist að Haga 1949.

*Hillur*: Edda Jensen sem er fædd 4. október 1928 en fluttist að Haga 1949. Heimildamaður á Hillum var einnig núverandi eigandi Magnús Örn Garðarsson.

*Gata*: Núverandi eigandi, Ármann Rögnvaldsson fæddur að Dæli í Skíðadal 12. maí 1931 en hefur búið á Haga síðan 1970.

### Ritaðar heimildir:

**AÍ**: *Alþingisbækur Íslendinga I-XVII*, Reykjavík. 1912-1990.

**BE 1990**: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrri bindi, Akureyri. 1993.

**Bsk**: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.

**DI**: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík. 1857-1972.

**FF**: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík. 1983.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík. 1990.

*Gríma hin nýja I-V. Safn til þjóðlegra fræða íslenskra*. Þorsteinn M. Jónsson gaf út, Reykjavík. 1978.

*Heimskringla Snorra Sturlusonar*. Steingrímur Pálsson bjó undir prentun. Reykjavík, 1944.



**ÍF:** *Íslensk fornrit I*-, Reykjavík. 1933-.

**Jarðabréf:** Gunnar F. Guðmundsson: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*, Reykjavík. 1993.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn. 1847.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn. 1943.

Jóhannes Óli Sæmundsson. “Heyrt og séð á Hræreks-strönd” *Súlur IV. árgangur, síðara hefti*. 1972.

**KEKH:** Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri. 1956.

**KK:** Kristian Kålund. *Íslenskir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Reykjavík. 1986.

*Kuml og Haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson. 2. Útgáfa. Reykjavík. 2000.

**LE I:** Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri. 1949.

Ólafur Ólavíus. 1965. *Ferðabók: Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1775, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Xieners um surtarbrand II*. Reykjavík

**SD:** *Saga Dalvíkur I-IV*. Kristmundur Bjarnason. Akureyri. 1978.

*Súlur VII.1* 1977: “Steinkerin á Hillum”. 1977. Frásögn höfð eftir Magnúsi Sveinbjarnarsyni, Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. bls. 26.

*Súlur VII.2* 1977: “Kirkjur í Árskógi”. 1977. Jóhannes Óli Sæmundsson.

**SSE:** *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri. 1972.

**Sturl:** *Sturlunga saga I-II*. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík. 1946.

**Ö-Ey:** *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. 1978. Akureyri.

### Óprentaðar heimildir:

**AF & OV:** Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1989): „Grafreitir á Hellu á Árskógsströnd.“ ópr. skýrsla á Þjóðminjasafni Íslands og Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd að Þorvaldsdal*. Fjölrit FS204-99094. Reykjavík

*Vesturströnd Eyjafjarðar: Skýrsla um könnun á náttúrufari og minjum á Vesturströnd*

*Eyjafjarðar*. Helgi Hallgrímsson (ritstj.). Náttúrugripasafnið á Akureyri. Akureyri. 1982.

*Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu*

**Ö-Ár:** Örnefnaskrá Árskógshrepps, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

*Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1917. Árskógsströnd og Þorvaldsdalur. Þjóðskjalasafn Íslands.


*Að auki voru notaðar eftirfarandi loftmyndir:*

Litaloftmyndir af öllu skráningarsvæðinu, frá Ísgraf/Loftmyndum ehf. í eigu sveitarfélagsins og Búgarðs á Akureyri.


Loftmynd af Hillum frá 1946. Landmælingar Íslands.

Loftmynd af Hillum frá 1954. Landmælingar Íslands.


Tvær ljósmyndir teknar af Hillnabæ snemma á 20. öld fengnar að láni hjá Magnúsi Erni Garðarssyni, eiganda Hillna en eru í eigu Axels Friðrikssonar sem bjó á Hillum fyrir miðja 20. öld.




KORT 1: Landamerki og helstu garðar á skráningarsvæðinu 2003.




KORT 2: Fornleifar í landi Kleifar.




KORT 3: Fornleifar í landi Grundar.



KORT 4: Fornleifar í landi Kúgils.




KORT 5: Fornleifar í landi Stærta-Árskógs. Heimaland.




KORT 6: Fornleifar í landi Stærri-Árskógs. Þórhallakot og umhverfi á Þorvaldsdal.






KORT 7: Fornleifar í landi Stærta-Árskógs. Hávarðarstaðir og umhverfi á Þorvaldsdal.



KORT 8: Fornleifar í landi Hrafnagils. Nyrðri hluti.



*KORT 9: Fornleifar í landi Hrafnagils. Syðri hluti.*





KORT 11: Fornleifar í landi Selárbakka.



KORT 12: Fornleifar í landi Selár.



KORT 13: Fornleifar í landi Birnunes.



KORT 14: Fornleifar í landi Ytri-Haga.






KORT 15: Fornleifar í landi Syðri-Haga.



KORT 16: Fornleifar í landi Hillna.



KORT 17: Fornleifar í landi Götu.